

NYTSAMUR

SAKLEYSINGI



OTTO LARSEN

„Afar áhrifamikil bók.“

— *Bertrand Russell*

NYTSAMUR SAKLEYSINGI

OTTO LARSEN

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Svartbók kommúnismans,
Stéphane Courtois og fleiri

Konur í einræðisklóm,
Margarete Buber-Neumann

Gudinn sem brást,
Arthur Koestler og fleiri

Konur í þrælakistum Stalíns,
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Greinar um kommúnisma,
Bertrand Russell

Leyniræðan um Stalín,
Nikíta Khrústsjov

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,
Ants Oras

Eistland. Smáþjóð undir oki erlends valds,
Andres Küng

Þjóðbyltingin í Ungverjalandi,
Erik Rostbøll

Ég kaus frelsið,
Víktor Kravtsjenko

Þjónusta, þrælkun, flótti
Aatami Kuortti

Bóndinn, El campesino
Valentin Gonzalez

Ráðstjórnarríkin: Goðsagnir og veruleiki
Arthur Koestler

Úr álögum
Jan Valtin (Richard Krebs)

NYTSAMUR SAKLEYSINGI

eftir Otto Larsen

Þýðandi Guðmundur G. Hagalín

Formáli eftir

Hannes H. Gissurarson



7. nóvember 2017

Bók þessi er gefin út 7. nóvember 2017, þegar hundrað ár eru liðin frá byltingu bolsévika í Rússlandi. Hún er helguð minningu hugsjónamannsins Eyjólfss Konráðs Jónssonar.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, Atlas Network og fleiri aðila um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims.

Nytsamur sakleysingi er þýðing á bókinni *Jeg var sovjetspion*, sem kom út hjá Cappelen í Osló 1954. Haavard Haavardsholm veitti Larsen aðstoð við ritun bókarinnar. Bókin kom út hjá Almenna bókafélaginu 1956. Cappelen veitti leyfi til endurútgáfunnar. Þýðing Guðmundar G. Hagalíns er notuð með leyfi afkomenda hans.

Mynd af Larsen og Haavardsholm á baksíðu: Arbeiderbevegelsens Arkiv.

Formáli og Skýringar © 2017 Hannes H. Gissurarson.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.
Prófarkalestur: Kristinn Ingi Jónsson.
Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-88-5

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

Efnisyfirlit

Formáli	7
Inngangur þýðanda	11
Maðurinn	15
Flóttinn til Rússlands	17
Fangelsið í Múrmansk	21
Látinn laus	25
Til starfa	28
Í rússneskum einkennisbúningi	32
Undirbúningur	36
Á Suðurey	40
Þeir gleymdu okkur	46
Flóttinn frá Suðurey	49
Í Svíþjóð	52
Heima.	55
Móttökurnar í Ráðstjórnarríkjunum	57
Fyrsti áfangastaðurinn	61
MGB-fangelsið í Polyarníj	64
Beðið dóms	66
Flutningur og sóttkví	69
Vinnan	74
Flótti	77
Einn dagurinn öðrum líkur	81
Þrjár máltíðir á dag	84
„Nítsjevo ní nada“	87
Fyrir Stalín og föðurlandið	89
Fyrirheitna landið	91
Langa vinnuhléið	93
Laktosero	96
Rauða deiglan	98
Sýnisbúðirnar í Kommandantskíj	102
Suður á bóginn	106
Fangabúðir nr. 18	108
Land þolinmæðinnar	112
Einn af áfangastöðunum	115

Í sjúkrabúðum	117
Ásvaldur Harjo	119
Á víð og dreif	123
Menn, sem urðu á vegi mínum	126
Böggullinn	129
Harðspori	132
Undursamleg tíðindi	135
Já — en hvers vegna?	138
Jafnrétti	142
Vestur á bóginn	145
Til Berlínar	148
Ekki nógu orðvar	150
Heimleiðis	152
Skýringar	153
Nafnaskrá	160

Formáli

ÖRLÖG NORÐURLANDANNA fimm voru ólík í seinni heimsstyrjöld. Þegar Stalín og Hitler skiptu leynilega á milli sín grannríkjunum í griðasáttmála í ágúst 1939, féll Finnland í hlut ráðstjórnarinnar í Moskvu, og í desemberbyrjun réðst Rauði herinn á landið og Vetrarstríðið skall á. Finnar vörðust hraustlega, en urðu í mars 1940 að beygja sig fyrir ofureflinu, ganga til friðarsamninga og láta af hendi talsverða landskika, þótt Stalín hyrði frá því að innlima Finnland eins og Eystrasaltslöndin þrjú. Í apríl 1940 var röðin komin að Danmörku og Noregi, sem Hitler hernam. Vegna legu og landshátta gátu Danir lítið viðnám veitt, en Norðmenn vörðust um hrið innrásarhernum, lengst nyrst í landinu. Mánuði síðar hernámu Bretar Ísland og Færeyjar. Var ólíku saman að jafna, hinni mildu herstjórn Breta hér annars vegar og harðneskju Þjóðverja og Rússa í Danmörku, Noregi og Finnlandi hins vegar. Svíþjóð slapp við innrás, enda voru yfirráð yfir henni stríðsaðilum ekki eins mikilvæg og yfir öðrum Norðurlöndum, auk þess sem varnir voru öflugar og utanríkisstefna sveigjanleg: Þegar Þjóðverjar höfðu yfirhöndina í styrjöldinni, fengu þeir að flytja hermenn og hergögn yfir sænskt yfirráðasvæði, og þegar hallaði á Þjóðverja, sýndu Svíar Rússum lipurð. Það er umhugsunarefni, að aðeins voru sex lýðræðisríki eftir í Norðurálfunni vorið 1940: Stóra-Bretland ásamt fimm smá-ríkjum, Írlandi, Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi og Sviss. Ekki mátti miklu muna, að Stalín og Hitler legðu undir sig alla Norðurálfuna.

Stríðið lét engan ósnortinn, jafnvel ekki á hinum afskekktu og strjálbýlu svæðum nyrst í Noregi og Finnlandi, í Finnsmörku og á Finska Lapplandi. Nokkur ruglingur var löngum á nöfnum þjóðabrotanna á þessum norðlægu slóðum: Að fornu kölluðu Norðmenn og Íslendingar þá Sama, sem bjuggu nyrst í Noregi, Finna, og af því hlaut Finnsmörk nafn. Segir í Íslendingasögum frá ferðum til Finnmerkur í því skyni að innheimta skatt af Sömum (Finnum), sem sumir voru þar að auki taldir fjölkunnugir. En þótt Samar tali tungur af finnsk-úgrískri ætt eins og Finnar og Eistlendingar, eru þeir í raun og veru ekki Finnar. Það nafn er nú aðeins notað um þá þjóð, sem býr í Finnlandi. Samar voru stundum líka kallaðir Lappar, og þess vegna gengur norðurhluti Noregs, Svíþjóðar og Finnlands iðulega undir samheitinu Lappland. Í Finnsmörku, sem liggur talsvert norðar en Ísland, bjuggu Norðmenn og Samar á strjálingi innan um snarbrött fjöll og reyndu að lifa af gæðum lands og sjávar.

Einn íbúanna var höfundur þessarar bókar, Ottó Larsen. Hann fæddist á Kiðja-bergi (Kiberg) 27. júlí 1912. Foreldrar hans voru Ole Larsen og Olga Dikkanen,

en hún var af kirjálskum ættum. Hann var átján ára, þegar heimskreppan skall á, og gerðist sjómaður og kommúnisti. Eftir hernám Þjóðverja í apríl 1940 ókyrrðust hann og margir aðrir íbúar nyrst í Noregi, enda aðeins tiltölulega stutt sigling yfir til Múrmansk og annarra staða Norður-Rússlands. Þjóðverjar höfðu fjölmennt lið í Finnörku og létu vígalega. Grunaði íbúana, að Hitler myndi rjúfa gríðasáttmálann. Árás á Ráðstjórnarríkin væri skammt undan. Mágur Larsens, Hákon Halvari, hafði horfið á skútu sinni. Var mælt, að hann hefði farið til Rússlands. Í september 1940 ákváðu kona hans, Guðrún, bróðir hennar, Larsen, og fjöldi annarra íbúa að flýja þangað austur líka. Þau laumuðust burt á þremur fiskiskútum aðfaranótt 25. september, en voru handtekin, strax og þau komu til Rússlands og flutt til Múrmansk. Rússar sendu konur og börn í sérstakar búðir, en höfðu samband við Larsen og aðra norska sjómenn og spurðu, hvort þeir vildu ekki snúa aftur til Noregs og njósna um hernaðarumsvif Þjóðverja í Finnörku, sem alltaf væru að aukast. Larsen tók það að sér og undirritaði þagnarheit við leynilögreglu ráðstjórnarinnar. Næstu mánuði ferjaði hann menn á milli Noregs og Rússlands.

Larsen fékk fréttir af fyrirhugaðri árás Hitlers á Ráðstjórnarríkin, skömmu áður en hún var gerð 22. júní 1941, og flýtti sér til Múrmansk. Finnar hófu strax þátttöku í stríðinu gegn ráðstjórninni, og var ætlun þeirra að endurheimta þau landsvæði, sem þeir höfðu tapað í Vetrarstríðinu. Larsen og ellefu aðrir Norðmenn í Múrmansk gengu í Rauða herinn og hlutu þjálfun í njósnum. Í mars 1942 voru Larsen og tveir landar hans, Emil Ísaksen og Rögnvaldur Mikkelsen, fluttir í kaubát til njósna á Suðurey í Finnörku. Höfðu þeir með sér loftskeytastöð og skyldu senda upplýsingar til Múrmansk um ferðir og umsvif þýska hersins á svæðinu. Svo illa vildi þó til, að loftskeytastöðin í Múrmansk gat aldrei numið skeytin, þótt hún fengi þau. Þegar þeir voru ekki heldur sóttir á tilsettum tíma, ákváðu þeir í september 1943 að forða sér suður til Svíþjóðar. Þar voru þeir í flóttamannabúðum til stríðsloka, og yfirheyrðu sænsk og norsk yfirvöld þá. Svöruðu þeir greiðlega.

Larsen og félagar hans sneru til Noregs eftir stríð. En til þess að geta haldið áfram fiskveiðum urðu þeir að fá aftur skútur sínar, sem Rússar höfðu ekki skilað. Þeir fengu þess vegna leyfi hjá rússneskum sendimönnum í Noregi til að fara til Múrmansk og sækja skúturnar. En þegar þangað var komið, voru þeir handteknir og gefið að sök að hafa ljóstrað upp leyndarmálum leynilögreglunnar og rofið þagnarheit sitt, þegar þeir gáfu sænskum og norskum yfirvöldum í Svíþjóð upplýsingar um njósnir sínar. Voru þeir Larsen og Ísaksen dæmdir í tíu ára þrælkun og Mikkelsen í átta. Næstu árin stritaði Larsen við misjafnan aðbúnað í ýmsum vinnubúðum ráðstjórnarinnar, og eru sögur hans af mörgum samföngum sínum átakanlegar. Mikkelsen var skotinn á flótta, en þeir Emil lifðu fangavistina af. Norsk yfirvöld höfðu spurnir af Larsen og reyndu að fá hann lausan. Það tókst loks, eftir að Stalín andaðist snemma árs 1953.

Það vakti óskipta athygli á Norðurlöndum, þegar Larsen birtist þar skyndilega eftir átta ára vist í þrælakistum. Áttu menn erfitt með að skilja, hvers vegna honum

hefðu verið launaðar njósnir fyrir Rússa með þrælavinnu þar eystra. Eftir því var tekið, að Larsen kvað féлага sinn Emil Ísaksen enn vera í þrælabúðum og að hann hefði líka hitt þar kunnan, norskan kommúnista, Ásvald Harjo, sem hafði sagt við sig, þegar þeir hittust: „Jæja, þá mundir þú nú vera búinn að reyna, hvernig það er að vera kommúnisti!“ Ásvaldur hafði flúið frá Finnörku til Rússlands eins og Larsen og verið sendur aftur til að stunda njósnir. Þjóðverjar höfðu handtekið hann og pyndað, en honum hafði tekist með aðstoð norsks lögreglumanns að flýja. Töldu rússnesk yfirvöld einsætt, að hann væri þýskur njósnari, og dæmdu hann í 15 ára fangelsi. Eftir að norskum yfirvöldum hafði borist vitneskja um, að þeir Ísaksen og Harjo væru enn á lífi, hertu þau nú tilraunir sínar til að fá norska fanga í þrælabúðum ráðstjórnarinnar látna lausa. Þeim Ísaksen og Harjo var sleppt 1955, og skrifaði Harjo bók um reynslu sína.

Þegar Larsen hafði viðdvöl í Kaupmannahöfn á leið til Noregs, ræddi fréttaritari *Morgunblaðsins* við hann. „Ég get ekki hugsað mér að búa í Rússlandi,“ sagði Larsen. „Þar eru menn réttlausir. Mannslífið skiptir þar engu. Og þar lifa menn í spennistakk. Við Norðurlandabúar getum ekki þrífist við slík kjör.“ *Alþýðublaðið* rakti sögu Larsens í leiðara og skrifaði: „Þessi saga, sem hér hefur verið rakin, er engin æsifregn. Hún er ekki eiturblandinn áróður gegn Sovétlýðveldunum. Hún er sorgleg staðreynd, sem tilgangslaust er að stimpla sem ósannindi.“ *Þjóðviljinn* vitnaði hins vegar í viðtal, sem Larsen segir frá í bók sinni, en það var tekið í Berlín, áður en Larsen var viss um, að hann kæmist heilu og höldnu heim til sín, og var hann þar varfærinn í orðum um ráðstjórnina. Gerði *Þjóðviljinn* gys að því, að Larsen segðist í öðru orðinu hafa verið í jarðnesku helvíti, en í hinu ekki hafa undan neinu að kvarta.

Norskir kommúnistar tóku Larsen illa. Einn þeirra, Hákon Sneve, skrifaði honum opið bréf, þar sem hann sagði þá báða hafa orðið að undirrita þagnarheiti við leynilögreglu ráðstjórnarinnar, en Larsen hefði rofið heitið og þess vegna ekki verið dæmdur saklaus í fangabúðir. Mæltust skrif Sneves misjafnlega fyrir. Norski Verkamannaflokkurinn, sem þá sat í stjórn og beitti sér hart gegn kommúnistum, studdi fast við bakið á Larsen. Haavard Haavardsholm á flokksblaði jafnaðarmanna fékk leyfi frá störfum, svo að hann gæti skráð sögu Larsens, og eftir útkomu bókarinnar var skipulögð fyrirlestraferð Larsens í Norður-Noregi. Kom hann þar vel fyrir og þótti alvarlegur, einlægur og hreinskilinn. Bók Larsens var þýdd á ensku, og fóru þeir Clement Attlee, leiðtogi Verkamannaflokksins, og heimspekingurinn Bertrand Russell viðurkenningarorðum um hana. Nokkrar umræður urðu um það, hvernig rússneskir leynilögreglumenn hefðu fengið vitneskju um yfirheyrslur norskra aðila yfir Larsen í Svíþjóð á stríðsárunum, og bárust böndin að norskum kommúnistum. En Larsen var farinn að heilsu eftir vistina í þrælabúðum Stalíns. Hann fluttist til Svíþjóðar og lést í Stokkhólmi 1955.

Þótt örlög Norðurlandanna hafi verið ólík í seinni heimsstyrjöld, finnum við Íslendingar til skyldleika og samkenndar með þjóðum þeirra allra og ekki síst Norð-

mönnum. Við þekkjum af ellefu hundruð ára reynslu hina hörðu lífsbaráttu, sem Larsen og fólk hans háði á norðlægum slóðum, þótt við værum vissulega heppnari en það um nágranna. Höfundurinn talar beint til okkar. Hann flytur mál sitt blátt áfram og vafningalaust. Hann er bersýnilega ekki að skrifa hrollvekjju í þágu annarra, heldur að skýra eins nákvæmlega frá eigin reynslu og hann getur. Fyrir vikið verður málflutningur hans áhrifameiri: Hrekklaus alþýðumaður sogast inn í þá vítiskvörn vinnubúðanna, sem malaði dag og nótt undir stjórn kommúnista í Ráðstjórnarríkjunum. Frásögn Larsens varpar skæru ljósi á tilgangssleysið og fátækleikann í sálarlausu sameignarkerfi, þar sem gerræðisvaldið gerspillir. Nafn það, sem Guðmundur G. Hagalín valdi bókinni, hefur síðan orðið samheiti um þá, sem gengu grandalausir á hönd kommúnismanum eða öðrum alræðisstefnum. En eins og Hagalín nefnir í inngangi sínum, hlutu sumir íslenskir stuðningsmenn ráðstjórnarinnar rússnesku að vita, hvað þeir voru að segja.

Nýtsamur sakleysingi var eitt af fyrstu útgáfuritum Almenna bókafélagsins, sem stofnað var 17. júní 1955 til þess að mynda mótvægi við hinu mikla afli kommúnista í íslensku menningarlífi, en Eyjólfur Konráð Jónsson var fyrsti framkvæmdastjóri þess. Þýðandinn var líka ódeigur baráttumaður gegn þeim, en í inngangi lýsir hann stuttlega málflutningi andstæðinga sinna, og er þar ekkert ofsagt. Hér er stafsetning og málnotkun fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Stuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Reykjavík, 4. október 2017.

Hannes H. Gissurarson.

Inngangur þýðanda

Í RÚMAN ÞRÍÐJUNG ALDAR hefur ærið hávæ, umsvifamikill og óbilgjarn hópur manna hér á landi flutt þjóðinni boðskap, sem í stuttu máli mundi mega orða á þessa leið: Ráðstjórnarríkin eru hið fyrirheitna land frelsis, réttlætis, jafnréttis, bræðralags og sannrar menningar. Þar er aðeins ein stétt, hin vinnandi alþýða, og þess vegna er þar að finna hið fullkomnasta lýðræði, hina frábærustu skipan framleiðslu- og atvinnumála og hin bestu skilyrði til vísindalegra og listrænna afreka. Þess vegna líður þar öllum betur, líkamlega og andlega, heldur en í nokkru öðru landi heims. Þjóðir Ráðstjórnarríkjanna og þá um leið kjörnir leiðtogar þeirra eru hinir einu sönnu unnendur friðarins, og stefna þeirra út á við er að hjálpa öllum þjóðum veraldar til velmegunar og menningar og koma þeirri skipan á í heiminum, að hver þjóð njóti fyllsta frelsis, hvort sem hún er stór eða lítil, og að allar þjóðir heims hafi sem nánust friðsamleg samskipti, öllum til farsældar og blessunar. Öll þau lönd, sem eru í nánnum tengslum við Ráðstjórnarríkin, eru það á grundvelli eindregins vilja allra þeirra, sem borið hafa og bera hita og þunga dagsins. Andstæðir hinum nánun tengslum hafa einungis verið þeir, sem notið höfðu sérréttinda og voru kúgarar alþýðunnar, og fámennar liðssveitir Ráðstjórnarríkjanna hafa aðeins dvalið í þessum löndum í krafti bræðralags og einingar til þess að tryggja, að vondir menn á mála hjá heimsveldissinum auðvaldsríkjanna næðu ekki með klækjum og ofbeldi að brjóta niður lítið eitt fálmandi, en nauðsynlega og sjálfsgöða viðleitni hinna djörfu og fórnfúsu hugsjónamanna, sem viljað hafa hefja þjóðir sínar á æðra stig andlegs þroska og efnahagslegrar velmegunar.

Æðstur og göfugastur slíkra manna í hinni austrænu veröld farsældar og fullkomnunar er hinn mikli Stalín, skósmiðssonurinn, sem fór úr föðurgarði með lítinn geitarost í vasaklút, en gerðist allt í senn, hinn mikli barnavinur veraldar, faðir allra hrjáðra og smáðra, hinn frábæri hugsjónalegi og hagræni leiðtogi, hinn yfirskilvitlegi stjórnspekingur og hinn óviðjafnanlegi voðaskelfir allra illra afla í þessari veröld — og þá einkum hinna forhertu Satans og Mammons þjóna á Vesturlöndum, þar sem Bandaríkin eru óðal ósómans og gróðrarstía spillingar og lasta. Við hásæti Stalíns standa lærisveinar hans og þjónustusamlegir andar, Bería, Molotov, Malenkov, Búlganín, Khrústsjov, Rokossovskíj og fjöldi annarra mannvina og spekinga, og í bandalagsríkjunum og úti um víða veröld á hann ótal lærisveina, sem hæst bera hver í sínu heimalandi, merki farsællar og friðsællar fram tíðar — þar með taldir nokkrir eðlir menn og öðrum fullkomnari hér á voru landi, Íslandi.

Þeim hóp, sem þennan boðskap hefur flutt, hafa fylgt menn á öllum aldri og af öllum stéttum. Meðal liðsmanna hans hafa verið gáfaðir og menntaðir fræðimenn, rithöfundar og listamenn. Sumir þeirra manna, sem þjóðin hefur sett til vörslu og viðgangs sinni gömlu menningu, fjöreggi sínu á nauðöldum og frama- og frelsisvon sinni á válegum tímum mikilla heimsátaka, hafa verið í tryggingarsveit útbreiðslutækni og menningararóðurs þessa hóps, og fjölmörg skáld þjóðarinnar hafa gerst loftungur hinna austrænu leiðtoga og jafnvel gengið í fylkingarbrjósti til sóknar og varnar. Og hinum útvöldu á vettvangi stjórnmála og menningarmála hefur fylgt þúsundhöfðuð þyrping, sem ávallt hefur lostið upp ópi, þegar foringjarnir hafa gefið merki.

Og ópin hafa ekki aðeins verið hósíanna og halelúja, heldur eins oft vei, vei! Allir þeir, sem dirfst hafa að leita eftir venjulegum leiðum dómgreindar, þekkingar og aldagamallar reynslu sannleikans um ástand, stefnu og störf í hinu austræna sæluríki og jafnframt reynt að eygja augum heilbrigðrar skynsemi viðhorf þessa ríkis við öðrum ríkjum og þjóðum heims, hafa undantekningarlaust verið brennimerktir sem fífl, steinrunnir afturhaldsseggir, lygarar, föðurlandssvikarar og siðspillt leigubý auðvalds- og heimsveldissinna á Vesturlöndum, og kappkostað hefur verið að einangra þá á sem flestum sviðum menningarlífsins, sverta þá persónulega og gera sem allra minnst úr verkum þeirra.

Á þessu ári hafa gerst atburðir, bæði í Ráðstjórnarríkjunum og í leppríkjum þeirra, sem hafa áþreifanlega sannað öll aðalatriði í málflutningi gagnrýnenda þess skipulags, sem þar ríkir. Það voru ekki vestrænir stjórnmála- eða fréttamenn, heldur samábyrgir samstarfsmenn Josífs Stalíns og Bería og núverandi ráðamenn í Ráðstjórnarríkjunum, sem hafa ljóstrað því upp, að þar hafi um áratugi ríkt hin hörmulegasta ógnarstjórn, sem sögur fara af, og að áætlanir um kjarabætur og atvinnulega og menningarlega framvindu hafi að verulegu leyti mistekist. Atburðir þessa árs og þá ekki síst seinustu daganna hafa fært ennþá öruggari sannanir fyrir því, að flest, sem tilbiðjendur Ráðstjórnarríkjanna hafa sagt um þau og fylgiríki þeirra, eru hin örgustu öfugmæli, sem veraldarsagan kann frá að greina. Það hefur orðið öllum heiminum áþreifanlega ljóst, að Rússar og þjónar þeirra hafa með hervaldi haldið þjóðum leppríkjanna í heljargreipum harðstjórnar, að andlegt frelsi hefur þar ekkert verið, að réttur verkalyðsins hefur með öllu verið fyrir borð borinn og kjör hans aumlegri en á tímum hinnar örgustu kúgunar af hendi keisara og nasískra harðstjóra. Frammi fyrir alþjóð hér á Íslandi standa hinir kommúnísku foringjar, tryggingarsveitin úr hópi menntafrömuða og skáldin, sem hafa verið loftungur harðstjóra og múgmorðingja, sem annað tveggja: fáránleg viðundur, er eigi met í sjálfsblekkingum — eða frámunalega ófyrirleitnir stjórnmálalegir stigamenn, sem hafi viljað svipta þjóð sína frelsi, mannhelgi og mannsæmandi líf skjörum og svíkja land sitt í hendur erlendu ofurvaldi ofbeldis og þrælkunar.


Bók sú, sem hér birtist á íslensku í þýðingu undirritaðs, er eitt af hinum veigamestu og trúustu sönnunargögnum, sem kostur er á, um réttleysið og þrælkunina í hinu

volduga austræna herveldi og lögregluríki. Norskur alþýðumaður, sem á æsku-
árum sínum hreifst af áróðurslýsingunum á sælunni í ríki jafnaðarstefnunnar,
ríki verkalýðsins, segir hér frá margra ára kynnum sínum af rússnesku réttarhari,
þrælkuninni, sem á sér stað í Ráðstjórnarríkjunum og ástandinu í kjaramálum al-
mennings. Þessi greindi norski alþýðumaður dregur ekki fjöður yfir barnalega ein-
feldni sína og sín örlagaþrungnu mistök, og hann lætur sannarlega hvern þann
Rússa, sem hann hittir, njóta sannmælis. Við kynnumst ríkisvaldi, sem beitir of-
beldi, réttarfarslegum klækjum og fölsunum staðreynda, og við komumst að raun
um, að efnahagskerfi þess ríkis, sem þetta vald stjórnar, er að miklu leyti reist á ýmist
beinu eða óbeinu þrælahaldi. En við kynnumst líka einstaklingum, sem gæddir eru
mörgum mannlegum kostum, en ýmist þora ekki að hlýða sínu góða hjarta nema
að litlu leyti eða vaða í þeirri blekkingavillu, að þrátt fyrir allt sé ástandið hvergi
betra í veröldinni en hjá þeirra þjóð.

Þýðing mín er lítið eitt stytt, og er styttingin gerð með tvennu móti. Stundum
eru felldar úr setningar eða greinar, en stundum er hafður sá háttur á að draga
saman frásögnina. Þess er þó hvarvetna gætt, að bókin verði ekki þýrkingalegur
lestur, og eins er forðast að fella úr nokkuð það, sem megi upplýsa um kosti eða
galla þess ástands eða þeirra manna, sem frá er sagt. Það er von mín, að þessi bók
megi hafa áhrif í þá átt, að ýmsir verði ekki jafnauðblektir hér eftir og hingað til,
þá er áróðurskvörnin niðar þeim við eyru — og ennfremur, að bókin fái því til
leiðar komið, að einhverjir kunni betur að meta eftir lestur hennar þau lífsgæði og
þó einkum þau réttindi og það frelsi, sem þeir eiga við að búa hér á þessu landi.

Silfurtúni í Garðahreppi 1. nóvember 1956.

Guðmundur Gíslason Hagalín.



Héruð í Noregi. Finnmark (auðkennd með dökku) er nyrsta héraðið, með landamæri að Rússlandi og Finnlandi. Sótt í Wikipedia Commons.

Maðurinn

SUNNUDAGINN 25. OKTÓBER 1953 barst svohljóðandi blaðafregn frá Berlín: „Sjö Norðmönnum, sem verið hafa í fangabúðum í Ráðstjórnarríkjunum síðan í styrjaldarlok, var skilað í hendur norsku hermálanefndinni í Berlín klukkan 17 í dag.“ Þetta þóttu mikil tíðindi, ekki síst vegna þess, að í hópi frelsingjanna var maður, sem hvorki hafði verið nasisti né barist með þeim, heldur einmitt tekið þátt í baráttunni gegn Þjóðverjum allt frá 1940. Samt sem áður höfðu Rússar handtekið hann síðsumars 1945 og dæmt hann í tíu ára fangelsi fyrir njósnir. Þetta var Finnmerkurbúinn Otto Marinius Larsen.

Kvöld eitt hálfum mánuði síðar bar fundum okkar saman í hótélherbergi í Osló. Ég hafði verið beðinn að fá hann til að leysa frá skjóðunni um það, sem á dagana hafði drifið á styrjaldarárunum og í fangabúðunum í Ráðstjórnarríkjunum, og ef úr þessu gæti orðið bók, átti ég að „færa hana í letur“, eins og það er orðað. Þetta varð eftirminnilegt kvöld. En ef til vill var frásögnin ekki áhrifaríkust, heldur sjálfur sögumaðurinn, — þessi sjúklega óró, eirðarleysið. Hann var fögur, grágugginn. Hann rásaði fram og aftur um gólfið, meðan hann var að segja mér frá, gat ekki setið kyrr. Annað veifið nartaði hann í kekköku. Líkaminn hafði enn ekki áttað sig á umskiptunum. Ennþá sat í honum úr fangabúðunum órtinn við sultinn. Þegar langt var liðið á kvöldið, tók maðurinn úr fórum sínum rússneskt reykttóbak, reif horn af dagblaði og vafði sér vindling. Þessu var hann vanur úr fangabúðunum. Ég náði ekki miklu niður fyrsta kvöldið. Frásögnin var of sundurlaus. Honum tókst ekki að hafa hemil á sér, — hann óð úr einu í annað. Hann hafði séð svo margt, og það var orðið svo langt síðan honum hafði gefist kostur á að segja eins og honum bjó í brjósti. Einu sinni spurði hann mig, hvort ég héldi, að það væri mjög hljóðbært milli herbergjanna.

Ottó Larsen er fæddur á Kiðjabergi (Kiberg) árið 1912. Á meiriháttar landa-bréfum getið þið fundið staðinn. Alfræðiorðabókin er fáorð: „Kiðjaberg, Ytra og innra, 2 fiskiþorp, aðeins spölur á milli, eru í Varðeyjar-héraði í Finnmerkurfylki, rétt fyrir sunnan bæinn Varðey. Í báðum þorpunum er póstafgreiðsla og símastöð, og bæði eru viðkomustaðir strandferðaskipanna. Þjóðvegarsamband er við Varðey. Á Kiðjabergi bjuggu 1946 495 fiskimenn.“ Aðalatvinnan er fiskveiðar, en stöku maður hokrar með tvær eða þrjár kýr — ef til vill fáeinar kindur. Skógur er ekki teljandi, og öll ræktun er erfið. Enginn hefur reynt að rækta þarna korn, og kartöflur þrífast ekki nema í góðum sumrum, en þau eru sjaldgæf. Í níu mánuði er vetur og í þrjá mánuði kalt, segja þeir þarna fyrir norðan.

Eitt kvöldið bað ég Ottó Larsen að segja mér dálítið frá uppvaxtarárum sínum á Kiðjabergi. Hann taldi ekki frá miklu að segja. Faðir hans stundaði róðra eins og allir aðrir, og þegar synirnir voru orðnir 10-11 ára, urðu þeir að fara að hjálpa honum á sjónum. Á því var fyllsta þörf, systkinin voru sjö, Ottó yngstur. Annars kvaðst hann ekki geta annað sagt en að sér hefði liðið vel í bernsku. Hann hefði alltaf haft nóg í svanginn. Faðir hans var einn af þeim, sem áttu því láni að fagna að hafa búhokur. Hann átti þrjár kýr, einn hest og fimm, sex kindur. Þegar Ottó var fimmtán ára, kom faðir hans honum fyrir í Varðey vegna fermingarinnar. Efnalega var þar ekki í neitt lítið ráðist. Drengurinn varð að dvelja í Varðey þær þrjár vikur, sem hann gekk til prestsins. En einhvern veginn tókst að útvega aurana. Föðurnum fannst, að yngsta barnið yrði að komast sómasamlega í kristinna manna tölu engu síður en hin.

Ottó ólst upp við allsnægtir miðað við margan annan þarna norður frá. Hann naut líka meiri fræðslu en flestir aðrir, var eitt ár í búnaðarskólanum í Tana. Þá var hann átján ára. Þegar heim kom, var kreppan að komast í algleyming. Þá voru lífskjör fiskimannanna næstum eins bágborin og orðið gat. Það var hér um bil sama, hvort mikið eða lítið fiskaðist, því að hvort sem var fékkst ekkert fyrir fiskinn. Ottó Larsen varð kommúnisti — eins og margir jafnaldrar hans á þessum slóðum. Það var ósköp eðlilegt. Þeir óskuðu breytingar á ríkjandi skipulagi — og það breytingar, sem um munaði. Hann gekk í æskulýðsfylkinguna á Kiðjabergi og tók mikinn þátt í störfum hennar. Þegar styrjöldin skall á, var hann bæði ritari hennar og gjaldkeri. Hann var fullur af áhuga og sístarfandi, las bækur og bæklinga, las allt, sem hann í náði, af þeim ritum, sem komu út á vegum kommúnista. Og sanntrúaður var hann. Það var eitthvað annað í Ráðstjórnarríkjunum en í Noregi. Ráðstjórnarríkin voru hið fyrirheitna land. Stríðið skall á — og honum gaf sýn inn á fyrirheitna landið. Síðan kynntist hann því nánar.

Ég tók frásögn Ottós Larsens á segulband. Ég hef því getað fylgt orðalagi hans og framsetningu eins nákvæmlega og samrýmt getur heillegu sniði og rituðu máli.

Osló, 15. janúar 1954.

Haavard Haavardsholm.

Flóttinn til Rússlands

ÉG LAGÐI UPP í ferðina til Rússlands dimma haustnótt árið 1940. Alls vorum við 36, karlmenn, konur og börn, á þremur fiskiskútum. Brottförin gekk vandræðalaust, þó að undirbúningurinn væri ekki upp á marga fiska. Satt að segja hafði allt ráðabruggið verið frá upphafi frekar laust í reipunum, og eiginlega veit ég ekki, hver það var, sem átti upptökin. Okkur þarna norður frá hafði orðið það æ ljósara sumarið og haustið 1940, að Þjóðverjar hlytu þá og þegar að ráðast á Ráðstjórnarríkin. Reyndar höfðu þeir Hitler og Stalín gert með sér griðasáttmála, en alltaf var verið að flytja hersveitir norður í Finnland. Það benti til þess, að bráður endi kynni að verða bundinn á vináttuna. Og ef sú yrði raunin, þá mátti ganga að því vísu, að kommúnistarnir, sem allir höfðu orðið að undirrita yfirlýsingu um hollustu við Þjóðverja, mundu verða handteknir. Um það voru því ekki skiptar skoðanir, að nú gildi að forða sér sem fyrst. Auk þess vonuðum við að geta orðið að einhverju liði.

Eitt kvöldið lét ég þess getið við Guðrúnu systur mína, að ég mundi að líkindum flýja til Rússlands. Hún spurði mig þá, hvort ekki mundi gerlegt, að hún og börnin fengju að vera með í förinni. Bóndi hennar, Hákon Halvari, hafði verið á fiskiskútu, sem horfið hafði í öndverðum septembermánuði og okkur grunaði, að Rússar hefðu tekið, þó að lénsmaðurinn í Varðey hefði árangurslaust skrifað til Múrmansk og spurst fyrir um afdrif hennar. Ég lofaði Guðrúnu, að hún skyldi fá ósk sinni fullnægt.

Fáum dögum síðar var skyndilega ákveðið að leggja af stað. Frans Heikkila, sem var formaður á einni skútunni, ákvað sig á seinustu stundu. Hann var að koma úr róðri og gaf sér ekki tíma til að leggja upp aflann, en náði í flýti í konu sína og krakka og tvo karlmenn, sem vildu taka þátt í förinni, og lagði frá landi með okkur hinum.

Við fórum frá Kiðjabergi á miðnætti aðfaranótt hins 24. september. Það var niðarþoka, en logn og ládeyða. Þó að enginn hefði sagt börnunum, hvað til staði, var auðséð, að þau skildu, að þarna var mikið í húfi. Hjá mér voru fimm börn innanborðs, og þau steinþögðu. Það var verra að hafa hemil á fullorðna fólkinu. Þ minnsta kosti frétti ég það síðar, að Norðmaður, sem var á verði í varðskýli uppi í fjallinu, hefði heyrt mannamál og grunað, hvað um væri að vera. En hann var góður Norðmaður og lét hjá líða að gera aðvart. Hann átti þó talsvert á hættu, því að undir tók í fjöllumunum, þegar allar þrjár vélarnar fóru í gang í einu.

Svört var þokan, og þegar leið á nóttina, sortnaði hún svo mjög, að við urðum að tengja skúturnar saman með kaðli til þess að verða ekki viðskila. Við ætluðum

okkur að Vayda-Gúba, næstu byggðu bóli austan við landamærin. Sú byggð hafði lotið finnskum yfirráðum þangað til eftir Vetrarstríðið. Þegar við með morgninum nálguðumst innsiglinguna, þorðum við ekki að leita hafnar vegna þokunnar, en héldum fram með strönd Fiskimannaskagans. Við sáum ekki út úr augunum, en samt sem áður vissum við nokkurn veginn, hvað ferðinni leið. Við vorum næstum eins kunnugir á þessum slóðum og í kringum Kiðjaberg, því að við höfðum árum saman fiskað þarna öðru hverju í landhelgi. Finnar höfðu fengið leyfi til þess hjá Rússum að fiska í landhelgi á þessu svæði, og síðan hafði okkur þá reynst óhætt að skáka í því skjólinu. Þegar við sáum rússneskt varðskip á sveimi, tókum við gjarnan það til bragðs að snúa skútunni þannig, að Rússarnir sæju ekki nafn og einkennisbókstafi.

Einni stundu eftir dagmál rofaði til, og allt í einu höfðum við landsýn. Við vorum mjög skammt undan, og það leyndi sér ekki heldur, að eftir okkur hafði verið tekið. Skotið var flugeldum, og við sáum menn í fjörunni. Þeir voru gráklæddir og urðu varla greindir frá grjótinu. Undarleg sjón. Við hefðum getað haldið, að þetta væru huldumenn.

Við skildum, að við áttum að nema staðar. Við stöðvuðum vélarnar og létum reka. Þorpið þarna inni í kriknum heitir Tsypnavolok. Þar höfðu lengi búið Norðmenn. Norska landnámið var trúlega frá þeim tíma, sem Fiskimannaskaginn var talinn norskt landsvæði. Þarna höfðu landamærin löngum verið mjög á reiki. Það var fyrst árið 1926, að Norðmenn og Rússar komu sér saman um þau til fullnustu. Nú bjó ekki lengur fólk af norskum ættum í Tsypnavolok. Þegar Vetrarstríðið hófst, voru íbúarnir fluttir eitthvað suður í Rússland og þorpið gert að setuliðsstöð.

Við höfðum ekki beðið lengi, þegar bátur kom frá landi og stefndi út að skútunum. Þetta var gafllæna með skotthreyfli. Á henni voru þrír sjóliðar og einn foringi. Það var roskinn maður, rauður og þrúttinn í andliti, klæddur einkennisbúningi höfuðsmanna í sjóliðinu. Frammi í stafni stóð ungur sjóliði og beindi að okkur hríðskotabyssu. Hann var allbyrstur á svip, en aftur á móti var höfuðsmaðurinn brosleitur og hinn vinsamlegasti. Hann kastaði á okkur kveðju og spurði á rússnesku, hverjir við værum. Við kváðumst vera Norðmenn. Hann kinkaði kolli og brosti á ný og gaf sjóliðanum merki um að láta hríðskotabyssuna síga. Við værum tavarísj, félagar, sagði hann. Síðan fylgdum við kænunni eftir inn í höfnina í Tsypnavolok. Þar lá *Pröven*, skútan, sem Hákon Halvari hafði verið á. Það var Guðrún, sem fyrst kom auga á hana, og hún fór að gráta.

Við lögðum að bryggju og bundum skúturnar. Rússarnir sýndu okkur með bendingum, að við mættum ekki ganga á land.

Nú jæja, við fórum þá að hugsa okkur fyrir einhverju í svanginn. Frans Heikkila var með fullfermi af fiski, svo að ekki átti sulturinn að þurfa að þjaka okkur.

Hilmar Heikkila, bróðir Frans, kveikti upp í eldavélinni og setti á hana skaftpott, sem í var fiskur og kartöflur, en ekki var maturinn fyrr soðinn en ný skipun kom frá Rússum. Við áttum að ganga á land — tafarlaust. Á bryggjunni stóðu

hermenn í skipulegri röð. Þeir voru með alvæpni, höfðu sett byssustingina á ríffil-hlaupin. Við afréðum að hafa matinn með okkur. Einn af piltunum bar heitan soðningarpottinn. Hermönnunum varð starsýnt á okkur og pottinn, og þegar við fórum fram hjá þeim, sem aftastur stóð, heyrðum við sagt á norsku með fláum Finnmerkurframburði: „Feskör og kartöflör!“

Við litum um öxl. Þarna stóð náunginn glottandi, virtist fara dálítið hjá sér. „Hvert þó í syngjandi!“ sagði sá, sem bar soðningarpottinn. „Kannt þú norsku?“ En hermaðurinn svaraði ekki. Hann stóð þarna og horfði fram undan sér, og nú stökk honum ekki bros.

Það var farið með okkur upp á loft í hermannaskála, sem stóð skammt frá bryggjuspordinum. Húsgögnin voru ekki mörg eða margbreytt, aðeins lítið borð og nokkrir stólar. Líklega var þetta herbergi sjaldan notað. Við settumst á gólfíð og tókum að gera soðningunni skil. Seinna um daginn voru okkur færðir nokkrir lítrar af mjólk, dálítið af rúgbrauði og fáeinar dósir af niðursoðnum matvælum. Við þurftum ekki að kvarta.

Ekki leið á löngu, uns inn til okkar koma ung stúlka, sem talaði hreina norsku, og gömul kona, sem kunni hrafl í því máli. Okkur var sagt, að hún hefði verið gift norskum manni. Þær áttu að vera túlkar. Fyrst var spurt og svarað á við og dreif, en síðan hófst skipuleg yfirheyrsla. Við vorum spurð, hvað við hétum, hvaðan við kæmum og hver af okkur hefðu verið flokksbundnir kommúnistar. Þau voru yfir-heyrð miklu nánar en hin.

Við vorum þarna í kvistherberginu, þangað til liðið var á kvöld. Það mun hafa verið skammt til miðnættis, þegar okkur var skipað að ferðbúast í flýti. Frá Múrmansk var kominn tundurdufladreifari, og áttum við að fara með honum þangað. Skúturnar voru skildar eftir í Tsynnavolok.

Við höfðum fengið að halda hópinn fram að þessu, en þegar við vorum komin út í tundurdufladreifarann, var konum og börnum skipað rúm í foringjasalnum, en okkur karlmönnunum var komið fyrir í tveimur litlum klefum. Þaðan var okkur stranglega bannað að víkja, en ekki var læst að okkur.

Klukkan fimm um morguninn komum við til Múrmansk. Tveimur tímum síðar var okkur sagt að fara upp á bryggjuna. Þar beið okkar Rússi, sem talaði norsku. Hann átti að vera túlkur okkar.

Túlkurinn kvaðst ætla að fara með konurnar og börnin í veitingahús og sjá þeim fyrir mat. Við skyldum bíða á bryggjunni á meðan. Við yrðum að vera rólegir. Eftir stundarkorn kæmi bíll.

Loft var skýjað og móskulegt, og það var hráslagalegur gustur. Við sáum hvergi mannsbarn. Bryggjan var auðsjáanlega eingöngu notuð handa sjóhernum. Hún var afgirt, og þar var alls engin umferð. Úti á höfninni var líf og hreyfing, en þó var þar ekki meira um að vera en svo, að lítill selkópur lék sér þar í friði, ýmist synti ofansjárvar eða kafaði, án þess að nein styggð kæmi að honum.

Eftir fjóra tíma kom túlkurinn. Hann hafði náð í vörubíl. Hann sagði, að við

yrðum að setta okkur við að vera í gæsluvarðhaldi um stundarsakir. Konurnar og börnin ættu að fara til staðar, sem hétu Lavna, skammt frá Múrmansk. Þar ætti MVD orlofsheimili.

Við skriðum upp á vörupallinn, og túlkurinn settist þar hjá okkur. Síðan ókum við rólega upp í borgina. Þar sem leiðin lá yfir járnbrautarteina, sá ég standa gamlan mann með rúgbrauð undir handleggnum og gúrku í hendinni. Við ókum ekki hraðar en það, að ég sá hann brjóta af brauðinu og stinga upp í sig, og síðan beit hann í gúrkuna.

Við námum staðar úti fyrir lágu húsi. Því virtist vel við haldið. Það var gult á lit, nýmálað og snyrtilegt.

Fangelsið í Múrmansk

STÓRRI HURÐ VAR LOKIÐ upp, og hún féll aftur að stöfum. Síðan stóðum við þá í fangelsisgarðinum. Fangelsið var ekki eins lítið og það hafði virst í fyrstu. Það var tvær hæðir, og önnur var að hálfu grafin í jörð. Fangelsið var reist í ferhyrning við autt svæði. Á auða svæðinu miðju reis geipimikill reykháfur.

Okkur var fyrst vísað inn í langan gang. Þar vorum við látnir afhenda allt, sem talið var, að við gætum notað til að svipta okkur lífi, — hnífa, belti, axlabönd og jafnvel skóreimar. Ég var í samfesting með föstum axlaböndum. Þessi axlabönd kostuðu Rússana mikil heilabrot. Þeir komu og þreifðu á þeim hver af öðrum og bollalögðu sín á milli af mikilli alvöru. Ég þóttist skilja, að þeim hefði flogið í hug að skera axlaböndin af samfestingnum. En þar kom, að þeir ákváðu að lofa mér að halda honum óskertum.

Okkur var vísað tólf saman til vistar í klefa 22. Hann var stór og rúmgóður, gat frekar kallast lítill salur en klefi. Eftir þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til rýmis í rússneskum fangelsum, hefði hæglega mátt troða í hann áttatíu manns. Annars voru þægindin ekki til að státa af þeim. Við áttum að skiptast á um þrjár korkdýnur. Ég fékk aldrei neina dýnuna, meðan ég var í fangelsinu. Og ég mátti príska mig sælan. Hinir urðu allir gráir af lús. Ég breiddi undir mig frakka, sem einn af félögum mínum lánaði mér. Ég gleymdi mínum frakka heima í öllu óðagotinu, þegar farið var af stað.

Eftir klukkutíma opnaðist hleri í hurðinni, og inn var skotið fáeinum brauðum. Brauðin voru úr rúgi, og mjög dökk — eins og tíðkast í Rússlandi, en í þeim gljáandi fituklumpar. Þau reyndust annars góð á bragðið. Einnig var smeygt inn til okkar gleruðum könnum, en tómar voru þær. Síðan lokaðist hlerinn. Við sátum og biðum þess, að komið yrði með eitthvað, sem okkur væri ætlað að drekka úr könnunum, en ekki varð okkur að því. Við gerðum okkur ekki neina rellu út af þessu, hlógum aðeins að því. Þarna var krani, svo að ekki þurftum við að kvarta undan vatnsleysi í kleanum þeim arna. Haraldur Utne, bernskufélagi minn frá Kiðjabergi, tók að sér að skera fyrir okkur brauðið. Honum hafði tekist að leyna ofurlitlum vasahníf, þegar á honum var leitað. Annars lá þarna blátt bann við því — eins og í öllum öðrum fangelsum í Ráðstjórnarríkjunum — að bera á sér hníf. Haraldi hélst á hnífnum í vikutíma, en svo var það einn daginn, að einn af vörðunum sá inn um gægjugatið hnífinn í höndunum á Haraldi, og þá var ekki að sökum að spyrja. Haraldur var kvaddur á fund yfirfangavarðarins.

Það mun hafa verið um nónbil, sem okkur var fært brauðið, og annan mat fengum

við ekki þann daginn. Næsta morgun var komið með 600 grömm af brauði handa hverjum okkar og dálítið af stráskyri. Við urðum að skipta með okkur sykrunum og notuðum til þess tóman eldspýtustokk. Skammturinn reyndist sléttfullur stokkur á mann. Þessu fylgdi ketill, sem í var einhver heitur vökvi. Hvort það var gervikaffi eða gervite — á því gat ég ekki áttað mig. Miðdegismaturinn var fiskisúpa. Lyktin af henni var ekki góð og bragðið litlu skárri. Fiskurinn hlaut að hafa verið úldinn. Í súpunni voru ræksnistrefjar, og það marraði í sandi, þegar skeiðin nam við könnubotninn. En við vorum farnir að gerast lystugir, og niður komum við súpunni. Auk hennar fengum við graut úr heilum hafra- eða bygggrjónum. Í hann hafði verið látin einhvers konar jurtafeiti. Grautarskammturinn var fimm, sex matskeiðar á mann. Þetta sama fæði fengum við síðan dag eftir dag, nema hvað okkur var færð kjötsúpa suma dagana í stað fiskisúpunnar. En ekki var neitt kjötið í súpunni, og lapbunn var hún.

Eftir tvo, þrjá daga hófust yfirheyrslur. MVD gekk rækilega að verki. Ég varð að skýra skriflega frá æviatriðum mínum allt frá því, að ég fór í barnaskóla og þangað til ég kom í fangelsið í Múrmansk. Hið sama var hinum uppálagt. Þá var okkur líka skipað að skrifa skýrslu um allt, sem við vissum hver um annan. Loks vorum við látnir lýsa skriflega þeim Kiðjabergsbúum, sem komnir voru á undan okkur til Ráðstjórnarríkjanna. Síðar urðum við þess vísari, að þeir voru flestir í þessu sama fangelsi. Allt vildi MVD fá vitneskju um — ekki aðeins hvaða stjórnámálaskoðun við hefðum aðhyllst, heldur líka sitthvað almenns eðlis — hverjir höfðu verið samstarfsmenn okkar og hvar við höfðum unnið á þessu eða hinu skeiði ævinnar. Yfirheyrslurnar tóku langan tíma. Það leit út fyrir, að MVD lægi ekkert á.

Okkur var leyft að reykja í fangelsinu, og tóbak gátum við fengið keypt. Ég átti reyktóbaksöskju í hafurtaski mínu og fór fram á að fá hana afhenta. Eftir mánuð fékk ég hana. Ennþá lengri tíma tók það að fá skipt norskum tíu króna seðli, sem ég átti í þússi mínu. Fyrir hann fékk ég tólf rúblur tveim dögum áður en ég var látinn laus.

MVD fór sér ósköp rólega. Ekki man ég, hve oft ég var yfirheyrður, ýmist á nóttu eða degi, en yfirheyrslurnar fóru fram á svipaðan hátt og á Vesturlöndum, og sá, sem yfirheyrði, hélt sér við efnið og beitti ekki neinum rosta.

Okkur leiddist, þegar fram í sótti. Við höfðum ekkert að lesa, og þá sátum við og röbbuðum. En þar kom, að okkur var fært gamalt tafl, og það varð okkur mikil dægurstytting.

Fæðið gat svo sem ekki heitið gott, en ekki sultum við, og fyrir kom, að við fengum fylli okkar. Hálf tíma á dag vorum við látnir vera í fangelsisgarðinum. Hópurinn úr hverjum klefa varð að vera út af fyrir sig. Þess var svo stranglega gætt, að við næðum ekki tali af hinum föngunum, að það reyndist alls ekki mögulegt. Glugginn okkar vissi út að fangelsisgarðinum, en fyrir honum var skáhleri, sem neðst féll þétt að karminum og byrgði sýn niður í garðinn. En ef við stóðum alveg við gluggann, þá sáuðum við rönd af himninum. Hinn 7. nóvember heyrðum við flugvélagný, og

þegar við litum til lofts, sáuð við flugvél allra snöggvast. Það var rússnesk tvíþilja. Þetta fannst okkur merkisatburður.

Einu sinni sem oftar var ég kvaddur til yfirheyrslu. Vörðurinn lauk upp klefadyrunum og kallaði á Larsen. Jú, ég gaf mig fram. Vörðurinn hlýtur að hafa verið nýliði, því að hann spurði um skírnarnafn. Ottó, svaraði ég, og vörðurinn kinkaði kolli. Þetta mundi vera maðurinn, sem hann átti að sækja. Hann fór með mig upp í skrifstofu á annarri hæð. Þar var kvittað fyrir þá fanga, sem fóru til yfirheyrslu. Liðsforinginn, sem þar sat, leit á mig og hristi höfuðið. Ég var þá ekki rétti maðurinn, og vörðurinn mátti fylgja mér aftur niður í klefann. Nú sveif að mér sá grunur, að ég mundi ekki sá eini í hópi fanganna, sem hétu Larsen.

Fáum dögum síðar varð grunur minn að vissu. Þennan dag átti að klippa og raka allan hópinn. Við vorum kallaðir út tveir og tveir. Við Haraldur Utne fórum saman. Hann varð á undan mér í stólinn, og ég sat á bekk og beið. Allt í einu kom ég auga á vindlingsstubb, sem lá á gólfinu. Ég tók hann og skoðaði hann, og skyndilega rann það upp fyrir mér, hvar ég hafði áður séð svona stubb — og ekki einu sinni, heldur hundrað sinnum: Á gólfinu í hásetaklefanum í skútunni hans Ólafs bróður míns! Hann var sem sé vanur að fletja út endann á vindlingnum á alveg sérstakan hatt: Það kom í hann ofurlítill dæld. Ég kveikti í stubbnum og dró nokkrum sumum að mér reykin. Þá var ég viss í minni sök. Þetta var norsk tegund, sem Ólafur reykti einmitt, og þá vissi ég, að hann var einhvers staðar í þessu fangelsi.

Í nóvemberlok var á ný farið með mig í skrifstofu á annarri hæð. Og nú voru það ekki mistök. Það var ég, sem þeir áttu erindi við. Þarna sat foringi úr MVD og hjá honum túlkurinn, sem hafði fylgt okkur í fangelsið. Foringinn var ekki með neina vafninga. Hann spurði mig þegar í stað, hvort ég mundi geta hugsað mér að ganga í upplýsingaþjónustu Rússa í Noregi. Ég spurði, í hverju starf mitt ætti að vera fylgið og hver ætti að vera tilgangur þess. Hann sagði, að Þjóðverjar væru nú í óða önn að flytja hergögn til Norður-Noregs og þaðan til Finnlands. Þetta yrði ekki skilið nema á einn veg. Hann sagði einnig, að þær upplýsingar, sem okkur tækist að afla í Noregi, mundu ekki aðeins koma Ráðstjórnarríkjunum að gagni. Þær mundu líka verða sendar norsku stjórninni í Englandi. Ég velti þessu ekki lengi fyrir mér, en kvæðst gefa kost á mér til starfa. Hann sagði mér þá, að mér væri ætlað að flytja norska njósnara til Noregs.

Foringinn sagði nokkur orð við túlkinn — á rússnesku. Túlkurinn kinkaði kolli. Síðan fór foringinn út. Túlkurinn bað mig að koma að borðinu og fá mér sæti. Hann lagði fyrir framan mig óskrifað blað og rétti mér lindarpenna. Síðan sagði hann, að ég skyldi skrifa það, sem hann læsi fyrir. Ég skrifaði. Það varð furðulegt plagg. Ég veit ekki, hvort ég man orðalagið alveg nákvæmlega, en ég hef lagt mig fram um að rifja það upp fyrir mér:

Ég undirritaður Ottó Marinius Larsen lýsi því hér með yfir, að ég heiti af frjálsum vilja að vinna fyrir upplýsingaþjónustu Ráðstjórnarríkjanna

og aldrei ljóstra upp neinu, sem ég kynni þar að sjá eða heyra, og ég skal aldrei gleyma því, að hin refsandi hönd Ráðstjórnarríkjanna nær til mín hvar í heiminum sem ég kynni að vera, ef ég rýf þessa skuldbindingu sem ég undirrita með leyninafni mínu ALBIN og mínu rétta nafni OTTÓ MARINIUS LARSEN.

Ég held mér hafi ekki skilist fyrr en eftir á, hvað ég hafði skrifað undir. Ég sat með skjalið í hendinni, vildi ekki afhenda það, þegar túlkurinn rétti út höndina til þess að taka við því. Eitthvað var að renna upp fyrir mér — jú, ég hafði selt sjálfan mig með húð og hári. Ég hafði skuldbundið mig ævilangt. Ég brá við, vafði blaðið í vöndul og gerði mig líklegan til að svipta því í sundur. Túlkurinn leit á mig.

„Hvað ertu að gera?“ sagði hann.

„Mér þykir þetta vera heldur en ekki viðsjált plagg!“ sagði ég.

„Þú gerir eins og þér sýnist,“ sagði túlkurinn.

Ég stóð á fætur. Hann horfði á mig. Við þögðum báðir góða stund. Síðan sagði hann: „Ég ræð þér frá að gera það.“

„All right,“ sagði ég. „Maður verður víst að láta slag standa!“

Látinn laus

DAGINN EFTIR var ég á ný kvaddur til yfirheyrslu, en þegar komið var upp á aðra hæð, var farið með mig inn í skrifstofu, sem ég hafði ekki komið í áður. Hún var óvenjuvel búin að húsgögnum. Þar var legubekkur, þægilegir stólar — og borð, sem var hlaðið réttum. Og þarna inni stóð Ólafur, bróðir minn, broshýr og í besta gengi. Og auðvitað urðum við fegnir að finnast.

Þarna beið okkar nógur og góður matur, og við settumst að borðum. Sjaldan hefur mér bragðast betur það, sem fram hefur verið reitt. Ekkert vantaði, nema ef vera skyldi staup af brennivíni. En það mundi ekki auðfengið þarna í fangelsinu. Þó var nú annað að heyra á Ólafi. Hann hafði getið þess við fangavörðinn á afmælisdaginn sinn, að þann dag væri hann vanur að fá sér glas af sterku víni. Og haldið þið ekki hann fengi það!

Ólafur hafði um skeið stundað róðra, eftir að við flúðum, en síðan fóru Þjóð-verjarnir að fíkjast í skútuna hans, vildu fá hana til vöruflutninga. Þá hugsaði hann með sér, að nú mundi hollast, að hann reyndi að forða sér — eins og hinir. Kvöld eitt komu til hans tveir menn, sem spurðu, hvort hann mundi fánlegur til að skjóta þeim yfir til Ráðstjórnarríkjanna. Þetta voru bræðurnir Ingólfur og Lénharður Aspas frá Tromsey. Þeir höfðu unnið að mannvirkjagerð hjá þýska hernum víðs vegar um Noreg í þeim tilgangi að afla upplýsinga um varnir Þjóðverja — og nú reið þeim á að hitta Rússana. Ólafur gaf kost á förinni. Hann bjó sig í róður, lét skína í það, að hann ætlaði sér út á Norðurgrynni. Og um hánótt — í niðamyrkri — stigu bræðurnir á skipsfjöl. Þegar skútan var komin drjúgan spöl frá landi, breytti Ólafur stefnunni. Hann fór austur að Vayda-Gúba með bræðurna og ætlaði síðan að flýta sér heim, til þess að engan grunaði neitt, en Rússarnir neituðu að sleppa honum. Hann varð að halda kyrru fyrir í tvo daga og fékk aðeins fararleyfi með þeim skilmálum, að hann kæmi aftur og hefði þá aflað einhverra upplýsinga um hernaðarlegan viðbúnað Þjóðverja. En hann skrifaði ekki undir neina skuldbindingu að þessu sinni.

Hann þóttist vita, að fólkið á Kiðjabergi væri tekið að undrast um hann og þættist ef til vill fara nærri um ferðir hans, og þegar hann tók að nálgast land, brá hann sér ofan í vélarúmið og gekk þannig frá vélinni, að hún hóstaði og hökti, svo að skútan rétt aðeins silaðist áfram. Hann bölsótaðist síðan út af vélarbilun við hvern sem kom að máli við hann og spurði um þessa löngu sjóferð. Og þetta var látið gott heita. En eftir tímakorn fór að berast um það orðasveimur, að Ólafur hefði farið til Ráðstjórnarríkjanna. Einn af hásetunum hafði drukkið sig fullan

og leyst frá skjóðunni. Síðan Aspas-bræðurnir fóru, hafði Helena kona Lénharðs, komið til Kiðjabergs. Hún fór þar huldu höfði, því að Gestapó vildi hafa hendur í hári hennar. Enn jókst orðasveimurinn um för Ólafs, og nú fannst honum ekki til setunnar boðið. Hann fór með skútuna upp að bryggju og beitti nokkrar lóðir. Hann var svo sem að fara í fiskiróður. Í góðu veðri og ládeyðu fór hann á skútunni inn að Malarendum, sem er afskekktur bær milli Ytra- og Innra-Kiðjabergs. Þar tók hann tíu, tólf farþega. Meðan þessu fór fram, var tekið að hvessa, og í norðaustan strekkingi og þreifandi byl var haldið af stað frá Noregi.

Ólafur lagði að landi í Gervano. Þar var fólkið látið fara yfir í tundurdufladreifara. Skútan var höfð í togi, þangað til komið var í mynnið á Kolafirðinum. Þar var hún skilin eftir. Með fólkið var farið til Múrmansk og karlmennirnir settir í fangelsi.

Ólafur lét vel yfir sér. Hann var sællegur og í besta skapi. Ég gat ekki um skuld-bindinguna, sem ég hafði skrifað undir. Sjálsagt hafði hann orðið að undirrita sams konar plagg. En hvorugur okkar vék að því einu einasta orði.

Foringi í MVD fylgdi okkur niður að skútu Ólafs, sem lá þarna við bryggju. Þar var ljóta aðkoman. Allt var á rúi og stúi, sængurfötin á klefagólfinu, sötugur kaffiketill uppi á borði og skaftpottarnir uppi í einu rúminu. Útvarpstækið þagði, hvernig sem við stilltum það. Allir slökkvarar voru brotnir og rafallinn eyðilagður, og ekki hafði hreyfillinn heldur fengið að vera í friði. Þarna voru nægileg verkefni, og við Ólafur unnum að því klukkutímum saman að taka til og reyna að gera við skemmdirnar.

Síðla dags kom foringinn aftur. Hann spurði, hvort við værum fánlegir til að sofa enn eina nótt í fangelsinu. Annars staðar hefði reynst ómögulegt að útvega okkur gistingu. Nú, það var þá ekkert við því að gera. Ein nótt til eða frá skipti engu máli.

Við gengum með foringjanum upp í borgina, og Ólafur hafði orð á því, að við þyrftum að fá einn mann til viðbótar á skútuna. Jú, jú, — það var ekkert til fyrirstöðu — mann skyldum við fá. Hvort við hefðum hugsað okkur nokkurn sér-stakan? Ólafur nefndi Áka Halvari, sem var einn af þeim, sem voru þarna í fangelsinu. Jú, mikil ósköp. Það átti að vera auðsótt mál, að við fengjum hann.

En það reyndist ekki eins auðsótt og hann hélt. Rússarnir höfðu komist á snoðir um, að Áki væri skósmiður, en ekki sjómaður — og hvers vegna vildum við hann frekar en einhvern annan? Ólafur sagði, að Áki væri ágætur sjómaður, sá besti, sem við gætum fengið. Og undan létu þeir. Ef satt skal segja, sóttist Ólafur eftir Áka vegna þess, hver snillingur hann var á harmoníku. Ólafi þótti sjálfum gaman að grípa í þetta hljóðfæri, og Áki hafði tekið harmoníkuna sína með sér til Ráðstjórnarríkjanna. Hún var í dótinu hans þarna í fangelsinu.

Það var reyndar harmoníkuni að þakka, að ég varð þess vísari, að Álfur Mikkel-elsen, formaðurinn í kommúnistafélaginu á Kiðjabergi, hefði komist heilu og höldnu til Ráðstjórnarríkjanna. Hann hafði flúið fyrstur manna, lagt af stað í júlí 1940 — aleinn á tveggja rúma seglbát.

Við stóðum í fangelsisgarðinum, ég Ólafur og Áki Halvari, og einn af vörðunum fór að sækja harmoníku Halvaris. Eftir stund kom hann með harmoníku, en ég sá undir eins, að það var ekki sú rétta. Þessa átti Álfur Mikkelsen. Skírnarnafnið hans stóð á henni skýrum stöfum, svo að þarna var ekkert um að villast. Áki sagði, að þetta væri ekki sín. Það hummaði í verðinum, og síðan fór hann aftur og kom með rétta hljóðfærið.

Ég leiddi ekki hugann neitt verulega að Álfu Mikkelsen í þetta skipti, en síðan hef ég oft hugleitt, hver muni hafa orðið örlög hans. Enginn af okkur Norðmönnum rakst nokkru sinni á hann í Ráðstjórnarríkjunum, og ekki hefur hann skilað sér heim til Noregs. Hann var um fertugt, þegar hann hvarf.

Til starfa

ÉG STEINÞAGÐI um það, sem gerst hafði, við félaga mína í fangelsinu. Næsta morgun vorum við Haraldur Utne sóttir. Með okkur var farið í skrifstofu, þar sem var spegill, rakvélar og fjöldi af rakblöðum. Nú áttum við að fá að raka okkur sjálfir í fyrsta skipti í tvo mánuði. Það varð okkur til lítillar ánægju. Rakblöðin reyndust hvert öðru lélegra. Við vorum upp undir klukkutíma að sarga af okkur skeggið, og árangurinn var næsta bágborinn.

Nú var okkur vísað inn í aðra skrifstofu. Þar var Ólafur fyrir. Okkur var sagt, að við ættum að flytja Harald Utne og annan mann yfir til Noregs. Hver það væri, kæmi okkur ekki við. Best væri, að við vissum ekki meira en góðu hófi gegndi. Við skyldum ekkert forvitnast um nafn eða hagi mannsins. En þetta reyndist þá gamall kunningi okkar, Gunnar Berg. Æskulýðsfylkingin hafði stundum sýnt leikrit, og Gunnar Berg hafði reynt slyngasti leikarinn. Hann var fæddur og uppalinn í Varðey, en hafði á seinni árum unnið í timburverksmiðju á Jakobsnesi.

Þegar leið á daginn, fórum við þangað, sem skúta Ólafs lá. Hún hét *Storskær*, var 40 feta löng og var knúin 29 hestafla Rapp-hreyfli. Við stigum á skipsfjöl og með okkur MVD-foringinn, sem hafði fylgt okkur daginn áður. Hann hét Merkov. Þá var og túlkur með í förinni. Nafn hans var norskt, og af norsku foreldri var hann, en sjálfur var hann fæddur í Ráðstjórnarríkjunum og var rússneskur borgari. Við fórum vestur að Vayda-Gúba og biðum þar eftir því, að veður versnaði, því að við bjuggumst við, að Þjóðverjar hefðu aukið strandgæsluna, svo margir sem flúið höfðu seinustu vikurnar.

Við urðum að bíða nokkra daga, en undum okkur vel, því að við skemmtum okkur eftir föngum. Dag einn kom strandferðaskipið frá Múrmansk til Vayda-Gúba. Því hafði seinkað, og til þess að flýta fyrir því, vorum við beðnir að fara og sækja farþega og vörur. Jú, jú, — þetta var aðeins kærkomin tilbreyting. Við tókum á móti nokkrum kjötskrokkum og ýmsu dóti, fimm, sex dátum og loks frú einni, sem gift var liðsforingja. Það var hráslagagustur, og frúnni var vísað niður í hásetaklefan, en karlmennirnir stóðu á þiljum. Þegar farþegarnir áttu að stíga á land, saknaði Gunnar Berg skinnhanska, sem hann hafði lagt frá sér í hásetaklefanum. Hann kærði fyrir Merkov, sem vék sér þá að frúnni og var víst ekkert myrkur í máli. Hún sá sitt óvænna og fékk honum hanskana.

Við lögðum af stað með Harald og Gunnar að kvöldi dags rétt fyrir miðjan desember. Það var suðaustan strekkingur, ekkert vonskuveður, en nógu vont til þess, að upp að hverju nesi á norðurströnd Varangursfjarðar var foráttubrim. Við vorum

ljóslausir, því að allt rafmagnskerfið í skútunni hafði verið eyðilagt, og Rússarnir höfðu ekki einu sinni viljað leyfa okkur að hafa vasaljós. Þeir voru víst hræddir um, að við mundum misnota það, hafa líklega helst óttast, að við gæfum með því ljósmerki. Við urðum að lýsa á áttavítann með vindlingsglóð. Og ekki hafði okkur verið leyft að hafa með okkur skotvopn. Okkur var sögð sú ástæða fyrir neituninni, að Rússar og Þjóðverjar hefðu gert með sér griðasáttmála. Þeir Haraldur og Gunnar voru ekki heldur vopnaðir.

Við lögðum þá á land í Raufarsandi, skammt frá Innra- Kiðjabergi. Allt gekk að óskum, og klukkan fimm að morgni vorum við komnir í höfn í Vayda-Gúba, höfðum ekki verið nema níu tíma í ferðinni.

Ákveðið hafði verið, að Gunnar og Haraldur yrðu í Noregi talsvert fram yfir áramót, og síðan fórum við til Múrmansk og biðum þar. Við fengum hús til umráða og fórum á veitingastaði, borðuðum góðan mat og nutum lífsins, enda var orðið við öllum okkar óskum. Við hittum marga landa okkar, sem höfðu farið njósnaferðir til Kirkjuneess. Þeir gengu iðjulausir og drukku og röbbuðu. Ég var spurður að því, hvaða launakröfur ég gerði. Ég kvaðst gera mig ánægðan með almenn vélstjóralaun. Jú, jú, — þau skyldi ég fá. Síðan borguðu þeir mér 600 rúblur á mánuði. Seinna komst ég á snöðir um, að þeir höfðu haft af mér. Venjuleg vélstjórann voru 1.200 rúblur. Það mun raunar hafa verið víða, sem ekki komu öll kurl til grafar. Lengi vel vorum við alltaf öðru hverju að kvitta fyrir stórum upphæðum. Einu sinni voru það 1.200 rúblur, annað skipti 300, svo 600 og síðan 1.200 á ný. Okkur var sagt, að þetta fé hefði farið til kaupa á vistum og olíu. En loks fór mig að gruna, að þarna væri ekki allt með felldu, og síðan var það einu sinni, að ég kvittaði ekki eins og áður, heldur skrifaði: „Ég viðurkenni hér með að hafa tekið á móti vistum og olíu fyrir 300 rúblur.“ Þá hættu þeir þessu kvittanafargani.

Strax upp úr nýárinu fréttum við, að Haraldur Utne væri kominn austur að Vayda-Gúba. Það var fyrr en til var ætlast. Alfred Mathisen, sem seinna varð okkur ómetanleg hjálparhella, hafði flutt Harald austur yfir fjörðinn. Við höfðum átt að sækja hann á ákveðnum degi í Raufarsund, og til þess að afstýra því hafði Haraldur komið. Það fyrsta, sem varð á vegi þeirra Gunnars, þegar þeir stigu á land í Raufarsundi, var virkisveggur, sem Þjóðverjarnir höfðu hlaðið. Þar voru vélbyssur og handsprengjur, en hermennirnir sáuust hvergi. Seinna fréttu þeir félagar, að þeir þýsku hefðu setið að sumbli hjá kvensnift einni, sem bjó þarna í nándinni.

Rússarnir voru óánægðir yfir, að Haraldur skyldi ekki halda sér við það, sem um hafði verið talað. Þeir sögðu, að hann væri ekki nógu greindur, og upp frá þessu fólu þeir honum engin slík störf, fyrr en eftir að Þjóðverjar réðust á Ráðstjórnarríkin 22. júní 1941.

Nokkrum dögum síðar fórum við með Ívar Eriksen, unglingspilt frá Kiðjabergi, vestur í Pétursfjörð. Við lögðum af stað um miðaftansleytið í suðvestanroki og sortamyrkri. Strönd Fiskimannaskagans var snævidrifin, og það bjarmaði svo af mjallbreiðunni, að við sáuum glögglega Vayda-Gúba-nesið og gátum varað okkur á

boðunum. Á Varangursfirði lýstu brotsjóarnir leiðina, en þegar við komum undir Varðeyna, dró úr bárunni, og sá þá hvergi bjarma fyrir hvítu í sortanum.

Við þorðum ekki að lenda skútunni, en skutum út kænu, þegar við vorum spölkorn undan, og á henni fór Ívar í land. Við sáum hann bera við mjöllina, þegar hann brýndi kænunní. Síðan settum við stefnu á Vayda-Gúba. Þegar við vorum komnir miðja vega, dró úr storminum, en um leið syrti að með frostþoku, svo að við sáum ekki út úr augum. Við treystum á klukku og áttavita og héldum áfram, uns orðið var svo ládautt, að við vissum okkur komna í hlé við Fiskimannaskagann. Síðan lónuðum við og skyggndumst eftir landi í sortanum. En allt í einu setti Ólafur vélina á fulla ferð og stýrði eins og horfði. Ég varð steinhissa og leit á Ólaf, en það var svo sem ekkert æði á honum. Hann hélt sig hafa séð bregða fyrir hyrnunni á Rússa-fjallinu. Þetta gat vitaskuld verið áhætta, en ... Jú, jú, inn að Vayda-Gúba komumst við heilu og höldnu klukkan níu um morguninn. En ekki botna ég í því enn þann dag í dag, hvernig Ólafur fann öll sundin milli skerjanna.

Á tilskildum tíma fórum við vestur í Rússavík á Varðey að sækja Gunnar Berg. En veðurharkan var svo mikil, að ekki voru tiltök að fara á smábát milli skips og lands, svo að við snerum við og biðum þess, að áttin breyttist.

Eitt kvöldið sátum við að spilum niðri í hásetaklefa. Uppi hamaðist suðvestan-garrinn, og það söng í rá og reiða. Álit í einu heyrðum við dálítinn dynk, eins og eitthvað hart hefði numið við hlið skútunnar. Við sinntum þessu ekkert, en héldum áfram að spila. En skyndilega heyrðum við mannamál og stígvélatraðk. Við þutum upp á þilfar, og þar stóðu þeir Gunnar Berg og Ívar Eriksen! Og síbyrðis okkar skútu lá önnur. Parna var kominn Alfreð Mathisen.

Nú bundum við það fastmælum við Alfreð, hvernig samstarfinu skyldi hagað. Hann átti að færa okkur fréttir frá Noregi, og við áttum að hitta hann öðru hverju úti á rúmsjó. Engir fastir tímar voru ákveðnir, og fara skyldi eftir vindstöðunni, hvar við hittumst. Samstarfið lánaðist vel. Alfreð var í tengslum við menn, sem bjuggu víðs vegar um Finnmörku. Hann aflaði upplýsinga um virkjagerð, liðssafnað og hergagnaflutninga og fjölmargt fleira, sem koma mátti að haldi, færði okkur jafnvel teikningar af þýskum mannvirkjum. Starf hans var afar mikilvægt. Segja má, að Rússar fengu jafnóðum vitneskju um hvern þýskan hermann, sem fluttur var frá Norður-Noregi til Finnlands. Það var ef til vill ekki síst þessu að þakka, að þeim tókst að búast þannig við, að þeir fengu haldið Múrmansk, en þar var þá eina ís-lausa höfnin þarna norður frá, sem hafði járnbrautarsamgöngur suður á bóginn.

Annað veifið fórum við til fundar við Alfreð Mathisen, án þess að okkur tækist að hitta hann. Rússarnir vildu, að við leituðum þá fréttu hjá öðrum löndum okkar, en við þorðum ekki að eiga það á hættu. Við tókum heldur þann kostinn að nota ferðina til að fá okkur í soðið. Einu sinni um vorið gengum við á land á hólma einum til að tína æðaregg. Merkov liðsforingi var þá með okkur. Hann þreif skammbýssu sína og skaut æðarkollu, sem sat á eggjum. Mér blöskraði þetta, og ég sótbölvaði, en Merkov skildi ekkert í því, að ég skyldi láta svona.

„Vorið er tími lífsins, en ekki dauðans. Þá á allt að vaxa og blómgastr,“ sagði ég. „Heima í Noregi skjótum við ekki fuglana fyrir en að haustinu.“ Hann varð fár við og hristi höfuðið. Þetta fannst honum fátánlegt.

Einu sinni kom dáti úr Rauða hernum til okkar með tvo mávsunga, sem voru nýkomnir úr egginu. Við lögðum þá í pappakassa og veittum þeim eins góða aðhlyningu og við gátum, enda virtust þeir tímgastr vel. En dag einn, þegar ég steig á skipsfjöl, sá ég, að Merkov liðsforingi lá fram á borðstokkinn á kænunni, sem var við hliðina á skútunni. Hvað skyldi hann nú vera að gaura? hugsaði ég með mér. Síðan sá ég þá, hvað hann var að gera. Hann var að handfjatra mávsungana, dýfa þeim í sjóinn og reyna að fá þá til að synda. Nú varð ég ærlega reiður. Ég brá við, þreif hann steinbítstaki og lét hann fá að súpa á sjó. Þegar hann var búinn að ná andanum eftir dýfunu, varð hann öskuvondur og þreif til skambyssunnar. En síðan stillti hann sig. Ef til vill hefur runnið upp fyrir honum einhver skilningsglæta. Hann var raunar allra besti náungi, en að mörgu leyti dálítið barnalegur. Hann stóð á því fastar en fótunum, að engin þjóð ætti eins stór skip og Rússar. *Queen Mary* og *Normandie* væru ekki nema duggutetur í samanburði við ferlíkin rússnesku. ... Hann mun hafa verið um það bil hálfþrítugur, þegar við kynntumst.

Í fyrsta skipti, sem ég sté á skipsfjöl hjá Alfreð Mathisen, rak ég augun í spjald, sem næstum náði þvert yfir forvegginn í stýrishúsinu. Þar stóð með stóru og feitu lettri:

ÖLL SAMSKIPTI VIÐ ÓVININA VARÐA DAUÐAREFSINGU

Alfreð sagði mér, að svona spjald hefði nú verið fest upp í öllum norskum fiskiskipum. Hann var svo sem ekkert uppnæmur yfir þessu. Ég sagði, að það hlyti að vera dálítið ónotalegt að hafa slíka áletrun vofandi yfir höfði sér — að minnsta kosti fyrir menn í hans sporum. Jú, hann viðurkenndi það. „Auðvitað endar þetta með skelfingu,“ sagði hann, „en ekki tjóar að sitja hjá og aðhafast ekki neitt.“

Haustið 1941 var hann kærður og tekinn höndum. Hann var pyndaður til sagna af mikilli harðýðgi, en hann lét ekkert uppi. Móðir hans fékk einu sinni að vitja hans í fangelsinu. Hún þekkti hann ekki, — svo hart var hann leikinn. Það bjargaði mörgum mannlífum, að Alfreð Mathisen bognaði ekki. Þegar Þjóðverjarnir sáu, að tilgangslaust var að pynda hann, fóru þeir með hann í bjálkahús spölkorn frá Varðey og skutu hann þar.

Í rússneskum einkennisbúningi

AÐFARANÓTT 22. JÚNÍ 1941 hittum við Alfreð Mathisen í síðasta sinn. Það voru heldur en ekki tíðindi, sem hann hafði að flytja: Daginn eftir ætluðu Þjóðverjar að ráðast á Ráðstjórnarríkin. Við flýttum okkur til Vayda-Gúba sem mest við máttum, en komum of seint til þess að segja fréttirnar fyrstir manna. Meðan liðsforinginn beið eftir símtali, kom skipun um, að við ættum að flýta okkur til Múrmansk allt hvað af tæki.

Veðrið var gott, og vélin var látin taka á því, sem hún átti til. Í mynni Kolafjarðarins var vopnaður togari á verði, en okkur var gefið merki um, að við gætum haldið áfram á fullri ferð. Til Múrmansk komum við á hádegi. Þar voru allir í uppnámi. Landið var komið út í styrjöld, og loftárás hafði verið gerð á Kænugarð — þetta var það eina, sem menn vissu fyrir víst. Ég fór upp í skrifstofu MVD og hreinritaði skýrslu um för okkar, en þar lágu ekki fyrir neinar skipanir. Við fengum aldrei skýringu á því, hvers vegna við áttum að flýta okkur þessi ósköp til Múrmansk.

Í júlí hófu Þjóðverjar loftárásir á borgina og héldu þeim látlaust áfram fram að nýári. Síðan varð hlé þangað til í febrúar. Þá kom bensínskip til Norður-Noregs, og árásirnar hófust á ný. Við Ólafur, Guðrún systir okkar og bóndi hennar bjuggum í litlu timburhúsi. Næsta hús við okkar tættist í sundur í loftárás, var gapandi gígur, þar sem það hafði staðið. Hjá okkur brotnuðu allar rúður, og hurðirnar hrukku af hjörunum. Af Guðrúnu er það að segja, að hún bjó þarna fram í ágúst 1941. Þá voru allar norsku konurnar fluttar austur yfir Úralfjöll.

Talað var um að stofna flokk norskra skæruliða. Áður en úr því yrði, var skorað á okkur Norðmennina að ganga í Rauða herinn. Tólf manns, allt Finnmerkurbúar að einum undanskildum, urðu við þessari áskorun. Hópurinn var fluttur í æfingabúðir í nánd við Lavna. Í orlofsheimili MVD voru okkur fengnir venjulegir rússneskir hermannaþúningar — ráðstjórnarstjarnan framan á húfunni — og þar vorum við látnir sverja þess dýran eið að berjast gegn herjum nasista, uns yfir lyki.

Æfingabúðirnar voru í skógivöxnu dalverpi, og var þannig frá þeim gengið, að þær urðu ekki séðar úr lofti. Við bjuggum í dókkgrænum tjöldum og kofum, sem þaktir voru barri. Í liðssveitinni, sem þarna var samankomin, voru 32 menn, foringjarnir Rússar, en dátarnir allir norskir. Auk venjulegra heræfinga fór þarna fram kennsla í skæruliðahernaði. Meðal annars var okkur kennt, hvernig sigrast skyldi á vörðum við flugvelli án þess að vekja athygli. Í lok októbermánaðar tókum við þátt í skíðakeppni. Þeir sex, sem úr hópi okkar Norðmannanna voru fyrstir að marki, voru spurðir að því, hvort þeir væru fánalegir til að taka þátt í sendiför til Finnlands.

Allir svöruðu játandi. Ég var einn af þessum sex. Okkur var ætlað að njósna um þýskan leyniflugvöll, afla upplýsinga um það, hve varnirnar væru öflugar.

Við lögðum af stað í förina í rökkurbyrjun hinn 7. nóvember á tveimur vörubílum. Við vorum 32, allir í hvítum huliðsklæðum. Það var heiður himinn, mikið frost, snjór á jörð og ís á öllum ám og vötnum. Við ókum eins langt og komist varð á bílunum, námum staðar við langt og mjótt torfhýsi. Við smeygðum á okkur bakpokum og héldum áfram förinni. Bakpokarnir máttu ekki þyngri vera, einkum sakir þess, að við urðum líka að bera mjög þunga ríffla.

Við námum ekki staðar fyrr en um hádegi daginn eftir. Þá hvíldum við okkur í nokkra klukkutíma, kveiktum bál og fengum heitan drykk. Síðan var farið af stað á ný. Frostið var ekki svo hart, að það spillti skíðafærinu. Snemma morguns komum við í herbúðir. Þær voru inni í þéttum skógi og svo vandlega duldar, að við sáu þær ekki fyrr en við vorum komnir alveg að þeim. Okkur tólf saman var fenginn til umráða moldarkofi, sem var svo niðurgrafinn, að veggirnir voru allir neðanjarðar. Þarna var þröngt, og rishæðin var lítil, en ánægðir vorum við. Við rauðkyntum ofninn, og síðan lögðumst við til svefns. Beint á móti dyrunum var langur og breiður bálkur, og á hann fleygðum við okkur hlið við hlið. Við vöknudum upp úr miðjum degi, og þá fengum við baunir og nýtt brauð, sem hafði verið bakað þarna í herbúðunum. Að lokinni máltíð gengum við aftur til náða.

Næsta morgun vorum við kvaddir út í rjóður eitt í skóginum. Um nóttina hafði sveit manna komið úr njósnafor, og nú áttum við að heyra sveitarforingjann segja ferðasöguna. Hún var túlkud fyrir okkur Norðmennina, fyrst úr rússnesku á finnsku og síðan úr finnskunni á norsku. Þeir höfðu komist alllangt inn á finnska grund, og þar höfðu þeir í fjallshlíð einni lent í skærum við Þjóðverja. Þegar leið á daginn, kom upp sá kvittur, að ferðasagan væri uppspuni. Hópurinn hefði lagst fyrir í brekku, sex, sjö kílómetra frá herbúðunum, etið allt nestið og látið fara vel um sig. Þar kom, að þetta barst foringjunum til eyrna. Hópurinn var þá yfirheyrður, og fjórir menn sátu í varðhaldi um nóttina.

Við vissum ekki, hvaðan á okkur stóð veðrið, þegar við um morguninn fengum skipun um að koma út í skóginn með byssurnar hlaðnar. Þá er þangað kom, stóðu þeir þar fjórmenningsarnir í ökklaðjúpum snjó. Í miðju rjóðrinu stóð höfuðsmaður og við hlið honum undirforingi með fjögur hvít handklæði á öxlinni. Höfuðsmaðurinn las upp dauðadóm yfir sveitarforingjanum. Handklæðaberinn fór og sótti hann, batt fyrir augun á honum og gekk síðan nokkur skref til hliðar við hann. Sá dauðadæmði sneri að okkur baki. Allt í einu vék hann sér við til hálfs.

„Tavarisji!“ Félagi! sagði hann. Hann sagði það hátt. Einhvern veginn fannst okkur, að nú fyrst væri það að renna upp fyrir honum, að hann ætti að deyja. Síðan kom skipunin.

Þeir skutu flestir, en ég gat ekki fengið það af mér. Síðar kom í ljós, að einungis fjórar kúlur höfðu hæft hann.

„Hver er næstur?“ spurði maðurinn með handklæðin.

Ég leit á þá þrjá, sem stóðu þarna og biðu. Sá í miðjunni táfelldi.

„Kvatít,“ sagði höfuðsmaðurinn, þetta er nóg.

Síðla kvölds var lagt upp á nýjan leik. Áður en við fórum, urðum við að afhenda vasapelana okkar. Í Lavna höfðum við fyllt þá upp í stút af vodka. Þeir voru tómir, þegar okkur voru fengnir þeir aftur.

Enn var frost og stjörnuþjart, og við gengum alla nóttina og fram yfir hádegi daginn eftir. Við áðum á sléttu einni, sem vaxin var gisnum skógi. Þar kveiktum við bál, ornuðum okkur og bræddum snjó á vasapelana. Með okkur var loftskeytamaður, sem hafði samband við Múrmansk og lét vita, hvað okkur leið. Eftir stundarkorn héldum við áfram ferðinni. Nú var loft orðið skýjað. Brátt fór að snjóa og við vökn-uðum í fætur. Við skiptumst á um að ganga á undan.

Við gengum fimm, sex tíma í einu, en síðan hvíldumst við í þrjár til fjórar stundir. Síðan var gangan þreytt á ný. Fæðið var kex og sykruvatn. Við höfðum vasapelann í barminum til þess að ylja vatnið. Rússarnir voru með afbrigðum fund-vísir á vatnsból. Hver lind og tjörn var frosin, en alltaf gátu þeir fundið vatn. Það var engu líkara en þeir gætu þefað uppi, hvar ísinn væri þynnstur. Síðan tóku þeir slíðrahnífinn, pjökuðu honum í svellið — og þá streymdi fram vatn.

Við sáum aðeins einu sinni finnska njósnaflugvél, en flugliðarnir tóku ekki eftir okkur. Huliðsklæðin voru líka frábær. Ég minnst þess, að eitt sinn, þegar við sátum og vorum að láta líða úr okkur, kom ég auga á skíðastaf, sem virtist sveiflast sjálfkrafa. Hann var ekki lengra frá mér en sem nema mundi sjö–átta metrum, en ég varð að hvesa augun til þess að geta greint manninn, sem lá þarna í snjónum og sveiflaði stafnum.

Á fimmta degi komum við með aftureldingu að flugvellinum, og í ljósaskiptunum læddust fimm menn svo nærri, að þeir gátu virt fyrir sér verði og varðstöðvar. Við hinir biðum spölkorn í burtu. Þegar fimmmenningarnir komu aftur, gátu þeir frætt okkur á því, að í kringum flugvöllinn mundi vera að minnsta kosti þúsund manna vörður. Við lágum þarna í leyni í tvo daga, og menn, sem höfðu verið æfðir í að ljósmynda og teikna flugstöðvar, voru alltaf að. En okkur virtist tilgangslaust að leggja út í skærur.

Brottför okkar varð af mikilli skyndingu. Ég var ekki á verði, hafði lagst fyrir, farið úr stígvélunum, hengt fótvefjurnar til þerris og stungið fótunum niður í bakpokann. Allt í einu komu njósna okkar móðir og mäsandi. Nú var ekki til setunnar boðið. Þjóðverjarnir höfðu þóst vera varir við eitthvað grunsamlegt, og hættumerki hafði verið gefið.

Þegar ég hengdi fótvefjurnar til þerris, var þíða. Nú voru þær gaddfrednar. Ég varð að böggla þeim niður í bakpokann. En stígvélin — þau voru líka glerhörð — og þau virtust orðin allt of lítil. En í þau varð ég að troða mér. Mér sortnaði fyrir augum af sársauka, en í stígvélin komst ég.

Fyrsta kastið datt mér ekki annað í hug en að allar tær á mínum fótum mundu hruflast og kala. En síðan þiðnuðu stígvélin, og þar kom, að sársaukinn hvarf og

mér varð heitt á fótunum. Við gengum alltaf sex–átta stundir í einum áfanga og hvíldum okkur því næst tvo–þrjá tíma. Síðan var haldið áfram. Við höfðum sjaldnast dád í okkur til að kveikja bál, svo þreyttir vorum við. Við létum nægja að búa okkur sæng í snjónum úr barri og grenigreinum, og síðan fleygðum við okkur út af. Enga svefnpoka höfðum við, en innan undir huliðsklæðunum vorum við í vattfóðruðum einkennisbúningum, sem voru afar hlýir. Aldrei varð svefninn lengri en tveir tímar — stundum varla það, því að sex af okkur stóðu ávallt vörð.

Í herbúðunum í skóginum fengum við að hvíla okkur heilan sólarhring. Þegar ég lagðist fyrir, var ég svo þreyttur, að mér fannst ég mundi geta sofði í heila viku. Og út af datt ég áður en varði. En eftir klukkutíma hrökk ég upp. Og glaðvakandi var ég, og engan frið hafði ég í mínum beinum. Ég varð að klæða mig og ganga stundarkorn fram og aftur. Það var eins og öllum mínum líkama væri orðið þetta slíkur ávani, að svona fyndist honum það eiga að vera.

Við vorum þrjá daga úr herbúðunum að langhýsinu við vegarendann. Við kveiktu bál á miðju gólfi og sváfum í nokkra klukkutíma. Síðan komu vörubílarnir og fluttu okkur til Lavna.

Eitt var það, sem Rússarnir höfðu staglast á í allri ferðinni: Mikið mundi nú verða gaman að koma til Lavna og fá aftur súpuna, sem hann bjó til hann Frans, matsveinninn norski. ... En þegar þangað kom, var þar enginn Frans. Norðmennirnir höfðu allir verið fluttir til Múrmansk daginn áður.

En í Lavna sá ég Rússana þrjá, sem gefin höfðu verið grið í skógarrjóðrinu. Þeim virtist það úr minni liðið, sem þar hafði gerst. Þeir voru hýrir á svip og auðsjánlega hæstánægðir með lífið og tilveruna.

Daginn eftir komuna til Lavna fengum við Norðmennirnir skipun um að fara til Múrmansk.

Undirbúningur

Í MÚRMANSK VAR mér fengið herbergi í sex hæða steinhúsi, sem tilheyrði stöðvum MVD. Í þessu húsi munu þá hafa búið flestir þeir Norðmenn, sem voru í Múrmansk. Og nú fékk ég vitneskju um, að norskur skæruliðahópur hafði í september farið til Noregs og starfað þar í samvinnu við Alfreð Mathisen og fleiri, sem voru sama sinnis. Hópnum stjórnuðu tveir rússneskir liðsforingjar. Annar þeirra var Merkov. Aðsetur var valið í fjallshlíðinni innan við Húðskóaver, um það bil tuttugu kílómetra frá Kiðjabergi. Einhver varð til að gera Þjóðverjum viðvart um starfsemi þeirra félaga og verustað, og þýskur herflokkur réðst á þá. Sló í bardaga, en öllum hópnum tókst að forða sér, að einum manni undanskildum. Það var Hákon Öyen. Hann fékk skot í fótinn og gat ekki staðið upp. Hákon Halvari staldraði við og spurði nafna sinn, hvort hann gæti ekki hjálpað honum eitthvað.

„Láttu mig vera,“ var svarið. „Ég vil fá að hvíla í norskri mold.“ Hákon Halvari fékk honum skammyssuna sína, og síðan hljóp hann á eftir hinum. Fáum mínútum síðar heyrðu þeir tvær sprengingar, — því næst nokkra skothvelli. Síðan varð allt hljótt.

Ákveðið hafði verið, að rússneskur kafbátur sækti þá félaga að Löngubúðanesi, milli Húðskóavers og Kiðjabergs. Hópurinn fór þangað á tilskildum tíma, en kafbáturinn kom ekki. Aftur var Þjóðverjum vísað á þá, og á ný kom til átaka við þýskan herflokk. Gunnar Berg og annar rússneski liðsforinginn féllu, en hinir komust undan í tveimur hópum. Hóparnir urðu viðskila, og fór annar þeirra til Pétursfjarðar og komst þar í rússneskan kafbát. Í hinum hópnum voru aðeins fjórir menn. Einn þeirra var Rögnvaldur Mikkelsen frá Kramvík. Þeir félagar fóru til Kramvíkur og leituðu á náðir föður Rögnvalds. Þar lágu þeir undir gólfinu, meðan Þjóðverjar gerðu húsrannsókn og leituðu þeirra vandlega í öllum útihúsum. Þeir félagar töldu heppilegast að stilla þannig til, að Mikkelsen gamli fengi ekki vitneskju um, að sonur hans væri einn í hópnum. Um nóttina lánaði gamli maðurinn þeim fornfálegan seglbát, og á honum sluppu þeir um nóttina austur að Vayda-Gúba. Það var fyrir samstarf við þennan skæruliðahóp, að Þjóðverjar skutu Alfreð Mathisen. Í hendur þeirra komst kvittun, sem kom upp um hann.

Í stóra steinhúsinu, sem ég bjó í, voru haldin námskeið í ljósmyndun og loftskeytafræði. Mig langaði til að verða loftskeytamaður og gat þess við Rússana. En þeir fóru undan í flæmingi. Þeir létu mig fást við sitthvað annað og sumt þannig, að mér virtist tilgangurinn aðeins sá að láta mig hafa eitthvað að dunda við. Ég ámálg-

aði loftskýtanámið, og loks gáfu þeir mér það loforð, að ég skyldi fá ósk minni fullnægt, þegar ég hefði dvalið um hríð í þeirra þágu í Noregi.

En það leið og beið, og ekki var ég sendur til Noregs. Ég dútlaði við teikningar, fór á skíði stund úr degi, át og drakk og reyndi að skemmta mér. Ég fékk meira en nóg að borða, ókeypis reyktóbak og auk þess hundrað rúblur á mánuði í vasapeninga. Þær fóru að mestu í súkkulaði og áfengi í Club International. Um áramótin 1941–42 var þar að hitta fjölda norrænna, enskra og amerískra sjómanna, því að í þann tíð komu til Múrmansk magrar og stórar skipalestir. Rússunum þótti ég vera nokkuð tíður gestur í Club International, og einu sinni reyndu þeir að fá mig til að skuldbinda mig til þess skriflega að hætta að venja þangað komur mínar. En ég neitaði og hélt áfram komum mínum í klúbbinn, en gætti þess vandlega að minnast ekki við nokkurn mann á störf mín í þágu MVD.

Í janúar var ég kvaddur á fund höfuðsmannsins, sem var æðsta ráð á þessum stöðvum MVD. Hann spurði mig, hvernig mér litist á að bregða mér vestur í Kóngsfjörð. Ég gæti valið mér félaga, loftskýtamann og tvo menn aðra. Ég kvaðst fús til fararinnar og nefndi þá, sem ég kysi mér til föruneysis. Hann kinkaði kolli til samþykkis og sagði, að ég mætti vænta frekari fyrirskipana.

Nokkrir dagar liðu, og ég fékk engin boð eða skipanir. Loks var ég þó kallaður fyrir höfuðsmanninn á nýjan leik. Hann sagði, að ekkert yrði af ferðinni til Kóngsfjarðar, en um orsakirnar gat hann ekki.

Í febrúar var ég enn á ný kvaddur til viðtals. Nú var ég spurður, hvort ég mundi fánlegur til að fara vestur til Noregs í fylgd með Rögnvaldi Mikkelsen og Emil Ísaksen. Ég svaraði hiklaust, að þetta væru menn, sem ég treysti, og ekki skyldi standa á mér. Mér var tjáð, að síðar yrði okkur valinn staður.

Ég þekkti þá báða mætavel, Rögnvald og Emil. Þeir höfðu stundað róðra með Ólafi bróður mínum og komið austur til Ráðstjórnarríkjanna um leið og hann. Rögnvaldur var þá átján ára. Þegar hér var komið, hafði hann lært loftskýtafræði og reynst skara fram úr við þær æfingar, sem fram höfðu farið. Emil var maður rúmlega fertugur. Hann var fæddur í Alta, en síðustu tuttugu árin hafði hann átt heima á Kiðjabergi. Ég vissi, að hann var ákafur kommúnisti.

Að morgni 20. dags marsmánaðar fengum við skipun um að mæta í húsi sjóhersins. Það var í útjaðri borgarinnar. Við fórum þangað í bú. Höfuðsmaðurinn var þar fyrir, og nú gerði hann okkur grein fyrir þeim erindum, sem við áttum að reka í Noregi. Hann sagði, að við gætum valið á milli tveggja staða, Pétursfjarðar og Suðureyjar. Við völdum Pétursfjörð. Þar vorum við þaulkunnugir, og við töldum mjög líklegt, að þar mundi okkur takast að afla okkur traustra trúnaðarmanna. En höfuðsmaðurinn sagði, að MVD teldi Suðurey heppilegri sem upplýsingastöð, og málalokin urðu þau, að þar var okkur valinn staður. Við vildum fara þangað, sem við gætum orðið að mestu gagni.

Emil var falin forystan. Hann hafði búið á Suðurey á unglingsárum sínum og stundað þar fiskveiðar. Rögnvaldur átti að annast skeytasambandið við Múrmansk,

og aðalhlutverk mitt var að sjá um, að við kæmumst aftur heilu og höldnu til Ráðstjórnarríkjanna. Þar sem ég var vel að mér í stýrimannafræði, átti ég að taka sólarhæð og miða, hvar við værum niðurkomnir, svo að Rögnvaldur gæti gefið um það upplýsingar til Múrmansk, þegar þess gerðist þörf.

Okkur var nú afhent allt, sem nauðsynlegt var talið til fararinnar, og síðan settumst við að góðum miðdegisverði með höfuðsmanninum og túlknum. Að miðdegisverði loknum ókum við ofan á bryggju, og lítill rússnesk fiskiskúta flutti okkur og allt okkar hafurtask til flotahafnarinnar Polyarníj. Þangað komum við ekki fyrr en síðla kvölds.

Þarna tók kafbátur við okkur og farangri okkar, og síðan var haldið út Kola-fjörðinn. Alla nóttina var siglt ofansjávar og stefnt til hafs. En með birtingu var kafað.

Kafbáturinn var ætlaður til úthafssiglinga. Hann var 100 metra langur og áhöfnin 70 manns. Það fór ágætlega um okkur félaga. Við borðuðum með yfirmönnum, og jafnt aðbúnaður sem viðmót benti til þess, að þeir teldu okkur menn, sem hefðu mikilvægu hlutverki að gegna.

Ekkert bar til tíðinda í ferðinni fram með ströndum Noregs. Engin þýsk skip urðu á leið okkar. Einu fleyturnar, sem hlustarinn gerði aðvart um, voru norskar fiskiskútur. Þá er vika var liðin frá því að við létum úr höfn, var lónað upp undir Fuglinn, syðst á Suðurey. Þar var ætlunin að skjóta okkur á land. En úr því varð ekkert. Báturinn fór raunar upp á yfirborðið, en áhöfnin hélt því fram, að úr landi hefði kveðið við skothríð. Síðan var þá kafað og síðan dreift langri röð af neðansjávirtundurduflum. Að því loknu var haldið til hafs.

Nú var stungið upp á því að flytja okkur í land í Ófirðinum. Við sáu ekki annað ráð vænna en samþykkingu það, þó að löng yrði leiðin til kunningja Emils.

Það var orðið meira en hálfrokkið, þegar kafbáturinn kom upp á yfirborðið kvöldið fyrir 1. apríl 1942 og stefndi inn Ófjörðinn. Sjóliðarnir drógu farangur okkar félaga upp á þiljur, þar á meðal bakpoka minn. Í honum voru hvít huliðsklæði á okkur alla, matvæli og margir pakkar af reyktóbaki, sem skipshöfnin hafði gefið okkur. Allt í einu kvað við óp. Það var ylgja í sjó, og einn sjóliðinn hafði stungist útbyrðis með bakpokann minn í fanginu.

Loksins tókst að ná sjóliðanum, en bakpokinn fór veg allrar veraldar. Foringinn, sem stjórnaði athöfnum sjóliðanna, blótaði og ragnaði, en smátt og smátt róaðist hann, og loks spurði hann okkur, hvort okkur fyndist gerlegt að búast þarna fyrir án þess að hafa nokkur huliðsklæði. O, jú, jú — bráðum yrði jörðin alauð, og síðan ætti að sækja okkur þann 20. september.

Tveir gúmbátar voru fylltir af matvælum og dóti. Í þann stærri fóru félagar mínir og Haraldur Utne. Hann var aðeins háseti og átti ekki að gera annað en flytja féлага mína og farangurinn í land. Ofan í minni bátinn, sem var troðinn af matvælum og skinnfatnaði, steig ég einn míns liðs. Við vorum staddir langt inni í firði. Þar var

ládaútt, og ekki var nema hundrað metra spölur í land. Við lentum í grýttri fjöru innst í lítilli vík. Til beggja handa voru snarbrattir forvaðar og engin leið að lenda.

Ég reri aftur út að skipinu til þess að sækja viðbót við matvælin. Allt í einu fannst mér báturinn slakna undarlega mikið. Fæturnir á mér sigu meir og meir, uns ég stóð beint upp á endann — líkt og ég stæði niðri í tunnu. Næstum allt loft var hlaupið úr bátnum. Líklega hafði komið á hann gat, þegar við drógum hann upp í fjöruna. Það var niðamyrkur. Ég gat hvergi séð móta fyrir kaþbátnum. Þarna stóð ég og frekar hrærði í sjónum en reri. Mér var ekki farið að lítast á blikuna, og kallaði ég þá hástöfum: „Hæ, hæ! Hver fjandinn er orðinn af ykkur, piltar?“ Í sömu svipan eygði ég kaþbátinn þrátt fyrir sortann.

Lofti var dælt í gúmbátinn, og ég reri á ný til lands. Nú var leiðin ekki nema nokkrir metrar. Kaþbáturinn hafði farið eins nærri landi og framast var þorandi.

Klukkan mun hafa verið um tvö, þegar allt hafurtaskið var komið á land. Foringinn hafði stungið að mér vodkaflösku að skilnaði, og nú hugðumst við félagar drekka skál Rússanna og óska þeim allra heilla. Á sama andartaki tók kaþbáturinn skriðinn, knúinn öllu magni hinna geipiaflmiklu dísilvéla. Gnýrinn var eins og að-dynjandi sterkviðris.

Við Emil sótbölvuðum. Rögnvaldur mælti aldrei nein stóryrði.

Á Suðurey

FRÁ RÓTUM BJARGSINS og niður í flæðarmálið var aflíðandi brekka, á að giska fimm-tíu metra löng. Uppi undir bjarginu var dálítil dæld, og hamarinn slútti þar lítið eitt fram yfir sig. Þarna var skjól, af hvaða átt sem vindurinn blés. Raunar lak úr bjarginu, en ekki svo mikið, að það væri til óþæginda. Nú var alveg frostlaust og loftið frekar regnlegt.

Í dældinni uppi undir hamrinum völdum við okkur bækistöð, og nú gengum við að því af kappi að bera farangurinn upp brekkuna. Þegar því var lokið, vorum við rennsveittir. Við höfðum orðið að fara margar ferðir, og hafði þá myndast áberandi traðkur.

Við fundum rekaviðarkefli í fjörunni og bundum það þversum undir gúmbátinn. Síðan drógum við hann á eftir okkur upp brekkuna. Þetta reyndist heillaráð. Spora-slóðin var horfin, og nú var engu líkara en þarna hefði fallið dálítið snjóflóð.

Við bjuggum okkur til skýli, notuðum til þess gúmbátinn og seglastriga, sem við höfðum haft með okkur. Rögnvaldur bjó um loftskýtastöðina og sendi skeyti til Múrmansk. Tvo, þrjá tíma biðum við eftir svari, en það kom ekki.

Nú var orðið bjart af degi, og við gátum farið að virða betur fyrir okkur umhverfið. Við fengum ekki annað séð en að einungis yrði komist ofan í víkina niður lítið lækjargil. Annars virtust hamrarnir lítt eða ekki kleifir. Við ákváðum að dvelja þarna fyrst um sinn — eða að minnsta kosti þangað til við sæjum okkur eiga völ á öðrum stað betri.

Við sváfum nokkra klukkutíma. Upp úr hádeginu fórum við Rögnvaldur könnunarferð, en Emil varð eftir í skýlinu og skyldi vera þar á verði. Okkur Rögnvaldi leist vel á allar aðstæður. Þetta var víst tilvalinn staður — eins og okkur hafði raunar vírst við fyrstu sýn. Þarna var auðsjáanlega langt til mannabyggða. Uppi á fjallinu var flatlendi, og okkur datt í hug, að aðstaðan væri ef til vill betri þar til skeytasendinga en niðri í fjörunni. Rögnvaldur hafði haft með sér stöðina. Nú sendi hann skeyti og bað um svar eftir tvo tíma. Svarið kom. Þeir höfðu heyrt kallmerki okkar, en ekki náð skeytinu til að skilja það. Við sendum á ný, en fengum sama svar.

Daginn eftir fórum við þangað, sem hæst bar, og bjuggum til eins konar loftskýtastengur úr skíðastöfum Rögnvalds, þó að því fylgdi dálítil áhætta. Síðan sendum við skeyti. Eftir tveggja tíma bið barst okkur kallmerkið frá Múrmansk. Síðan kom skeytið. Við heyrdum greinilega hvert einasta orð. Sama svarið: Þeir höfðu ekki náð okkar skeyti. Við reyndum ennþá einu sinni, biðum á nýjan leik

í tvo tíma. Og svarið varð enn á ný það sama. Við lágum þarna uppi, þangað til orðið var áliðið kvölds, og sendum skeyti á tveggja tíma fresti. En árangurinn varð enginn.

Næsta dag héldum við áfram skeytasendingunum. Við höfðum ekki haft tækifæri til að hitta neina af kunningjum Emils, en við tíndum það til í skeytunum, sem við sáum og heyrðum og töldum frásagnar vert, sögðum frá þýskum skipum, sem fóru þarna fram hjá, og frá geipimikilli sprengingu, sem okkur barst til eyrna innan úr firðinum. Við endurtókum sama skeytið aftur og aftur, en öll okkar viðleitni varð árangurslaus. Og nú fór okkur ekki að verða um sel.

Næsta morgun leist okkur ennþá verr á blikuna. Við sáum á bakið á tveimur mönnum, fullorðnum manni og drengnokka, sem voru að hverfa upp með læknum. Þeir höfðu auðsjáanlega farið niður í víkina.

Við Rögnvaldur fórum í humátt á eftir þeim, vildum komast á snoðir um, hvert þeir legðu leið sína. En við höfðum ekkert af þeim. Það var eins og jörðin hefði gleypt þá.

Við vorum þó um hríð á vakki þarna uppi, læddumst eftir skorningum, skriðum undir klettanef, skyggndumst um í allar áttir og vorum eins og viðundur Veraldar. En þegar við vorum í þann veginn að halda af stað ofan eftir, komum við auga á mann. Hann sá okkur ekki. Við höfðum ekki augun af honum.

Enginn vafi gat leikið á því, hvert hann væri að fara. Við fylgdum honum eftir á lengdar. Hann labbaði niður með læknum, fór sér ósköp hægt og makindalega, lallaði ofan í fjöruna, tindi saman rekaviðardrumba, fór sér rólega að þessu, nam síðan staðar og svipaðist um. Síðan tók hann að röltu upp úr fjörunni.

Nú biðum við ekki boðanna. Við gengum beint og umsvifalaust á móti honum. Ekki verður sagt, að hann yrði neitt undrandi á svip, þegar hann sá okkur, en það brá fyrir ugg og hiki í augunum. Við bentum upp undir hamarinn — í áttina til skýlisins. Jú, hann sagðist hafa komið auga á þetta og verið að hugsa með sér, hvað það gæti værið. Ójú, hann hafði náttúrulega skilið, að þarna mundu einhverjir hafast við.

Við buðum honum í staupinu, og hann virtist ekki þurfa að hugsa sig um að taka slíku boði. Hann skreið með okkur félögunum undir gúmbátinn, og ég hellti handa honum í bolla. Síðan lét gesturinn móðan mása. Hann hét Ríkarður Peder-sen og átti heima hálfum öðrum kílómetra innar við fjörðinn. Emil spurði hann mjög rækilega um menn og aðstaður þarna á eyinni, og svörin komu heim og saman við það, sem Emil vissi. Maðurinn var áreiðanlega sá, sem hann sagðist vera.

Hann spurði, hverjir við værum, og við sögðum eins og var: Við hefðum komið frá Rússlandi, en værum Norðmenn. Jahá, hann kvaðst fljótlega hafa áttað sig á því. Síðan þreifaði hann á skinnfötunum okkar, — þau mundu vera rússnesk, hélt hann.

Það var komið fram yfir nónn, þegar hann fór frá okkur. Þá var hann orðinn vel þéttur, og fimmtíu krónum höfðum við stungið að honum.

„Við vitum, að þú þegir,“ sagði einhver okkar.

„Já, eins og steinninn,“ sagði hann. „Það getið þið reitt ykkur á.“

Hann lofaði að koma aftur, og við fylgdum honum á leið, fórum það langt, að við sáum bæinn hans álangdar.

Um nórtina braut lækurinn af sér ísinn, og við Rögnvaldur stóðum næsta morgun hjá dálítilli bunu og vorum að þvo okkur, þegar við allt í einu komum auga á manninn með drenginn — frá deginum áður. Við gengum svolítið afsíðis, og þeir röltu ofan í fjöruna og fóru að tína saman rekavið. En fullorðna manninum virtist veitast dálítið örðugt að halda huganum við vinnuna. Hann var alltaf að renna augunum í áttina til hamarsins. Það var víst ekkert vafamál, að hinn hafði frætt hann.

Við vorum þá ekkert að draga okkur í hlé. Við gengum til þeirra og reyndum að fá fréttir hjá fullorðna manninum. En hann virtist ekki vera sérlega málgefinn. Hjá því varð ekki komist að grípa á ný til brennivínsflöskunnar. Drengnokkanum gáfum við kex og súkkulaði.

Við helltum í manninn fjórum vænum staupum, og þá losnaði um málbeinið á honum. Hann sagði, að þetta væri enginn heillastaður, — við værum betur komnir annars staðar. Við spurðum, hvort Þjóðverjarnir hefðu ef til vill bækistöðvar þarna mjög nærri. Ne—nei, — okkur skildist, að ekki mundi því vera til að dreifa, en eitthvað mundi samt vera varhugavert. Við bættum á hann hálfum bolla af brennivíni. Það dugði. Ef hann ætti að segja okkur alveg eins og væri, mælti hann, þá mundi okkur hollast að flytja okkur og allt okkar dót, því að Þjóðverjarnir mundu að öllum líkindum koma hingað næstu nótt.

„Bróðir minn skropp yfir fjallið í morgun,“ sagði hann ennfremur, „og hann ætlaði sér víst að segja til ykkar. Og ef þið eruð kyrrir, þá verðið þið teknir — og allt blessað brennivínið.“

Við spurðum, hvað bróðir hans hét. Ju—ú, hann hét Ríkarður.

Þessi maður hét Hinrik. Hann sagði okkur nú, þegar Ríkarður hefði komið heim, að hann hefði vaðið elginn um njósnara, sem hann hefði hitt. Hvort þeir væru enskir eða rússneskir — það hafði hann ekki sagst vita. Ef til vill væru þetta náungar, sem Þjóðverjarnir hefðu sjálfir sent. Hvað sem öðru liði, þá mundi réttast að gera þeim þýsku aðvart.

Strax og Hinrik og drengurinn voru horfnir, tókum við til óspilltra málanna við flutninginn. Um morguninn hafði snjóað, svo að alls staðar var sporrákt. Það var því spauglaust að ráðast í flutning. En ekki gátum við verið þarna. Nokkru innar á ströndinni var brött og mjög stórgrytt urð. Þar völdum við okkur aðsetur, enda var þar mun betra vígi en á hinum staðnum. Við tókum ekki með okkur nema lítinn hluta af vistunum, dálítið af skonroki og kexi, nokkrar dósir af niðursuðuvörum, tvö kíló af smjöri, fjörutíu plötur af súkkulaði, lítinn hveitipoka og allt brennivínið. Allt hitt urðuðum við vandlega — þar á meðal fimm kílóa pakka af C-vítamíni.

Á einum stað í urðinni var geysistór hella. Undir hana var holt. Þar var nóg

rými fyrir okkur alla. Sjávar megin var þetta fylgsni okkar opið. Þar hlóðum við eins konar virkisvegg. Á honum höfðum við op, sem voru það stór, að við gátum varpað út um þau handsprenjum. Þegar við höfðum lokið verkinu, var orðið mjög framorðið. Skömmu seinna tók að snjóá. Veður var frostlaust og ekki nokkur vindblær, en það snjóaði og snjóaði. Þegar við vöknudum um morguninn, sáuust hvergi spor, hvergi nein verksummerki.

Rögnvaldur vaknaði fyrstur. Hann hrökk upp við hreyfildyn. Hann vakti mig og sagði, að hann heyrði í vélbát — og hljóðið kæmi innan úr firði. Við bjuggumst til varnar. Við gættum að, hvort fjölskotariffillinn væri í lagi, hvort skammbyssurnar væru hlaðnar, hvort handsprengjurnar lægju þar, sem hægst var að grípa til þeirra.

Hreyfildynurinn hljóðnaði, en brátt sáum lið bátænu skriða fyrir klettanef, skammt fyrir innan urðina, mjög stutt undan landi. Í henni voru eins margir menn og hún flaut undir. Þeir voru allir í einkennisbúningum nema sá, sem reri. Það var auðsjáanlega Norðmaður. Brátt þekktum við manninn. Það var Hinrik. Nú var ekki annað sýnna en kænán mundi leggja að landi beint fyrir neðan urðina. En af því varð þó ekki. Hún sveigði aftur frá landinu, hélt áfram út eftir og hvarf fyrir nesið. Tveimur tímum síðar kváðu við nokkur skot á strjálengi. Um tíuleytið sáum við kænuna koma fyrir nesið. Hún hvarf inn í fjörð. Ekki löngu síðar gat að líta hreyfilskútu á leið út fjörðinn. Við lágum í leyni, það sem eftir var dagsins, en fórum á kreik, þegar dimma tók. Við urðum ekki varir við neitt grunsamlegt. Yfir öllu ríkti ró og friður.

Næsta morgun sáum við Hinrik ráfa fram og aftur um fjöruna og skima í allar áttir. Við kölluðum á hann, og hann kom til okkar upp í fylgsnið. Einmitt! Þarna höfðum við holað okkur niður. Já, þetta var góður staður. Honum hafði raunar dottið í hug, að þarna mundum við hafa hreiðrað um okkur. Síðan voru það fréttirnar: Þjóðverjarnir heimtuðu, að Ríkarður færi með þeim og vísaði þeim á aðsetur okkar. En hann neitaði, sagði, að hann yrði skotinn fyrstur allra, ef hann yrði við kröfu þeirra. Þá bauðst Hinrik til að róa með þá út eftir. Hann vissi, að við mundum vera fluttir, og ætlaði sér að lenda með þá þýsku í víkinni neðan við gömlu bækistöðina. En þegar báturinn var beint fram undan urðinni, vildu þeir ólmir, að hann lenti og nokkrir úr hópnum gengju á land. Loks tókst honum að hafa þá ofan af þessu. Hann sagði þeim, að þarna væri ekki hægt að lenda. Þar væri svo mikið af eggjagrjóti í fjörunni, og hann kærði sig ekki um að eyðileggja bátinn sinn. En fyrir utan nesið væri ágæt lending.

Hann lenti síðan með þá í víkinni. Þeir neyddu hann til að ganga í fararbroddi alveg upp í dældina undir hamrinum. Þjóðverjarnir snuðruðu og snuðruðu, en fundu ekkert markvert nema stimplaða ræmu af vindlingapakka. Á henni stóðu nokkur orð á rússnesku. Aha, — njósarnarnir voru þá rússneskir. Þjóðverjarnir höfðu haldið, að þeir væru enskir. Þeir sögðu Hinrik, að fyrir hvern enskan njósnara greiddu þeir þúsund krónur, en greiðslan fyrir þá rússnesku væri fimmtán hundruð. Og þá upphæð skyldi hann fá á hvern okkar félaga, ef hann vísaði á aðsetur okkar.

En Hinrik sagðist ekki vita neitt, ekki hafa séð einn einasta njósnara. Hann hefði aðeins heyrt bróður sinn hafa orð á, að hann hefði rekist á einhvern stað, þar sem njósnarar hefðu bækistöð sína, en hvort nokkur hæfa væri í þessu — það vissi hann alls ekki ... Síðan létu þeir hann standa og snúa baki í hamarinn, og síðan dundu skotin á berginu báðum megin við hann — og alltaf minnkaði bilið milli hans og þeirra staða, sem kúlurnar hittu. Ef hann játaði ekki — þá ... En loks gáfust þeir upp, og síðan varð hann að róa með þá þangað, sem skútan beið.

Þegar leið á daginn, áræddum við að fara á kreik. Þá fundum við helli ofar í urðinni. Hann var afardjúpur. Innan við hellismunnann var dálítill uppspretta, en þegar innar dró, var gólfíð þurrt og slétt og á því smáger mól. Þakið myndaði hvelfingu, og undir henni miðri gátum við staðið uppréttir. Þarna var góður felustaður og afbragðs vígi. Við gátum legið inni í myrkrinu og skotið á árásarmennina, þar sem þá bar við birtuna í hellismunnanum. Og upp í heilinn fluttum við okkur.

Í þrjá daga héldum við kyrru fyrir í hellinum og þorðum ekki að kveikja bál. Við borðuðum aðeins kex og dálítið af niðursoðnum pylsum. Á fjórða degi fórum við Rögnvaldur könnunarferð. Við sáum hvergi neitt, sem benti til þess, að nokkur Þjóðverji væri þarna í grenndinni. Síðan var þá eldaður hveitigrautur og ekki naumt skammtað. Ég man ekki nákvæmlega, hve lengi við dvöldum þarna í hellinum. En 1. maí vorum við ekki farnir þaðan. Ég man, að þann dag barst okkur í hellinn heillaskeyti frá stjórn Norðurflotans.

Fáum dögum síðar kom Hinrik til okkar. Þá fengum við hann til að flytja okkur austur yfir fjörðinn. Þar vorum við þó að minnsta kosti dálitlu nær því fólki, sem Emil þekkti. Við fundum þarna hentugan dvalarstað. Það var rúmgóður skúti. Þar urðum við ekki séðir úr lofti, og við höfðum gott útsýni yfir fjörðinn og fjarðarmynnið. Við sáum marga þýska tundurspilla og sendum auðvitað skeyti um ferðir þeirra. Aldrei varð lát á skeytasendingunum hjá okkur, en alltaf kom sama svarið frá þeim í Múrmansk, — þeir skildu ekki skeytin.

Ennþá var ekki orðið það áliðið, að Emil gæti leitað á fund kunningja sinna. Víða var snjór á jörð, og engin voru huliðsklæðin. Við urðum að setta okkur við að bíða. Við höfðum sagt Hinrik, hvar matvælin okkar væru urðuð, og samið við hann um að færa okkur þau. En það leið og beið, án þess að hann kæmi, og þegar hann loksins lét sjá sig, hafði hann þá sögu að segja, að vistirnar væru horfnar. Lapparnir hefðu stolið þeim. Ég náði drengnum afsíðis og spurði hann, hvað mundi hafa orðið af matvælunum. Jú, jú, Lapparnir höfðu stolið þeim öllum saman, — jafnvel mjölpokanum, sem legið hafði undir stóru hellunni. ... Og þegar við höfðum fyllt Hinrik, talaði hann af sér engu síður en drengurinn, svo að við þurftum ekki lengur að vera í neinum vafa um, hverjir þjófarnir voru. En hann gat orðið okkur svo hættulegur, að við urðum að láta eins og okkur grunaði ekki neitt. Góða stund var þvælt fram og aftur um stuldinn og þann skaða, sem við hefðum orðið fyrir, og Hinrik tók að sér að róa með okkur yfir fjörðinn, svo að við gætum athugað, hvort nokkuð hefði orðið eftir. Tvö kexbox — af 32 — voru það eina, sem við fundum.

„En brennivínið hafa þeir ekki fundið,“ sagði Hinrik, „því að það höfðuð þið með ykkur.“ Og síðan glotti hann, drýldinn og dálítið meinlegur.

Þeir gleymdu okkur

EMIL HITTI EKKI KUNNINGJA sína fyrr en í júní. Þegar hann kom úr ferðalaginu, sem tók hálfan mánuð, hafði hann ákveðið, að við flyttum okkur í helli, sem var hinum megin við fjallið — í Norðursandafirði. Bátur átti að bíða okkar á tilteknum stað í fjörunni.

Flutningurinn var mjög erfiður. Við bárum allan okkar farangur yfir fjallið. Það er afar bratt og hvergi stígur — og við urðum að fara tvær ferðir. En nóttin var björt og veðrið gott. Tveimur stundum fyrir miðjan morgun var allt okkar hafurtask komið niður að Norðursandafirði. Bátinn fundum við, og síðan rerum við út með landi. Þetta var unaðslegur morgun, logn og sólskin.

Hellirinn var eins og best varð á kosið. Munninn var ekki víður, en hátt til lofts og vítt til veggja, þegar inn var komið, gólfíð þurrt og á því gulur skeljasandur. Úti fyrir munnanum var dálítill grashóll. Inni í hellinum slógum við saman stóran kassa úr fjöllum, sem við fundum í fjörunni. Við bárum í hann sand, sem við síðan þöktum með mosa, grasi og lyngi. Ofan á þetta breiddum við striga, og þarna var þá komið afbragðs rúm, sem nægði okkur öllum.

Það var um þetta leyti, sem við fengum skeyti frá yfirboðurum okkar, þar sem okkur var bannað að láta frá okkur heyra þangað til 1. september. Síðan áttum við að senda fregnir á sömu tímum dags og áður og nota sömu kallmerki.

Til þess að bæta okkur í bú og líka til dægrastyttingar lögðum við mikla stund á fiskveiði þetta sumar. Við höfðum ekki þurft að skila bátnum, en sjaldan þorðum við að nota hann. Samt sem áður veiddum við stundum vel. Stór og feitur þorskur gekk þarna alveg upp að klöppunum. Þegar leið á sumarið, skutum við fugla, og kunningar Emils færðu okkur matföng. Það var því síður en svo, að okkur brysti mat. Skeytasendingarnar hófum við á ný á þeim tíma, sem til hafði verið tekinn. Svar kom strax og við höfðum sent fyrsta skeytið: „Sendið eins og áður. Verðið ef til vill sóttir.“ Og ekki stóð á því, að við ræktum skeytasendingarnar, og þó fengum við enn það svar, að þeir skildu ekki skeytin.

Ákveðið hafði verið, áður en við fórum frá Múrmansk, að kafbátur sækti okkur um miðjan september. En ekki varð neitt úr því. Þeim lét víst annað betur, yfirboðurum okkar í Múrmansk, en að standa við orð sín. Okkur var tilkynnt, að á tilteknum tíma ættum við að koma til fundar við mann á nafngreindu götuhorni í Tromsey. Hann átti að standa og lesa í blaði. Einn af okkur átti að fara til hans og segja: „Hvað er að fréttu í dag?“ Ef hann svaraði: „Allt er jafngamalt og jörðin,“ — þá var hann sá, sem við áttum að hitta. Síðan fengum við skeyti, þar sem við

vorum látnir vita, að ekkert gæti af þessu orðið. Engin skýring. ... Þá áttum við að hitta mann á ákveðnum tíma á nesi einu í nánd við fylgsnið. Við létum ekki standa á okkur, en enginn kom maðurinn.

Þegar komið var fram í septemberlok, tók að hausta. Á hverri nóttu var frost. Um mánaðamótin tók allt í einu fyrir það, að við heyrðum í stöðinni í Múrmansk. Við fórum upp á fjall og sendum þaðan, en fengum ekkert svar að heldur. Trúlega voru rafgeymar okkar orðnir tómir. Síðan biðum við þess að verða sóttir. Við áttum ekki annars úrkosta. Okkur hafði verið stranglega bannað að leita uppi aðra njósna-hópa, sem kynnu að vera á eyinni.

Veturinn gekk í garð, og við urðum að hínast í hellinum. Dag og nótt var einhver okkar á verði. Ef til vill kæmi kaþbáturinn einhverja nóttina. Við héldum áfram njósnastrafseminni, því að fyrr eða síðar hlaut okkur að takast að ná aftur sambandi við Rússana. Við fengum margar mikilvægar upplýsingar um athafnir Þjóðverja. Við fórum aldrei langt frá fylgsninu, en kunningjar Emils færðu okkur fréttirnar. Við borguðum þeim kostnað og fyrirhöfn. Til þeirra þarfa höfðu okkur verið fengnar sjö þúsund norskar krónur.

Sá maður, sem var okkur þarfastur, hét Hávarður Olaussen. Hann átti heim í Norðursandafirði. Hann útvegaði okkur vikulega 200 grömm af mjóli við venju-legu verði, og á jólafoðstunni lét hann okkur vita, að villtir hreinar hefðu sést þarna í grenndinni. Og þó að við hefðum engin skíðin og snjórinna væri orðinn ærið djúpur, tókst okkur að skjóta tvö hreindýr. Við skutum líka fugla, seli, hnísur og jafnvel otur. Fyrir jólin urðu ýmsir til að færa okkur mat, og á aðfangadaginn taldist okkur til, að við ættum átta tegundir af kjöti.

Tíminn leið. Við biðum og söfnuðum nýjum og nýjum upplýsingum, en ekki var komið að sækja okkur, og engin boð fengum við. Það leit út fyrir, að Rússarnir hefðu snúið við okkur baki. Samt vorum við þarna kyrrir þangað til haustið 1943. Þjóðverjum tókst aldrei að hafa hendur í hári okkar, og aldrei skall hurð það nærri hælum, að í odda skærist milli okkar og þeirra. En við gátum búist við þeim þá og þegar, og það var ákaflega þreytandi að þurfa alltaf að vera á verði — ekki síst eftir að svo var komið, að við vissum dvöl okkar þarna gagnslausa.

Einu sinni sem oftast ráfaði Emil út með firði að tína saman rekavið, en við Rögnvaldur héldum kyrru fyrir í hellinum. Allt í einu sáum við fiskiskútu skriða inn með landinu, og á frambiljunum stóð stærðar úlfhundur. Vitaskuld voru þetta Þjóðverjar. Við bjuggumst til varnar, óskuðum þess heitt og innilega, að Emil hefði nú verið þarna hjá okkur. Við lágum lengi bak við hólninn, sem var framan við hellismunnann, en allt var hljótt. Síðan heyrðum við þá allt í einu, að smásteinar hrundu úr kambinum. Einhver hafði læðst niður í fjöruna — á því lék ekki nokkur minnsti vafi. Ég greip handsprengju — lá síðan og beidd átekt. En ekkert gerðist. Loks áræddum við að gægjast yfir hólninn. Og okkur létti heldur en ekki. Niðri í fjörunni voru nokkrar geitur að snudda í þaranum! Nokkru síðar fréttum við, að

á skútunni hefðu aðeins verið norskir sjómenn, sem ættu þennan hund og hefðu hann alltaf með sér á sjóinn.

Vorið kom og varð að sumri, og þarna lágum við í hellinum engum til gagns. Þjóðverjarnir voru alltaf að sundra norskum hópum, sem unnu að njósnum. Ýmsir bestu vinir okkar voru pyndaðir og skotnir. Það mun hafa verið þetta vor, sem Haraldur Utne var tekinn höndum. Hann dvaldi á Kiðjabergi, þegar Þjóðverjum var vísað á hann. Þeir settu hann í fangabúðir, en honum tókst að flýja. Eftir nokkra daga náðu þeir honum á leiðinni frá Varðey að Kiðjabergi. Þeir fluttu hann austur að Kirkjunesi, og þar var hann skotinn úti í skógi.

Ekki var til þess að hugsa að komast landleiðina austur til Ráðstjórnarríkjanna, en ekki tjóaði að láta alltaf reka á reiðanum. Fleiri og fleiri höfðu fengið vitneskju um dvöl okkar þarna í hellinum, og fyrr eða síðar hlaut að berast hernámsyfirvöldunum til eyrna, hvar við værum niðurkomnir. Við fréttum, að Hinrik, sem stal frá okkur vistunum, hefði spurt í þaula um okkur. Nú gátum við ekki gefið honum í staupinu, ef hann kæmi til okkar, og síðan var hann líklegur til að vísa þeim þýsku á okkur. Líka var þannig komið, að skotfærin voru á þrotum. Við áttum aðeins eftir fáein skot í skammyssurnar, og einungis nokkrar handsprengrar voru eftir. Við höfðum notað sprengjur til fuglaveiða. Þegar hópur kafaði, vörpuðum við sprengju í sjóinn. Þá er hún sprakk, rotuðust fuglarnir. Eitt sinn flutu upp 23 eftir eina sprengingu.

Við fengum engan til að flytja okkur á bát austur til Ráðstjórnarríkjanna. Til þess var gæsla Þjóðverjanna of ströng. Eina hugsanlega lausnin úr úlfakreppunni var flótti austur til Svíþjóðar. Þangað var óravegur — og ókunnugir vorum við leiðinni. En við áttum rússneskt landabréf í fórum okkar. Á það markaði ég leiðina.

Einn af trúnaðarmönnum okkar útvegaði okkur bátgarm sem ekki hafði á sjó komið árum saman. Hann var bæði fúinn og lekur, en þó var unnt að halda honum á floti. Og segl og árar fylgdu honum.

Hinn 16. september 1943 — eða réttu ári síðar en lofað hafði verið að sækja okkur — lögðum við af stað. Því af tækjum og dóti, sem við tókum ekki með okkur, sökknum við í sjó — að undanskildri loftskeytastöðinni. Rögnvaldur fól hana einhvers staðar þarna í nánd við hellinn.

Flóttinn frá Suðurey

VIÐ SIGLDUM FRÁ SUÐUREY að kvöldi dags, og með morgunmálinu lentum við í Síldinni, lítilli eyju, sem er nokkru sunnar en Suðurey. Við völdum okkur afvikinn lendingarstað, og þar biðum við kvöldsins. Þegar tók að rökkva, ýttum við úr vör og sigldum í áttina til meginlandsins. Innst í Bergsfirðinum bundum við siglu og árar við þótturnar í bátnum, fylltum hann af grjóti, tókum úr honum negluna og skutum honum síðan fram af marbakkanum. Síðan stóðum við kyrrir og sáum hann sökkva. Stórseglið höfðum við með okkur. Við ætluðum að nota það til að sofa á því.

Snemma morguns héldum við til fjalls, og nokkru fyrir hádegi komum við til byggða í Jökulfirði. Þar báðum við að fá flutning, því að fyrir botni fjarðarins gengur fjall eitt þverhnipt í sjó niður. Það er 1.200 metra hátt og jökulhjálmur á efsta hnúknum.

Við námum staðar við læk, þvoðum okkur og rökuðum og reyndum að dusta mesta rykið úr fötunum okkar. Síðan gengum við ofan að húsi, sem stóð niðri undir sjó. Félagar mínir námu staðar spölkorn frá húsinu, en ég fór og drap á dyr. Ég sagði, að við værum símamenn og þyrftum að fá flutning yfir fjörðinn. Jú, jú, flutningurinn var velkominn. Mér var boðið glas af mjólk, og síðan var reynt að grafast fyrir um ferðir okkar. En ég varðist allra fregna, óð aðeins elginn um símalínur og símavinnu, og húsbóndinn jánkadi og kinkadi kolli.

En fólkið hafði víst ekki tekið orð mín sem gullvægan sannleika. Það heyrðum við á piltinum, sem flutti okkur yfir. Hann varaði okkur við að ganga mjög nærri símalínunni, því að Þjóðverjarnir hefðu sums staðar lagt bílsprengju í nánd við hana. „En þetta vitið þið nú ef til vill,“ sagði hann og kímði.

Við lögðum nú leið okkar yfir Alteidið og síðan suður heiðarnar austan við Kvenangur. Við héldum sleitulaust áfram, uns við sáum þýskan varðturn, sem við vorum komnir mjög nærri. Við fleygðum okkur niður í laut og biðum kvöldsins. Þegar dimmt var orðið, áráddum við að læðast fram hjá turninum.

Eftir þriggja daga göngu komum við að bjálkakofa í Reisárdalnurn, innan við alla byggð. Við sáum, að Þjóðverjar höfðu nýlega komið í þennan kofa. Á gólfinu lágu þýsk blöð, sem ekki voru nema vikugömul. Við vorum orðnir matarlitlir og þyrftum að fá okkur ferjaða yfir ána. Við gengum því niður dalinn, uns við sáum hús, sem stóð eitt sér á vesturbakka árinna. Á hlaðinu stóð drengur. Við veif-uðum, og hann brá þegar við og ferjaði okkur yfir. Í húsinu bjó með fjölskyldu sinni maður um fimmtugt. Hjónin spurðu okkur, hvað manna við værum. Við

sögðumst hafa unnið við sprengingar og farið svo ógætlega með sprengiefni, að tveir eða þrír bensíngeymar hefðu sprungið. Síðan hefðu Þjóðverjarnir viljað hafa tal af okkur og við séð þann kost vænstan að flýja til Svíþjóðar. Hjónin vildu allt fyrir okkur gera. Fyrst voru soðnar kartöflur, og síðan sótti húsbóndinn reyktan lax og söltuð laxahrogn. Við átum eins og hungraðir úlfar, svo að húsbóndanum fannst hann verða að taka í taumana: „Þið megið ekki halda það, piltar, að ég sjái eftir matnum handa ykkur, en þið verðið að vera dálítið varkárir, ef þið hafið verið lengi matarlausir.“

En við létum þetta eins og vind um eyrun þjóta og átum, uns við stóðum á blístri, enda borguðum við ríflega beinann, áður en við héldum úr hlaði.

Við fórum af stað fyrir birtingu, til þess að ekki sæist til ferða okkar. Húsbóndinn hafði sagt okkur, ef við stefndum á finnsku landamærin, að þá mundum við undir kvöldið koma að torfkofum, sem stæðu við stórt stöðuvatn. Þetta gekk eftir. Kofarnir stóðu auðir, en auðsætt var á ýmsu, að þar bjuggu Lappar. Í einum kofanum fundum við mjölpoka. Í honum var einhvers konar gervimjöl. Það var gróft og ekki lystugt, en samt elduðum við okkur graut og átum vel, áður en við gengum til hvílu.

Um morguninn voru þeir báðir svo veikir af kveisu Rögnvaldur og Emil, að við urðum að halda kyrru fyrir um daginn. Og raunar urðum við hvíldinni fegnir. Næsta morgun voru félagar mínir skárri, en nú var ég orðinn illa haldinn af magaverkjum. Það varð samt úr, að við lögðum upp. En stígvélin mín, sem voru orðin botnlaus, skildi ég eftir og fór í húðskó, sem ég fann í kofanum.

Þegar við héldum af stað, var talsverður skafrenningur, og brátt jókst hann svo, að við sáu ekki út úr augum. Um kvöldið munum við hafa farið yfir landamæri Noregs og Finnlands. Í tvö dægur þreyttum við gönguna án þess að hafa annað en klukku og áttavita til að fara eftir. Þegar rofaði til, sáu við stöðuvatn, sem við þóttumst kannast við af kortinu. Áfram héldum við. Þarna uppi á hálendinu voru allar mýrar freðnar og allar ár á ísi. Og gangfærið mátti heita sæmilegt. Samt var gangan þreytandi, og ekki bætti það úr skák, hve maturinn var af skornum skammti.

Á þrettánda degi ferðarinnar — seint á kvöldi — komum við niður í dalverpi og sáu þar vatn, sem við töldum eiga að vera mjög nærri landamærum Finnlands og Svíþjóðar. Orðið var dimmt, en við fórum eftir áttavitanum. Allt í einu heyrðum við hundgá og gengum á hljóðið. Brátt sáu við, að niðri á vatnsbakkanum stóð tjald.

Við þóttumst vita, að þarna væru Lappar. Við gáfum okkur á tal við þá, og þeir svöruðu á lappnesku. Emil kunni það mál eins vel og norskuna. Hann sagði Löppunum, að við værum Norðmenn, og þá stóð ekki á því, að okkur væri boðið inn.

Þegar Lapparnir sáu okkur, héldu þeir, að við værum Rússar. Þess vegna voru þeir dálítið fálátir í fyrstu. Þeir höfðu haft fregnir af rússneskum föngum, sem

höfðu flúið frá Noregi yfir til Finnlands og drepíð þar gamlan mann og gamla konu.

Lapparnir sögðust eiga heima hinum megin við landamærin. Þeir voru sænskir Lappar, sem höfðu farið yfir í Finnland til þess að smala hreindýrunum sínum og reka þau yfir landamæraána — til Svíþjóðar. Þeir gáfu okkur þurrkað kjöt og lofuðu okkur að sofa í tjaldinu um nóttina.

Um morguninn fóru fimm þeirra að húa saman hreindýrunum, en einn fylgdi okkur spölkorn norður á bóginn til þess að vísa okkur á stað, þar sem væri hægst að sleppa með góðu móti yfir landamærin.

Við urðum brátt að fara yfir veg, er liggur norður með ánni, sem skilur Finnland og Svíþjóð. Þarna var hálfgildings þorp, og stóðu húsin báðum megin vegarins. Nú urðum við að fleygja okkur niður og bíða, því að um veginn var mikil umferð. Um hann fór fjöldi bíla, sem í voru finnskir og þýskir hermenn, og fram hjá okkur þrammaði heil liðssveit. Við bjuggumst við að þurfa að liggja í leyni, þangað til rökkvaði, en nokkru eftir hádegi dró svo mikið úr umferðinni, að við sáu okkur færi á að skjótast yfir veginn.

Þegar við komum að ánni, sáu við mann standa á bakkanum hinum megin. Hann gaf okkur bendingu, sem við skildum þannig, að við ættum að ganga upp með ánni. Og spölkorn ofar fundum við bát, sem lá við árbakkann — hulinn kjarri. Lapparnir höfðu gert manninum viðvart um, að þrír flóttamenn væru á leiðinni, og hann hafði farið yfir ána með bátinn.

Við fleygðum handsprengrunum í ána og óskuðum hver öðrum til hamingju með að mega nú vera óhultir — að minnsta kosti í bili. Skammbyssunum fleygðum við ekki.

Í Svíþjóð

MAÐURINN ÞJÓ BÚI SÍNU þarna á heiðinni. Hann fór með okkur heim til sín. Þar var okkur veittur beini og búið um okkur á gólfinu. Bóndi spurði okkur, hverjir við værum, og við sögðum rétt til nafns. Að lokinni máltíð gengum við til sængur og sváfum eins og steinar allt til morguns.

Síðan héldum við áfram ferðinni — fylgdarlaust. Leiðin lá yfir gróðurlítill öræfi. Eftir þriggja daga erfiða göngu komum við til Maunu. Þar var sænskt setulið. Okkur var borinn matur og vísað til hvílu. Um morguninn fórum við í gufubað. Það var okkur heldur en ekki nýnæmi. Síðan vorum við látnir afhenda skammbyssurnar, og að því búnu var tekin af okkur stuttorð skýrsla. Upp úr hádeginu vorum við fluttir á vörubíl til hreppstjórans í Kaaresuvanto.

Þar var leitað vandlega í vösum okkar og dóti, en ekkert var af okkur tekið nema landabréfið, sem við höfðum haft með okkur frá Rússlandi. Við vorum yfirheyrðir alvarlega og sögðum allt af léttu. Hreppstjórinn spurði um stærð kaþbátsins, sem flutti okkur til Noregs, og hann vildi fá að vita hlaupvídd tundurskeytabyssanna. Ég svaraði báðum þessum spurningum eftir bestu vitund. Líka var það ég, sem upplýsti, að Rögnvaldur væri sá okkar félaga, sem hefði annast skeytasendingar, enda hefði hann lært loftskeytafræði hjá Rússum. Það mun virðast ómerkilegt atriði, hver okkar varð til að segja frá þessu, en ég fékk að finna fyrir því seinna, að til voru menn, sem voru á annarri skoðun.

Hreppstjórinn vildi fá vitneskju um dulmálskerfið, sem við höfðum notað. Ég hvíslaði að Rögnvaldi, að hann skyldi ekki gefa réttar upplýsingar. Ég hugsaði sem svo, að ef til vill hefðu Þjóðverjarnir náð skeytum okkar — og ef dulmálskerfið kæmist á einhvern hátt í þeirra hendur, gæti aðstoðarmönnum okkar í Noregi verið hættu búin. Hreppstjórinn tók eftir því, að ég hvíslaði að Rögnvaldi, og varð ævareidur. Ef við ætluðum að draga eitthvað undan, sagði hann, þá væri ekki annað en láta skreppa með okkur vestur yfir landamærin — til Noregs. Ég reyndi að blíðka hann, svaraði, að það, sem ég hefði hvíslað, væri þessum málum gersamlega óskýlt. Hann sefaðist, en vildi nú fá okkur til að segja sér nöfn þeirra manna í Noregi, sem hefðu verið okkur hjálplegir. Ég nefndi tvo, Ríkarð Pedersen, sem sagði til okkar, og Hinrik Pedersen, sem stal vistunum.

Að lokinni yfirheyrslunni vorum við látnir lofa því skriflega að hafa ekki í frammi neinn stjórn málaáróður, meðan við dveldum í Svíþjóð. Síðan voru okkur fengnir peningar fyrir fargjaldi til Kiruna. Í Kiruna sátum við um hríð í sóttkví, og því næst vorum við sendir um Stokkhólm til flóttamannabúðanna í Geitaseli.

Eins og nærri má geta, voru fötin okkar orðin ærið rifin og skitin, þegar hér var komið. Nú voru okkur fengin ný föt, og við fórum í bað. Í baðklefanum var vog. Mér lék forvitni á, hve þungur ég væri. Ég var 66 kíló. Meðan ég var heima á Kiðjabergi, tók ég þátt í hnefaleikaæfingum. Þá vildi ég komast niður fyrir 70 kíló, en mér tókst það ekki, þó að ég reyndi að borða sem allra minnst.

Norsku yfirvöldin í Geitaseli kvöddu okkur til yfirheyrslu. Við bárum allt það sama og hjá hreppstjóranum í Kaaresuvanto. Ég var spurður um afstöðu mína til stjórnmála. Ég kvaðst hafa kosið Verkamannaflokkinn við síðustu Stórþingskosningar. Þetta var satt, því að Kommúnistaflokkurinn hafði ekki boðið fram í Finnmerkurfylki, en skorað á fylgismenn sína að kjósa Verkamannaflokkinn. Síðar kom á daginn, að þetta svar mitt þótti tortryggilegt.

Ég taldi á miklu ríða að koma boðum um það til Rússlands, að við værum farnir úr Suðurey. Dag einn bar svo við í flóttamannabúðunum, að þangað kom kona og flutti fyrirlestur. Hann fjallaði um rússneskar bókmenntir. Síðan áræddi ég þá að biðja hana fyrir bréf til sendiráðs Rússa í Stokkhólmi. Hún tók við bréfinu og lofaði að koma því til skila. En síðan hefir hún farið að hugsa málið, og þá mun henni ekki hafa litist á blikuna. Hún fór með bréfið til yfirvaldanna norsku, og ég var kvaddur til yfirheyrslu. En þrátt fyrir það mun efni bréfsins hafa verið komið á framfæri við Rússa — að líkindum í símskeyti — því að ég var spurður að því við yfirheyrslu í Ráðstjórnarríkjunum 1945, hvernig ég hefði getað látið mér til hugar koma þá óvarkárin að senda símskeyti. Ég hlyti að hafa haft einhver önnur ráð til að láta frá mér heyra.

Í október vorum við Emil fluttir í norsku flóttamannabúðirnar í Eyrarrjóðri, en Rögnvaldur varð eftir, því að hann var veikur. Ég var látinn vinna að smíðum. Eftir nokkra daga var ég kallaður fyrir rétt og spurður um norska sjálfbóðaliða í Rauða hernum. Þarna var norskt yfirvald að spyrja norskan borgara, og þess vegna taldi ég mér skylt að semja skrá yfir þá Norðmenn, sem verið höfðu samtímis mér í heræfingabúðunum hjá Lavna.

Mér var ókunnugt um, hvort bréfinu til rússneska sendiráðsins hefði verið skilað. Ég hafði af tilviljun komist yfir heimilisfang rússnesku fréttapjónustunnar í Stokkhólmi, og nú tók ég mig til og skrifaði henni, bjóst við, að bréf til hennar mundi frekar sleppa við ritskoðun heldur en bréf til sendiráðsins. En daginn eftir að ég setti bréfið í póst, var ég á ný kvaddur fyrir rétt. Bréfið var komið í hendur yfirvaldanna norsku, og þó hafði ég sett það í póstkassa góðan spöl frá flóttamannabúðunum.

Í desember var ég kvaddur til Stokkhólms og kallaður fyrir norskan rétt. Yfirvöldin norsku höfðu ekki getað áttað sig á einum þeirra manna, sem verið höfðu í heræfingabúðunum. Um þetta atriði gaf ég þeim fullnægjandi svör, en þá er óskað var upplýsinga um það fólk, sem hefði aðstoðað okkur félag, meðan við vorum á Suðurey, svaraði ég því til, að ég mundi ekki segja nein nöfn, meðan þýskur her væri á norski grund. Loks var spurt um það, hvað ég hefði haft fyrir stafni í Ráð-

stjórnarríkjunum, áður en ég gerðist sjálfboðaliði í Rauða hernum. Ég kvaðst hafa verið vélstjóri á skútu Ólafs bróður míns, — skútan hefði verið notuð til vöruflutninga í héraðinu umhverfis Múrmansk.

Í janúarmánuði var ég aftur kvaddur til Stokkhólms. Í þetta sinn var það norskur sjóliðsforingi, sem yfirheyrði mig. Honum var einkum áhugamál að fá vitneskju um tundurduflalagnir. Ég gaf honum greið svör, og á landabréfinu benti ég honum á þau duflasvæði, sem mér var kunnugt um. Síðan spurði hann mig, hvort ég teldi nokkur líkindi til þess, að takast mætti að laumast þvert yfir Finnland austur til Ráðstjórnarríkjanna. Ég sagði, að mér þætti það ekkert ólíklegt, en til þess að ég tækist á hendur slíka ferð, yrði ég að vera vel og vandlega að heiman búinn, hafa skíði, landabréf, áttavita og létt, en næringarríkt nesti, sem væri lítið fyrirferðar. Þegar hér var komið, hafði ég átt tal um það við mann einn frá Ósló, að við reyndum að komast austur til Ráðstjórnarríkjanna einmitt þessa leið, því að sannleikurinn er sá, að í mig fór að koma óró, þegar ég hafði náð mér eftir útileguna og ferðavolkið. Ég var beinlínis farinn að sakna þeirrar eftirvæntingar, sem fylgir erfiðleikum og yfirvofandi hættu.

„Jæja,“ sagði sjóliðsforinginn. „Við sjáum nú, hvað setur.“

Um þetta ferðalag var aldrei framár við mig talað.

Þá er ég kom aftur að Eyrarrjóðri, var mér sagt, að nú stæði til, að við fengjum einkennisbúninga, sem gæfu fyrirheit um athafnir. Í ráði væri að stofna norska liðsveit, sem kölluð yrði Varalögreglan. Það var í almæli, að nú ættum við að stunda heræfingar — og síðan yrðum við sendir vestur yfir landamærin.

Ég var í Varalögreglunni til 1. júní. Þá var ég fluttur í norsku flotastöðina í Austgotalandi. Þangað vantaði vélamann. Flotastjórnin hafði keypt hreyfilbát af eistneskum flóttamönnum. Sá galli var á gripnum, að engum hafði reynst unnt að tæta við hreyfilinn. Ég hafði byrjað að fást við hreyfla, þegar ég var ofurlítill patti, og mér tókst að koma hreyflinum í lag. Ég vann síðan hjá flotastjórninni, þangað til Þjóðverjar gáfust upp.

Í maímánuði rakst ég á mann, sem var ráðinn vélstjóri á skip, er átti að sækja ávexti til Suður-Ameríku. Hann bauð mér starf á skipinu. Ég átti að sjá um kæli vélina. Sá á kvölinu, sem á völinu. Mig langaði til að skoða mig svolítið um í heiminum, en ég varð að ráða mig í heilt misseri, og nú voru liðin fimm ár, síðan ég fór frá Kiðjabergi. Faðir minn var enn á lífi, og hann var orðinn mjög aldraður.

Ég þakkaði traustið, en neitaði boðinu.

Heima

VIÐ EMIL KOMUM SAMTÍMIS heim að Kiðjabergi. Það var 2. júlí 1945. Rögnvaldur var kominn heim til sín nokkru áður. Á Kiðjabergi hafði ekki orðið neitt tjón á mannvirkjum. Þjóðverjum hafði ekki unnist tími til að brenna þorpið, áður en þeir hörfuðu.

Faðir minn var orðinn hrumur. Hann varð mjög glaður, þegar hann sá mig. Ólafur bróðir minn hafði látist í Múrmansk síðsumars 1943, og systur mínar, Guðrún og Mally, voru ekki komnar heim. Ýmsir voru á þeirri skoðun, að þær mundu ekki eiga afturkvæmt, en faðir minn var ekki í neinum vafa. „Þær koma,“ sagði hann. „Ekki efast ég um það. Við megum bara ekki vera of bráðlát.“

Hann trúði því líka statt og stöðugt, þegar ég sat í fangabúðunum í Ráðstjórnarríkjunum, að ég mundi skila mér með tíð og tíma. Hann dó árið 1949. Ég fékk fyrst að vita það, þegar ég var á heimleið um Danmörku eftir að hafa öðlast frelsi, sá það þá í danska blaðinu *Politiken*.

Mannvirkin á Kiðjabergi voru óskemmd, en samt var þar skarð fyrir skildi. Konur og börn, sem flutt voru til Ráðstjórnarríkjanna, höfðu ekki komið aftur, og af þeim 48 karlmönnum, sem þangað flúðu haustið 1940, höfðu 24 látist, ýmist fallið eða dáið á sóttarsæng. Og allt höfðu þetta verið vinir mínir eða nánir kunningjar. Parna var mikils að sakna.

Engum af þeim skútum, sem farið hafði verið með til Ráðstjórnarríkjanna, hafði verið skilað. Ég heyrdi það á ekkju Ólafs bróður míns, að hana langaði til, að ég skryppi til Múrmansk og að minnsta kosti gerði tilraun til að fá skútuna hans afhenta. Hún hafði kostað 18 þúsund krónur, og af þeirri upphæð var þriðjungurinn ennþá ógoldinn.

Ég átti tal við þá Emil og Rögnvald. Jú, þeir vildu gjarnan skjótast til Múrmansk. Við áttum þar allir eitthvað af dóti, og okkur langaði til að fá vitneskju um orsök þess, að Rússar rufu allt samband við okkur haustið 1942. Ég hafði líka hug á að fá fellda úr gildi skuldbindinguna, sem ég hafði skrifað undir, þegar ég gekk í þjónustu MVD. Hún olli mér þungum áhyggjum.

Um næstu mánaðamót fórum við austur að Kirkjunesi. Þar var ennþá rússneskt setulið. Við snerum okkur til skrifstofu setuliðsins og báðum fararleyfis til Múrmansk. En það virtist engan veginn auðfengið. Við vorum spurðir, hvaða erindi við ættum til Múrmansk. Við gerðum grein fyrir því, en Rússarnir kváðust samt sem áður ekki vita, hvort unnt yrði að útvega okkur fararleyfi. Við skyldum koma seinna.

Ég rakst þarna á túlk, sem kunni sænsku. Hann fór með okkur til höfuðsmanns, sem ég kannaðist við. Þar var sama svarið. Hann vissi ekki, hvort unnt mundi að fá leyfið. En hann kvaðst skyldi reyna að greiða fyrir okkur. Hann ætlaði að leita hófanna í Múrmansk. Við skyldum fara heim. Hann mundi tilkynna okkur úrslitin. Upp úr miðjum ágústmánuði barst okkur það svar, að leyfið hefði fengist. En við yrðum að fara allir þrír.

Þann 19. ágúst komum við að Kirkjunesi. Þar hittum við túlkinn og höfuðsmanninn. Jú, höfuðsmaðurinn kvað leyfið fengið. Við skyldum koma til fundar við hann daginn eftir, og þá mundi hann fylgja okkur austur yfir landamærin.

Næsta morgun fórum við á fund hans á ný. Hann sagðist vera í önnum — eins og staði, — en við skyldum halda af stað. Við gætum sjálfsagt fengið far með bíl eitthvað af leiðinni. Hann kæmi á eftir.

Frá Kirkjunesi og austur að landamærunum eru 18 kílómetrar. Við vorum ekki fyrr komnir austur úr bænum en vörubíll fór fram hjá okkur á austurleið. Þegar við komum að vegamótum örstuttan spöl frá landamærunum, áttum við ekki lengur samleið með bílstjóranum.

Síðan fórum við þá fótgangandi austur yfir landamærin — til Ráðstjórnarríkjanna.

Móttökurnar í Ráðstjórnarríkjunum

Þegar við vorum komnir hundrað metra inn fyrir landamærin, komu tveir rússneskir verðir og skipuðu okkur að nema staðar. Þeir fóru með okkur í hús, sem var þarna í nándinni. Þar voru nokkrir dátar og kona, sem líklega hefur matreitt fyrir þennan hóp. Við vorum spurðir um ferðir okkar. Við sögðumst vera á leið til Múrmansk. Á eftir okkur mundi koma rússneskur liðsforingi. Landamæraverðirnir tóku af okkur öll bréf og skilríki og sömuleiðis hvern eyri, sem var í vösum okkar, en úrin og lindarpennana tóku þeir ekki. Síðan var okkur vísað inn í eins konar skýli. Þar var gaddavírsnet fyrir glugganum. Dyrnar voru látnar standa opnar, svo að við gátum séð út, en úti fyrir voru dátar á verði. Þegar við höfðum setið þarna um það bil klukkutíma, kom rússneski höfuðsmaðurinn, sem við höfðum hitt í Kirkjunesi.

Okkur var færður matur, og síðan var okkur ekið til Múrmansk. Auk okkar voru ekki í bílnum aðrir en höfuðsmaðurinn og bílstjórinn. Við fórum af stað um nónbil og komum til Múrmansk snemma næsta morgun.

Okkur var ekið rակleitt að húsi Merkova. Hann hafði hækkað mjög í tigninni, síðan við sáum hann síðast. Hann bauð okkur velkomna. Ég óskaði honum til hamingju með velgengni hans og vegsauka, og við röbbuðum stundarkorn um styrjöldina. Síðan var okkur til bráðabirgða vísað til hvílu í flatsæng.

Síðla dags vakti okkur túlkur Merkova. Hann sagði, að nú biði okkar herbergi í gistihúsinu Artíka. Við fórum þangað, og okkur var fylgt til herbergis, sem við og túlkurinn áttum að búa í. Þar voru fimm rúm, svo að ekki þurftum við að kvarta um þrengsli. En ég tók þegar í stað eftir því, að gluggarnir voru mjög litlir. Þeir voru líka afar hátt á veggjunum, og þá var eins og hvíslað væri að mér: Það er enginn hæðarleikur að flýja héðan.

Það var ekki fyrr en síðari hluta næsta dags, að ég var kvaddur á fund Merkova í skrifstofu hans — ásamt túlkunum. Merkov fór ekki neinar krókaleiðir. Hann spurði mig blátt áfram að því, hvort ég væri fánlegur til að halda áfram njósnastörfum fyrir MVD. Ég hafði búist við þessari spurningu og svaraði, að ég sæi enga ástæðu til, að ég rækta slík störf. Nú væri styrjöldinni lokið. Á ófriðartímum væri sök sér að fást við njósnir, en nú byði mér við allri njósnastarfsemi.

„Þú hefur skuldbundið þig til starfa í okkar þágu,“ sagði hann.

„Já,“ svaraði ég. „Ég ætlaði einmitt að tala um þessa skuldbindingu. Ég tel, að nú — þegar stríðinu er lokið — gildi hún ekki lengur, og það óska ég að fá viðurkennt.“

Hann tók þessu hógværlega, reyndi alls ekki að fá mig til að breyta um ákvörðun, en fór að ræða við mig fram og aftur um dvölina á Suðurey. Síðan hófst regluleg yfirheyrsla um veru okkar á eyinni, og hún var svo nákvæm, að henni var ekki lokið þennan dag. Það var ekki fyrr en á þriðja eða fjórða degi, að Merkov þóttist hafa spurt mig nokkurn veginn til hlítar. Ég sagði satt og rétt frá öllu, dró ekki fjöður yfir neitt. Því var eitt sinn skotið fram við yfirheyrslurnar, að við okkur þremur hefði ekki verið búist til Múrmansk — heldur ef til vill einhverjum öðrum — sem njósnurum annars stórveldis. Þá rann upp fyrir mér, að við værum grunaðir um njósnir. Og ég þóttist skilja, að það eitt, að við höfðum sloppið heilir á húfi þrátt fyrir það, að Þjóðverjum var vísað á okkur, nægði til þess að vekja tortryggni.

Þess var óskað, meðan ég væri yfirheyrður, að þeir Emil og Rögnvaldur skrifuðu hvor sína greinargerð. Emil neitaði. Hann kvaðst óvanur skriftum og baðst þess að fá að gefa munnlega skýrslu. Hann mun ekki hafa orðið að sæta neinum vítum vegna þessarar neitunar.

Kvöld eitt stóðum við félagar á þrepum gistihússins, vorum aðeins að fá okkur ferskt loft. Þá renndi bíll að tröppunum. Í honum var túlkurinn frá Kirkjunesi og fyrirliði í einkennisbúningi sjóliðsforingja. Þeir voru að sækja Emil og Rögnvald. Okkur var sagt, að áfangastaðurinn væri dálítið út með firðinum. Við vissum ekki, hvað til stóð, en okkur skildist, að það mundu vera nýjar yfirheyrslur.

Við fórum upp í herbergið okkar, og þeir tóku saman dót sitt. Okkur þótti leitt að verða að skilja. Ég sagði þeim, að þeir skyldu skjóta skuldinni á mig, ef eitthvað, sem fram kynni að koma við yfirheyrslurnar, þætti vítavert eða tortryggilegt. Ég hafði fyrstur tekið þátt í njósnastarfseminni, og ég hugsaði sem svo, að ég ætti að njóta meira trausts en hinir. Annars gat ég alls ekki skilið, hvað við hefðum gert af okkur. Ekki var það okkur að kenna, að rafgeymar loftskeytastöðvarinnar entust illa.

Næsta morgun var mér skipað að semja skriflega skýrslu, og að því vann ég næstu daga. Á móti mér við borðið í hótélherberginu sat túlkurinn, sem var að þýða skýrslu Rögnvalds.

Svo var það kvöld eitt, þegar túlkurinn hafði brugðið sér frá, að ég gekk út í borgina mér til hressingar. Ég var ekki kominn mörg skrefin frá gistihúsinu, þegar kallað var á mig með nafni. Ég vék mér við, og þarna stóð þá kona Alfreðs Halvaris og systir hennar, sem var gift bróður Alfreðs. Ég hafði ekki séð þær, síðan þær voru fluttar austur fyrir Úralfjöll, nokkru eftir að Þjóðverjar réðust á Rússa. Þær kváðust hafa komið til borgarinnar daginn áður ásamt hinum Norðmönnum, sem fluttir voru austur. Báðar systur mínar voru í þeim hóp.

Við fórum nú þangað, sem norska fólkið var saman komið, og þá hitti ég Guðrúnu og Mallý. Þar varð fagnaðarfundur. Mallý hafði alltaf verið augnveik. Nú var hún orðin blind. Maðurinn hennar var í fylgd með henni. Hann hafði fengið að dvelja hjá henni síðustu styrjaldarárin. En Guðrún var ekkja. Bóndi hennar hafði fallið í Noregi. Ég spurði þær, hvernig þeim hefði liðið. Þær gáfu lítið út á það. Þá

spurði ég, hvort þær hefðu orðið að þola sult. „Nei,“ svaraði Guðrún. „Við höfum ekki verið látin svelta. En okkur hefur verið kennt að lifa mjög óbreyttu lífi.“

Ég hitti konu Emils og sagði henni, að hann og Rögnvaldur hefðu komið með mér til Múrmansk, en nú hefði verið farið með þá til yfirheyrslu út úr borginni. Bráðum mundu þeir koma aftur, og þá gætum við öll saman haldið heim til Noregs.

Upp úr hádegi daginn eftir sagði túlkurinn, að ég ætti að fara með sér á fund Merkova, enda hafði ég lokið skýrslunni og hann þýðingunni. Merkov virtist ekki hafa neinn áhuga á skýrslu minni. En hann spurði mig umsvifalaust, hvort ég gæti nú hugsað mér að takast á hendur störf í þágu MVD. Ég svaraði því sama og áður. Jæja, jæja. Hann reyndi ekki að telja mér hughvarf. Það eina, sem hann sagði, var þetta: „Ef einhver tekur úr okkur tönn, þá tökum við úr honum allan kjálkann í staðinn.“ Það fór um mig, þegar hann mælti þetta. Ég vissi ekki, hvort ég átti að taka það sem gaman eða ógnun.

Hann kvaddi mig ekki með handabandi eins og hann var vanur. Túlkurinn ætlaði að fara með mér, en Merkov bað hann að hinkra svolítið, — ég gæti gengið einn niður í gistihúsið. Klukkutíma síðar kom túlkurinn. Hann stakk upp á því, að við færum eitthvað út að fá okkur að borða. Hann fór með mig í Intourist, dýrasta og íburðarmesta gistihúsið í borginni. Þar voru okkur bornar kræsingar. Við sátum lengi að réttunum, svo að orðið var áliðið kvölds, þegar við fórum út.

Við vorum ekki fyrr komnir út á götuna en túlkurinn sagði, að hann þyrfti að skjótast snöggvast inn til félaga síns með peninga, sem hann hefði fengið að láni. Síðan hvarf hann inn í hús, og ég stóð úti fyrir og beið.

Ég hafði ekki staðið þarna nema fáar mínútur, þegar til mín kom lögregluþjónn og bað mig að sýna sér vegabréfið mitt. Vegabréfið, sem ég hafði með mér að heiman, höfðu landamæraverðirnir tekið — og ekkert rússneskt vegabréf hafði mér verið fengið. Ég gat ekki sýnt nein skilríki af neinu tæi. Þó að ég væri illa að mér í rússneskunni, mun mér hafa tekist að gera lögregluþjóninum það skiljanlegt, að bráðum kæmi félagi minn, sem mundi gefa fullnægjandi upplýsingar.

En mínúturnar liðu, og ekki kom túlkurinn.

Loks kom þar, að lögregluþjónninn fékkst ekki til að bíða lengur. Við höfðum ekki gengið langt, þegar hjá okkur nam bíll staðar. Lögregluþjónninn opnaði bílhurðina og bað mig að fara inn. Bíllinn ók af stað og linnti ekki ferðinni fyrr en við vorum komnir í eitt af úthverfum borgarinnar. Þar var numið staðar, og lögregluþjónninn bað tvo menn, sem komu í þessum svifum á móti okkur, að vera vitni að því, að hann hefði handtekið mann. Hann rétti þeim skjal, sem þeir skrifuðu undir.

Síðan héldum við áfram út úr borginni — til Komsomolsk. Þar var stansað við háa og öfluga gaddavírsgirðingu. Innan hermar voru þrír timburskálar. Lögregluþjónninn fór með mig inn í skrifstofu í einum skálanum. Þar átti ég að staðfesta með undirskrift minni, að ég hefði verið handtekinn. Ég neitaði, sagði, að þessar aðgerðir gagnvart mér hlytu að stafa af misskilningi. — og baðst þess, að hringt

væri til Merkova. Ég sá, að einn af þeim, sem þarna voru, virtist verða mjög hissa. Síðan greip hann skjal. Það var handtökuskipunin. Hann leit á hana og síðan á mig. Síðan bölvaði hann og mælti: „Það er einmitt Merkov majór, sem heflir skrifað handtökuskipunina!“

Fyrsti áfangastaðurinn

NÚ TÓKU ÞEIR AF MÉR lindarpennann, armbandsúrið, beltið, skóreimarnar, vasa-spegilinn og greiðuna. Þeir tóku allt — meira að segja fáeina kópeka, sem voru í vasa mínum, — og allt var þetta fært til bókar af mikilli nákvæmni. Síðan var ég settur í fangaklefa.

Enginn var fyrir í klefanum. Hann var 3,5 metrar á annan veginn og 2,5 á hinn. Undir glugganum var breiður bekkur, sem náði veggja á milli. Eftir stundarkorn var komið inn til mín með dýnu og ábreiðu.

Um morguninn voru mér færð 400 grömm af dökku rúgbrauði. Einnig var mér borið heitt vatn í krukku og sem svaraði einni teskeið af sykri. Sykurskammturinn átti að vera 15 grömm, en var mjög misjafn, eftir því hver skammtaði. Stundum var það ung stúlka. Hún var ekki mjög naum á sykurinn. Miðdegisverðurinn var um það bil hálfur lítri af fiskisúpu og þrjár, fjórar skeiðar af hafra- eða bygggraut. Á kvöldin fékk ég aftur hálfan lítra af fiskisúpu.

Kvöld eitt í öndverðum septembermánuði var ég kallaður til yfirheyrslu í skrifstofu fangelsisins. Sá, sem yfirheyrði, var foringi í MVD. Túlkurinn var sá sami og verið hafði í bílnum, sem flutti þá burt, Emil og Rögnvald.

Foringinn las upp skjal, sem túlkurinn þýddi. Þar var ég ákærður fyrir að hafa í Svíþjóðardvöl minni ljóstrað upp við sænsk og norsk yfirvöld rússneskum ríkisleyndarmálum.

Síðan varð ég að segja á nýjan leik nákvæmlega sömu söguna og ég hafði sagt Merkov. Í fyrstu lotu hélt foringinn áfram fjórar, fimm nætur í röð frá því einni stundu fyrir miðnætti og til klukkan sex að morgni. Ekki mátti ég sofa á daginn, og einu sinni datt ég út af í miðri yfirheyrslu. Þetta kostaði mig ekki neina refsingu, heldur var ég aðeins vakinn, og síðan var haldið áfram.

Foringinn vildi fá mig til að játa, að ég hefði komið til Ráðstjórnarríkjanna sem njósnari. Í fyrstu fór hann tiltölulega hóflega í sakirnar, bar á mig, að ég væri í þjónustu norskra stjórnvalda. En síðan færði hann sig upp á skaftið og sakaði mig um að vera njósnara Bandaríkjamanna, Breta og Svía. Ég harðneitaði. En hann gafst ekki upp. Hann endurtók sömu ákærana aftur og aftur, og ég neitaði og neitaði. Hann kvaðst hafa sannanir fyrir, að ég hefði skrifað undir samning við Intelligence Service. En ég neitaði eftir sem áður. Hann spurði mig, hvort hann ætti að sýna mér mann, sem hefði séð samninginn. Jú, ég sagðist gjarnan vilja það. Hann vék sér inn í afterbergi, en kom brátt aftur og með honum maður hár vexti, dökkur yfirlitum, á að giska hálfertugur. Foringinn benti á mig og mælti: „Er þetta hann?“

Hinn svaraði: „Já, það er hann.“

Því næst hvísluðust þeir á, en síðan fór hann á brott, sá dökki.

Nú varð hálfsmánaðar hlé á yfirheyrslunum, og mér var leyft að sofa á nóttunni. En mér leið síst betur en áður. Óvissan lék mig hart. Síðan var það eitt sinn síðla kvölds, að vísað var inn til mín manni, háum og þreklegum. Ég þóttist þegar sjá, þó að ekki hefði verið nema á rykfrakkanum, sem hann var í, að þetta væri útlendingur. Maðurinn hlaut að vera Norðurlandabúi. Ég spurði hann á norsku, hvaðan hann kæmi. Hann svaraði þegar í stað á sænsku: „Hvert þó í syngjandi! Rekst ég þá ekki hér á mann, sem talar norsku?“

Hann kvaðst vera Svíi, heita Henning Frost. Hann hafði verið kommúnisti og tekið drjúgan þátt í starfsemi flokks síns. Þegar styrjöldinni lauk, fýsti hann að fara til Ráðstjórnarríkjanna og kynnst þar ástandi og horfum. Í júlímánuði hafði hann og einn af félögum hans haldið af stað til fyrirheitna landsins, lagt leið sína austur yfir Finnland. En nóttina áður en halda skyldi yfir landamærin hafði félagi Frosts mjög erfiða drauma, og svo sagði hann þá um morguninn: „Ég fer ekki feti lengra austur á bóginn.“

En Frost hélt áfram. Hann var tekinn höndum, grunaður um njósnir. Undanfarið hafði hann setið í fangaklefa í einum þeirra þriggja skála, sem voru þarna innan girðingarinnar. Yfir þeim skála réð MGB, sem hefur á hendi það hlutverk að verja ríkið gegn njósnurum erlendra stjórnarvalda. Frost var oft yfirheyrður að næturlagi. Eitt sinn þegar ég var fyrir rétti, var ég spurður, hvað ég héldi um Frost. Ég svaraði: „Hann er bara almennur verkamaður, sem hefur lesið kommúnísk áróðursrit og lagt trúnað á það, sem þar er haldið fram.“

Þá er yfirheyrslurnar hófust á ný, var farið með mig í aðra skrifstofu en áður, og foringjann, sem yfirheyrði mig, hafði ég aldrei séð. Við tvær fyrstu yfirheyrslurnar var sami túlkurinn, en síðan kom annar í hans stað. Hann kunni norsku.

Liðsforinginn var í fyrstu mjög vingjarnlegur. Hann brá jafnvel fyrir sig spaugi, spurði mig á hvorum staðnum ég kynni betur við mig: skrifstofunni eða fangaklefanum. Af tvennu illu kvaðst ég heldur kjósa skrifstofuna, þó að ég væri þar sakaður um alvarleg afbrot. Í klefanum væri kalt, og þar snerist hugurinn um mat og tóbak. Foringinn gaf mér vindling og spurði, hvað mér fyndist um Ráðstjórnarríkin. Ég kvaðst hafa verið þeim vinveittur fram að þessu, en hann gæti ekki búist við, að ég væri mikill vinur þeirra eftir þá meðferð, sem ég yrði nú að sæta. Hann hló dátt og lengi og sagði, að það gerði hvorki frá né til hvorum megin hryggjar ég lægi. Nú hefðu Ráðstjórnarríkin unnið svo mikinn sigur, að þau þyrftu engan að óttast.

Talið barst að þeim móttökum, sem við Norðmennirnir höfðum fengið í Ráðstjórnarríkjunum árið 1940, og ég lét í ljós undrun mína yfir því, að jafnvel oddvitinn í sveitinni okkar, kosinn af kommúnískum meirihluta, skyldi hafa verið settur í fangelsi. Foringinn kvaðst ekki geta séð neitt undarlegt við það. „Það hefur sýnt sig,“ sagði hann, „að erlendir kommúnistaforingjar, sem komið hafa

til Ráðstjórnarríkjanna, eru alls ekki sannir kommúnistar, heldur stjórnmálalegir ævintýramenn.“

Síðan hófst sama þvælan og við hinar yfirheyrslurnar. Ein yfirheyrslan beindist einvörðungu að því atriði, hver okkar féлага hefði sagt hjá hreppstjóranum í Kaare-suvanto, að Rögnvaldur væri lærður loftskeytamaður. Það var ég, sem lét þessa getið. En svo af mér genginn sem ég var orðinn eftir allt staglið, minnti mig, að það hefði verið Rögnvaldur, og raunar virtist mér mega á sama standa, hver okkar það hefði verið.

„Það hlýtur að hafa verið Rögnvaldur sjálfur,“ svaraði ég.

Foringinn kvaðst hafa sannanir fyrir, að það hefði verið ég. En ég sat við minn keip. Hann þrástagaðist á spurningunni, en ég lét mig ekki. Hann hótaði mér fimmtán ára fangelsi, ef ég játaði ekki. Það var kominn morgunn, þegar farið var með mig í klefann.

Um kvöldið tók hann á ný að staglast á þessari spurningu. Ég endurtók sama svarið. Allt í einu sagði hann: „Þú ert sósíaldemókrati.“

Ég spurði hann, hvaðan hann hefði það. Hann sagðist hafa í höndum sönnun fyrir, að ég hefði sagt það í Svíþjóð.

Næst vildi hann vita, hvers vegna ég hefði beðið Rögnvald að þegja um dulmálskerfið. Ég sagði, að ég hefði óttast, að það kynni að komast í hendur óvinanna. Nú hlakkaði í honum: „Svo að þú vissir þá, að maðurinn var þýskur njósnari?“

Þarna var ein af helstu sakargiftunum: Úr því að ég hafði talið ástæðu til að draga fjöður yfir eitthvað, hafði ég haft grun um, að hreppstjórinn sænski væri njósnari Þjóðverja.

Eina nóttina, þegar liðsforinginn var að staglast á því atriði, sem hann kom að aftur og aftur, — hver sagt hefði, að Rögnvaldur væri lærður loftskeytamaður, — varð hann allt í einu ævareiður. Hann þreif skjalatöskuna sína, tók upp úr henni skjal og bað mig að koma og renna á það augum.

Ég stóð á fætur og gekk til hans. Það, sem hann var með í hendinni, var framburður minn frá réttarhaldinu í Geitaseli haustið 1943. Hann sýndi mér niðurlagið og mína eigin undirskrift. Síðan kippti hann að sér skjalinu og mælti: „Viltu nú ekki játa?“

„Nei,“ sagði ég. „Ég get ekki játað neitt, sem ég ekki man. Ég minnst þess ekki, að ég hafi látið neins getið um Mikkelsen.“

Í lok yfirheyrslunnar endurtók foringinn fyrirheitið um fimmtán ára fangelsisdóm.

Fáum dögum síðar var mér tilkynnt, að nú ætti að flytja mig í annað fangelsi. Ég kvaddi Frost og ungan Pólverja, sem verið hafði klefafélagi okkar í nokkra daga. Hann hafði um hríð legið á mörkum úti í Múrmansk-héraðinu og var grunaður um njósnir — eins og við hinir. Hann sagðist hafa heyrt, að 38 milljónir manna væru í fangelsum og fangabúðum Ráðstjórnarríkjanna.

MGB-fangelsið í Polyarníj

UM MIÐJAN OKTÓBER var ég fluttur í fangelsi MGB í Polyarníj, sem er utar við Kolafjörðinn en Komsomolsk. Ég lenti í klefa með rússneskum manni, sem hét Logvínov. Hann var á fertugsaldri. Hann hafði verið stríðsfangi í Noregi. Nú hafði hann verið kærður fyrir að láta taka sig til fanga. Seinna fékk ég þær fréttir af honum, að hann hefði verið dæmdur í tíu ára fangelsi. Hann fræddi mig á því, að í næsta klefa við okkur væru tveir Norðmenn, ásamt Rússa, Níkolaj Rasdetkíj að nafni. Norðmennirnir voru Rögnvaldur og Emil. Það var dálítill rífa á múrveggnum milli klefanna. Við félagar gátum heyrt hver til annars, ef við lögðum eyrað við rifuna. Ekki gátum við þó átt neinar samfelldar viðræður, því að gægjugat var á hurðinni, og um það var þannig búið, að við gátum ekki fylgst með því, hvenær vörðurinn lá á gægjum.

Mér var fengin dýna og ábreiða. Hún var úr ull og svo til ný. Brátt var ung rússnesk stúlka sett í klefann öðrum megin við okkur. Hún grét samfelld þrjú dægur. Síðan kom vörðurinn og bað mig að láta henni eftir ábreiðuna mína. Ég skildi fá aðra í staðinn. Ég varð við beiðninni, og vörðurinn kom með gamla og þunna ábreiðu. Síðan varð ég þess vísari eina nóttina, að ég var orðinn skriðkvikur af lús. Fæðið var bæði illt og lítið. En einn kostur var við vistina þarna, sem ekki var til að dreifa í neinu öðru fangelsi, sem ég var settur í: Við fengum fimm grömm af reyktóbaki á dag.

Bráðlega hófust yfirheyrslur á ný, og enn voru það sömu spurningarnar. Mestur áhugi virtist vera fyrir því, hver hefði gefið þær upplýsingar, að Rögnvaldur væri lærður loftskeytamaður.

Daginn var Emil fyrir í skrifstofunni, þegar ég kom þangað til yfirheyrslu. Sá, sem yfirheyrði, var í einkennisbúningi háttsettra sjóliðsforingja. Hann vék sér fyrst að Emil: „Hver var það, sem sagði hreppstjóranum, að Mikkelsen væri lærður loftskeytamaður?“

„Það var Mikkelsen,“ svaraði Emil.

Síðan var ég spurður. Ég svaraði á sömu leið. Okkur var skipað að staðfesta þennan framburð með nöfnum okkar, og síðan vorum við látnir fara.

Daginn eftir var ég kvaddur til yfirheyrslu með Rögnvaldi. Foringinn vék sér að honum og spurði: „Hver var það, sem sagði hreppstjóranum, að þú værir lærður loftskeytamaður?“

„Það var Larsen,“ svaraði Rögnvaldur.

Ég leit á Rögnvald, og allt í einu rann það upp fyrir mér, hvað ég hafði sagt við

hann og Emil kvöldið, sem við skildum í Múrmansk. Það var sjálfsgagt þess vegna, sem hann svaraði svona. ... Og þegar ég var spurður, svaraði ég: „Það var ég, sem sagði það.“

Foringinn varð ofsareiður. Hann spratt á fætur, barði í borðið, blótaði og ragnaði og jós yfir mig fúkyrðum — kallaði mig meðal annars hóru. Hann var viti sínu fjær.

Í þessu fangelsi voru fangarnir aldrei hafðir nema hálfan mánuð í sama klefa. Þessi tilhögun átti að koma í veg fyrir, að þeir reyndu að flýja. Í lok októbermánaðar var ég settur í sama klefa og Rasdetkíj og ungur Rússi, sem hét Ívan. Ívan hafði verið á Lenínsgarðsvígstöðvunum á styrjaldarárunum. Hann hafði aftur og aftur verið sendur á hnótskóg vestur í Finnland og unnið svo mörg hreystiverk, að hann hafði verið sæmdur átta heiðursmerkjum. Hann vissi ekki, hvað honum var gefið að sök, hélt helst, að einhver hefði rægt hann fyrir mök við útlendinga.

Rasdetkíj féll í hendur Þjóðverjum í Finnlandi, en síðan tókst honum að flýja til Svíþjóðar með einum af félögum sínum. Hann lærði svo mikið í sænsku, að við gátum rabbað saman. Þeir félagar voru enn í Svíþjóð í styrjaldarlokin. Þá barst þangað plagg, sem var undirskrifað af rússneskum herforingja. Þar var skorað á Rússa, sem verið höfðu stríðsfangar, að hverfa heim, og því lofað, að þeim skyldi tekið sem sönnnum sonum föðurlandsins. Rasdetkíj festi ekki trúnað á hin gullnu loforð, en félagi hans fór heim. Seinna sá Rasdetkíj sig um hönd, því að hann þráði mjög að hitta ástvini sína. Samkvæmt rússneskum lögum var það ekki saknæmt, að særður maður léti taka sig til fanga. Rasdetkíj hafði gamalt ör á enni. Nú hugðist hann segja, að flís úr sprengikúlu hefði sært hann svo, að hann hefði fallið í öngvit. Þegar hann kom til Múrmansk, var honum varpað í fangelsi. Félagi hans hafði komið upp um hann. Nú bjóst hann við að verða dæmdur fyrir föðurlandssvik.

Hann vildi fyrir hvern mun reyna að flýja, og Ívan var þegar fús til að taka þátt í flóttanum. Ég var orðinn mjög leiður og niðurdreginn, og loks samþykkti ég fyrirætlanir Rasdetkíjs, þó að ég vissi raunar, að flóttinn hlyti að mistakast. Við ákváðum árás á fangavörðinn, en sama kvöldið og skríða skyldi til skarar var Ívan kallaður til yfirheyrslu og ég sóttur og á ný settur í klefa með Logvínov.

Í fangelsinu í Polyarníj vorum við félagar fram í öndverðan desember. Þegar ég var seinast kvaddur til yfirheyrslu, voru þeir einnig kallaðir fyrir Emil og Rögnvaldur. Þarna var þá mættur maður, sem mun hafa átt að heita verjandi okkar. En það var hvort tveggja, að hann spurði okkur ekki margs, enda værum við svarafáir.

Við vorum spurðir, hvort við kærdum okkur um að lesa það yfir, sem hafði verið eftir okkur bókað við yfirheyrslurnar. Þessa var aðeins spurt til málamynda. Bókunin var öll á rússnesku, og í því máli kunnum við tiltölulega lítið. En við staðfestum það með nöfnum okkar, að við hefðum lesið bókunina og viðurkennt hana sannleikanum samkvæma.

Næsta dag vorum við kallaðir fyrir fangelsisstjóran. Hann bað um skriflegt samþykki okkar fyrir því, að við værum fengnir MVD til umsjár. Við urðum við beiðninni.

Beðið dóms

OKKUR VORU AFHENT axlabönd, belti og skóreimar, og síðan vorum við fluttir í MVD-fangelsið í Komsomolsk. Þegar við höfðum staðið um stund í fangelsisgarðinum, kom maður og kallaði á Rögnvald. Þeir hurfu inn um einar dyrnar, sem blöstu þarna við okkur. Klukkutíma síðar var ég kallaður inn í sama herbergið. Þar var þá enginn Rögnvaldur. Mér var skipað að fara úr hverri spjör. Það sveif að mér, að nú væri stundin komin. Mér væri skipað úr fötunum til þess að firra þau skemmdum. En þarna var þá allt öðru til að dreifa. Leitað var vandlega í fötum mínum, og sjálfur var ég grandskoðaður, þreifað bak við eyrun á mér, þuklað hárið og jafnvel farið inn í endaparminn. Ég mun hafa staðið þarna allsnakinn upp undir klukkutíma, og úti var frost og engin upphitun í herberginu.

Loks var mér vísað inn í fangaklefa. Þar var Rögnvaldur fyrir, og síðan kom Emil. Hann hafði orðið að sæta sömu rannsókn og við hinir. Eftir stutta stund var komið til okkar og farið með okkur út. Það höfðu fundist lýs í fötunum okkar, og nú áttum við að fara í bað. Baðtækin í fangelsinu voru biluð, og þá vorum við látnir fara í baðhús, sem var þrjá kílómetra í burtu. Það var orðið mjög áliðið, þegar við komum aftur í fangelsið, en verðirnir gáfu sér samt tíma til að taka af okkur axlaböndin, beltin og skóreimarnar. Meira að segja skáru þeir tölurnar af buxna-strengjunum. Þeir vildu sannarlega ekki eiga það á hættu, að við reyndum að flýja.

Ekki fengum við að vera marga dagana einir í klefanum. Inn til okkar voru látnir þrír ungir Rússar, sem sekir voru um brot á hinum almennu hegningarlögum. En þeim þótti vistin hjá okkur daufleg, og annað kom til: Við fengum ekki sendar neinar vistir, og ekki leifðum við af skammtinum okkar. Þá var munur að komast í klefa, þar sem voru þrjátíu til fjörutíu fangar. Og ekki þurfti þessum náungum ráð að kenna. Þeir slógust og klóruðu hver annan, uns úr þeim lagaði blóðið, og báðu okkur blessaða að heimta af vörðunum, að við værum losaðir við þá. Síðan voru þeir þá fluttir, og ekki var það nein lygi, að við vildum þá á brott, því að þetta voru mestu úrþvætti. En áður en þeir kæmust í sína Paradís, voru þeir kældir í þrjá daga í klefa, sem ekki var hitaður upp, og þar urðu þeir að liggja á beru steingólfinu.

Nú var settur inn til okkar Úkraínubúi, sem hét Kolibaba. Hann hafði verið liðsforingi á styrjaldarárunum. Hann hafði gnægð vindlinga, reykti marga tugi á dag. En ekki varð honum að vegi að bjóða okkur svo mikið sem vindlingsstúf. Það var þó föst venja í fangelsunum, að sá, sem eignaðist tóbak, miðlaði klefafélögum sínum.

Áður en langt leið, vorum við fluttir í annan klefa. Þarna eins og í fangelsinu í

Polyarníj vorum við aldrei hafðir í sama klefanum lengur en hálfan mánuð í einu. Einu sinni lentum við í minnsta klefanum, sem til var í fangelsinu. Hann var 2,5 metrar á annan veginn og 2 metrar á hinn. Þarna vorum við fjórtán í einu. Við lágum hlið við hlið jafnt á gólfinu sem á bekknum, og einn okkar varð að húka á salerninu. Það má svo nærri geta, hvernig loftið hafi verið í klefanum. Meðal fanganna voru þrír rússneskir verkamenn. Þeir sögðust hafa tekið vélarhluta úr ónýtri dráttarvél og notað þá til viðgerðar á annarri. Síðan voru þeir þá kærðir fyrir skemmdarverk.

Í öðrum klefa, sem við vorum í, var ungur piltur, er hafði verið hnepptur í fangelsi fyrir að brjóta rúðu. Hann kvaðst mundu verða ánægður, ef hann hlýti ekki nema þriggja ára fangelsisvist.

Annar fangi hafði beðið dóms í fjögur ár. Dómurinn féll, meðan þessi maður var í sama klefa og við. Hann var dæmdur í níu ára fangelsi, átti fyrir hendi að sitja í fangabúðum í fimm ár. Hinum Rússunum þótti hann hafa sloppið vel. Þeir óskuðu honum til hamingju. Síðan tók þá okkur að óra fyrir, að það gæti heldur en ekki dregist á langinn, að við yrðum frjálsir menn.

Dag einn var okkur skipað að búa okkur undir að fara í bað. Förlinn var heitið þangað, sem farið hafði verið með okkur félaga fyrsta kvöldið í þessu fangelsi. Í hópnum munu hafa verið um 150 fangar, þar á meðal nokkrir drengir. Það var kuldestormur og mjallrok. Hópnum fylgdu tólf eða fjórtán fangaverðir. Í fylgd með einum þeirra var stór úlfhundur. Verðirnir hrópuðu aftur og aftur bistra, bistra, — hraðar, hraðar — og sá, sem hundurinn fylgdi, var alltaf á þönum kringum hópinn. Eu þrátt fyrir allan asann vorum við hálf tíma á leiðinni, því að mörgum var örðugt um gang. Í baðklefanum komst ég í samræður við tíu, tólf ára dreng. Faðir hans hafði fallið í stríðinu, og móðir hans var dáið. Drengurinn hafði verið settur í fangelsi fyrir betl á götunum í Múrmansk. Hann var hafður í klefa, sem í var fjöldi drengja á svipuðu reki. Hann virtist vera ósköp ánægður. Honum fannst ekki mikið að því að hafa verið settur í steininn. Nú var hann ekki eins svangur og meðan hann dró fram lífið á betli.

Þegar ég fór að klæða mig, kom það upp úr dúrnum, að jakkinn minn var horfinn. Við félagarnir gátum ekki botnað í þessu. Við höfðum skipst á um að gæta fatanna, því að nú vorum við farnir að vita, á hverju við máttum eiga von. Ég gerði vörðunum viðvart, en þó að þeir spyrdi og leituðu, kom jakkinn ekki til skila. Ég varð því að halda af stað til fangelsisins jakkalaus. En þegar við vorum að koma að fangelsishliðinu, kom einn af vörðunum með jakkann, hafði fundið hann úti í skurði. Sá, sem hafði stolið honum, hafði fleygt honum þarna, verið hræddur við frekari leit, þegar í fangelsið kæmi.

Upp úr nýári 1946 lenti ég í klefa með ungum pilti frá Moskvu og Rússa, sem verið hafði undirföngi í Rauða hernum. Pilturinn var sakaður um að hafa lesið flugrit. Hann var hvorki læs né skrifandi, kunni varla að klóra nafnið sitt. Ekki var hann heldur ýkjatölugur, málfærið þannig, að hinum Rússunum veittist

örðugt að skilja hann. Ég rakst síðar á þennan pilt. Hann hafði hlotið tíu ára fangelsisdóm. Undirforinginn hafði unnið það til saka að hafa ekki kært dáta, sem höfðu lesið flugrit í hans viðurvist. En sannarlega var hann rétttrúað barn hins rússneska áróðurs. Stalín hefur sagt, var viðkvæðið hjá honum, og orð Stalíns voru óhagganlegur sannleiki. Við komumst út í samanburð á launakjörum og verðlagi í Noregi og Ráðstjórnarríkjunum. En sá samanburður hafði engin áhrif á hann. Hann trúði mér ekki. Ég bað hann að lýsa því fyrir mér, hvernig ástandið yrði í Ráðstjórnarríkjunum, þegar hið kommúníska skipulag hefði náð þeim þroska, sem til væri ætlast. Hann sagði, að þá mundu allir, sem ynnu, fá að borða sig sadda. Ég kvað því takmarki þegar hafa verið náð í Noregi. Hann hristi höfuðið.

„No eta serevno nje kommunízme,“ sagði hann, — það var nú samt sem áður ekki kommúnismi.

Eftir nýárið jókst frostið mjög mikið. Þá tókum við að þjást af fótakulda, enda var fótabúnaður okkar ekki annar en sá, sem við höfðum haft, þegar við komum yfir landamærin, og þá var sól og sumar. Eftir ítrekaðar kvartanir var okkur fengin kuldaúlpa úr vatti og lánaður hnífur. Við skárum úlpuna í lengjur og notuðum þær sem fótvefjur.

Í lok janúarmánaðar tókum við okkur saman um að svelta okkur, uns okkur væri útvegaður túlkur, sem við gætum rætt við um mál okkar og hagi. Ennfremur kröfðumst við meira og betra fæðis. Við vorum aftur og aftur kallaðir fyrir fangelsisstjórnann. Túlkinn gátum við alls ekki fengið — hann var þarna enginn til, en í matarmálum unnum við á. Í nokkra daga fengum við betra fæði, en síðan var okkur sagt, að þess væri ekki kostur. Hins vegar fengum við matarskammtinn aukinn um helming. Og þá var það allt í einu, að hvalreki barst á fjörur okkar. Okkur var tjáð, að háttsettur liðsforingi hefði sent okkur matvæli, tvær dósir af niðursoðnu kjöti, nokkur kíló af smjöri og sykri og fimmtán kíló af hveiti. Ekki gátum við fengið að vita, hver gefandinn var, en ég hef alltaf þótt viss um, að það hafi verið Merkov. Nú lifðum við kóngalífi um hríð, fengum daglega sykraðar pönnukökur. Og gjöf hins háttsetta liðsforingja hafði áhrif á það atlæti, sem við áttum við að búa. Það þótti auðsýnilega vissara að sýna þeim föngum tillitssemi, sem áttu sér voldugan vin. Annars virtist ríkja jöfnuður í fangelsinu. Úkraínubúiinn Kolibaba varð um skeið klefafélagi okkar á ný. Hann vildi láta taka meira tillit til sín en okkar, en hann fékk áþreifanlega sönnun þess, að hann væri ekki lengur liðsforingi, heldur fangi, sem biði dóms — rétt eins og við hinir.

Tíminn var lengi að liða. Við fengum engan túlkinn, og okkur voru ekki sagðar neinar fréttir af því, hvað málum okkar liði. Við eina af síðustu yfirheyrslunum í Polyarníj höfðum við spurt liðsforingjann, hvort hann héldi, að við myndum verða dæmdir til dauða. Nei, ekki bjóst hann við því, en hann taldi líklegt, að við fengjum margra ára fangelsisdóm.

Svo var það þá eina huggunin okkar, að ef til vill gæfist okkur kostur á að flýja, þegar við kæmum í fangabúðir.

Flutningur og sóttkví

HINN 21. MARS VORUM við félagar kvaddir á fund fangelsisstjórans. Þar sátu þrír menn auk hans. Þarna var lesið yfir okkur skjal. Ég skildi ekki allt, sem lesið var, en aðalatriðin voru þessi: Framburður okkar hafði verið sendur til Moskvu, og þar höfðum við Emil verið dæmdir í tíu ára fangelsi fyrir njósnir og Rögnvaldur í átta. Okkur var sagt að rita nöfn okkar til viðurkenningar því, að við sættum okkur við dóminn. En við harðneituðum. Við hefðum aldrei verið leiddir í réttarsal, og okkur hefði aldrei gefist kostur á að koma fram vörnum í málum okkar. Ef þeim fyndist einhverjir verða að skrifa á skjalið, þá yrðu þeir að gera það sjálfir. Þeir reyndu árangurslaust að telja okkur hughvarf, en síðan var farið með okkur í fangaklefa.

Nokkrum dögum síðar var okkur skipað að búast til ferðar. Síðan vorum við látnir fara út í fangelsisgarðinn. Þar stóð vörubíll. Alls átti að flytja á brott 25 fanga. Okkur var ekið á járnbrautarstöðina og síðan vísað inn í vagn, sem var sérstaklega ætlaður til fangaflutninga. Þar voru járnrimlar fyrir öllum gluggum. Í nesti var okkur fenginn hrár saltfiskur. Hann var ekki sérlega lystugur, því að varla gat heitið, að af honum væri saltbragð.

Undir miðnætti daginn eftir komum við í Kodína-fangabúðirnar, sem eru um það bil 120 kílómetra frá Arkhangelsk. Þar vorum við látnir fara úr lestinni ásamt fjórtán öðrum fögum. Tveir af þeim voru kornungar stúlkur.

Við félagar vorum settir í einangrunarskálann. Þar áttum við að vera til morguns. Þá átti að setja okkur í sóttkví, en nú var ekki rúm fyrir okkur í sóttvarnarskálunum.

Í einangrunarskálunum voru aðeins tveir klefar. Í öðrum þeirra voru tveir ungir Rússar, sem höfðu brotið hin almennu hegningarlög. Við vorum settir í hinn, en stúlkurnar áttu að vera í ganginum. Stór og kraftalegur Kósakki var þarna vörður. Hann var ekki frjáls maður, heldur fangi. Hann varaði stúlkurnar við að hleypa piltunum út. En um nóttina vaknaði ég við ógnar hávaða. Það hafði verið vaðið inn á okkur og frakka og húfu Rögnvalds verið stolið. Stúlkurnar höfðu opnað fyrir piltunum og þeir farið inn til okkar. Við þutum á fætur og snöruðumst fram í ganginn, en piltarnir höfðu þegar forðað sér út úr skálunum. Brátt kom risinn utan úr myrkrinu með þjófana í eftirdragi. Jú, jú — frakkinn kom til skila, en hífuna höfðu piltarnir náð að fela. Hún kom aldrei fram.

Um morguninn var farið með okkur í sóttvarnarskálann. Hann var út af fyrir sig, og umhverfis hann var tvöföld girðing. Skálinn mun hafa verið um það bil tuttugu metra langur og sex metra breiður. Meðfram veggjunum voru tvísattar raðir af tveggja hæða rúmum — og voru gangar á milli raðanna. Á miðju gólfi var

geysistór ofn, hlaðinn úr múrsteinum. Engin sængurföt voru í rúmunum, en ofninn var kappkyntur allan sólarhringinn, svo að funahiti var í skálanum. En loftið var mjög daunillt. Tvö fimm metra löng rör lágu frá ofninum í reykháfinn, og þau voru þakin fótvefjum, sem fangarnir höfðu breitt til þerris.

Sextíu fangar voru í skálanum, þar á meðal nokkrir drengir og menn, sem orðið höfðu öryrkjar af völdum styrjaldarinnar. Ég man sérstaklega eftir einum þeirra. Það var piltur um tvítugt. Hann var enn í hermannabúningi, hafði verið í skriðdrekasveit, misst annan fótinn og fengið gervifót. Með öðrum örkuclamanni hafði hann farið í bíó og séð styrjaldarmynd, sem mér skildist, að verið hefði þrungen hetjusálum. Í miðri sýningunni skrúfuðu piltarnir af sér gervifætturna, sveifluðu þeim yfir höfði sér og hrópuðu eitthvað á þessa leið: „Þetta græðir maður á stríðinu!“

Þeir voru báðir teknir höndum. Þessi piltur var dæmdur í átta ára fangelsi. Hann vissi ekki, hvaða dóm hinn hafði fengið. Fundum þeirra hafði ekki borið saman eftir handtökuna.

Fyrsta daginn, sem við sátum í sóttkví, heimsótti okkur læknir, sem var fangi. Hann hafði ágrind á fötunum okkar, hafði séð okkur, þegar farið var með okkur í sóttvarnarskálann og hugsað sér gott til glóðarinnar. En þennan dag tókust ekki samningar um viðskipti. Daginn eftir kom læknirinn aftur, og nú bauð hann mér yfir í íbúðarskála lækna, skrifstofufólks og matreiðslumanna. Þar voru í rúmunum dýnur, koddar, ábreiður og jafnvel rekkjuvoðir. Læknirinn lét bera mér brauðhleif og súpuskál, og síðan kom hann að fötunum okkar. Sérstaklega hafði hann girndarhug á buxum Emils, enda var Emil í mjög vönduðum fötum, sem hann hafði keypt í Svíþjóð. Læknirinn sagði, að við mundum ekki tapa á því að versla við hann. Hann mundi borga okkur ríflega, og auk þess væri ekki fyrir að synja, að hann gæti við og við gefið okkur sjúkravottorð, svo að við kæmumst hjá að fara til vinnu. Endirinn varð sá, að hann fékk buxur Emils.

Sjálfur átti ég viðskipti við Dnevaldnien, yfirmanninn í skálanum, seldi honum fötin mín. Hann var Kirjálabúi og hafði á styrjaldarárunum verið liðsforingi í Rauða hernum. Hann hafði verið dæmdur fyrir ógætileg ummæli, sem litíð var á sem áróður. Það voru engin ósköp, sem ég fékk fyrir fötin, aðeins eitt kíló af brauði, vattbuxur og 50 rúblur. Kíló af brauði kostaði 40 rúblur. Seinna seldi ég frakkann minn og skóna. Fyrir frakkann átti ég að fá 200 rúblur, en fékk aldrei nema 170. Skóna seldi ég á 15 rúblur. Þegar mér var fenginn fangabúningurinn, átti ég ekki annað eftir af fötum en nærfötin, silkiskyrta og hattinn. Rögnvaldur seldi líka sinn frakka, fékk fyrir hann tóbak og hundrað rúblur.

Fangabúningurinn var þannig, að yst og innst var vindhelt efni, en milli þessara laga var vattfóður. Okkur var fengin stórtreyja, buxur, sokkar, sem saumaðir höfðu verið úr gömlum vattfatnaði, og húfa með eyrnalöppum. Hún kom sér vel, því að allir fangar voru ávallt snodklíptir. Loks voru okkur fengnar eins konar skóhlífar, gerðar úr gömlum hjólbörðum. Við vorum heppnir með fötin, því að þau voru

heilleg. Sumir fangarnir minntu á sneplótta rakka, þar eð vattflygsur stóðu hér og þar út úr flíkunum þeirra.

Meðan við vorum í sóttkví, var farið með okkur til skráningar í hina svokölluðu Sérstöku deild. Þegar ég var spurður, hvaða dómstóll hefði dæmt mig, gat ég ekki svarað öðru en því, að ég hefði að sögn verið dæmdur í Moskvu. Seinna var ég fræddur á því, að dómstóll sá, sem hefði dæmt okkur, hétí Osobi Sovesanje og væri í daglegu tali nefndur Oso. Þessi dómstóll væri eitt af tækjum MVD og væri látinn dæma í málum, þar sem ekki lægju fyrir fullnægjandi sannanir til sakfellingar.

Í sérstöku deildinni var ég kallaður inn í skrifstofu, þar sem sat ungur foringi úr MVD. Á veggnum hékk stór uppdráttur af Ráðstjórnarríkjunum. Þar voru greinilega merkt landamæri Finnlands og Noregs. Til þess að fá hugmynd um stefnuna að landamærunum gaf ég landabréfinu nokkrum sinnum flóttalegt hornauga. Foringinn mun hafa tekið eftir þessu, því að hann spurði mig, hvort það væri nokkuð sérstakt á þessu landabréfi, sem vekti athygli mína. Ég sagði, að ég hefði aðeins gaman af að athuga, hve Ráðstjórnarríkin væru stór.

Daginn eftir var ég á ný kvaddur á fund þessa foringja. Þá var landabréfið horfið. Foringinn vildi fá að vita, hvers vegna ég hefði selt frakkann minn. Ég kvaðst hafa gert það af því, að ég hefði verið svangur.

„Þú hefðir átt að snúa þér til mín,“ sagði hann. „Þá hefðir þú fengið meira fyrir hann. Hundrað og sjötíu rúblur er gjafverð á svona vönduðum frakka.“

Rögnvaldur hafði ekki viljað selja skóna sína, og einn daginn var annar þeirra horfinn. Okkur tókst ekki að hafa upp á honum, og við kærðum fyrir skálastjóranum. Hann sneri sér til forstjóra fangabúðanna, sem var Georgíubúi, risi á vöxt og mjög dökkur yfirlitum. Hann kom í skálann til okkar og var ærið hávær og fasmikill, þegar hann spurði um sökudólginn. Honum var bent á ungan pilt, sem hét Borís. Georgíubúinn réðst þegar á piltinn og hélt áfram að lumbra á honum, eftir að hann hafði slegið hann niður. Þá skárumst við félagar í leikinn. Við ætluðumst ekki til, að skórin kostaði mannslíf. Forstjórinn lét sér segjast, og þá kom upp úr dúrnum, að skónum hafði verið kastað upp í rúm Rögnvalds, meðan orrahríðin stóð. Seinna varð vel til vina með okkur og Borís, sem reyndist betri drengur en flestir hinir.

Í skiptum fyrir tóbak hafði ég fengið stoppunál með mjög stóru auga. Einn af föngunum fékk hana lánaða og kvaðst síðan hafa týnt henni. Ég hótaði honum kærðu, og þá færði hann mér agnarlitla saumnál, sem var vita gagnslaus. Ég lét við svo búið standa. Ég mátti hafa heimsku mína í heimgjald. Í fangabúðum var auðvitað valt að treysta á náungann.

Fangelsislæknirinn skoðaði okkur og úrskurðaði mig í 2. flokk. Emil og Rögnvaldur lentu í 3. flokki og áttu að fá léttari vinnu en ég. Annars sýndi það sig, að ekki var sinnt um neina flokkaskiptingu frekar en verkast vildi. Rögnvaldur og Emil unnu oft jafnerfiða vinnu og ég. Í 1. flokk komu aðeins stórir menn og rammir að afli. Loks voru tveir öryrkjaflokkar, hálfildings og algerir öryrkjar. Algerir öryrkjar unnu við gólfþvott í skálunum og ýmsa aðra vinnu, sem talin var mjög létt.

Þriðja daginn minn í sóttkvinni var ég sendur til vinnu. Meðan við vorum í sóttvarnarskálánunum, var okkur skipað sitt á hvað í vinnuflokkana. Þegar flokkarnir höfðu verið kannaðir að morgninum, vorum við sendir þangað, sem vant var manna. Fyrsta daginn var ég við að hlaða timbri á bíla, og þann næsta vann ég við flokkun á timbri. Í öllum fangabúðunum þarna norður frá var eingöngu unnið við timbur. Í næsta nágrenni Kodína var búið að höggva allan nytjaskóg, en þaðan var víða haft í seli í hinum miklu myrkviðum. Skammt frá Kodína var pappírsverksmiðja. Þar var hlýtt og notalegt og vinnan létt. Þangað vildu allir komast, en þar var vonlítið um vinnu fyrir aðra en þá, sem áttu eitthvert fé eða fengu matgjafir að heiman. Þannig var ástandið í næstum öllum þeim fangabúðum, sem ég var í. Þeir fengu oftast léttustu og þægilegustu störfina, sem síst þurfti að vægja.

Að kvöldi fyrsta vinnudagsins kom það upp úr dúrnum, að baðdagur var hjá þeim flokki, sem ég hafði unnið með. Næsta dag varð reyndin sú sama, og þetta endurtók sig þriðja daginn. Ég fór því í bað þrjú kvöld í röð. Annað eins kom ekki fyrir mig öll þau ár, sem ég var í fangabúðunum. Raunar voru fæstir af föngunum hrifnir af að vera skipað í bað. Flestir blótuðu baðinu í sand og ösku. Allir voru svangir og þreyttir og hugsuðu ekki um annað en matinn og hvíldina.

Hver vinnuflokkur borðaði út af fyrir sig í sérstökum matskála, sem var sambyggður eldhúsinu. Fram yfir nýár 1947 var okkur skammtað í aska, en þá komu í stað þeirra skálar úr brenndum leir. Þær voru eins og venjulegt þvottafat í laginu, aðeins minni. Hver fangi hafði sína skeið og bar hana alltaf á sér. Hnifa fengum við enga, og gafflar voru óþarfir. Uppþvotturinn var mjög eftirsótt vinna. Þeir, sem að honum unnu, máttu skafa pottana, og síðan fengu þeir aukaskattinn af graut og súpu.

Brauðskammturinn var 450 grömm á morgnana og 200 grömm á kvöldin. Brauðið var ávallt hrátt, aðeins utan á því hörð skorpa. Stundum marraði í sandkornum, þegar við vorum að gófla brauðið, og oft var í því hálmur. Dag eftir dag fengum við grænkálsúpu í Kodína — eins og í öllum öðrum fangabúðum, og grauturinn var af sömu tegund og við höfðum áður kynnst í fangelsum.

Hugsunin snerist umfram allt um það að fá eitthvað í svanginn. Síðan var það tóbakið. Ef maður reykti vindling, þá stóð alltaf hópur af föngum og beið eftir stúfnum. Út af slíku dýrmæti gátu orðið hörkuáflög.

Meðan ég var í sóttkvi, kynntist ég rússneskum fanga, sem hafði verið dæmdur fyrir stjórnmálaleg afbrot. Hann hét Aleksej. Hann hafði verið fluttur til Kodína úr öðrum fangabúðum. Hann sagði, ef til þess kæmi, að ég reyndi að flýja úr fangabúðum, að þá skyldi ég forðast að velja mér að félögum menn, sem hefðu hlotið dóm fyrir brot á hinum almennu hegningarlögum. Ég spurði hann um ástæðuna fyrir þessari viðvörun, og hann sagði, þegar tveir slíkir fangar hefðu talað sig saman um flóttu, legðu þeir ávallt kapp á að fá með sér einhvern af þeim föngum, sem hefðu verið dæmdir fyrir stjórnmálaleg afbrot, — matan af þessum

félaga þeirra ætti að bjarga þeim, ef aðrar vistir þryti. Ég lét þessa viðvörun inn um annað eyrað og út um hitt.

Í Mordovíu vorið 1953 heyrði ég þetta sama. Rúmenskur maður, sem hafði hitt marga, er höfðu flúið úr fangabúðum, en náðst aftur, sagðist vita þess mörg dæmi, að fangar hefðu drepið einhvern félagu sinna og lagt hann sér til munns.

Þá var svo komið, að mér fannst þetta engin fjarstæða.

Vinnan

ÚR SÓTTVARNARSKÁLANUM VORUM við fluttir í skála nr. 5. Ýmsir þeirra fanga, sem þar voru fyrir, höfðu bæði dýnur og ábreiður í rúmum sínum. Við fengum aðeins hver sitt rúm, en engan sængurfatnað. Við urðum svo að liggja á rúmbotninum og fleygja yfir okkur stórtreyju. Stundum vöknudum við skjálfandi. Þá hafði stórtreyjunni verið stolið. Í þessum fangabúðum var fatnaðurinn ekki merktur, og þá var vonlaust að hafa upp á treyjunni. Eina ráðið til úrbóta var að stela treyju af einhverjum þeirra, sem þarna sváfu.

Allir voru sístelandi. Það var einu sinni, þegar ég sat að mat mínum, að ég þurfti að taka við einhverju, sem að mér var rétt, og leit sem snöggvast af askinum mínum. Á meðan hvarf hann — og skeiðin líka.

Í fangabúðunum í Kodína voru 3000 fangar. Þeir voru flestir Rússar eða Eistlendingar, en annars voru þarna menn af mörgum þjóðflokkum. Auk okkar félaga voru í hópnum tveir norskir fangar. Þeir höfðu báðir verið njósnarar Þjóðverja undir lok styrjaldarinnar. Mér fannst hálfundarlegt, að innan sömu gaddavírsgirðingar og við skyldu vera menn, sem höfðu verið hatrammir andstæðingar okkar. En nú var eins og hið liðna væri sveipað mósku og það eitt skipti máli, að allir vorum við Norðmenn og allir í sömu úlfakreppu.

Nú var ég dag eftir dag í sama vinnuflokki. Í flokknum voru alls 24 fangar, og var honum skipt í fjóra hópa. Starf okkar var að hlaða trjástofnum á vörubíla. Við áttum að skila ákveðnu dagsverki, sem miðað var við fermetra, enda stóð ekki á bílunum, því að alltaf kom einn, þegar annar fór. Ef við afköstuðum 20% meira en tilskildu dagsverki, fengum við sem verðlaun 100 grömm af brauði og 200 grömm af graut, og auk þess gátum við fengið fiskbita, sem var á stærð við venjulega síldartölu. Ef afköstin komust upp í 150%, tvöfölduðust verðlaunin, og tækist einhverjum að afkasta helmingi meira en fyrir var sett, fékk hann þreföld verðlaun, og hærra varð ekki komist. Við timburhleðsluna náði ég nokkrum sinnum hámarki. En ekki fannst mér ég síður hungraður, þegar ég stóð upp frá kvöldborðinu eftir að hafa hlotið verðlaun fyrir slíkt dagsverk. Jafnvel hámarksskammturinn veitti ekki fulla sæðingu.

Verkstjórnarnir í þessum fangabúðum voru flestir fangar, sem dæmdir höfðu verið fyrir brot á hinum almennu hegningarlögum. Verkstjórinn okkar var mjög hlutdrægur. Hann bætti alltaf við afköst þeirra, sem voru inn undir hjá honum. Honum til aðstoðar var fangi, sem hafði það hlutverk að reka á eftir okkur hinum.

Ef einhver hvíldi sig andartak eða vann slæga vegna þreytu, hvað sem leið öllum uppþótum, þá mátti hann eiga von á höggi eða sparki frá aðstoðarverkstjóranum.

Fangaverðirnir í Kodína voru ekki hermenn, og margir þeirra voru fangar. Voru það einkum menn, sem höfðu verið dæmdir til þungrar refsingar samkvæmt hinum almennu hegningarlögum og voru langt komnir að aflána brot sitt. Þeir höfðu byssu að vopni og voru öðrum fangavörðum fremri að árvekni og glöggskyggni, enda kunnu þeir öðrum fremur skil á hugsunarhætti, háttum og brögðum fanganna. Varðgæslan var því með afbrigðum nákvæm og örugg — og auk þess ódýr.

Rögnvaldur og Emil voru látnir vinna á ýmsum vinnustöðvum, eftir að við vorum fluttir úr sóttvarnarskálunum. Stundum unnu þeir við sömu vinnu og ég, því að ekki var verið að setja fyrir sig úrskurð læknisins um vinnuhæfni, ef því var að skipta.

Þegar ég hafði um skeið unnið að timburhleðslu, var ég fluttur í annan vinnuflokk. Sá flokkur birkti skógartré. Við sjálfa birkinguna var notuð vél, og ég hafði þau störf á hendi að hreinsa börk og kusk undan vélinni og bera trjábolí að henni og frá. Í þessum flokki voru sextán karlmenn og átta stúlkur. Þær bjuggu í sama hverfi og karlmennirnir, en voru sér í skála. Kringum hann var öflug gaddavírsgirðing. Alltaf var vörður við hliðið, en samt sem áður reyndist ýmsum fært að komast inn. Verðirnir þágu mútur, og stundum var ég vitni þess, að fangar úr hópi hinna raunverulegu glæpamanna sluppu inn til stúlkunnanna með því að hafa í hótunum við verðina.

Ein af rússnesku stúlkunum hét María. Hún var fríð sýnum og ekki nema tuttugu og þriggja ára gömul. Þegar Bandaríkin gerðust samherji Rússlands í styrjöldinni, varð hún túlkur hjá bandarísku sendisveitinni í Múrmansk. Þar kynntist hún ungum Bandaríkjamanni, og með þeim tókust ástir. Þá er styrjöldinni lauk, fór hann vestur um haf, og hún átti síðan að flytjast til hans. Hún sótti um fararleyfi, en fjórum dögum eftir að hún sendi umsóknina, lét MVD taka hana höndum. Hún var sökuð um landráð og dæmd til átta ára fangelsisvistar. Frá unnustanum bárust henni hvorki boð né bréf.

Ég talaði við ýmsar af stúlkunum, en varð ekki alltaf mikils vís. Þær voru dular og ég ekki orðinn slyngur í rússneskunni. Ein þeirra hét Marósa. Hún hafði verið fangi síðan í ársbyrjun 1943. Þá hafði hún hitt breskan sjómann í Múrmansk og sagt eitthvað á þá leið, að gaman hefði nú verið að geta skoðað sig um í Englandi. Einhver, sem heyrði á tal þeirra, kærði hana fyrir að hafa í hyggju að strjúka til Englands, og hún var handtekin og sakfelld. Hún hafði auðsjáanlega verið fríð, en var tekin að láta á sjá, enda farin að eiga viðskipti við þá, sem fengu matarsendingar að heiman. Hún var þar ekkert einsdæmi. Margar af hinum stúlkunum höfðu brugðið á sama ráð til þess að geta satt hungur sitt.

Við, sem unnum erfiðisvinnu og lifðum eingöngu á fangafæði, sóttumst ekki eftir kvenfólki. En öðru máli var að gegna um þá, sem unnu léttu vinnu og fengu matgjafir frá ættingjum og vinum.

Ein af stúlkunum hélt við verkstjóran okkar. Hún var kornung. Þau bjuggu saman eins og hjón. En dag einn í maí var sæludögum þeirra lokið. Þá bárust verkstjóranum þau boð, að hann og flokkur hans ætti að flytja í aðrar fangabúðir.

Flótti

ÞEIR VORU ALLS FJÖRUTÍU fangarnir, sem látnir voru flytja frá Kodína til Jorotjei. Þar á meðal vorum við Emil og Rögnvaldur. Allur hópurinn fór gangandi, enda var vegalengdin ekki nema sextán kílómetrar. Fangabúðirnar í Jorotjei voru ekki fjölmennar. Þar voru aðeins 500 fangar. En samt sem áður veittist hópnum, sem kom frá Kodína, erfitt að fá inni. Við þremmenningarnir fórum lengi vel úr einum skálanum í annan og fengum alls staðar það svar, að hvert rúm væri skipað. Loks var aðeins eftir efsti skálinn. Þar voru eingöngu Eistlendingar. Strax og þeir heyrðu, að við værum Norðmenn, tóku þeir okkur opnum örmum.

Næsta morgun var okkur þegar skipað til vinnu. Ég var enn í 2. hreystiflokki og var látinn vinna við að hlaða trjástofnum á vagna. Rögnvaldur og Emil voru kvaddir til starfa, sem þóttu léttari, en voru þó raunar ærið erfið. Þeir voru í vinnuflokki, sem lagði veg um skóginn. Fyrst var höggvin í skógarpykknið hæfilega breið rák, og síðan var lagður vegur úr trjástofnum. Þarna var timbrinu ekki ekið á bílum, heldur hestvögnum.

Við, sem hlóðum timbri á vagnana, höfðum bestu skilyrðin til hárra verðlauna. En kappinu fylgdi mikið og lamandi strit, og alltaf fannst mér ég verða meira og meira matarþurfi. Frá sjö á morgnana var unnið í samfelldri lotu til sex á kvöldin. Þetta reyndist mér ofraun, þegar til lengdar lét. Ég varð að draga úr vinnuhraðanum, kenndi máttleysis í handleggjunum og varð allur mjög slyttulegur. Ég þráði að komast heim í skálann, seðja sárasta sultinn og komast síðan í rúmið.

Eitt kvöld er mér sérstaklega minnisstætt frá þessu sumri. Verkstjóri, sem hafði fengið afhentan brauðskammt síns vinnuflokks, kom gangandi með brauðhleifana á stórum bakka. Á undan honum og eftir gengu verðir, sem áttu að gæta þess, að ekki væri ráðist á hann og brauðinu rænt. Þeir, sem báru brauð, urðu ávallt að hafa um sig lífvörð.

Allt í einu þaut unglingspiltur að verkstjóranum, hrifsaði einn brauðhleifinn og lagði á flótta. Verðirnir svifu þegar á hann og reyndu að ná af honum brauðinu. En hann hélt því báðum höndum, tróð því upp í sig og tuggði sem ákafast. Þeir slógu hann niður og tróðu á honum, og hann reyndi ekki að koma við neinum vörnum. Þeir spörkuðu framan í hann, og blóðið lagaði úr andliti og höndum, en hann hélt áfram að gófla brauðið. Þegar þeir loksins náðu því af honum, var það komið í smámola.

Rögnvaldur vildi óður og uppvægur, að við reyndum að flýja. Hann var yngri en við Emil og þurfti meiri mat. Síðan voru það veggjalýsnar. Þær léku hann verr en

nokkurn okkar hinna. Hann var svo útsteypur og upphlaupinn, að það var ekki sjón að sjá hann, og hann hafði ekki þol við kláða. Þessi plága var að verða honum ofraun. Ég man, að hann sagði við mig: „Ef ég dey ekki úr hungri eða ferst af slysförum, þá verður það minn bani, að veggjalýsnar eta mig upp til agna.“

Undir júnílokin var Rögnvaldur úrskurðaður í hvíldarflokkinn. Sá flokkur hafði ist við í sérstökum skála. Vinnan var ekki nema dútl, og brauðskammturinn var 550 grömm á dag, enda etið þrímælt.

Meðan Rögnvaldur var í hvíldarflokknum, fór ég til læknis. Hann sagði, að ég væri of magur og léttur til þess að vinna mjög erfiða vinnu og úrskurðaði mig í 3. hreystiflokk. Og nú varð ég vinnufélagi Emils. Í öndverðum júlí bættist í hópinn gamall kunningi okkar frá Polyarníj. Það var Níkolaj Rasdetkíj. Um miðjan mánuðinn var Rögnvaldur settur á ný í sinn gamla vinnuflokk. Og nú hófst mikið ráðabrug. Níkolaj hafði verið dæmdur í tíu ára fangelsi, og hann vildi fyrir hvern mun reyna að komast undan á flótt. Hann hafði dvalið í Svíþjóð, og þangað vildi hann óður og uppvægur. Svíþjóð var í hans augum himnaríki á jörðu. Hann kunni dálítið í sænsku, og við gátum nokkurn veginn óhultir borið saman ráð okkar. Það var ákveðið, að við Rögnvaldur og Níkolaj reyndum að flýja, en Emil kvaðst of gamall til þess að leggja út í slíkt ævintýri.

Við gátum komist yfir nokkra öngla, og okkur hafði tekist að búa okkur út færисnefna. Þá hafði ég smíðað tæki, sem átti að vera okkur bæði klukka og áttaviti. Það var eins konar sólúr. Þetta var allur okkar ferðabúnaður, og vegalengdina að norsku landamærunum töldum við 800–1000 kílómetra!

Hinn 19. júlí áttum við að byrja á nýjum vegi gegnum skógarþykkníð. Vinnuflokkurinn gekk því til skógar, og þar var síðan unnið að merkingu fyrir veginum. Á einum stað átti hann að liggja aðeins fjóra, fimm metra frá brúninni á brattri brekku. Parna virtist okkur tilvalið að hefja flóttann, og nú ákváðum við að leggja upp daginn eftir.

Níkolaj kom um kvöldið í skálann til okkar Rögnvalds og ráðgaðist við okkur. Þegar Níkolaj var fyrir skömmu farinn, bárust mér þau boð, að ég ætti ekki að fara til vinnu að morgni. Ég hefði verið úrskurðaður í hvíldarflokkinn.

Mér krossbrá. Nú hafði ég tvisvar ákveðið að flýja með Níkolaj, og í bæði skiptin var komið í veg fyrir, að úr því gæti orðið.

Ég reyndi að fá Rögnvald til að lofa mér því, að þeir Níkolaj frestuðu flóttanum, þangað til hvíldartíma mínum væri lokið. En Rögnvaldur var þess mjög ófús. Loks gaf hann mér þó ádrátt um, að þeir biðu mín.

Vinnubjallan hringdi að vanda klukkan sjö að morgni þess 20. júlí. Og Emil, Rögnvaldur og Níkolaj fóru til vinnu með félögum sínum. Klukkan níu komu allir vinnuflokkarnir aftur heim í fangabúðirnar. Síðan barst mér sú fregn, að Rögnvaldur og Níkolaj væru flúnir. Og nú voru allir verðirnir kvaddir til að reka flóttann.

Seinna var mér sagt greinilega frá öllum atvikum. Venjulega voru þeir verðir í

fylgd með vinnuflokknum. En þennan morgun voru þeir aðeins tveir. Þetta mun hafa freistað þeirra Rögnvalds og Níkolaj.

Flokkurinn var látinn nema staðar í nánd við brekkubrúnina, sem vakið hafði athygli okkar daginn áður. Annar vörðurinn gekk með verkstjóranum inn í skóginn til þess að afmarka það svæði, sem föngunum skyldi bannað að fara út fyrir. Fangarnir og hinn vörðurinn biðu aðgerðalausir á meðan. Þeir fleygðu sér flestir niður og létu líða úr sér.

Rögnvaldur hafði fengið lánað box hjá einum af félögum sínum. Nú spurði hann vörðinn, hvort hann mætti nota tímann til berjatínslu. Jú, það var velkomið. Hann þokaði sér síðan inn á milli trjána — í ártina til brekkubrúnarinnar. Níkolaj kvaðst þurfa að ganga örna sinna. Vörðurinn sagði honum það heimilt. Og Níkolaj fór í sömu átt og Rögnvaldur og settist á hækjur sínar. Síðan brugðu þeir allt í einu við og þutu af stað, höfðu líklega talað sig saman um eitthvert merki.

Áður en vörðurinn nærði að bera byssuna upp að vanganum, voru flóttamennirnir horfnir í skógarþykkið neðan við brekkubrúnina. Verðirnir skutu tveim skotum til merkis um, að þeir þörfuðust liðsauka. Brátt kom til þeirra vörður, sem hafði með sér sporhund. Hundurinn rakti slóðina inn í skóginn, en eftir stundarkorn kom vörðurinn með hann þangað, sem vinnuflokkurinn beið. Rakkin hafði týnt slóðinni.

Vinnuflokkarnir voru ekki fyrr komnir heim í fangabúðirnar en regnið dundi úr loftinu. Hvílík hellirigning! Það var eins og allar flóðgáttir himinsins hefðu opnast. Og þannig rigndi allan daginn — og næsta dag líka. Og sannarlega voru fangarnir með gleðibragði. Heppnin virtist vera með flóttamönnunum. Enginn sporhundur var svo þefvís, að hann fyndi slóð þeirra eftir slíka rigningu.

Sama dag og þeir félagar struku, var ég kvaddur í skrifstofu eina þarna í fangabúðunum. Þar biðu tveir menn. Annar þeirra var háttsettur liðsforingi, sem trúlega hafði komið frá Arkhangelsk, hinn lettneskur fangi, sem bjó í sama skála og við þremmenningarnir norsku. Foringinn spurði mig, hvort mér hefði verið kunnugt um flóttafyrirætlanir þeirra Mikkelsens og Rasdetkíjs. Ég kvað nei við. Ég gæti alls ekki ímyndað mér, að flóttinn hefði verið fyrirfram ákveðinn. „Þessi Lettlendingur,“ mælti foringinn, „hefur séð ykkur þrjá sitja að samtali kvöld eftir kvöld.“

Ég sagði þetta geta verið sannleikanum samkvæmt. Ég hefði sofið í næsta rúmi við Mikkelsen, og Rasdetkíj kynni dálítið í sænsku, svo að við hefðum oft setið á tali við hann.

„Rússneskan mín,“ sagði ég ennfremur, „er frekar bágborin — eins og þér heyrir, en ég er nú að vona, að hún skáni með tíð og tíma.“

Hann reyndi með ýmsu móti að krefja mig sagna. Einkum var honum hugleikið að fá vitneskju um, hvaða stefnu strokufangarnir hefðu ætlað sér að taka. En ég varðist sem fyrr allra fregna.

Loks brá liðsforinginn á það ráð að láta setja mig í einangrunarklefa. Þar varð ég að dúsa um nóttina á nærklæðunum og sokkaleistunum. Engin upphitun var í

klefanum, og úti var dynjandi rigning. Klukkan átta um morguninn hleypti vörðurinn mér út. Hann sagði, að foringinn hefði skipað þannig fyrir, að ég ætti að sitja miklu lengur í þrúundinni, en nú væri hann farinn sína leið, og lækurinn hefði heimtað, að ég yrði fluttur yfir í hvíldarskálann.

Í þrjá daga voru engir fangar sendir til vinnu. En að morgni fjórða dagsins heyrðist hljómur bjöllumnar á venjulegum tíma. Vinnuflokkarnir röðuðu sér úti fyrir skálunum eins og venja var til. Síðan kom fangabúðastjórinn og tilkynnti, að strokufangarnir hefðu verið skotnir á flóttu. Svo sem til sannindamerkis veifaði hann húfu, sem Rasdetkíj hafði átt.

Daginn eftir hafði ég tal af einum lækni fangabúðanna. Það var roskinn maður, ættaður frá Kákasus. Í tólf ár hafði hann verið fangi, og nú var þess ekki langt að bíða, að stund frelsisins rynni upp. Hann kvaðst daginn áður hafa verið kvaddur á brott úr fangabúðunum til þess að skrifa dánarvottorð þeirra Rögnvalds og Níkolajs. Tvær kúlur höfðu hitt Rögnvald. Hann hafði hlotið bráðan bana, því að önnur kúlan hafði hitt hann í hjartastað. Níkolaj hittu fjórar kúlur, en samt hafði hann ekki fallið fyrr en hann hafði hlaupið nokkra metra. Þeir félagar höfðu verið skotnir, þegar þeir voru að hlaupa yfir skógarjódur. Óvenjumargir menn höfðu tekið þátt í eltingarleiknum, því að búist var við, að flóttamennirnir ætluðu sér að komast af landi brott.

Rögnvaldur var 24 ára gamall, þegar hann var skotinn. Hann var aðeins 18 ára, þá er hann flúði til Ráðstjórnarríkjanna. Um það bil mánuði eftir flóttann stóð ég í biðröð úti fyrir viðtalsstofu læknanna. Þá bar að fangabúðastjórnann. Það var ungur liðsforingi. Þegar hann kom auga á mig, sagði hann: „Hæ, Larsen, — Mikkelsen búinn að vera!“ Síðan hló hann.

Einn dagurinn öðrum líkur

AÐ LOKINNI DVÖL MINNI í hvíldarskálanum var ég settur í nýjan vegavinnuflokk. Ég vann og svaf. Maður verður að halda áfram að lifa. Og dagarnir liðu.

Strax í Kodína heyrði ég það, að við ættum að fá sykurskammt, sem næmi 17 grömmum á dag. En sykur var þá ekki til í fangabúðunum, og við fengum engan sykur. Þegar við vorum komnir til Jorotjei, var það tilkynnt, að nú ættu menn að fá sykurlinn, sem þeir ættu inni. Sú varð líka raunin, nema hvað við Norðmennirnir vorum settir hjá. Við kvörtuðum aftur og aftur undan þessu, en árangurslaust. Við fengum ekki annað en dagskammtinn. Sykurinn var dökkbrúnn og mjög rakur, virtist vera blandaður sykurlvöðu.

Dag einn rakst ég á Finna, sem hafði verið liðsforingi í finnska hernum og orðið að nauðlenda á rússnesku landssvæði. Meðan við vorum að rabba saman, varð mér litið á fanga, sem stóð skammt frá okkur og sneri við okkur baki. Ég tók eftir því, að lús var að skríða niður herðarnar á honum. Ég benti Finnannum á þetta. Hann hristi höfuðið og sagði: „Þetta er nú ekkert. Þú hefur átt að vera herna í fangabúðunum í fyrrasumar. Þá var lúsin alls staðar. Maður varð að hrista þær af fótunum sínum á kvöldin, en á morgnana voru þau jafnvík. Jafnvel á gólfinu voru lýsnar á gangi. Það marraði undir fótunum á þeim, sem voru á skóm með hörðum sólinn.“

Fangabúðastjórinn hafði heitið þeim manni verðlaunum, sem bæri af við vinnuna. Verðlaunin voru tóbak og saltsíld. Finninn sagði, að það væri ekki til neins að reyna að vinna þessi verðlaun. Hann kvaðst hafa hamast eins og óður maður, án þess að það bæri nokkurn árangur. Þó að skorturinn hefði raunar leikið hann grátt, virtist hann mjög þreklegur. Hann sagði, að blýanturinn réði því, hver verðlaunin fengi.

Í september vorum við látnir taka upp kartöflur á samyrkjubúi milli Kodína og Jorotjei. Fyrstu kartöflurnar, sem við tókum upp, áttum við hráar, sumir gáfu sér ekki einu sinni tíma til að þurrka af þeim moldina. Verkstjórinn lagði þegar blátt bann við þessu atferli. Okkur var jafnvel hótad vist í einangrunarskálanum. En allir létu þetta eins og vind um eyrun þjóta, og fáir tóku miklu meira upp en þeir áttu. Þá bárust þau skilaboð, ef við hættum að eta kartöflurnar hráar og ynnum af kappi, að þá skyldum við fá að sjóða okkur dálítið af þessum girnilegu jarðarávöxtum.

Okkur voru fengnar þrjár gamlar blikkfötur, og síðan var sótt vatn út í læk, sem var þarna skammt undan. Áttján manns voru í vinnuflokki, og þeir áttu sex sinnum upp úr þessum þremur fótum.

Ferðin á vinnustaðinn morguninn eftir reyndist bæði erfið og tafsöm, því að við

höfðum allir fengið illt í magann og þurftum oft að nema staðar. Þann dag fengum við líka að sjóða okkur kartöflur, en nú urðum við að láta okkur nægja að eta upp úr tólf fötum samtals. En brátt var þessari dásemd lokið, og við vorum á ný settir í vegavinnu.

Tvisvar á dag voru allir fangarnir taldir vandlega, þegar farið var til vinnu og þá er komið var heim á kvöldin. Þeir, sem af einhverjum ástæðum fóru ekki á vinnustöðvarnar, urðu að mæta við talningu engu síður en hinir. Stundum reyndist vanta í hópinn, og það átti sér einnig stað, að talan varð of há. Þegar ekki bar saman, voru skrifstofupjónarnir kvaddir á vettvang með spjaldskrárnar, og síðan var haft nafnakall, stundum tvisvar eða þrisvar. Fyrir kom, að talningu var ekki lokið fyrr en undir miðnætti. Þá kom ef til vill í leitirnar fangi, sem dottið hafði út af, þar sem enginn sá til.

Aginn í skálunum var ekki ýkjaharður. Engin rekistefna varð út af því, þó að ekki væri búið um rúmin, enda ekki mikið um að búa. Skálastjórarnir voru sjaldnast nein hörkutól. Þeir voru flestir fangar, sem ekki voru færir til erfiðisvinnu. Þeir höfðu í mörgu að snúast, sáu um, að vatn væri í skálunum, báru fötin okkar í þurrklefann og úr honum aftur og höfðu umsjón með viðgerðum á fatnaði okkar og skóhlífum. Skálastjórinn okkar var enginn háskagripur. En annars var í hópi fanganna nóg af mönnum, sem löptu í þá, sem stjórnuðu fangabúðunum. Ef einhver af fangavörðunum kom inn í skálann, þá var þegar kallað: „Viðbúnir!“ Þá urðu allir að spretta á fætur. Þetta var endurtekið, þegar hann fór út. Ekki þurftum við að taka ofan fyrir fangavörðunum, þó að við mættum þeim úti, en okkur bar að titla þá í ávarpi. Hvíldardagar voru þrír á mánuði, 1., 10. og 20., en árið áður höfðu fangarnir aðeins fengið einn hvíldardag á tveggja mánaða fresti.

Þaðið í fangabúðunum Jorotjei var rúmgott, og tíunda hvern dag var þar heitt vatn. Í Kodína höfðum við fengið hrein nærföt, þegar við fórum í bað, en því var ekki að fagna í Jorotjei. Þar var ég í sömu nærfötunum frá því í júlí og þangað til í október. Við höfðum alltaf fengið dálítið af sóða í Kodína, þegar við fórum í bað, en það átti víst að heita sápa, sem okkur var úthlutað í þessum fangabúðum. Hún var líkust grænsápu að sjá hana, en hún var búin til úr grút, sem var blandaður með sóða, og lyktin af henni var svo andstyggileg, að ég gat aldrei fengið af mér að þvo mér úr henni, en notaði hana hins vegar, þegar mér gafst kostur á að skola úr nærfötunum mínum.

Þegar leið á sumarið, fór ég að verða mjög lasinn. Ég hafði verk í öxlinni, undir hægri síðunni og fyrir brjóstinu, en ég þótti samt sem áður ekki tækur í sjúkrahús. Líkamshitinn var aðeins 35,2–35,4 stig, og sá, sem ekki hafði stórslasast, fékk ekki vist í sjúkrahúsi, ef hann hafði ekki sótthita. Rússi, sem hafði verið dæmdur til dauða fyrir að sofna á verði, en fengið dómnum breytt í 25 ára fangelsisvist, hjó sig í fótinn til þess að komast í sjúkrahús. Ungur piltur hjó af sér vísifingur, löngutöng og græðifingur á vinstri hendi í viðurvist félaga sinna. Einn þeirra hristi höfuðið og sagði: „Bólvaður asni geturðu verið! Þér hefði dugað að höggva af þér einn fingur.

Þú gast svo höggvið annan, þegar orðið var gróið fyrir stúfinn. Hugsa sér að höggva þrjá í einu! Nú ertu svo gott sem handarvana og verður síðan að fara í vinnuna, þegar þú ert gróinn sára þinna.“

Heilsu minni hrakaði jafnt og þétt. Brátt fór að koma bólgulopi í andlit og útlími, og mér varð örðugt um gang. Samt varð ég að halda áfram að vinna. Hvað eftir annað var mér neitað um sjúkrahúsvist, af því að ég hafði ekki sótthita. Eistneskur læknir miskunnaði sig að lokum yfir mig og gaf mér vottorð um, að ég væri veikur. Þá var ég orðinn stokkbólginn í andliti og á höndum og fæturnir orðnir eins og símastaurar.

Þrjár máltíðir á dag

ÉG LÁ Í VIKU í sjúkrahúsinu í Jorotjei, en síðan var ég sendur til Kodína ásamt fleiri sjúklingum. Meðal þeirra var Emil. Þetta var hinn 17. nóvember. Hvergi sá á dökkan díl, og við vorum fluttir á hestasleðum, sem voru að sækja vistir. Sex fangaverðir voru með í förinni og læknirinn eistneski, sem hafði gefið mér vottorðið.

Á sama sleða og ég voru fjórir eða fimm rússneskir fangar. Þeir voru í sjöunda himni, töluðu um þá dýrð, sem okkar biði, og augun í þeim ljómuðu. Við áttum að fá hvorki meira né minna en þrjár máltíðir á dag. Það var þeim undursamleg tilhugsun.

Síðustu þrjá kílómetrana urðum við að ganga. Ég hef aldrei tekið þátt í göngu, sem sæktist jafnseint. Það var talsverð hálka, en ekki meiri en svo, að fullhraustir menn hefðu átt að geta varist falli. En við vorum sídettandi. Eistneski læknirinn gekk við hliðina á mér. Þó að hann væri fangi, var hann allvel á sig kominn. Störf hans voru létt, og honum varð vel til um aukabita. Einu sinni datt ég svo snögg, að það var eins og kippt hefði verið undan mér fótunum. Læknirinn hjálpaði mér á fætur og sagði um leið: „Hvað getur komið til, að þú skulir ekki geta fótað þig?“

„O, ég veit það svo sem ekki,“ svaraði ég.

„Ætli ég viti það ekki?“ sagði hann. „Maður ætti nú að vera farinn að kannast við þennan sjúkdóm!“

Sjúkraskálarnir í Kodína voru þrír, og okkur félögum var flestum komið fyrir í skála nr. 3. Þar var fullskipað fyrir, en þeir, sem hressastir voru, voru látnir rýma fyrir okkur, sem komum frá Jorotjei. Í skála nr. 1 lágu þeir, sem veikastir voru. Þar var líka læknaherbergi og eins konar skurðstofa. Einnig var þar eldhús. Skáli nr. 2 var einkum handa brjóstveikum sjúklingum, en sá þriðji var aðallega ætlaður þeim föngum, sem voru orðnir illa haldir af langvarandi erfiði og skorti. Þar var einnig slyastofa.

Skáli nr. 3 var mjög lítill. Tíu rúm stóðu þar með fram hvorum langvegg. Þau voru tvísett, og í flestum samstæðunum lágu þrír sjúklingar. Rúmin voru úr járn, en botnarnir úr plönkum. Ofan á plönkunum var dýna. Ábreiðurnar voru mjög þunnar og líktust mest hekludum gólfmottum. Ef til vill höfðu þær einhvern tíma legið á gólfum í húsum heldri manna. Í hverju rúmi var koddí, en engin var rekkjuvoðin í okkar skála. Aftur á móti nutu sjúklingarnir í hinum skálunum slíkra þæginda. Í öðrum enda skálans var eins konar snyrtiherbergi og inn af því salerni. Í

hinum endanum var lítil kompa. Þar bjó stúlka, sem var lækni. Hún var rússnesk, virtist ekki eldri en tuttugu og sex til sjö ára og var mjög fríð sýnum.

Það fyrsta, sem ég rak augun í, þegar ég kom inn í skálann, var spjald, sem hékk á veggnum. Á því var skrá yfir þau matvæli, sem okkur voru ætluð. Á skránni var 21 tegund af matvörum og tilgreint, hve mörg grömm við áttum að fá af hverri. Víst er um það, að sá, sem hefði fengið allan þann mat, sem þar var tilgreindur, hefði ekki þurft að kvarta. ...

Þó að mikið skorti á, að við nytum allra hinna tilskildu gæða, var fæðið mun betra en í fangabúðunum. Á morgnana fengum við hálfan lítra af grænkálsúpu, 200 grömm af brauði og 15 grömm af sykri. Suma dagana fengum við líka graut úr sí-myljugrjónum. Skammturinn var ekki stór, nákvæmlega hálf fimmta matskeið, en þessi grautur var bragðgóður og næringarríkur, í honum einhvers konar plöntufeyti. Miðdegisverðurinn var hálfur lítri af grænkálsúpu og 200 grömm af brauði, og á kvöldin fengum við dálítið fiskstykki, — á skránni stóðu 70 grömm.

Margir af sjúklingunum — og það jafnvel þeir, sem aðeins höfðu veikt af erfiði og skorti — seldu af brauðskammtinum sínum fyrir tóbak, en það gerði ég aldrei. En samt sem áður gat ég keypt mér tóbak. Ég átti lítið eitt eftir af andvirði frakkans, og í Jorotjei hafði ég unnið mér inn dálítið fé. Ef lagið og lánið var með, þá gat maður haft 30–40 rúblur á mánuði. Tóbakið, sem fékkst í búðarholunni í Kodína, var ekki upp á marga fiska. Það var hvorki sterkt né bragðmikið. En sumir af föng-unum fengu talsvert af sterku tóbaki að heiman og seldu okkur hinum af birgðum sínum.

Í næsta rúmi við mig var piltur fra Komi. Þeir, sem þar búa, eru af sama kynstofni og Finnar. Pilturinn sagði mér til í rússnesku, kenndi mér bæði að tala hana og skrifa. Hann var með afbrigðum laginn kennari. Hann vissi ekki, af hverju hann hafði verið handtekinn, datt helst í hug, að orsökina hefði verið sú, að hann hafði dvalið erlendis. Hann hafði verið í hersveitunum, sem ráku Þjóðverja á brott úr Noregi, komið á norsk heimili, kynnst lífi og högum fólksins og orðið afar hrifinn. Í júnímánuði 1945 var hann allt í einu kvaddur til Múrmansk. Þar var honum varpað í fangelsi, og þá er hann hafði setið þar um hríð, var hann fluttur í fangabúðir. Í þeim búðum var vistin sæmleg. Annað veifið fengu fangarnir grjóna-graut, og þeir gátu unnið sér inn 70–80 rúblur á mánuði. Þeir fengu keypt sitthvað matarkyns, og hann var þar aldrei eins illa haldinn af sulti og í Kodína. Vorið 1946 sá hann sér færi á að strjúka af vinnustaðnum. Hann var frjáls maður í tvo daga, en síðan fór hann aftur í fangabúðirnar og gaf sig þar fram. Það var langur vegur heim til hans, hann þekkri engan þarna í grenndinni, og honum tókst ekki að ná í neitt matarkyns. Skömmu síðar var hann fluttur til Kodína. Þegar við vorum saman í sjúkrahúsinu, hafði honum ekki verið birtur neinn dómur, og enginn hafði sagt honum, fyrir hvað hann hafði verið handtekinn.

Læknirinn, sem bjó þarna í skálanum, átti lítinn kettling. Hann var alltaf inni hjá

okkur. Einu sinni fékk ég svolítinn kjötbita með miðdegisverðinum. Ég freistaðist til að gefa kisu svolitla tægju, og óðara greip hana hamslaus græðgi.

Hún sat og starði á mig sindrandi augum og var svo æðisleg, að ég bjóst við, að hún stykki framan í mig þá og þegar. Ég hafði aldrei séð slík augu í nokkurri skepnu. Síðan hentist hún snuðrandi til og frá og rak trýnið alveg upp að andlitinu á mér. Ég varð að fleygja henni frá mér, og þá ærðist hún alveg.

Síðan hvarf hún einn daginn — rétt fyrir jólin. Morguninn eftir fannst hausinn af henni og skinnið úti fyrir einum skálanum.

Við Emil óskuðum hvor öðrum gleðilegra jóla. Það voru einu hátíðabrigðin þarna í fangabúðunum.

Rétt fyrir nýárið var ég veginn. Ég hafði þyngst, var orðinn 52 kíló. Síðan var þá gefið vottorð um það, að ég væri orðinn vinnufær.

„Nítsjevo ní nada“

ÉG VAR NÚ SETTUR í vinnuflokk, sem bjó til dranki. Það eru tréþynnur, sem Rússar nota á svipaðan hátt og múrhúðunarnet eru notuð hér á landi. Það er gamall siður í Rússlandi að klína leir og sandi á húsveggi, og áður en verkið er hafið, negla Rússar á veggina eins konar net úr tréþynnum.

Þynnusmíðin er talin vera svo létt vinna, að til hennar eru valdir hálfgildings öryrkjar. Ég mátti því telja mig heppinn og þá ekki síður fyrir það, að þetta verk er ekki nema að litlu leyti unnið undir beru lofti. Veturinn þarna norður frá er allharður. Raunar var svo fyrir mælt, þegar kuldinn kæmist upp úr 30 stigum, að þá ættu vinnuflokkarnir að halda kyrru fyrir í skálum sínum, en væri hjartviðri, var þessu ákvæði ekki sinnt. Aftur á móti voru fangarnir ekki sendir til vinnu í mjög slæmu skyggni, og þá er kuldinn tók að nálgast 40 stig, lagðist alltaf frostmóða yfir landið. Þá þorðu fangaverðirnir ekki að taka ábyrgð á föngunum.

Þynnurnar bjuggum við til úr furu, og efnið átti að vera sem kvistaminnst. Trén voru söguð í metrabúta og bútarnir því næst klofnir með öxi og tréfleygum. Þetta var unnið úti, en síðan var farið með klofningana inn í gluggalausan tréskúr með moldargólf. Inni logaði á rafmagnsperu. Ofn var á miðju gólfi, og kringum hann sátum við að verki. Á ofninum stóð stærðarpottur, sem í var sjóðandi vatn. Ofan í það var klofningunum stungið til þess að mýkja þá og gera þá sveigjanlega. Þegar við fórum til vinnunnar, voru hverjum manni fengnir tveir hnífar, annar stór og hinn lítill. Með stærri hnífnum klufum við klofningana í flögur, sem voru 4—5 sentímetra þykkar. Síðan tókum við eina flöguna, og í endann á henni klufum við fyrir þynnu, sem var mjög sveigjanleg og við flysjuðum frá af mikilli varúð. Þetta var engan veginn erfitt verk, en það fór illa með fingurgómana á okkur.

Þynnurnar voru taldar og lagðar í vöndla, og voru hundrað í hverjum. Vöndlunum var hlaðið upp með skúrveggjunum — jafnhátt þakinu. Þarna munu að lokum hafa legið tíu þúsund vöndlar. Hæfileg dagsafköst voru ákveðin 1200 þynnur. Ég náði aldrei þeirri tölu, og þannig var einnig um félaga mína, að undanskildum tveimur Eistlendingum, en þeir höfðu líka haft þynnusmíði sem aðalstarf heima í ártögum sínum. Við hinir komumst sjaldnast nema í 5—600 á dag. Seinustu dagana komst ég þó upp í 800. En yfirverkstjórinn var gæðadrengur. Hann lét sig hafa það að skrifa 1500 þynnur á mann. Með þeim afköstum fengum við uppbót, sem nam 100 grömm af brauði og 200 grömm af graut. Lengi vel hélt hann síðan uppteknum hætti. En þá var það einn daginn, að þau boð bárust, að von væri á eftirlitsmanni.

Nú horfði ekki vel fyrir yfirverkstjóranum. Hann sagði við okkur, að hann neyddist víst til að skrifa hjá okkur fyrst um sinn minni afköst en þau reyndust — til dæmis 500 í stað 800. Með því móti kæmist hann þó ofurlítið í átt til þess, sem í bókunum stæði. Við gætum kennt því um, að efnið hefði verið mjög lélegt þessa dagana.

Við ræddum talsvert um þetta fram og aftur, en þá var það, að einn af Rússunum, sem setið hafði út af fyrir sig úti í horni og ekkert lagt til málanna, sagði allt í einu: „Ní nada, nítsjevo ní nada.“ Það er ekki þörf á neinum aðgerðum.

Við litum á hann.

„Ég skal bjarga þessu,“ sagði hann ennfremur. „Ég á hvort sem er framundan 25 ár.“

Þegar við um kvöldið — ásamt hinum vinnuflokkunum — fylktum okkur úti fyrir hliðinu á stauragirðingunni, vantaði Rússann í hópinn. En hann kom brátt, og síðan héldum við af stað inn í skálhverfið.

Um morguninn var okkur sagt, að nú ættum við að vinna önnur störf. Skúrinn hafði brunnið til ösku — og með honum allar þynnurnar.

Nokkrum dögum síðar var Rússinn fluttur í aðrar fangabúðir, og við starfi yfirverkstjórans tók annar fangi.

Fyrir Stalín og föðurlandið

NÚ KOMST ÉG Á NÝ Í 2. hreystiflokk og þótti því hæfur til erfiðari vinnu. Mér var skipað í flokk fanga, sem höfðu verið dæmdir til langrar fangelsisvistar og voru grunaðir um að hyggja á flóttu. Ég er helst á því, að ég hafi einungis lent í þennan flokk af þeim sökum, að vant hafi verið manna við þau störf, sem þar voru unnin. Það var alls ekki nein slitvinna. Við vorum látnir starfa að viðgerð á ýmsum vélum. Alls vorum við 14 í þessum flokki, og þeir, sem gættu okkar, voru aldrei færri en fimm.

Emil fór af sjúkrahúsinu litlu síðar en ég, en brátt var hann fluttur þangað aftur. Hann hafði fengið gulu. Ég fór þá og heimsótti hann.

Piltur með lungnabólgu hafði legið í næsta rúmi við hann. Hann var svo þungt haldinn, að hann hafði enga lyst á mat. Brauðskammturinn hans var látinn í lítinn skáp, sem stóð við rúmið hans. Þar var einnig lagður matarpakki, sem hann fékk að heiman. Í fjóra sólarhringa lá hann milli heims og heljar, og hjúkrunarkona, sem var ein úr hópi fanganna, kom alltaf öðru hverju inn til hans og hugaði að honum. Hinir sjúklingarnir, sem voru flestir unglingspiltar, biðu þess með óþreyju, að hann gæfi upp öndina, og sótbölvuðu yfir því, hve mjög það drægist á langinn. Og ekki var öndin fyrr úr honum skroppin, en þrír þeirra stukku fram úr rúmumum og réðust á skápinn.

Eftir að Emil komst aftur á fætur, vorum við um hríð í sama skála. En síðan var hann fluttur í fangabúðir, sem voru 22 kílómetra frá Kodína.

Ég var góðkunningi eins af Rússunum, sem með mér unnu við vélarnar. Þegar Þjóðverjar réðust á Ráðstjórnarríkin, var hann í varnarliði virkjanna í Sevastopol. Í sveit hans voru 240 manns. Þeir vörðust af mikilli hreysti. Þegar upp var gefist, stóðu ekki uppi nema átta menn. Hinir höfðu ýmist fallið eða orðið óvígir af sárum. Sjálfur var hann sár á handlegg, þegar hann var tekinn höndum. Hann var sendur til Þýskalands og settur í fangabúðir. Mér skildist á honum, að vistin þar hefði verið allt annað en góð, en áður en langt leið, var hann sendur til vinnu á bóndabæ. Hann sagði, að þar hefði sér liðið betur en á friðartímum í Ráðstjórnarríkjunum. Hjónin hefðu verið honum eins og hann væri sonur þeirra.

Eftir styrjaldarlokin var hann fluttur heim til Rússlands, og eins og allir aðrir landar hans, sem teknir höfðu verið til fanga, var hann settur í fangabúðir. Síðan var honum varpað í fangelsi, og þar var hann yfirheyrður. Hann sagði allt af léttu um afdrif liðssveitar sinnar, og hann sýndi örið á handleggnum á sér. Honum skildist, að það þætti fullnægjandi sönnun þess, að hann hefði ekki gert leik að því að láta

taka sig til fanga, en samt sem áður var hann ekki látinn laus. Tíminn leið, og fæðið var lítið og lélegt. Hann var sísvangur. Þegar liðinn var mánuður frá því að hann var yfirheyrður, var þolinmæði hans þrotin. Hann barði hnefunum í klefahurðina, og þegar fangavörðurinn kom, heimtaði hann, að hann yrði kallaður fyrir á ný, kvaðst vilja fá vitneskju um, hvers vegna hann væri ekki látinn laus.

En þeir, sem réðu, létu sér ekkert óðslega. Loks var hann orðinn þannig á sig kominn, að hann hafði ekki næga gát á tungu sinni. Hann spurði, hvers konar framferði þetta væri? Eftir fjögurra ára útleigð sem stríðsfangi kæmi hann heim, væri settur í fangelsi og ætti við að búa verri kjör en hjá sjálfum óvinunum. „Í stríðinu,“ sagði hann, „börðumst við eins og ljón og hrópuðum: „fyrir Stalín og föðurlandið“ — og síðan eru það þakkirnar, að ég er látinn sitja hér og svelta!“ Nú var þeim háu herrum nóg boðið. Hann var ákærður fyrir áróður gegn ríkisvaldinu og dæmdur til tíu ára vinnu í fangabúðum. Það var Oso, sem kvað upp dóminn.

Á þessu tímabili hitti ég marga sjómenn, sem höfðu á styrjaldarárunum verið á skipum, er fluttu hergögn og margs konar vöru frá Bandaríkjunum til Ráðstjórnarríkjanna. Alla þessa menn hafði Oso dæmt. Þeir höfðu svo sem gert ýmislegt af sér. Einn hafði til dæmis sagt við féлага sinn: „Svona eru þá lífskjör verkamannanna í auðvaldsslöndunum þrátt fyrir stríðið.“ Annar, sem ég hitti, hafði náð í bandarískt tískublað og sagt eitthvað á þessa leið: „Þeir hafa nú góð föt. Þeir ganga svo sem bærilega til fara.“ Meira þurfti ekki til, að menn væru dæmdir í 10–15 ára fangelsi.

Fyrirheitna landið

Í JÚNÍMÁNUÐI VAR ÉG fluttur í vinnuflokk, sem átti að fleyta timbri niður eftir á einni þarna í grenndinni. Okkur var dreift á bakka árinna, og oft og tíðum gafst mér tækifæri til að flýja. En ég vildi ekki stinga upp á flóttu við neinn af félögum mínum, og mér þótti ekki ráðlegt að flýja einsamall.

Auk mín voru í vinnuflokknum 30 Eistlendingar og einn Bandaríkjamaður. Hann hét Frank og var af finnsku foreldri. Félagar mínir höfðu ýmist verið dæmdir fyrir njósnir eða landráð. Í hópnum var enginn, sem brotið hefði hin almennu hegningarlög. Frank hafði verið sakfelldur fyrir landráð.

Hann var fæddur í Bandaríkjunum. Faðir hans var bjargálma sjálfseignarbóndi. Á kreppuárunum upp úr 1930 hafði Frank flust til Ráðstjórnarríkjanna ásamt rúmlega þrjú þúsund Bandaríkjamönnum. Bandaríkin þurftu ekki á þeim að halda. Auðvaldsskipulagið hafði runnið skeiðið á enda, og nú fór Frank austur yfir hafið til að vinna að blómgun hins fyrirheitna lands sósíalismans. Það var sagt, að Ráðstjórnarríkin skorti vinnuafli, og ekki vantaði það, að Frank vildi vinna.

Og vinnu fékk hann. Hann hafði bílstjórapróf og var látinn vinna að timburflutningum í Kirjálahéraði. Hann hafði ekki lifað þar við nein sældarkjör. Kaupið var lágt, nægði aðeins fyrir brýnustu nauðsynjum. Í fyrstu hafði hann sem útlendingur notið nokkurra sérréttinda. Hann hafði til dæmis getað keypt án skömmtunarseðla ýmsa vöru, sem annars var mjög naumlega skömmtuð. En síðan varð hann rússneskur borgari, og um leið missti hann öll sérréttindi. Árið 1942 var hann kvaddur til herþjónustu á Finnlandsvígstöðvunum. Hann var tekinn til fanga og var fangi í Finnlandi til styrjaldarloka. Þá var hann framseldur Rússum. Hann var dæmdur í tíu ára fangelsi. „Ég fluttist austur um haf til að vinna,“ sagði hann, „og vinnan er það eina, sem ég hef fengið nægju mína af.“

Það var mikill kostur að vera eingöngu í verki með föngum, sem dæmdir höfðu verið fyrir stjórnmalaleg afbrot. Hinir voru jafnan lakari vinnufélagar. Þeir slæptust við vinnu og fengu samt hæstu verðlaunin, því að verkstjórnarnir höfðu geig af þeim. Einu sinni var það, að nýliði í skrifstofu fangabúðanna lét hjá líða að skrifa verðlaun hjá einum af þessum náungum. Honum var þegar tilkynnt, að hann yrði drepinn, ef hann dirfðist að gera þetta aftur. Hann lét hótunina eins og vind um eyrun þjóta, og þá var rekinn hnífur í brjóstið á honum. Þeir höfðu alltaf hnífa, þessir ótíndu glæpamenn, þó að stranglega væri bannað að bera á sér eggvopn. Skrifstofumaðurinn særdist hættulega. Þegar ég var látinn fara úr sjúkrahúsinu, var hann ekki talinn úr allri hættu.

Tilræðismaðurinn var settur í einangrunarklefa, og hann hlaut viðbótardóm. En hann kærði sig kollóttan. Flestir hans nótar höfðu hlotið svo marga viðbótardóma, að þeim hefðu varla nægt hundrað ár til að afplána refsinguna fyrir afbrot sín.

Fleytingunni lauk á áliðnu sumri. Þá var ég á ný settur í vinnuflokk, sem hlóð trjástofnum á bíla. Ekkert sérstakt gerðist, meðan ég var við þessa vinnu. Dagarnir voru tilbreytingarlausir og hver öðrum líkir. Ég hugsaði ekki um annað en að afkasta svo miklu, að ég fengi að kvöldi ofurlítinn aukaskammt af brauði og graut. Samt sem áður vissi ég, að þetta var tilgangslítið. Bráðlega mundi ég ekki geta skilað nema lágmarksafköstum. Síðan mundi mér þá óðum hraka, uns ég væri farinn að heilsu og kröftum.

Langa vinnuhléið

Í OKTÓBER 1947 VAR heilsa mín orðin næsta bágborin. En þá varð mér það til bjargar, að ég var svo heppinn að vera úrskurðaður í hóp þeirra fanga, sem skyldu hljóta langa vinnuhléið. Þeir, sem það hlutu, gátu verið allt að fjórum mánuðum í hvíldarskála. En ég get varla sagt, að þessi heppni gleddi mig. Mér var að verða sama um allt.

Ég fluttist með fáar og fátæklegar þjónkur mínar í hina nýju vistarveru. Ég tók þegar eftir því, að þar hékk á veggnum áskorun um það frá fangabúðastjóranum, að allt, sem unnt væri, yrði til þess gert, að fangarnir hressstust og yrðu „sem allra fyrst færir um að taka á ný þátt í störfum í þágu framleiðslunnar“. Það var mál málanna.

Ég reyndist tveimur kílóum þyngri en ég hafði verið fyrir rúmum þremur ársfjórðungum. Mér er enn ráðgáta, hvernig á því gat staðið. Við, sem vorum í hvíldarskálanum, vorum vegnir á viku fresti. Sumir þyngdust, — og þá einkum þeir, sem fengu matarsendingar að heiman. Ég þyngdist ekki um eitt einasta gramm.

Ég fékk aldrei fregnir að heiman, og skrifaði ég þó aftur og aftur, ýmist á norsku eða rússnesku. Þegar ég að lokum kom heim til Noregs, frétti ég, að árið 1947 hefði borist frá mér bréfspjald, skrifað á norsku. Þetta var hið eina, sem frá mér barst til ættingja minna öll þau ár, sem ég var í útlegðinni.

Dag einn — meðan ég var í hvíldarskálanum — fékk ég skipun um að mæta í skrifstofu fangabúðanna. Þar var mér vísað til manns, sem ég hafði hitt í fangelsinu í Polyarnij. Hann hafði verið allháttsuttur liðsforingi, en hlotið tíu ára fangelsisdóm fyrir ógætileg ummæli. Skömmu eftir styrjaldarlokin hafði hann sagt í hófi, sem hann sat með félögum sínum: „Hér sitjum við og etum og drekum og finnst við lifa í vellystingum praktuglega, en mér hefur verið sagt, að í auðvaldslöndunum geti algengir verkamenn veitt sér engu síðri munað í mat og drykk.“

Einn af félögum hans kærði hann, og sakfelldur var hann.

Hann spurði mig, hvort ég ætti nokkra kunningja í Ósló. Ég kvaðst ekki vita til þess. Hann kvað mig eiga böggul á járnbrautarstöðinni, en ekki fengi ég böggulinn, nema ég greiddi 54 rúblur í toll. Ég hafði að mestu eytt í tóbak því litla, sem ég hafði unnið mér inn í peningum, átti aðeins í fórum mínum fjórar eða fimm rúblur.

Ég talaði nú um þennan vanda við Rússa, sem með mér var í hvíldarskálanum. Hann lánaði mér 50 rúblur gegn því, að ég launaði greiðann með helming þess, sem væri í bögglinum. Daginn eftir fékk ég böggulinn. Hann mun hafa verið um þrjú kíló að þyngd. Opnaður hafði hann verið í Lenínsgarði, en ekki virtist mér,

að það, sem í honum var, hefði verið skert. Það voru meðal annars sætar tvíbökur, þurrmjólk og súkkulaði. Umbúðirnar utan um súkkulaðið sýndu, að böggullinn hafði verið sendur fyrir tilstilli Rauða krossins í Bandaríkjunum.

Rétt fyrir jólin fékk ég annan böggul. Þá þurfti ég ekki að borga í toll nema 48 rúblur. Ég hafði einhvern veginn aurað saman svo miklu fé, að ég gat komist af með 20 rúbla lán. Það fékk ég hjá einum af læknum, og sagði hann, að ég skyldi borga sér með hluta af því, sem böggullinn hefði að geyma. Í honum reyndist ekki eftir annað en lýsisflaska, lítið eitt af þurrmjólk og nokkrir molar af súkkulaði. Ég bauð læknum súkkulaðið. Hann tók einn mola og sagði: „Þetta súkkulaði er svo dýrt, að svona moli er fyllilega 20 rúbla virði.“

Ég varð mjög feginn lýsinu, treindi mér það lengi, tók aðeins nokkra dropa af því í einu. Og ég hugsaði með mér: Aldrei datt mér það í hug hér áður fyrrum, þegar ég var að ausa upp vel lifruðum þorskinum, að lýsið ætti eftir að verða mér svona dýrmætt!

Þeir fangar, sem voru í hvíldarskálanum, voru vegnir á hverjum laugardegi. Þeir þyngdust allir nema ég og ungur maður frá Úkraínu. Læknum fannst þetta undarlegt. Þeir fóru að halda, að við seldum af matnum okkar, og loks brugðu þeir á það ráð að láta okkur borða sér og hafa yfir okkur gæslumann. En ég þyngdist ekki að heldur. Einn af læknum réð mig þá til starfa í eldhúsinu, en þrátt fyrir það skyldi ég vera undir eftirliti lækna og vinnuhléi mínu ekki teljast lokið. Læknirinn sagði: „Þessi náungi er frá norðlægu landi. Þar venst fólkið meiri mat en þeir, sem eru aldir upp suður í Kaukasus eða í öðrum slíkum löndum.“

Ég var látinn sitja við að afhýða kartöflur og saxa gulrætur og grænkál í litlu herbergi inn af eldhúsinu. Þetta var létt og þrifaleg vinna, og ég fékk eins mikið af graut og súpu og ég gat í mig komið. Og nú fór ég að fitna, en samtímis hljóp í mig bólgulopi.

Þarna kynntist ég Lenu. Hún hefði getað verið norsk, var 28 ára gömul, en sýndist mun yngri. Hún var ljóshærð, augun stór og gráblá — og andlitsfallið og vöxturinn — allt var þetta hánorskt. Og það, sem verst var: hún kunni nokkur skil á Norðurlöndum.

Hím var frá Úkraínu. Maðurinn hennar hafði fallið í stríðinu. Haustið 1944 vann hún á samyrkjubúi að hirðingu á baunagrasi. Hún og tvær stallsystur hennar, sem báðar voru giftar og höfðu ekki langalengi frétt af bændum sínum, komu sér saman um að stinga undan einu knippi. Úr því fengu þær um það bil þrjú kíló af baunum. Þessi verknaður komst upp, og þær voru kærðar fyrir þjófnað á eignum ríkisins. Ef ein þeirra hefði tekið á sig alla skuldina, þá mundi láta nærri, að hún hefði fengið þriggja til fimm ára fangelsisdóm. En þær gengust allar þrjár við verknaðinum, og af þeim sökum varð hann mun alvarlegri. Þarna varð um að ræða samtök til þjófnaðar á eignum ríkisins, og ekkert er jafnháskalegt í augum Rússa og hvers konar samtök, — sama hvort samtökin eru fjölmenn eða fámenn. Konurnar voru allar dæmdar til fimmtán ára vinnu í fangabúðum.

Lena vann í eldhúsinu, og hún gerði sér oft erindi inn í herbergið, sem ég vann í ásamt öðrum fanga. Hann var Rússi. Hún var alltaf í góðu skapi, og mér féll vel við hana. Við röbбуðum margt, og dálítið kjáðum við og könkuðumst á, svona í sakleysi. Hún vissi svo sem engin ósköp um Norðurlönd.

Svo var það dag einn, þegar liðinn var nokkur tími frá fyrstu kynnum, að hún bauð mér að heimsækja sig í kvennaskálann, þá er störfum okkar væri lokið.

Í kvennaskálanum voru þá um það bil hundrað fangar. Rúm Lenu var í einu horninu. Hún hafði tjaldað fyrir það með gömlum ullarábreiðum, hafði þannig búið sér til eins konar kompu, sem hún hafði út af fyrir sig. Og þarna sátum við í ró og næði. Hún hafði tekið með sér úr eldhúsinu te, brauð og flot, og síðan átum við og drukkum.

Tíminn leið, og við hölluðum okkur út af á rúmið hennar og röbбуðum saman. Við kysstumst, og ég fann, að hún vildi gjarnan, að meira væri að gert. En ég treysti mér ekki.

Hún tók því vel.

Seinna, þegar vinnuhléi mínu var lokið, bauð hún mér til sín aftur og aftur. Og alltaf hafði hún handa mér eitthvað ætilegt, helst fiskstykki eða kjötbíta, sem hún vissi, að mér væri kærkomið nýnæmi. Í miðjum janúar 1945 var mér tilkynnt, að ég ætti að flytja í aðrar fangabúðir. Við Lena sáuðumst aldrei framar.

Einu sinni fékk ég kveðju, sem mér var sagt, að væri frá konu, er sæti í fangabúðum. Ég held, að kveðjan hafi verið frá Lenu.

Laktosero

LAKTOSERO HÉTU FANGABÚÐIRNAR, sem ég var fluttur í að þessu sinni. Þær voru alveg nýjar. Þar voru hús í smíðum, og sum af þeim, sem tekin höfðu verið í notkun, voru enn ekki fullgerð. Það var dragsúgur í matsalnum og eldhúsinu og einnig í sumum skálunum, en allt var hreint, og veggjalúsinn hafði ekki numið þar land.

Í Laktosero var ágætt baðhús. Þar fór ég í fyrsta skipti í gufubað, eftir að ég varð fangi. Þá var og haft strangt eftirlit með því, að réttlátlega væri skammtað. Brytinn kom iðulega til okkar í matsalinn, og ef einhver hafði orðið meira eða minna afskiptur, þá lét brytinn myndarlega til sín taka. Og þá er það komst upp, að brauðskurðarmaðurinn hafði dregið sér með klækjum af brauðskammti hvers einasta fanga, var honum þegar vikið frá störfum. En aðra refsingu mun hann ekki hafa hlotið. Á því var ekki tekið ýkjahart, þótt einhver starfsmaður stæli frá föngunum, en væri stolið af eignum ríkisins, þá var tekið ærið harkalega í taumana.

Ég var í vinnuflokki, sem hafði á hendi snjómokstur. Aðalstörfin voru skógarhögg, timburflutningar og timburvinnsla. Við áttum að halda greiðfærri brautinni frá skógarjaðrinum að fangabúðunum.

Hvergi í öllum þeim búðum, sem ég var í, var gæslan jafnslæg og í Laktosero. Það kom margoft fyrir, þegar við vorum að störfum, að við sáum engan af fangavörðunum. Þeir höfðu þá gengið afsíðis og tyllt sér niður til að rabba. Þrátt fyrir þetta var lengi vel ekki gerð ein einasta flóttatilraun. En þegar kom fram í apríl, struku tveir fangar, sem dæmdir höfðu verið fyrir brot á hinum almennu hegningarlögum. Eftir það var hert á varðgæslunni.

Einn af vinnufélögum mínum hafði verið yfirkennari við menntaskóla í Lenínsgarði. Hann hafði verið dæmdur fyrir þjófnað, en hallaði sér helst að okkur, sem hlotið höfðum dóm fyrir njósnir eða landráð. Góðvinur hans og nágranni í Lenínsgarði fluttist til smábæjar eins skammt frá borginni, varð þar umsjónarmaður vista-búrs. Tveimur árum eftir styrjaldarlokin fóru lektorshjónin í heimsókn til þessa vinar. Þau dvöldu þar vikutíma, og þegar þau fóru, stakk vinur þeirra að þeim smjörpinkli og dálitlu af öðrum matvælum. Þetta tók hann auðvitað af vistunum, sem honum hafði verið trúað fyrir. Á járnbrautarstöðinni gengu til hjónanna tveir menn úr MVD. Þeir voru hvorugur í einkennisbúningi. Þeir vildu fá að líta á skilríki hjónanna. Yfirkennarinn sýndi þeim vegabréf og sagði, hver hann væri — og þetta þarna var konan hans. Allt í einu vaknaði hjá MVD-mönnum áhugi á ferðatöskunni. Hvað voru þau með í henni? Ja, það var aðeins dálítið af matvælum. Nú var spurt, hvar matvælin væru fengin — og yfirkennarinn þóttist þegar skilja,

að þessir piltar spyrðu ekki af skorti á vitneskju. Hann sagði eins og var. Konan slapp, en yfirkennarinn var dæmdur í 15 ára fangelsi. Hvernig sem í því gat legið, hlaut vistastjórinn vægari dóm, var aðeins dæmdur til tíu ára fangelsisvistar.

Yfirkennarinn var geðugasti maður. Við töluðum mikið saman, og ég sagði honum allt af léttu um hagi mína. Hann sagði, að dómurinn, sem ég hefði hlotið, væri alrangur. Ég yrði að kæra til Æðsta ráðsins.

Ég var ekki nógu slyngur í rússnesku til að geta skrifað slíka kæru. Yfirkennarinn skrifaði hana fyrir mig. Ég gerði í stuttu máli grein fyrir öllu, sem á daga mína hafði drifið frá og með árinu 1940, lét þess getið, að ég hefði verið dæmdur í tíu ára fangelsi, og vegna þess, að ég hefði verið saklaus, hefði ég neitað að skrifa nafn mitt til viðurkenningar því, að ég sætti mig við dóminn. Loks óskaði ég, að mál mitt yrði tekið fyrir á ný. Ég fékk ekkert svar, meðan ég var í Laktosero — en loks var mér þó svarað.

Í öndverðum aprílmánuði veiktist ég. Ég varð svo máttlaus í handleggjunum, að ég gat ekki lyft þeim, var ekki einu sinni fær inn að klæða mig hjálparlaust. Ég fór til læknis, en í mér reyndist ekki sóttthiti, og ég varð að fara aftur til vinnu minnar.

En ég gat ekki gert handtak. Ég stóð aðgerðalaus allan daginn. Verkstjórinn skrifaði samt hjá mér þau vinnuafköst, sem svöruðu til þess, að ég fengi lágmarksskammt. En þegar þannig hafði gengið í þrjá, fjóra daga, kom hann til mín og sagðist ekki geta haldið þessu áfram, því auðvitað yrði hann að draga af þeim duglegustu þau afköst, sem hann skrifaði hjá mér, og síðan fengju þeir minni matarskammt en þeim bæri. Hann ráðlagði mér að halda kyrru fyrir í skálanum, þrátt fyrir það að mér væri neitað um sjúkravottorð. Hann skyldi tala máli mínu. Í Laktosero var ekkert sjúkrahús, svo að sjúklingar urðu að liggja í skálunum.

Næsta morgun fór ég ekki á fætur, þegar hinir voru kvaddir til starfa. Ég var sóttur og spurður, hvers vegna ég færi ekki til vinnu, og ég svaraði því til, að ég væri ekki vinnufær, ég gæti ekki lyft handleggjunum. En nei, nei, — sjúkravottorð gat ég ekki fengið, af því að ég hafði ekki sóttthita. Verkstjórinn var sóttur, og hann tók minn málstað, sagði, að ég hefði verið duglegur verkmaður og veikindi mín væru áreiðanlega engin uppgerð.

Þetta endaði vel. Ég var ekki settur í einangrunarklefa, og í rúminu lá ég óátalið. Eftir tvo, þrjá daga var ég síðan sendur á ný til Kodína.

Rauða deiglan

ÉG VAR EKKI NEMA einn dag í Kodína. Þaðan var ég fluttur til Klamosero. Þar voru ekki margir fangar, aðeins 600–800. Frá Kodína til Klamosero eru átta kílómetrar. Yfirlækninum í Klamosero hafði ég kynnst áður. Það var sá, sem forðum keypti buxurnar af Emil. Hann virtist verða glaður, þegar hann sá mig, og kvaðst hissa á því, hve mikið ég hefði lært í rússnesku. Læknarnir voru aðeins tveir. Þeir skoðuðu mig báðir. Ég veit ekki, hvaða niðurstöðu þeir komust að, en á viku tókst þeim að gera mig vinnufæran. Þeir báru á mig einhver smyrslis tvisvar á dag.

Ég var látinn vinna að vegarlagningu. Við lögðum marga kílómetra aðalveg, sem ætlaður var bílum, og út frá honum marga vegarspotta. Vegagerðin var þarna mjög með öðrum hætti en heima í Noregi. Við jöfnuðum vegarstæðið, felldum trjábúta í dældirnar. Síðan voru lagðir trjástofnar þvert yfir undirstöðuna — með þriggja metra millibili, og á þessa þverbíta voru negldir plankar. Loks voru trjástofnar festir á brúnir vegarins og eftir honum miðjum. Þessi vegur hlýtur að hafa kostað mikið fé.

Þegar ég hafði dvalið um hríð í Klamosero, fékk ég tilkynningu um það, að Æðstaráðið hefði neitað að láta taka mál mitt fyrir á ný. Það hafði fellt þann úrskurð, að hæfileg refsing fyrir afbrot mitt væri tíu ára vinna í fangabúðum. Fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott, hugsaði ég með mér, þegar mér voru tilkynnt þessi úrslit. Ef upp á því kynni að verða fundið að lengja refsitímann, þá gat ég þó skírskotað til þess úrskurðar sjálfs Æðstaráðsins, að tíu ára fangavinna væri hæfileg refsing. En annars mátti mér víst vera sama, hvort ég var dæmdur til tíu ára fangabúðavistar eða hundrað ára. Ég numdi ekki tóra nein tíu ár við svona aðbúnað. Og allan þann tíma, sem ég var í fangabúðum, var viðkvæðið það sama hjá félögum mínum: „Þú færð aldrei heimfararleyfi.“

Kringum Klamosero var dásamleg náttúrufegurð. Milli skógarásanna runnu silfurtærar elfur, og hér og þar blikaði á stöðuvötn með skógi vöxnum hólum og eyjum. Skógurinn moraði af orra og þiður, og einu sinni sáum við elgtarf standa í rjóðri skammt frá okkur.

Síðsumars var Emil fluttur til Klamosero. Þá höfðum við ekki sést í meira en ár. Hann var orðinn alger öryrki, en honum hafði samt liðið sæmilega. Hann hafði haft það starf á hendi að þrifa skála yfirmannanna, og þar hafði honum gefist margur aukabitinn.

Brátt tók að hausta, og síðan gekk veturinn í garð. Þá kom fótakuldinn til sögunnar. Þó að maður væri svo heppinn að fá nýjar skóhlífar, var það ekki einhlítt.

Skóhlífarnar voru með því vansniði, að snjórinn vildi fara ofan í þær, jafnvel þó að þær næðu upp fyrir ökkla. Eina bótin var sú, að maður vandist því að vera votur í fætur.

Einn morguninn var úthlutað sokkum, sem saumaðir voru úr gömlum vattfatnaði. Mér barst þetta ekki til eyrna fyrr en vinnuflokkarnir höfðu fylkt sér úti fyrir skálunum. Minn flokkur var venjulega einn af þeim seinustu úr garði, og ég stökk af stað, hugsaði með mér, að ég hefði nægilegt tóm til að sækja sokkana. En þegar ég kom aftur, voru félagar mínir farnir. Í þetta sinn höfðu þeir lagt upp einna fyrstir, hvað sem því kann að hafa valdið. Ég átti svo ekki annars úrkosta en ganga inn í skála.

Brátt var ég sóttur, og mér var borið það á brýn, að ég hefði orðið eftir til þess að koma mér undan vinnu. Ég sagði sannleikann, en mér var ekki trúað. Nú var farið með mig til læknis. Hann mældi í mér hitann, og þegar kom í ljós, að sótthita hafði ég ekki, var ég settur í einangrunarklefa. Þar húkti ég á nærfötunum. Úti var kalt, og lengstum skalf ég eins og hrísla. Þegar leið á daginn, var mér færður dálítill brauðhleifur. Annað fékk ég ekki matarkyns.

Næsta morgun voru mér færð fötin mín, og ég var látinn fara til vinnu. Ég þóttist heppinn að þurfa ekki að vera nema einn sólarhring í einangrunarklefanum. Sumir urðu að dúsa þar í fimm sólarhringa fyrir sama afbrot og ég hafði verið sakaður um. Sá, sem var oftast en þrisvar settur í einangrunarklefa á sama ári, gat átt á hættu fimm ára viðbótardóm.

Á áliðnu hausti var ég settur í vinnuflokk, sem hlóð trjástofnum á bíla. Snjór var á jörð, og einn daginn fann ég til lasleika. Það var hlaupinn í mig hrollur, og ég hafði beinverki. Lasleikinn ágerðist, og brátt varð ég svo máttvana, að ég var ekki til neinna verulegra átaka.

Um kvöldið fór ég til læknis. Læknarnir, sem ég þekkti, höfðu verið fluttir í aðrar fangabúðir. Sá, sem ég hitti, var nýkominn til Klamosero, og ég hafði heyrt, að hann væri harðjagl. Hann var erlendur, en ekki vissi ég, hvers lenskur hann var. Mikill var hann vexti og líkari nauti en manni. Hann mældi í mér hitann og sagði, að hann væri eins og hann ætti að vera. Ég þorði ekki að renna augunum á mælinn, því að mér hafði verið sagt, að vonlaust væri, að sá, sem það gerði, fengi sjúkravottorð hjá þessum náunga.

Hann felldi þann úrskurð, að ekkert væri að mér. Ég skyldi fara til vinnu minnar að morgni.

Um nóttina leið mér mjög illa. Ég hríðskalf og gat lítið sem ekkert sofið. Um morguninn fór ég aftur til læknisins. Það reyndist árangurslaust. Hann vildi ekki sinna mér, sagði, að ég skyldi aðeins halda til vinnu.

Ég fór inn í skálann og lagðist fyrir. Þegar vinnuflokkarnir voru farnir, kom eftirlitsmaðurinn og spurði mig, hvers vegna ég hefði ekki farið til vinnu með félögum mínum. Ég sagðist vera veikur, en læknirinn hefði neitað mér um sjúkravottorð. Jæja, þá bar eftirlitsmanninum skylda til að setja mig í einangrunarklefann.

Ég varð að fara úr ytri fötunum. Nærfötin voru skyrta og buxur úr lérefsti. Í glugga einangrunarklefans var engin rúða — aðeins járnrimlar, og úti var frost og fjúk. Ég hríðskalf, og síðan varð mér funheitt, allt of heitt. Aftur hljóp í mig skjálfti, og á ný fóru um mig hitaflög. Þetta skiptist á í sífellu. Loks tók ég að sljóvgast, var sem á mig rynni hálfgerð mók. Ég veit ekki, hve lengi ég hef verið búinn að húka þarna í klefanum, þegar dyrnar opnuðust og inn kom undirforingi í varðliðinu. Hann spurði mig af hverju ég hefði verið settur í klefann. Ég sagði honum allt af léttu.

Hann greip um úlnliðinn á mér. Síðan fór hann út, sagðist koma bráðum.

Að vörmu spori kom hann aftur, hafði sótt hitamæli. Hann stakk honum í handarkrikann á mér, settist niður, vafði sér vindling og rabbaði við mig á meðan. Síðan greip hann mælinn, leit á hann, opnaði því næst dyrnar og fór fram í ganginn, gaf mér merki um að koma á. eftir sér. Hann fékk mér fötin mín.

„Við skulum fara héðan,“ sagði hann.

Hann fór með mig í læknskálann, snaraðist sjálfur inn til læknisins, en lét mig biða í ganginum. Ég heyrði, að þeir ræddust við, en gat ekki greint orðaskil. Eftir stundarkorn komu þeir báðir fram til mín, og læknirinn sagði, að ég ætti að fara í sjúkrahúsið. En fyrst yrði ég að baða mig.

„Nei,“ sagði undirforinginn. „Það kemur alls ekki til mála. Hann verður að fá hrein nærföt og fara síðan í rúmið. Hann getur alltaf farið í baðið.“

Næsta morgun var hitinn 38,2 stig. En þá var mér mikið tekið að skána, og ég hafði fulla matarlyst. Eftir þrjá, fjóra daga var hitinn kominn niður í 37. Síðan fór hann mun lengra niður — og upp í 36 stig komst hann alls ekki.

Í sjúkraskálanum voru mörg smáherbergi. Í mínu vorum við átta. Þegar þeir, sem fyrir voru, heyrdu, að ég væri Norðmaður, fóru þeir að hlæja. Þarna bættist þá Norðmaður í hópinn. Síðan var mér þá sagt, að þarna væru samankomnir átta þjóðflokkar. Einn af félögum mínum sagði: „Hér er hún þá, sú rauða deigla, sem á að sameina öreiga allra landa — hér.“

Dag einn var bætt sjúklingi í herbergið. Hann hafði slasast við skógarhögg. Einhver varð til að spyrja hann, í hve margra ára fangelsi hann hefði verið dæmdur.

„Þriggja ára.“

Ha — þriggja ára? Allir risu upp í rúmunum og virtu hann fyrir sér. Hann hafði þá ekki verið dæmdur fyrir njósnir eða landráð?

Nei, — hann hafði verið sakfelldur fyrir brask. Og síðan sagði hann okkur alla sólaröguna.

Hann hafði verið háttsetur liðsforingi á styrjaldarárunum. Þegar hann var kominn á vígstöðvarnar, var konan hans flutt suður í Kákasus. Hún skrifaði honum og bað hann að sækja um hvíldarleyfi og koma í heimsókn. Og hím lagði ríkt á við hann að kaupa fataefni fyrir allt það fé, sem hann hefði handbært. Það var engin smáupphæð, sem hann átti í fórum sínum, og síðan renndi hann þá grun í, hvað

vekti fyrir konunni. Hann fékk leyfið og keypti öll þau fataefni, sem hann gat í náð. Hann fyllti tvö stóreflis koffort.

Þegar suður kom, sýndi það sig, að þar fengust engin fataefni. Hann hafði keypt metrann á 80 rúblur, — nú seldi hann á 800.

Hann fór oft í heimsókn til konu sinnar, og ekki skorti hann fé til innkaupanna. Og lengi vel var hann látinn í friði. Hann sagði okkur, að hann hefði þóst vita, að þessi viðskipti mundu enda með skelfingu. En hann hefði ekki getað stillt sig, verið orðinn haldinn eins konar gróðaæði. Við réttarhöldin sannaðist, að hann hefði grætt tvær milljónir rúbla á fatnaðarbraski.

„Já,“ sagði hann. „Það mundi ekki hafa verið of í lagt.“

Mér duttu í hug Lena og stallsystur hennar. Þær höfðu hlotið fimmtán ára fangelsisdóm fyrir að stela þremur kílóum af baunum — áttu að vinna í fangabúðum samtals 15 ár.

Þegar ég fór úr sjúkrahúsinu, var veturinn kominn í algleyming. Ég var kvaddur til sömu starfa og áður. Mér fannst vinnan mjög erfið. Þolið hafði minnkað, svo að ég þreyttist fljótt.

Emil vann aldrei útistörf. Fyrst eftir að hann kom, var honum falið að þrifa skála yfirmannanna. Síðan var hann látinn vinna við að þurrka fót fanganna. Ég kunni alltaf illa við þrengslin í svefnskálunum, og í nokkrar nætur svaf ég í þurrrhúsinu, eftir að Emil fór að vinna þar. Þar var svækjuhiti, og loftið var þrungið svitalykt og öðrum óþef.

Einn daginn frétti ég, að mann vantaði til starfa og umsjár í skála yfirmannanna. Ég sótti um starfið og var svo heppinn að fá það. Það reyndist argsamt og umsvifamikið, en ég fékk meira að borða en áður, og það var ærinn kostur. Er á meðan er.

Við Emil vorum saman á gamlárskvöld, reyndum að gera okkur það svo hátíðlegt sem tök voru á — eins og þarna var ástatt. Hinn 13. janúar 1949 var mér tilkynnt, að ég ætti ferð fyrir höndum. Milli fjörutíu og fimmtíu fangar skyldu sendir til Norður-Síberíu.

Emil grét, þegar við skildum. Hann sagði, að nú mundum við ekki framar sjást. Ég maldaði í móinn — en rök mín voru víst frekar léttvæg.

Sýnisbúðirnar í Kommandantskíj

FRÁ KLAMOSERO VAR OKKUR EKIÐ til Kodína. Þar fór fram læknisskoðun. Einn af læknum var kona, sem hafði séð mig, þegar ég kom í fyrsta skipti í þessar fangabúðir. Hún kvað upp þann úrskurð, að ég væri ekki nægilega hraustur til ferðarinnar. Ég yrði að minnsta kosti að dvelja um hríð í sjúkrahúsi, áður en ég væri sendur til Norður-Síberíu. Allir hinir voru taldir ferðafærir.

Ég var veginn, reyndist ennþá 54 kíló. Síðan var ég þá úrskurðaður í sjúkrahús. Þar átti ég að fitna. Eftir hálfan mánuð var ég veginn á ný og reyndist standa í stað. Þá var ákveðið, að ég skyldi fluttur til Kommandantskíj, aðalstöðva fangabúðanna í Jersóvahéraðinu. Kommandantskíj er 200 kílómetra í norðaustur frá Kodína.

Fangarnir, sem flytja skyldi, voru alls 20. Þegar við komum á járnbrautarstöðina, var leitað mjög vandlega á okkur. Síðan var okkur skipað inn í venjulegan fangavagn.

Okkur var sagt, að við fengjum ekki að fara á salernið nema einu sinni, meðan á ferðinni stæði. Oftast mun það hafa reynst fullnægjandi, því að slíkur svækjuhiti var í vagninum, að svitinn bogaði af okkur. En einn af rússnesku föngunum, sem farið hafði úr stígvélum sínum, þegar hann var kominn inn í vagninn, varð þó fjúkandi vondur, þá er hann fór í þau að ferðalokum, enda mun hann hafa vöknað meira en lítið í fætturna.

Landið kringum Kommandantskíj er mjög fagurt. Fangabúðirnar standa á hæð, og þaðan er sérlega víðsýnt. Umhverfis búðirnar er fallegur birkiskógur með greni- og furulundum á víð og dreif, og hér og þar blikar á stöðuvötn. Rétt hjá búðunum er járnbrautarstöð og kringum hana strjálíngur af húsnum, en nokkra kílómetra í burtu er þorp. Þar er almenningssjúkrahús. Þangað var eitt sinn farið með mig til gegnumlýsingar.

Í Kommandantskíj var sitt hvað á annan veg, bæði úti og inni, en í öðrum fangabúðum, sem ég hafði verið í. Hinar höfðu til dæmis verið girtar þriggja metra hárrí stauragirðingu, þar sem hver staurinn var við annan, en þarna var aðeins öflug gaddavírsgirðing, og gátu þeir, sem fram hjá fóru, séð inn á hið girta svæði.

Aðkomufangarnir voru allir settir í sóttkví. Þar voru fyrir um það bil hundrað fangar af fjölmörgum þjóðflokkum. Þar sá ég bæði Kínverja og Japana. Og þar hittu ég tvo Eistlendinga, sem verið höfðu samtímis mér í Klamosero og flúið þaðan snemma sumars. Við urðum mjög glaðir, þegar við sáuðst á ný, og þeir sögðu mér alla flóttasöguna.

Þeir höfðu búið sig lengi undir flóttann. Þeim hafði tekist að ná sér í dálítið af fleski og sykri, og einnig hafði þeim lánast að komast yfir eldspýtur og slíðrishníf,

og var hnífurinn svo öflugur, að með honum gátu þeir höggvið grannar greinar af trjástofnum. Þeir höfðu haldið sleitulaust áfram í þrjá til fjóra sólarhringa og stefndu í áttina til landamæra Finnlands. Þeim sóttist gangan furðu vel, og þeir voru orðnir mjög vongóðir um, að flóttinn mundi lánast. En þó að þeir hefðu treint sér fleskið og sykurinn eins og þeim var frekast unnt, þraut þá birgðirnar, þegar enn var langt að settu marki. Þeir tíndu ætisveppi, en sú fæða reyndist létt í maga. Þeir höfðu járnbrautarteina að vegvísi, urðu að halda sig svo nærri þeim, að þeir misstu aldrei sjónar á þeim lengi í einn. Dag einn sáu þeir, hvar hópur af kvígum var á beit í skógarjaðrinum. Skammt frá þeim sat drengur, sem auðsjáanlega átti að gæta þeirra. En hann var að tálga spýtu og var svo niðursokkinn í þetta föndur, að flóttamönnum tókst að skilja eina kvíguna úr hópnum, án þess að hann yrði þess var, og reka hana inn í skóginn. Þar svæfðu þeir hana með slíðrahnífnum. Síðan flógu þeir hana og nestuðu sig riflega. Síðar varð kartöfluakur á vegi þeirra, og þar öfluðu þeir sér birgða. Nú fannst þeim lífið brosa við sér.

Loks komu þeir að landamærunum. Þeir biðu næturinnar og héldu síðan af stað. Allt í einu gengu þeir fram á landamæravörð, og svo að segja á augabragði voru þeir umkringdir. Nóttin var svo björt, að ekki var nein von undankomu. Þegar þeir voru teknir höndum, höfðu þeir verið frjálsir menn í heilan mánuð.

Þeim var ekið til Kodína. Þar voru þeir settir í einangrunarklefa. Þeim leið þar sæmilega. Þeir fengu sama fæði og aðrir fangar, og þeim voru afhentir matarbögglar, sem þeim voru sendir að heiman. Þeir voru látnir dúsa í einangrunarklefanum í fjóra, fimm mánuði. Síðan var þeim birtur viðbótardómur. Hann hljóðaði upp á fimmtán ára fangelsisvist.

Nú voru þeir settir í vinnuflokk. En þegar verðirnir heyrðu nöfnin þeirra, neituðu þeir að taka ábyrgð á þeim. Næsta dag var þeim skipað í annan flokk. En þar fór á sömu leið. Þeir fengu að hafast við í svefnskálum sínum, meðan aðrir fangar voru við vinnu. Eftir hálfan mánuð voru þeir sendir í aðrar fangabúðir. En fregnin um flótta þeirra var komin á undan þeim, og þarna varð sama uppi á teningnum og í Kodína. Verðirnir töldu ekki neinn hægðarleik að gæta fanga, sem hafði tekist að hafast við heilan mánuð á mörkum úti. Nú fór Eistlendingunum að verða skemmt. Þeir gátu lifað rólegu lífi, án þess að á því yrði haft. Ekki stóð á þeim til vinnu. Loks voru þeir líka sendir á brott úr þessum fangabúðum, og nú sátu þeir í sóttkví í Kommandantskíj.

Annar Eistlendingurinn hafði verið sjálfbóðaliði í finnska hernum í Vetrarstríðinu. Hann fékk Rússa, sem svaf í næsta rúmi við hann, til að flytja sig. Síðan flutti ég í rúmið, sem losnaði. Þarna lágum við síðan og röbbuðum í ró og næði — og undum okkur sæmilega.

Annars var því ekki að heilsa, að þarna ríkti ávallt sátt og samlyndi. Ég og Eistlendingurinn vorum í nábýli við glæpahyski af versta tæi. Einu sinni varð félaga mínum það á að hrista þannig úr ábreiðunni sinni, að dálítið af reyktróbaki lenti á einum af skálkunum, þar sem þeir sátu að mat sínum. Hann varð þegar óður og

uppvægur, jós úr sér herfilegustu fúkyrðum og þreif síðan fjöl úr rúmbotninum og laust Eistlendinginn högg mikið milli herðanna. Eistlendingurinn var engin gufa. Hann brá sér út á gólfið, sló skálkinn og fylgdi duglega eftir. Þegar hinir skálkarnir sáu þetta, komu þeir til liðs við féлага sinn, og brátt átti Eistlendingurinn í höggi við sex eða sjö Rússa, er allir höfðu vopnað sig þeim bareflum, sem voru hendi næst. Þó að ég væri ekki til stórræða, hafði ég ekki skap til að sitja hjá. Ég var svo máttlaus í handleggjunum, að ég gat ekki neytt hnefanna að neinu gagni, en ég skallaði skálkana eftir bestu getu. Við félagar gættum þess að meiða ekki hvor annan, en Rússarnir voru svo óðir, að þeir hittu ekki síður landa sína en okkur. Þegar bardaganum lauk, höfðu þeir hlotið mörg meiðsli. Einn hafði nefbrotnað, og á öðrum lá annað augað úti á kinn. Úr mér brotnuðu framtennurnar, og Eistlendingurinn var kjálkabrotinn.

Dag einn var ég úrskurðaður í sjúkrahús. Læknirinn sagði, að ég væri ekki nema skinnið og beinin. Eins og annars staðar í fangabúðunum var þröngt í sjúkraskálanum, en þar var hreint og snyrtilegt. Skálinn var hólfaður í sundur í lítil herbergi. Ég var einn í rúmi, og í rúminu var rekkjuvoð og ábreiða, og var hvort tveggja hreint. Mér varð æ ljósara, að fangabúðirnar í Kommandantskíj skáru sig úr öðrum, sem ég hafði kynnst, og ég þóttist skilja, að þær mundu meðal annars ætlaðar til þess að hafa þær til sýnis.

Fyrsta kvöldið mitt í sjúkraskálanum var mér færð aukamáltíð. Það var stærðar brauðhleifur og baunir í skaftpotti. Ég spurði frá hverjum þetta væri, en mér var aðeins sagt, að það væri frá kunningja mínum. Ég var jafnnær, og þegar mér var borinn sami aukaskammtur kvöldið eftir, var ég dolfallinn. En síðar fékk ég vitneskju um, hver að þessu stóð. Það var læknirinn. Hann lét sér af einhverjum orsökum annara um mig en aðra, og á hverju kvöldi fékk ég aukaskammtinn, myndarlegan brauðhleif og um það bil lítra af baunum eða þykkum hafragraut.

Þegar þessu hafði farið fram í þrjár vikur, kom læknirinn til mín og sagðist verða að svipta mig aukaskammtinum, þar eð nú yrði fluttur í sjúkrahúsið fangi, sem væri enn magrari en ég. En ef ég vildi taka að mér að sinna um Litháa, sem væri svo þjáður af gigt, að hann gæti enga björg sér veitt, þá skyldi ég fá matarleifar úr eldhúsinu.

Litháinn fékk matarböggla að heiman og lét mér í té mikinn hluta af skammti sínum. Hann fékk líka peningasendingar, og stundum sendi hann mig til innkaupa. Við hliðina á sjúkraskálanum var búð, og þar var allmikið úrval af vörum. En dýrt var drottins orðið.

Ég var í sjúkrahúsinu í fjóra mánuði. Þegar ég var síðast veginn, reyndist ég 66 kíló. Ég hafði bætt við mig tólf kílóum. En talsverður lopi var í mér öllum.

Upp úr miðjum maí fór fram læknisskoðun á mér og mörgum af félögum mínum í sjúkrahúsinu. Hitinn í mér hafði í nokkra daga verið 37,6, en samt sem áður gaf læknirinn vottorð um, að ég þarfnæðist ekki lengur sjúkrahúsvistar. Og nú var okkur sagt, að frá Kommandantskíj ætti að flytja alla þá fanga, sem dæmdir

hefðu verið fyrir njósnir eða landráð. Við ættum að fara suður á bóginn, og þeir, sem fyndist þeir vera lasnir, mundu hressast, þegar suður kæmi. Þar væri betra og hlýrra loftslag — og vinnan yrði létt og þægileg.

Við, sem áttum að fara suður á bóginn, vorum fluttir í skála, sem var mikið grafinn í jörð og í honum moldargólf. Við fengum engin sængurföt, en það kom ekki að sök, því að nú var tekið að hlýna í veðri.

Daginn eftir kom fangi og spurði, hvort nokkur okkar væri fáanlegur til að höggva í eldinn handa matsveininum. Ég var sá eini, sem gaf mig fram. Þetta var ein sönnun þess, að fangabúðirnar í Kommandantskíj voru mjög sérstæðar. Ef beðið var um mann til aðstoðar í fangabúðunum í Kodínahéraðinu, þá stóðu fangarnir í biðröð. Það kom jafnvel fyrir í Kommandantskíj, að fangar gengu frá leifðu.

Mig iðraði þess ekki, að ég tók að mér viðarhöggið. Ég hafði ekki staðið við höggstofninn nema hálf tíma, þegar yfirmatsveinninn kom og spurði, hvort ég væri svangur. Ju-ú, ekki neitaði ég því. Hann færði mér þá vænt stykki af selkjöti og hafragraut í stærðarfati. Ég gerði þessu hvoru tveggja fyllstu skil. Eftir hálf tíma kom hann á ný og spurði mig, hvort ég vildi meira. Ég þakkaði gott boð. Og á þessu gekk, meðan ég vann að viðarhögginu.

Á fimmta degi barst okkur boð um að búast til ferðar. Ég fór og kvaddi Eistlendinginn. Hann lá enn í sárum sínum. Ennþá var hann bólginna í framan. Kjálkabrotið var ekki að fullu gróið. Hann var þó orðinn verkjalaus.

„En ég kvarta öðru hverju undan verkjum,“ sagði hann brosandi, „og er að vona, að ég fái að vera hérna fyrst um sinn.“

Fundum okkar bar ekki oftast saman.

Suður á bóginn

JÁRNBRAUTARLESTIN, SEM ÁTTI að flytja okkur suður á bóginn, fór frá Kommandantskíj síðari hluta dags. Nestið var eins og vanalega — brauðhleifur og dálítið stykki af hráum saltfiski.

Ferðin tók næstum sólarhring. Vagninn, sem við vorum í, var skilinn eftir af lestinni í útjaðri Moskvu. Eftir stundarkorn opnuðust dyrnar, og okkur var hleypt út. En það, sem við sáum af borginni, var ekki glæsilegt eða uppörvandi. Við okkur blöstu sorphaugar og dyngjur af brotajárni. En okkur gafst ekki mikið tóm til að svipast um. Við vorum í snatri látnir fara inn í tvo lokaða vörubíla. Þar urðum við að standa hlið við hlið í kolsvarta myrkri, meðan ekið var um Moskvu. Ég get ekki gert mér grein fyrir því, hve lengi var ekið. Þrengslin voru svo mikil og loftið svo vont, að ég vissi varla af mér. Sumum veittist erfitt að halda sér uppréttum, og einn féll í öngvit, þegar við loks komum undir bert loft. Það var í fangelsisgarðinum í Krasnyj Pres.

Þar stóðum við óratíma, meðan verðirnir, sem höfðu fylgt okkur, og starfsmenn fangelsisins skoðuðu skjöl og skilríki. Þeim virtist bera eitthvað á milli, og þeim hitnaði auðsjáanlega í hamsi. Að þessu sinni leit út fyrir, að leiðin inn í fangelsið ætlaði að reynast okkur þröng. ...

Loks var farið með okkur upp stiga og inn í langan gang. Þar var leitað á okkur mjög grandgæfilega. Síðan var okkur skýrt frá því, að þeir, sem væru veikir, gætu fengið að fara til læknis. Ég og finnskur fangi urðum sammála um að gefa okkur fram. Ég var hreint ekkert illa haldinn, en ég hugsaði sem svo, að varla gæti leitt af því neitt illt, að lækni skoðaði mig, og ef til vill gæti ég haft eitthvað gott af því.

Læknirinn reyndist vera roskin kona. Hún var ljúf í viðmóti og hýrleg, minnti á myndarlega bóndakonu. Hitinn í mér var 38 stig og 38.2 í Finnanum. Konan hringdi þegar í stað í símann, og brátt kom einn af vörðunum. Það var undirforingi. Konan sagði, að við hefðum háan hita og ættum að fara í sjúkrahús. Undirforinginn hélt því fram, að margir af föngunum væru veikari en við, en konan lét sig ekki.

Undirforinginn fór með okkur út í ganginn. Þar tók hann okkur tali, sagði, að hann réði okkur frá að fara í sjúkrahús. Við yrðum viðskila við félagar okkar — og í sjúkrahúsinu mundum við ekki fá graut og súpu eins og hinir fangarnir, heldur einungis brauð. Þannig væri þessu háttað í fangelsinu. Hann sagði, að nú skyldum við sitja svo sem klukkutíma þarna, í ganginum og síðan fara aftur inn til læknisins.

Okkur fannst það allótrúlegt, sem undirforinginn sagði okkur, en samt sem áður tóku að renna á okkur tvær grímur. Ef við yrðum viðskila við ferðafélaga okkar,

var ekki víst, hvað um okkur yrði. Ef til vill yrðum við sendir norður eftir — til Síberíu. Við urðum loks ásáttir um að fara að ráðum undirforingjans.

Við sátum klukkutíma í ganginum, og síðan drápum við á dyr hjá læknum. Hún tók okkur vingjarnlega og spurði, hvað okkur væri á höndum. Við kváðumst vera orðnir mun hressari en við hefðum verið. Hún rétti okkur hitamæla og fór svo að hyggja að einu og öðru og gaf okkur ekki neinar gætur, meðan við mældum okkur. Og þá er við fengum henni mælana, sýndi það sig, að hvorugur okkar hafði sóttthita.

„Þið hafið bara verið þreyttir eftir ferðina,“ sagði hún, og síðan afturkallaði hún fyrirmæli sín.

Undirforinginn fór nú með okkur upp á þriðju hæð. Þar lauk hann upp dyrum. Þeir, sem inni voru, mótmæltu því harðlega, að fjölgað yrði í herberginu. Og þeim var varla láandi. Raunar var herbergið ærið stórt, en þar voru líka fyrir 86 manns. Undirforinginn sagði ekki neitt, en ýtti okkur inn úr dyrunum og skelti síðan í lás.

Þarna inni var svækjuhiti, og þó voru engar rúður í glugganum, og fyrir honum voru hvorki járnrimlar né vírnet. Rúmbálkar voru ekki í herberginu handa nándar nærri öllum, sem þar hafði verið troðið inn, og við, sem komum síðastir — og raunar margir aðrir — urðum að liggja á gólfinu. Vegna hitans fórum við úr öllu að ofanverðu og lágum síðan hlið við hlið.

Úr glugganum var útsýni yfir nokkurn hluta Moskvu, en ekki máttum við standa við gluggann og horfa út. Verðirnir höfðu á okkur gætur gegnum gægjugatið á hurðinni, og ef þeir sáu okkur við gluggann, opnuðu þeir dyrnar og hótuðu að setja fyrir hann hlera.

Maturinn var mjög sæmilegur. Við fengum grjónagraut og súpu, sem í var bæði kjöt og makarónur.

Meiri ró og háttvísi í orðum og athöfnum ríkti þarna í fangaklefanum þrátt fyrir þrengslin en í fangelsum og fangabúðum í norðurhéruðunum. Fangarnir lentu sjaldan í karpi, og engir höfðu í frammi ofbeldi.

Um júní vorum við fluttir á brott. Áður en ferðin hófst, urðum við að híma marga klukkutíma í fangelsisgarðinum. Leiðin út úr þessu fangelsi reyndist ekki síður ógreið en aðkoman.

Fangabúðir nr. 18

VIÐ FÓRUM FRÁ MOSKVVU að kvöldi dags hinn 16. júní 1949 og komum fyrir hádegi daginn eftir á járnbrautarstöðina í Potma í Mordóvíu. Frá stöðinni var ekki nema rúmur kílómetri til fangabúðanna. Þær voru kallaðar fangabúðir nr. 18.

Að lokinni nákvæmri rannsókn vorum við settir í sóttkví. Ég lenti í klefa með tíu, tólf öðrum föngum. Mikill meirihluti af þessum hóp var frá þeim héruðum Úkraínu, sem lotið höfðu Pólverjum. Flestir þessara Úkraínubúa höfðu verið dæmdir fyrir mök við skæruliða og sumir ekki að ósekju. Allt fram á árið 1949 börðust skæruliðahópar gegn Rússum í Vestur-Úkraínu.

Seinna hitti ég bæði Eistlendinga og Litháa, sem höfðu verið dæmdir fyrir aðstoð við skæruliða. Lithái, sem var lengi í sama vinnuflokki og ég, sagði mér sitthvað frá skæruliðunum í Litháen. Þeir voru víst talsvert fjölmennir í hans héraði. Hann hafði verið smábóndi, og dag einn, þegar hann fór út í skóg til viðarhöggs, rakst hann á hóp af skæruliðum í einu rjóðrinu. Þeir höfðu kveikt þar bál og sátu í makindum kringum eldinn. Þeir urðu hans þegar varir, tóku hann höndum og drógu hann að bálinu. Hann bjóst nú ekki við öðru en dauða sínum, enda létu skæruliðarnir ófriðlega. Hann þekkti þá suma, en þeir ógnuðu honum engu síður en hinir. Einn úr hópnum greip stærðar sveðju og tók að brýna. En loks var bóndanum sleppt, enda sór hann þess dýran eið að segja ekki nokkrum manni frá þessum samfundum. Síðan var það eitt sinn að kvöldlagi, að heim til hans komu tveim menn úr öðrum skæruliðahópi og báðu hann að geyma fyrir sig yfir blánóttina dálítið af vistum. Hann gat ekki fengið af sér að synja þeim um þennan greiða. Nokkrum klukkutímum síðar var hann handtekinn. Hann var dæmdur í átta ára fangavinnu.

Í sóttvarnarskálanum voru margir Þjóðverjar. Þeir voru ekki stríðsfangar, en höfðu verið handteknir eftir styrjaldarlok og dæmdir fyrir njósnir.

Við sátum í sóttkví í þrjár vikur, en síðan var okkur skipað í vinnuflokka. Okkur voru fengin hrein nankinsföt í stað fataræflanna, sem við höfðum verið í, og ennfremur vandaðir leðurskór með gúmsólum. Það var mikill munur á þessum fótabúnaði og þeim, sem við höfðum átt að venjast í fangabúðunum fram að þessu.

Í búðunum voru nærfellt þúsund fangar. Allir höfðu þeir verið dæmdir fyrir landráð eða njósnir. Verðirnir voru þarna allir úr MVD og varslan nokkru strangari en ég átti að venjast. Í norðurhéruðunum var mikið að því gert að smygla bréfum milli fangabúðanna. Þetta hafði verið mér plága. Alltaf hafði ég verið beðinn fyrir bréf og ekki kunnað við að neita, en mig langaði sannarlega ekki til að lenda í ein-

angrunarklefa fyrir bréfaburð. Ég lenti þó aldrei í klandri af þessum sökum. Það var ekki leitað vandlega í fötum mínum, þegar ég hafði verið fluttur úr einum búðum í aðrar. Þarna syðra hefði það verið fásinna að taka að sér bréfaburð. Rannsóknin var svo nákvæm, að ekki hefði verið unnt að leyna nokkru bréfnisfi. Einmitt bréf — almennt allt skrifað eða prentað — var eitru í beinum Rússa. Við hefðum engu frekar getað smyglað slíku heldur en sprengiefni.

Í nokkra daga vann ég við ýmislegt smáútl í sjálfu fangabúðahverfinu, en síðan var ég settur í 1. vinnuflokk. Hann vann þá vinnu, sem var talin erfiðust, tók á móti kolum úr járnbrautarvögnum og fyllti þá aftur af gjalli. Þetta var sú léttu og þægilega vinna, sem mér hafði verið heitið.

Annars var að mörgu leyti gott að vinna í þessum flokki. Verkstjórinn var góður drengur og mjög ráðvandur. Honum varð ekki mútað, og hann dró ekki af neinum það, sem þeim bar. Ég er viss um, að ég hef aldrei komist niður úr 60 kílóum, meðan ég vann í þessum flokki.

Síðsumars unnum við að timburhleðslu. Tíminn leið. Dag einn var ég kvaddur í skrifstofu fangabúðastjórans. Þar sat maður í einkennisbúningi höfuðsmanna MVD. Hann vísaði mér til sætis, bauð mér vindling og var hinn alúðlegast. Hann blaðaði síðan um hríð í skjölum, og ég sat þarna og vissi ekki, hvaðan á mig stóð veðrið. Síðan vék hann sér allt í einu að mér og sagði ósköp rólega og blátt áfram, að ég skyldi nú ekki vera lengur með nein látalæti, en gangast hreinlega við því, að ég hefði verið njósnari Þjóðverja á styrjaldarárunum.

Ég varð hreint ekkert hvumsa. Ég var orðinn ýmsu vanur hjá MVD. Ég sagði, að ég hefði reynt að vinna Þjóðverjum allt það ógagn, sem ég hefði getað. Ég hefði verið dæmdur fyrir að ljóstra upp við norsk yfirvöld í Svíþjóð leyndarmálum, sem vörðuðu Ráðstjórnarríkin. Hann kvað þetta ekki geta verið rétt, því þá hefði ég ekki verið dæmdur eftir þeirri lagagrein, sem skírskotað væri til í þeim plöggu, er hann hefði í höndum. Síðan lagði hann frá sér skjölin og sagði, að hann mundi víkja að þessu síðar. En hann kvaddi mig ekki oft á sinn fund.

Dag einn rakst ég þarna á mann, sem talaði hreina norsku. Hann var fæddur í Rússlandi, en foreldrar hans fluttust með hann til Þýskalands, meðan byltingin stóð yfir. Seinna lenti hann til Noregs, tók þar skipstjórapróf og kvæntist norskri stúlku. Árið 1946 fór hann að heimsækja föður sinn, sem var búsettur í Austur-Þýskalandi. Þar voru þeir báðir handteknir og sakaðir um njósnir. Sjálfur var hann dæmdur í fimm ára fangavinnu, en faðir hans fékk fimm sinnum strangari dóm. Hann hafði ekki hugmynd um, hvar gamli maðurinn var niður kominn.

Þessi maður átti að fá frelsi árið 1951, en vorið 1952 rakst ég aftur á hann í fangabúðunum nr. 18. Þá stóð til að senda hann eitthvað austur í Síberíu.

Eitt sinn um haustið vorum við látnir vinna við það á járnbrautarstöðinni að hlaða á vagna kössum, sem í var ýmiss konar vefnaðarvara. Þarna komst ég yfir renning af þunnu gluggatjaldaefni og hugsaði mér að nota hann sem handklæði. Hann var ekki meiri fyrirferðar en svo, að ég gat troðið honum í brjóstvasa minn.

Vanalega var leitað mjög lauslega á okkur, þegar við komum í fangabúðirnar frá vinnu. En þetta kvöld var auðsætt, að eitthvað sérstakt hafði komið fyrir. Ég sá, að sumir af þeim, sem á undan mér voru rannsakaðir, urðu að fara úr skónum og aðrir voru látnir klæða sig úr öllum fótunum.

Þegar röðin kom að mér, snaraðist ég úr jakkanum og fleygði honum frá mér. Vörðurinn leitaði síðan á mér, þreifaði í handarkrikana og milli fótanna, en fann ekki neitt. Hann sagði því næst, að ég mætti fara í jakkann. En svo tók hann eftir því, að jakkinn bungaði út öðrum megin á brjóstinu, og nú var ekki að sökum að spyrja.

Mér var leyft að ganga til skála með félögum mínum, en eftir svo sem klukkutíma var ég kallaður í varðstofuna. Þar sátu tveir af yfirmönnum fangabúðanna. Þeir vildu fá vitneskju um, hvaðan mér væri kominn renningurinn. Jú, ég sagðist hafa hnuplað honum. Þeir spurðu, hvort einhver, sem ætti heima utan fangabúðanna, hefði gefið mér hann.

„Nei,“ svaraði ég. „Ég get engum um kennt nema sjálfum mér.“

Hvort ég ætti mér nokkra afsökun? spurðu þeir.

„Ég hef verið fangi í fimm ár,“ sagði ég, „en ennþá hefur mér ekki verið fengið neitt handklæði. Ég tók þessa pjötlu af því, að mér fannst ég þurfa á henni að halda. Ég á mér enga aðra afsökun en þá, að mig langar til að geta strokið framan úr mér mestu óhreinindin.“

Þeir spurðu mig, hvort ég væri góður verkmaður. Ég sagði, að þeir skyldu spyrja verkstjóran að því. Annars fengi ég vanalega talsverðar uppbætur. Þeir báru nú saman ráð sín, og annar þeirra stakk upp á, að þeir lofuðu mér að halda renningnum. En hinn gat ekki samþykkt þann endi málsins, þar eð kært hefði verið yfir því af járnbrautarstöðinni, að einn af föngunum hefði stungið einhverju á sig.

„En,“ bætti hann síðan við, „það er nú engin ástæða til að setja hann í einangrunarklefa fyrir ekki meira en þetta, svo ærlegur sem hann er.“

Tartararnir voru öllum öðrum fremri í því að lauma ýmsu inn í fangabúðirnar. Þó að leitað væri ærið vandlega á okkur öllum, skyldu þeir oft og tíðum, þegar í skálann var komið, sýna okkur eitthvað, sem þeim hafði tekist að leynd fyrir vörðunum. Stöku sinnum stakk ég líka einhverju á mig, en ég gerði það aldrei nema ég vissi, að við hliðið stæði vörður, sem væri okkur hliðhollur.

Helst var það mjöllúka eða grjónahnefi, sem ég laumaði inn í fangabúðirnar. Einu sinni gerði ég félag við einn af Tartörunum. Þá smygluðum við það miklu af mjöli, að við gátum fjórum sinnum eldað okkur fullan skaftpott af graut. Ég var ekki sá klaufi eða beinasni, að ég gæti ekki lært.

Í reglugerðinni var bannað, að fangarnir þægju gjafir af almenningi, og fólk gaf okkur sjaldan neitt, enda héldu margir af föngunum því fram, að við nytum meira og betra fæðis en þeir, sem væru utan við gaddavírsgirðinguna. Stundum kom það þó fyrir, að einhver af almenningi reyndi að lauma að okkur einu eða öðru matarkyns, og ef við vorum látnir vinna eitthvað fyrir fjölskyldur, sem bjuggu

þarna í grenndinni, baðst húsmóðirin stundum leyfis varðanna til þess að færa okkur mat. Sumir svöruðu játandi, en aðrir synjuðu.

Í nokkra daga vorum við látnir vinna við að stækka og endurbæta fjós á samyrkjubúi, sem var fjóra kílómetra frá fangabúðunum. Fyrsta daginn fengum við þarna mat með leyfi varðanna. En í þessum fangabúðum var daglega skipt um verði til þess, að ekki tækist kunningsskapur með þeim og föngunum, og næsta dag lögðu verðirnir blátt bann við því, að okkur væri borinn matur.

Nokkrar konur unnu þarna á samyrkjubúinu, og einn daginn gafst okkur tækifæri til að rabba við þær. Við spurðum þær, hvernig viðurgjörningurinn væri. Jú, hann var svo sem bærilegur. Þær fengu bæði smjör og mjólk, og þá var nú ef til vill nóg af brauðinu. Þær voru illa til fara, í óhreinum og götöttum fataræflum.

Einn af okkur félögum kunni tartarísku. Hann hitti þarna unga Tartarastúlku. Hún var svört á brún og brá. Hún sagði honum, að þær fengju stöku sinnum mörk af mjólk, en stundum gæti liðið hálfur mánuður á milli, og smjör hafði hún ekki séð, síðan hún fór að vinna þarna. Og það var síður en svo, að þær fengju nægju sína af brauði, en sem betur fór var nóg af blessuðum kartöflunum, sagði hún.

Einn morgun fórum við óvenjuseint til vinnu, enda hafði staðið þannig á kvöldið áður, að við höfðum verið að ljúka verki og unnið mjög lengi fram eftir. Klukkan mun hafa verið um hálfnú, þegar við lögðum af stað úr fangabúðunum. Á leiðinni fórum við fram hjá tveimur 8–9 ára drengjum, sem röltu eftir veginum með skólatöskur undir hendinni. Vanalega var þess gætt, að almenningur yrði ekki á leið okkar í eða úr vinnu, en verðirnir skiptu sér ekkert af þessum snáðum. Síðan heyrði ég þá, að annar drengurinn sagði: „Það er alltaf sama hungursneyðin í Ameríku. Hvenær skyldi fara að skána hjá þeim þar?“

Á nýársdag 1950 fann ég fimm rúblna seðil, þegar ég var við vinnu mína á járnbrautarstöðinni, og tókst að stinga honum á mig, án þess að verðirnir sæju. Mér fannst þetta heill fjársjóður, því að í þessum fangabúðum kostaði reytóbakspakkinn ekki nema 90 kopeka (9/10 úr rúblu).

Um kvöldið sagði ég skólafélögum mínum frá þessum fundi. Þeir fræddu mig á því, að það væri frábært lánsmerki að finna peninga á nýársdag, og þá sérstaklega seðla. Ja, þvílíkt lán!

Ég er ekkert hjátrúarfullur. En samt sem áður kviknaði hjá mér örlítil vonarneisti. Ef til ætti það seint eða síðir fyrir mér að liggja að njóta lífsins sem frjáls maður á nýjan leik.

Land þolinmæðinnar

ÉG VAR HÁLFT ANNAÐ ÁR í þessum fangabúðum, var fluttur þaðan í janúar 1951. Ég man ótrúlega fátt frá árinu 1950. Þegar dagarnir eru hver öðrum líkir, renna þeir iðulega saman í eina heild. Snemma um vorið vorum við látnir sækja lítill birki- og linditré út í skóginn og gróðursetja þau umhverfis skálana. Við ókum þeim þangað á hjólbörum. Þegar ég sá þau síðast, sumarið 1953, voru þau orðin furðu stór og falleg.

Eins og í öllum öðrum fangabúðum í Rússlandi voru skálarnir þarna úr timbri, sem húðað var með leir og sandi. Húðunin var ekki varanleg. Eftir tvo, þrjá mánuði tók hún að flosna af bjálkunum, og þá urðum við að klína á þá nýju lagi af leir og sandi. Þegar við vorum að ljúka viðgerð á einum bragganum, var húðunin hrinin af öðrum.

Í flestum þeim fangabúðum, sem ég var í, voru herbergin svo stór, að þau voru ætluð 200 föngum. Í þessum fangabúðum voru þau minni, einungis ætluð 40–60 manns. Skálarnir stóðu á stólpum, utan á stólpana höfðu verið negldir plankar og upp með þessu plankapili hrúgað sandi og gjalli. Á annarri hlið skálanna í þessum fangabúðum var verönd. Undir þakskeggi þessara veranda átti sér hreiður fjöldi af svölum. Ég taldi 68 hreiður undir þakskeggi einnar einustu verandar. Í öllu fangabúðahverfinu munu hafa verið þúsundir af svölum.

Þetta ár vann ég einkum við að afferma járnbrautarvagna og flytja vörur til birgðastöðva, sem voru einn kílómetra frá fangabúðunum. Þar var stærðar jarðhús og margar og stórar vöruskemmur. Kringum þessar stöðvar var há og rammger gaddavírsgirðing. Til Potma komu lestir með mjöl og kartöflur, sem áttu að fara í hin miklu forðabúr. Eitt sinn komu 80 smálestir af mjöli í einu. Þetta var seint á sunnudegi, og í rauninni var vinnutími okkar liðinn. En mínum flokki, sem í voru þá aðeins tólf manns, var skipað að afferma lestina og koma mjölinu undir þak. Fyrst bárum við pokana úr vögnunum inn í vogarskálar, og síðan roguðum við þeim inn í skemmu — og hlóðum þeim þar. Hlaðinn var tveggja metra hár. Þetta var erfið vinna. En sumir af pokunum höfðu rifnað, og við úðuðum í okkur hráu mjölinu. Við vorum því ekki sársvangir, þegar við komum í fangabúðirnar, en þar fengum við ekki einungis venjulegan kvöldverð. Það lá svo vel á skömmunarstjóranum, að hann skipaði matreiðslumönnunum að bera fyrir okkur leifarnar úr eldhúsinu — og loks lét hann dreifa svo miklu af gulrótum, að meira en hálf tylft kom á mann.

Þegar haustaði, var minn vinnuflokkur látinn taka upp kartöflur á samyrkjubúi, sem var ærinn spöl frá fangabúðunum. Þar unnu líka konur úr öðru búðahverfi.

Í Mordovíu voru aldrei karlar og konur í sömu búðum, nema í sjúkrahverfinu, og þar var hvort kyn út af fyrir sig og þess vandlega gætt, að engin mök væru þar á milli.

Kartöfluakrarnir voru á við og dreif um skóginn. Dag einn, nokkru fyrir mið-aftan, höfðum við lokið við að taka upp úr einum akrinum. Hvorki fangar né verðir höfðu klukkur, en auðsætt var á sólinni, að starfsdagurinn var ekki liðinn. Hins vegar fannst bæði verkstjóra okkar og kvennanna, að vart tæki því að flytja sig á annan akur. Þeir báru þetta undir verðina, og þeir voru sammála. Síðan varð þá að ráði að halda í ártina til fangabúðanna. Ef við færum okkur nógu hægt, mundum við koma þangað á venjulegum tíma.

En þegar við vorum komin dálítið áleiðis, þótti auðsýnt, að við værum of snemma á ferðinni. Þá var ákveðið, að hóparnir tylltu sér niður í dálitlum skógarlundi og dveldu þar um hríð. Ég og nokkrir aðrir af félögum mínum lentum mjög nærri kvennahópnum. Það murraði í einum verðinum, en þegar við breikkuðum bilið ofurlítið milli okkar og kvennanna, lét hann við svo búið standa.

Ég gaf mig á tal við stúlku um tvítugt. Hún var afar þeldökk og sérlega hárprúð, hárið tinnusvart og mjög bláfagurt. Ég spurði hana, hverrar þjóðar hún væri. Hún kvaðst vera Tartari, fædd og uppalin í Bessarabíu.

„Hvernig stendur á, að þú, svona falleg stúlka, hefur verið sett í fangabúðir?“ spurði ég.

Hún brosti, en gaf ekkert út á þetta. Síðan spurði ég, til hve margra ára fangavistar hún hefði verið dæmd. „Tuttugu og fimm ára,“ svaraði hún.

„Það er langur tími,“ sagði ég.

„Já,“ sagði hún. „Tuttugu og fimm ár eru langur tími, en bróðir minn verður að vinna alla ævi á samyrkjubúi.“ Hún var mjög alvarleg, þegar hún sagði þetta.

Í september fékk ég eftirvinnu í eldhúsinu fyrir tilstilli verkstjórans. Eldhússtörf-unum var sjaldan lokið fyrir miðnætti, og stundum varð ég að vinna til klukkan tvö og þrjú. Stöku sinnum var ég að verki, uns hringt var til útistarfanna. Þá varð ég að fylgja mínum vinnuflokki. En í eldhúsinu fékk ég graut og súpu eins og ég gat í mig látið. Starfsfólkið kallaði mig alltaf gamla manninn. Þá var ég þó ekki orðinn fertugur.

En á við suma af þeim, sem voru í fangabúðunum, var ég raunar talsvert roskinn. Lithái, sem hafði verið í búðum nr. 8, sagði mér, að þar hefði unnið í eldhúsinu tíu–ellfu ára drengur, mjög lítill eftir aldri. Hann og tveir aðrir drengir höfðu verið dæmdir í tuttugu og fimm ára fangavinnu fyrir að skrifa og setja í póst barnalegt og meinlaust umkvörtunarbréf til Stalíns. Mér fannst þetta mjög ótrúlegt og spurði aðra fanga, sem höfðu verið í búðum nr. 8. Þeir staðfestu sögu Litháans.

Seint á jólafoðstunni varð ég veikur. Ég fékk ákafa magaverki og kastaði upp blóði. Þetta byrjaði, þegar ég var að bisa við kassa, sem var afar þungur. Ég fór í sjúkrahúsið og lenti þar á lækni, sem var risi á vöxt og mjög svolalegur. Hann nuddaði á mér kviðinn af öllu afli. Mér lá við að hljóða, en gat stillt, mig. Þegar

læknirinn hætti, sagði hann, að mín magaveiki væri helber ímyndun. Ég hefði ekki þolað þessa meðferð, ef ég væri veill í maga.

Ég hætti að vinna í eldhúsinu og skrifaði bréf, þar sem ég baðst þess, að tekin væri af mér röntgen-mynd. Síðan leið og beið, uns yfirlæknirinn í sjúkrahúsinu kom og átti tal við verkstjóran yfir mínum vinnuflokki. Yfirlæknirinn var nú frjáls maður, en hafði verið fangi í tíu ár. Þá er hann talaði við verkstjóran, var ég viðstaddur. Verkstjórinn gerði grein fyrir veikindum mínum og skýrði frá því, hvaða meðferð ég hefði sætt. Yfirlæknirinn brosti út í annað munnvikið, sneri sér að mér og sagði: „Þetta er allt í lagi, — þú átt bráðum að fara hédan.“

Á aðfangadag jóla vorum við látnir flokka kartöflur. Ég stakk nokkrum á mig og tókst að leyna þeim fyrir verðinum, sem stóð við hliðið. En þegar ég var að steikja þær í ofninum, fékk ég kvalir í magann. Ég hafði enga lyst á kartöflunum, og skammtinn minn gaf ég þetta kvöld.

Einu sinni veturinn 1950 vantaði okkur sólarolíu á geyminn í bátnum. Jú, jú, — það var sjálfsgat að láta okkur fá olíuna. Við skyldum koma á vörubíl — en það yrði að vera strax.

Við af stað, og síðan sátum við og biðum í fulla tvo klukkutíma. Þennan dag var mjög kalt, og þegar leið á biðtímann, var ég orðinn argur og sagði við túlkinn, sem með okkur var, að mér þætti hart, að við skyldum þurfa að bíða þennan óratíma. Hann var ósköp rólegur, sagði aðeins brosandí: „Eta sírana terpenje,“ — þetta er land þolinmæðinnar.

Í öndverðum janúar 1951 var ég fluttur á brott úr fangabúðunum nr. 18.

Einn af áfangastöðunum

ÉG BJÓST VIÐ AÐ VERÐA sendur í sjúkrabúðirnar í Dobrolag, en leið mín reyndist liggja í fangabúðir nr. 16. Þarna munu hafa verið um það bil tvö þúsund fangar, og minnsta kosti helmingurinn hafði verið úrskurðaður öryrkjar. Skálinn, sem mér var vísað í, var ekkert frábrugðinn öðrum fangaskálum í Ráðstjórnarríkjunum og rúmin ekki heldur, en mér var afhent handklæði! Fyrstu dagana gekk ég fram og aftur án þess að snerta á verki, og ég var farinn að halda, að ég hefði verið úrskurðaður alger öryrki.

En þar óð ég nú heldur betur reyk. Þeir töldu ekkert athugavert við heilsu mína, og ég var settur í vinnuflokk, sem vann að skógarhöggi. Og þar mátti ég hafa mig allan við frá morgni til kvölds, ef ég átti að afkasta svo miklu, að ég fengi auka-skattinn.

Svona leið mánuður. Þá fór ég aftur að kasta upp blóði. Þá var ég fluttur í annan flokk. Þeir, sem í honum voru, drógu brenni á sleðum í fangabúðahverfið. Vegarlengdin var einn kílómetri, og við urðum að fara þrjár, fjórar ferðir á dag. Þetta var talsvert erfiði, en ég þoldi það betur en skógarhöggið.

Þegar snjóá leysti, vorum við látnir starfa að garðyrkju. Við bjuggum til sjötíu vermireiti, sem voru 14 metrar á lengd og rúmlega tveir á breidd. Þarna voru gróður-settar gúrkur og tómatar og fjöldi af káltegundum, margar, sem ég hafði aldrei séð. Einnig bjuggum við til stóran garð, og þar var plantað alls konar ávaxtatrjám.

Þarna hitti ég Úkraínubúa, sem hafði unnið í gullnánum í Norður-Síberíu. Hann sagði, að þessar fangabúðir væru sönn paradís á við þær, sem hann hefði verið í þar eystra. Þeir félagar námu þar gull úr jörðu, en hungraðir voru þeir. Og aginn var afbrigða strangur. Ef gullduft fannst í fötum einhvers fangans, þá var hann alls ekki yfirheyrður, heldur var umsvifalaust farið með hann afsíðis, og þar fékk hann kúlu — eða níu grömm — eins og það er kallað í Ráðstjórnarríkjunum.

Í þessum fangabúðum var geipistór saumastofa. Þar voru saumuð föt, sem send voru í búðir víðs vegar um land. Einu sinni var ég kvaddur til að bera fatakassa út á vagn. Á kössunum stóð með stóru og feitu lettri: FABRIKA SVOBODNI TROD — Verksmiðjan Frjáls vinna.

Skammt frá fangabúðunum var kirkjugarður, sá stærsti, sem ég sá í Mordovíu. Einu sinni var ég látinn taka gröf, ásamt nokkrum af félögum mínum. Á leiðunum voru litlir trékrossar, en ekki var nafn á neinum þessara krossa. Aldrei vissi ég til þess, að lík væru brennd. Þegar fangi dó, var líkið látið í skúr, sem stóð utan við skálahverfið, og síðan var því holað niður í jörðina, þegar tóm gafst til.

Í júní var ég settur í sjúkrahús. Þar réð ríkjum þýskur prófessor frá Königsberg. Þar hafði hann verið yfirlæknir við stórt sjúkrahús, sem hann átti sjálfur. Hann hafði verið í fangabúðunum frá árinu 1945. Hann bætti mig svo á þrem vikum, að mér fannst ég eins og nýr maður.

Í þessum fangabúðum var í fyrsta skipti sett á mig fangamarki. Það var M-M 164. Þetta var málað á húfuna mína, á bakið á jakkanum og á hægri buxnaskálmina ofan við hnéð. Okkur þótti flestum bót að þessum merkjum, því að þau komu í veg fyrir, að fötunum okkar væri stolið.

Ég vann að því haustið 1951 að tína gúrkur og tómata. Ég stal svo miklu af þessum ávöxtum, að ég veiktist á ný og varð að fara til prófessorsins þýska. Hann sagði, að ég væri kominn með magasár, og fyrir hans aðgerðir var ég sendur í sjúkrabúðir.

Í sjúkrabúðum

DAG EINN Í OKTÓBER var ég fluttur í sjúkrabúðirnar ásamt fimm öðrum föngum. Einn af þeim var Rússi, sem verið hafði yfirkennari við menntaskóla. Hann hafði hlotið 25 ára fangelsisdóm sem þjóðníðingur vegna þess, að hann hafði á styrjaldarárunum haldið kyrru fyrir í héraði, sem Þjóðverjar höfðu hernumið.

Í búðunum voru 13 sjúkraskýli. Í einu þeirra voru eingöngu berklasjúklingar og í öðrum fangar, sem voru haldnir ólæknandi geðveiki. Mér var vísað í skála nr. 7.

Þá er tekin hafði verið röntgenmynd af maganum í mér, sögðu lækarnir, að magasárið hlyti að vera gamalt. Það virtist vera gróíð. En samt sem áður var mér leyft að vera þarna í sjúkrabúðunum á þriðja mánuð.

Í næsta rúmi við mig var Lettlendingur. Meðan Lettland var á valdi Þjóðverja, var honum eitt sinn skipað að aka nokkrum Gestapómönnum milli hverfa í átt-högum sínum. Hann hlýddi skipuninni, og fyrir þetta var hann dæmdur í tíu ára fangavinnu. Hann kvaðst vera haldinn sjúkdómi, sem ekki væri unnt að lækna, og var vonlaus um að sér ætti að auðnast að komast heim til áttaha sinna.

Milli karla- og kvennadeilda sjúkrabúðanna var mjög rammleg girðing, og á því voru höfð ströng varðhöld, að karlar og konur hittust ekki. En samt sem áður tókst ekki að koma í veg fyrir samfundi kynjanna, enda vissi ég dæmi þess, að kvenfólk sæktist eftir að verða með barni, því að þungaðar konur fengu aukaskammt og þurftu ekki að ganga til vinnu, þegar á leið meðgöngutímann. Konur voru líka undanþegnar vinnuskyldu nokkra hríð eftir barnsburð. Þá mun og konum ekki hafa verið hegnt fyrir mök við karlmenn, en karlmennirnir voru láttnir dýsa hálfan mánuð í einangrunarklefa, ef þeir urðu uppvísir að samfundum við kvenfólk. Ekki sá ég mæður með ungbörn í neinum þeirra fangabúða, sem ég var í. Líklega hafa verið til sérbúðir handa þeim.

Þegar ég hafði dvalið tímakorn í sjúkrabúðunum, var ég settur til vinnu í eldhúsinu. Ég vann aðeins létt störf, og ég gætti þess vandlega að eta einungis þann mat, sem var mjög auðmeltur. Ekki voru mér gefin nein lyf, nema hvað sprautað var í handlegginn á mér einhverju töfralyfi, sem átti að gagna við öllum hugsanlegum sjúkdómum.

Annað veifið var ég látinn brjóta saman þvott í þvottaskálunum. Þar unnu tveir Kóreubúar. Þeir kunnu ekki nema fáein orð í rússnesku, svo að ekki gátu tekist með okkur neinar samræður. Þeir voru alltaf í góðu skapi, ávallt brosandi.

Einu sinni þegar ég var á leið til vinnu minnar í þvottaskálanum, mætti ég Eistlendingi, sem kunni sænsku. Hann stöðvaði mig og spurði, hvort ég væri norskur.

Síðan stóðum við stundarkorn og röbbuðum saman. Hann hafði flúið land sitt, þegar Þjóðverjar hernámu það, og síðan dvalið í Svíþjóð þangað til árið 1949. Þá fór hann heim. Hann komst þá að raun um, að fjölskylda hans hafði öll verið flutt til Síberíu. Sjálfur var hann dæmdur til 25 ára fangavinnu. Hann sagði mér, að allir eistneskir flóttamenn, sem horfið hefðu heim, hefðu verið dæmdir í fangabúðir — flestir til 25 ára.

Daginn fyrir gamlárstag var ég kvaddur fyrir lækna ráð. Þar mátti sín auðsjáanlega mest maður í einkennisbúningi háttsettra liðsforingja. Þegar hann opnaði munninn, hlustuðu hinir af djúpri lotningu. Hann kvað upp umsvifalaust þann úrskurð, að ég skyldi sendur í vinnubúðir. Þar ætti ég að lifa á sjúkrafæðu og vera undanþeginn vinnuskyldu.

Á gamlárstag var ég síðan sendur á brott.

Ásvaldur Harjo

AÐ ÞESSU SINNI VAR ÉG fluttur í fangabúðir nr. 14. Þær voru af sömu gerð og allar aðrar rússneskar fangabúðir — afgirt skálahverfi á ferhyrndu svæði, varðturn í hverju horni, vélbyssuhreiður og ljóskastari í turninum. Í þessum búðum voru 2600 fangar.

Í mínum vinnuflokki voru allir ýmist að nokkru eða öllu leyti öryrkjar. Við vorum látnir bera vatn. Margir voru fótar- eða handarvana, og eins og gefur að skilja, lenti vatnsburðurinn á okkur, sem höfðum alla limi heila. En við létum okkur ekkert óðslega, enda var ekkert rekið á eftir okkur, ef við aðeins vorum á stjái svona annað veifið. Og það urðum við að vera til þess að halda á okkur hita. En það var eins og mér gæti aldrei hitnað. Í mér var alltaf hálfgildings kuldahrollur, og þó var ég ekki illa búinn. Við vorum allir í hlýjum vetrarfötum og hnéstígvélum, sem voru fódruð með vatti og svo stór, að við gátum notað í þeim fótvefjur.

Í vinnuflokknum kynntist ég Kóreubúa. Hann kvaðst vera fæddur og uppalinn í Suður-Kóreu, en þegar Kóreu-styrjöldin hófst, var hann búsettur norðan við 38. breiddarbaug. Hann lærði útvarpsvirkjun og kom sér upp verslun, þar sem hann seldi útvarpstæki. Við urðum mestu mátar og ræddum margt og mikið. Hann hafði numið mörg tungumál og var mjög lesinn og fróður, kunni góð skil á hinum vestræna heimi og vissi ótrúlega margt um stjórnarhætti og menningarlíf á Norðurlöndum. Þegar styrjöld hófst í Kóreu, var hann handtekinn og kærður fyrir njósnir í þágu Bandaríkjanna. Við yfirheyrslurnar hafði honum verið misþyrmt svo herfilega, að hann var alger öryrki. Bakið var skaddað og fæturnir máttlausir, svo að hann varð að dragast áfram á hækjum. Hann hafði verið dæmdur til 25 ára vistar í fangabúðum.

Hann sat lengstum og þrjónaði sokka. Í fangabúðunum var saumastofa, og föngunum tókst að ná í afklippur, sem þeir röktu upp. Þeir sneru saman þræðina og notuðu þá í sokka. Þrjónarnir voru vírspottar úr stáli, með krók á endanum. Ekki var leyfilegt að hriða þjötur frá saumastofunni. Sá, sem það gerði, var settur í einangrunarklefa, ef hann var staðinn að verki. En Kóreubúiinn þrjónaði og þrjónaði, seldi sokkana og keypti fyrir þá brauð og tóbak, og enginn spurði hann, hvaðan hann hefði fengið bandið. Ég lærði af honum að þrjóna.

Í ýmsum af þeim fangabúðum, sem ég hafði verið í, hafði ég átt félaga, sem sögðust hafa kynnst norskum fanga, er hétu Ásvaldur Harjo, en sjálfur hafði ég aldrei lent í sömu búðum og hann. Þegar ég hafði verið þrjár vikur í þessum búðum, frétti ég, að í skála nr. 8 væri Finni, og hann væri oft á tali við fanga, sem mundi

vera Norðurlandabúi. Okkur var stranglega bannað að koma í aðra skála en þann, sem við bjuggum í, en það bann brutum við iðulega, og kvöld eitt fór ég að hitta Finnann. Í skáladyrunum mætti ég Úkraínumanni og spurði hann, hvort nokkur Finni byggi í þessum skála. „Nei,“ svaraði Úkraínumaðurinn. „Það er enginn Finni hérna hjá okkur, en Norðmaður er hér.“

Ég fór inn með honum, og hann benti mér upp í eina af efri rekkjunum. Þar lá maður. Ég var ekki alveg viss um, hvort því væri treystandi, að sá úkraínski vissi, hvað hann syngi, svo að ég ávarpaði manninn á rússnesku, spurði hann, hvort hann væri Norðmaður. Jú, það stóð heima. Hann settist upp og tók brosandi í höndina á mér. Hann var mjög þreklega vaxinn, en óhugnanlega föllur og magur, var næstum því eins og hörundið væri gegnsætt. Þetta var Ásvaldur Harjo, sem ég hafði heyrt getið. Ég sagði honum, hver ég væri, og hann mun hafa kunnað einhver skil á mér, því að hann mælti: „Jæja, þá mundir þú nú vera búinn að reyna, hvernig það er að vera kommúnisti!“

Ásvaldur Harjo var frá Svansvík í Suður-Varangri. Hann hafði verið bóndi og bílstjóri, átt litla jörð og vörubíl. Hann var kvæntur og átti tvö börn. Hann hafði verið ákafur kommúnisti, frá því að hann var drengur. Nú var hann kominn á fimmtugsaldur. Hann hafði verið í fangelsi síðan árið 1942.

Strax og Þjóðverjar höfðu hernumið Noreg, gerðist Harjo virkur andstæðingur þeirra og veitti skæruliðahópunum, sem komu frá Svíþjóð, mikilvæga aðstoð. Hann sagði mér sitt hvað, sem gerst hafði í þann tíð. Eitt sinn kom til hans maður, sem var á flótta undan Gestapó. Fyrstu dagana eftir komu sína lá flóttamaðurinn lengstum uppi á hanabjálkalofti, en þegar frá leið, ugðði hann síður að sér og var þá löngum á rjåtli um húsið. Síðan var það dag einn, að nokkrir Gestapó-menn gengu í hlað, án þess að heimamenn hefðu veður af ferðum þeirra, og áður en flóttamanninum gafst ráðrúm til að vinda sér upp á hanabjálkaloftið, snöruðust þeir inn í stofuna, þar sem hann stóð á miðju gólfi. Þjóðverjarnir bentu á hann og spurðu Harjo, hvaða maður þetta væri. Harjo datt ekki annað í hug en nú væri úti um sig og flóttamanninn og svaraði því til, sem honum flaug fyrst í hug: „Þetta er bara kunningi okkar, sem leit inn, af því að hann átti leið fram hjá.“

Ekki verður ófeigum í hel komið. Þjóðverjarnir trúðu orðum Harjos. Þeir heimtuðu ekki einu sinni að fá að líta á vegabréf gestsins. En þeir leituðu vandlega í húsinu, gættu meðal annars að því, hvort sá, sem þeir leituðu að, væri ekki falinn uppi á hanabjálkaloftinu. Síðan fóru þeir leiðar sinnar. Síðan var þá flóttamaðurinn fljótur að hypja sig til skógar.

Þegar ég var á Suðurey með þeim Emil og Rögnvaldi, kom skæruliðahópur frá Rússlandi vestur til Noregs. Í honum voru bæði Norðmenn og Rússar. Einn af Rússunum gerðist liðhlaupi, og sagði hann Þjóðverjum allt af léttu, gat þess meðal annars, að skæruliðarnir nytu aðstoðar Norðmanns, sem hétu Harjo. Nú var Harjo handtekinn og yfirheyrður, og Þjóðverjarnir beittu hann allmikilli hörku. Hann þóttist vita, að sín biði ekki annað en dauðinn, en með hjálp norsks lögregluþjóns,

Haralds Ryghs, tókst honum að flýja. Lögregluþjónninn sá þann kost vænstan að flýja með honum. Þeim tókst að finna skæruliðana og slógust í för með þeim til Ráðstjórnarríkjanna. Þeir urðu að þola margt og mikið í þeirri ferð.

Þeir voru fluttir til Múrmansk, en ekki höfðu þeir dvalið þar lengi, þá er þeir voru handteknir og sakaðir um njósnir í þágu Þjóðverja. Harjo var yfirheyrður sólarhringum saman frá því að kvöldi og þangað til morgunbjallan hringdi, og hann fékk ekki að festa blund á daginn. Verðirnir sögðu, að yfirheyrslurnar kæmu þeim ekki við, en þeir ættu að gæta þess, að fangarnir svæfu ekki að degi til. Harjo var aldrei misþyrmt, en barinn var hann. Við öllu, sem hann sagði, var endurtekið sama svarið: „Nú ertu að ljúga!“ Og síðan fékk hann löðrung. Hann var þeim mun harðar leikinn en ég.

Þeir félagar voru settir í fangabúðirnar í Kodína, og þar dó Rygh 1944 — sama árið og dómurinn féll. Þeir voru dæmdir í 15 ára fangabúðavist fyrir njósnir í þágu Þjóðverja.

Fyrstu árin, sem Harjo var fangi, kom það örsjaldan fyrir, að fangarnir fengju nokkurn brauðbita. Fæðið var næstum eingöngu súpa. Í henni var eitthvað grænleitt, sem átti að heita grænkál. Og fangarnir dóu í hrönnum. Það bjargaði lífi Harjos, að hann komst í sjúkrahúsið. Yfirlæknirinn í fangabúðunum var þýsk kona frá Suðaustur-Rússlandi. Hún sá aumur á Harjo og fól honum þau störf í sjúkrahúsinu að bera út lík og sækja mat. Hún gaf honum ráð, sem kom honum að góðu gagni. „Þegar maður deyr,“ sagði hún, „skalt þú aldrei tilkynna látið, fyrr en þú hefur fengið afhentan skammtinn hans.“

Hann skildi, hvað hún söng, og hann jafnaði sig talsvert, meðan hann vann í sjúkrahúsinu. Síðan hafði hann verið í mörgum fangabúðum og gengið á ýmsu fyrir honum. Nú var hann veikur. Það gekk upp úr honum blóð. Samt var hann látinn ganga að vinnu; vann að húsasmíði. Við urðum miklir mátar. Hann var mjög góður taflmaður. Þar kom, að hann var úrskurðaður í sjúkrahús. Þar lá hann einn mánuð, en var síðan látinn hefja vinnu á nýjan leik.

Einu sinni sagði hann mér frá Norðmanni, sem dáið hefði í fangabúðunum í Kodína árið 1944. Hann hét Oddur Willassen og var frá Tromsey. Hann var 22 ára, þegar hann lést. Í fylgd með sænskum manni, Ragnari Rudfalk, hafði hann flúið austur til Ráðstjórnarríkjanna og ætlað að komast í skip í Múrmansk og ganga í norska herinn í Englandi. Rússar handtóku þá félag og ákærðu þá fyrir njósnir á vegum Þjóðverja. Eftir margar og miklar yfirheyrslur voru þeir dæmdir í þrígga ára fangelsi fyrir að laumast inn fyrir landamæri Ráðstjórnarríkjanna.

Í öndverðum júní kom í fangabúðirnar nefnd manna úr MVD í þeim erindum að velja verkamenn í aðrar fangabúðir. Ég sagði, hvað að mér gengi, en samt sem áður var ég einn af þeim, sem varð fyrir valinu.

Ég fór nú til Harjos með sokka, sem ég hafði verið að prjóna. Ég hafði lokið við annan, en átti eftir nokkrar umferðir af hinum. Ég gaf Harjo sokkana og kenndi honum að prjóna. Kvöldið áður en ég fór, kom ég til hans. Hann sat þá með

prjónana. Hann lagði þá allt í einu frá sér og gekk út og hóstaði upp blóði. Sjúkdómurinn hafði tekið sig upp á ný. Ég sat ekki lengi fram eftir. Harjo átti að vakna snemma til vinnu sinnar.

Á víð og dreif

ÉG LENTI Í FANGABÚÐUM nr. 18 ásamt rúmri tylft annarra fanga. Þar þóttist ég hafa orðið fyrir happi. Ég hafði dvalið þarna áður, vissi, hvað óhætt var að leyfa sér og hvað varðaði vítum. Og nr. 18 voru fyrir ýmissa hluta sakir skástu fangabúðirnar í Mordóvíu. Þar ríkti meiri reglusemi en í öðrum búðum, færri fangar voru í hverjum skála, og verðirnir létu óátalið, að fangar færu í heimsóknir úr einum skála í annan.

Yfirmennirnir lögðu þó mikla áherslu á sum atriði reglugerðarinnar. Ef einhver varð uppvis að því að hafa hníf í fórum sínum, kostaði það að minnsta kosti fimm daga vist í einangrunarklefa. Í fyrra skiptið, sem ég dvaldi í þessum fangabúðum, fann ég hníf úti á víðavangi. Hann var orðinn ryðgaður, en mér tókst að faga hann og bryna. Ég laumaði honum inn í fangabúðirnar í stígvélinu mínu og fól hann síðan undir gólfi svalanna. Þar varð hann eftir, þegar ég var fluttur á brott. Meðan ég var í burtu, var gert við svalirnar. Þá var gólfið rífið upp, og undir því fannst hnífurinn. Út úr þessu varð mikil rekistefna, og var gerð í fangabúðunum allsherjarleit að hnífum. Þetta sagði mér Lithái, sem annað veifið hafði fengið lánaðan hjá mér hnífinn. Annars var leitað vikulega í dýnum fanganna. Prisvar á ári var leitað vandlegar en ella, fyrir nýársdag, 1. maí og 7. nóvember.

Að þessu sinni var mér skipað til vinnu í dómínóverksmiðjunni í hinu svonefnda vinnuhverfi. Kringum það var mjög öflug girðing — og í hverju horni hennar var varðturn. Í hverfinu voru margar verksmiðjur. Fyrstu mánuðina var ég látinn flokka dómínótöflur, en lengi vel tókst mér ekki að ná lágmarksafköstum. Ég þoldi illa langar setur. Þegar ég var búinn að sitja tvo, þrjá tíma, fékk ég kvalir í magann. Þær voru svo sárar, að ég varð að fleygja mér niður.

Í apríl hafði hafist launagreiðsla í fangabúðunum í Mordóvíu, og um leið var brauðskammturinn aukinn um 50 grömm á dag. Launin voru greidd eftir lok hvers mánaðar. Þá var nákvæmlega reiknað út, hvað hverjum fanga bar í samræmi við afköst. Frá laununum var síðan dregið: Fæði, húsnæði, fatnaður, bað- og biðgjald, tíu af hundraði í svokallaðan Heimsendingarsjóð — og loks fangavarsla! Þeir, sem voru á sjúkrafæði — eins og ég — urðu að greiða matinn hærra verði en aðrir. Þegar ég hafði vanist vinnunni, hafði ég venjulega afgang af mánaðarlaununum 30–40 rúblur. En sumir gátu komist upp í 170–180 rúblur.

Fyrir fyrstu launin mín keypti ég mér tannbursta og tannduft. Tannburstanum, sem ég hafði haft með mér að heiman, hafði fljótlega verið hnuplað, og ekki leið á löngu, uns þessi hvarf. Sköftin á tannburstunum, sem þarna fengust, voru marglit, og það var hægt að smíða úr þeim allra snotrustu vindlingamunnstykki. Ég keypti

aftur tannbursta, og sá, sem ágirntist skaftið á honum, var svo nærgætinn, að hann skildi eftir sjálfan burstann og ofurlítinn bút af skaftinu.

Kvikmyndasýningar voru vanalega einu sinni í mánuði, en áttu að vera tvisvar samkvæmt reglugerðinni. Annað veifið komu til okkar leikflokkar, sem fóru milli fangabúðanna. Í þeim voru eingöngu fangar. Þessir leikflokkar voru engir auðustu-gestir. Sá orðrómur lék á, að fæði þeirra væri tekið af þeim birgðum, sem okkur voru ætlaðar, og sár á mat er svangur magi.

Kvikmyndirnar voru sýndar í matsalnum. Þær voru flestar rússneskar og hver annarri líkar, sýndu hreysti og hetjudáðir Rauða hersins. Þær fáu erlendu myndir, sem sýndar voru þarna, voru einnig ósköp svipaðar hver annarri. Allar vitnuðu þær um hið hörmulega ástand, sem ríkti erlendis. Þar áttu allir við að búa hungur og hvers konar eymd. Það var þó tilbreyting í að sjá kvikmynd, og menn urðu alltaf að standa klukkutíma í biðröð, ef þeir áttu að geta fengið aðgang.

Öðru máli var að gegna, þegar stjórn fangabúðanna kvaddi fangana saman til að hlýða á fyrirlestra. Þá urðu verkstjórnarnir að reka þá út úr skálunum með harðri hendi. Fyrirlestrarnir voru næstum samhljóða. Fyrri hlutinn var ávallt ávitur og endirinn áskorun um að auka afköstin við vinnuna. Einkanlega kvað mikið að þessum fyrirlestrum, þegar líða tók að 1. maí og 7. nóvember. Þá var sífellt staglast á framleiðsluaukningu og hámarksafköstum. Verkstjórnarnir voru þá hvattir til að skora hver annan á hölm á vettvangi framleiðslunnar. Ég reyndi eins og ég gat að koma mér hjá að mæta á þessum fyrirlestrum. Ég afsakaði mig með því, að ég skildi ekki rússnesku, bar fram þá afsökun í lengstu lög.

Í fangabúðunum var bókasafn. Það var ekki stórt, en bókavalið var sæmilegt. Mikið var sóst eftir bókum gömlu skáldanna, Levs Tolstojs, Túrgenevs og Gorkíjs. Fyrir nýju skáldritunum höfðu fangarnir lítinn áhuga. *Lygnt streymir Don* eftir Sjolokhov naut þó mikillar hylli. Í fyrra skiptið, sem ég var í þessum fangabúðum, beið ég þeirrar bókar með óþreyju í sex mánuði, og þegar ég var sendur á brott, voru ekki orðnir nema tveir á undan mér á biðlistanum. Í fangabúðum nr. 14 reyndi ég líka að ná í þessa bók, en var fluttur burt, áður en að mér kæmi. Þegar ég loks kom á ný í nr. 18, var fjöldi manna á biðlista. Ég náði aldrei í þessa skáldsögu.

Bók var lánuð til hálfis mánaðar, og síðan var hægt að fá hana framlengda. Ef einhver lenti í vanskilum, gat hann átt á hættu að fá enga bók í einn eða tvo mánuði. Bókabanni var annars aldrei beitt, en stundum var föngum refsað á þann hátt, að þeim voru ekki afhentir böggjar eða bréf einhvern ákveðinn tíma.

Oftast voru föngunum afhent þau bréf, sem til þeirra bárust, hvort sem þau voru mörg eða fá, en bréfaskriftir þeirra voru háðar takmörkunum. Í fangabúðunum í Mordovíu máttu þeir ekki skrifa nema tvö bréf á ári, en í búðum norðurhéraðanna tvisvar á mánuði.

Mörgum af samföngum mínum bárust bréf — og þá einkanlega Litháum og Úkraínunönnum. Bréfin til Litháanna lýstu ekki glæsilegu ástandi, en þó voru lýs-

ingarnar í bréfunum til Úkraínumannanna enn ískyggilegri. Ég var steinhissa á, að bréfaskoðunin í fangabúðunum skyldi sleppa þessum bréfum.

Annars voru bréfin óneitanlega fróðleg. Ég fékk meðal annars hugmynd um lífsskjörin á samyrkjubúunum í Úkraínu. Þar urðu menn að ná ákveðnum lágmarksafköstum, ekki síður en við í fangabúðunum, til þess að fá tilskilin daglaun. Og lágmarksafköstin voru oft ákveðin þannig, að menn urðu að vinna í tvo daga til þess að fá ein daglaun. En verkstjórar og ráðsmenn gátu hæglega reiknað sér tvö dagsverk á einn og sama vinnudag. Ég las í bréfunum frásagnir um verkamenn, sem höfðu unnið baki brotnu á samyrkjubúum í heilt ár, og það jafnt hvíldardaga sem aðra daga, og ekki fengið viðurkennd nema 220 dagsverk.

Dagsverkin á þessum búum voru oft greidd í brauði og hálmi. Hálmurinn var þó aðeins gjaldmiðill til þeirra, sem áttu geit eða grís. Eitt dagsverk var oft goldið með 2—3 kílóum af brauði og álíka þunga af hálmi.

Öll bréf urðu að vera á rússnesku. Ég bæði las og skrifaði bréf fyrir marga af lúnum föngunum. Einn af þeim, sem ég hjálpaði á þennan hátt, var smábóndi frá Litháen. Hann vann í sömu verksmiðju og ég. Hann var afbrigða iðinn og duglegur og alltaf svangur. En þrátt fyrir sína miklu matarlyst tókst honum að draga saman 200 rúblur, sem hann sendi heim til konu sinnar.

Nokkru síðar fékk hann bréf og bað mig að lesa það fyrir sig. Hann sýndi mér mynd af börnunum sínum, fimm drengjum og lítilli telpu. Þau stóðu hlið við hlið, mögur og alvarleg. Tár komu í augun á Litháanum. Hann sagði: „Ég hef aldrei verið ríkur. Ég átti aðeins þrjár kýr, en ofast var þó nægileg mjólk handa börnunum, og af brauði og kartöflum var alltaf nóg. Mér er óhætt að segja, að enginn þurfti að svelta. Börnin mín voru rjóð og sæleg.“

Konan sagði í bréfinu: „Ég þakka þér hjartanlega fyrir fallegu blómin, sem þú sendir okkur. Svona blóm vaxa ekki hérna hjá okkur.“

Menn, sem urðu á vegi mínum

SVO LANGT SEM AUGAÐ EYGÐI frá fangabúðunum gat hvergi að líta hæð — hvað þá hnjúk. Ef við horfðum ekki upp í himininn, þá sáum við ekki annað en birkiskóg. Einu sinni unnum við að hirðingu á samyrkjubúi, sem var tólf kílómetra frá fangabúðunum. Hvergi á allri leiðinni komum við auga á tjörn eða læk, en mér var sagt, að í aðra átt frá fangabúðunum væri á í tíu kílómetra fjarlægð. Þar stóðu fangar stundum á vetrum og söguðu ís.

Í október var ég fluttur í aðra deild. Þar voru líka búin til eins konar töfl. Í þeirri deild náði ég hagkvæmari afköstum, og þótt magakvalirnar væru mér til mikils бага, fékk ég einn mánuðinn útborgaðar 144 rúblur.

Um eitt skeið vann ég með Pólverja, rólegum manni og hæglatum á fimmtugsaldri. Hann hafði verið liðsforingi í pólska hernum. Hann vann gegn Þjóðverjum, meðan þeir höfðu Pólland á valdi sínu og tók þátt í Varsjáruppreisninni 1944, þegar rússneskur her stóð aðgerðalaus 17 kílómetra frá borginni, meðan Þjóðverjar slátruðu 240 þúsundum Pólverja. Hann hafði verið einn af nánustu samstarfsmönnum Bórs hershöfðingja. Þegar Þjóðverjar höfðu bælt niður uppreisnina, tókst honum að forða sér, en í desember tóku Rússar hann höndum og sökuðu hann um njósnir í þágu Bandaríkjamanna, Breta og útlagastjórnarinnar pólsku. Hann var dæmdur í átta ára fangavinnu.

Í desember hafði hann afplánað refsinguna. En hann fékk ekki að fara heim til Póllands. Hann bjóst við að verða sendur til Krasnojarskíj Kraj í Síberíu. Hann fór úr fangabúðunum 18. desember og lofaði að skrifa kunningjunum strax og hann kæmi á áfangastaðinn. Þegar ég var sendur burt úr fangabúðunum, var ekkert bréf frá honum komið.

Einu sinni vann ég með Rússa, sem hafði verið í Útlendingahersveitinni frönsku. Hann var kominn yfir fimmtugt. Á byltingarárunum höfðu foreldrar hans flúið til Frakklands, og um tvítugt hafði hann gengið í Útlendingahersveitina. Í henni var hann í fimm ár. Síðan fór hann aftur til Frakklands og vann þar algeng verkamannastörf. Hann sagði, að hann hefði lifað góðu lífi. Hann hefði kunnað vel við sig í Frakklandi, og þangað myndi hann hverfa aftur, ef hann fengi að ráða gerðum sínum.

Á styrjalдарárunum var hann sendur í vinnu í þágu Þjóðverja í Belgíu. Síðan var

hann fluttur til Berlínar, og þar var hann, þegar Rússar hernámu borgina. Fáum dögum síðar var hann handtekinn. Hann var yfirheyrður, og það kom upp úr dúrnum, að Rússarnir vissu, að hann hafði verið í Útlendingahersveitinni. Hann var dæmdur í 25 ára fangavinnu fyrir að hafa gegnt herþjónustu hjá framandi þjóð.

Annars þurfti ekki slíkar sakir til þess að Rússar dæmdu í fangelsi flóttamenn, sem hurfu heim til Ráðstjórnarríkjanna. Ég kynntist mörgum slíkum föngum, og einn þeirra varð góðvinur minn. Hann og kona hans höfðu horfið heim frá Frakklandi árið 1949. Hann fékk vinnu í Moskvu, og í mánuð var hann þar frjáls maður. Síðan var hann handtekinn. Hann var kærður fyrir ýmsar lýsingar sínar á lífinu í Frakklandi. Hann hlaut líka 25 ára fangelsisdóm.

Í fangabúðunum hitti ég einnig oft og tíðum sjómenn, sem að nokkru höfðu kynnst lífi og líðan fólks í öðrum löndum. Meðal annarra man ég eftir skipstjóra, sem hafði á styrjaldarárunum siglt til Englands og Ameríku. Hann var um sextugt, þreklegur karl og líklegur til að hafa ekki látið sér allt fyrir brjósti brenna í viðureigninni við Ægi. Við spjöllunum talsvert saman. Fyrir styrjöldina hafði hann löngum siglt um Norðurhöf, hafði komið til Svalbarða og var þaulkunnugur á Norðurströnd Rússlands. Hann hafði verið tekinn höndum eftir að styrjöldinni lauk og verið dæmdur í 25 ára fangavinnu. Hann virtist ekki taka sér þetta nærri. Hann brosti í kampinn og mælti: „Hingað lenda allir — fyrir eða síðar.“

Hann var alltaf í góðu skapi. Einu sinni lét hann þess getið við mig, að það væri svo sem engin skömm að því að hafa lent í fangelsi. Að minnsta kosti gæti það ekki talist skömm í Ráðstjórnarríkjunum. „Ef maður rekst á mann,“ sagði hann, „sem ekki hefur setið annaðhvort í fangelsi eða í fangabúðum, þá vaknar strax hjá manni hálfildings tortryggni — og maður hugsar með sér: Hvers konar náungi mundir þú nú vera, karlinn?“

Í fangabúðunum var maður frá Afganistan. Einn af félögum mínum benti mér á hann og sagði: „Þarna var náungi, sem er hingað kominn, af því að hann var of mikið fyrir ópíum.“ Þetta var ungur maður, — ég gæti trúað, að hann hafi verið 28 ára. Í heimalandi sínu hafði hann orðið ákaflega sólginn í ópíumreykingar. En síðan var lögleitt ópíumbann í Afganistan, og þá fannst piltinum lífið heldur en ekki tómlegt. Móðir hans átti fjölda fjár, og hún lét hann óspart heyra, að honum væri nær að reyna að líta eftir kindunum heldur en þjóta um eirðarlaus á snöpum eftir ópíum, sem yrði fágætara með hverjum deginum sem liði. Loks varð hann leiður á rausinu í kerlu og fór að heiman. Hann hafði heyrt sagt, að í Ráðstjórnarríkjunum væri ólíkt betra og þægilegra en í Afganistan. Og hann taldi víst, að þar gætu menn reykt ópíum eftir vild. Hann vatt sér yfir landamærin, var umsvifalaust tekinn höndum og dæmdur í 25 ára fangabúðavist fyrir njósnir. Ópíum hafði hann ekki náð í, síðan hann steig fæti á rússneska grund, og honum var horfin öll löngun í það. Hann hafði hlotið lækningu.

Annars voru auðvitað flestir af föngunum rússneskir. Ég hitti hundruð manna, sem höfðu setið í fangabúðum Þjóðverja og eftir styrjöldina verið dæmdir fyrir að

láta taka sig til fanga, — á það var litið sem landráð. Ég hitti líka marga úr Rauða hernum, sem Þjóðverjar höfðu náð á sitt vald, en tekist hafði að flýja úr fangelsunum og gegnum víglínu þýsku herjanna. MVD fékkst ekki til að trúa því, að ekki væri eitthvað bogið við slíkan flótta — og fannst að minnsta kosti vissast að hafa vaðið fyrir neðan sig og dæma flóttamennina fyrir njósnir í þágu Þjóðverja.

Böggullinn

TÓLFTA JANÚAR 1953 var helmingurinn af mínum vinnuflokki ekki látinn fara til vinnu, og ég var einn í þeim hópi, sem hélt kyrru fyrir. Við höfðum heyrt því fleygt, að í ráði væri að fækka fólki í verksmiðjunni og láta okkur, sem heima sátum, vinna önnur störf. Þetta varð raunar aldrei annað en ráðagerð.

Þennan dag var ég á rjåtli um skálahverfið. Þá rakst ég á einn af föngunum, er unnu að afhendingu böggla, sem föngunum voru sendir. Hann stöðvaði mig og mælti: „Þú átt böggul á afgreiðslunni.“

„Það getur ekki átt sér stað,“ svaraði ég. „Ég á ekki von á neinum böggli.“ Það voru næstum fjögur ár, síðan ég gafst upp á að skrifa heim. Seinasta bréfið sendi ég árið 1949.

En maðurinn lét sig ekki. Hann taldi sig hafa rétt fyrir sér. Hann spurði um skírnarnafn mitt, og þegar ég hafði sagt honum það, kvaðst hann viss í sinni sök. Skírnarnafn þess, sem átti böggullinn, var einmitt eitt af þessum stuttu nöfnum, sagði hann.

Yfirmennirnir í afgreiðslunni voru í MVD. Þeir kváðu það rétt vera, að ég ætti þar böggul, en það var nú síður en svo, að hann lægi á lausu. Þeir sögðu, að áður en þeir afhentu hann, vildu þeir fá vitneskju um, frá hverjum ég ætti von á böggli. Ég kvaðst ekki eiga von á böggli frá neinum. Ég hefði ekkert fengið að heiman síðan 1947. Þá hefðu mér með stuttu millibili verið sendir tveir bögglar. Bréf að heiman hefði ég aldrei fengið.

Hvort ég gæti ekki getið mér til um, frá hverjum þessi böggull kynni að vera? Ég svaraði, að í Noregi væru tugir manna eða jafnvel hundruð, sem gætu haft til að senda mér böggla, ef þeir vissu aðeins, hvar ég væri niður kominn. Þess vegna vissi ég ekki, upp á hverjum ég ætti að geta.

Þeir kváðust geta frætt mig á því, að böggullinn væri alls ekki frá Noregi. Hann væri frá Moskvu. Þeir spurðu mig, hvort ég ætti þar nokkra ættingja.

„Nei, ekki svo að ég viti,“ svaraði ég.

Hvort ég gæti þá hugsað mér, að ég ætti nokkra kunningja í Moskvu?

„Jú,“ sagði ég. „Árið 1945 átti ég marga kunningja þar í borginni.“

Nú jæja. Ég skyldi þá skrifa nöfn þeirra á blað. Og ég skrifaði á blað, sem þeir fengu mér, nöfn allmargra norskra kommúnista, sem á styrjaldarárunum höfðu

tekið þátt í sams konar starfsemi og ég. MVD-mennirnir renndu augunum yfir nöfnin. Nei, nafn þess, sem böggullinn hafði sent, var ekki á blaðinu. Og ekki fékk ég böggulinn.

Næsta dag voru böggjar ekki afgreiddir. Þriðja daginn fór ég í afgreiðsluna og spurði, hvort ég gæti ekki fengið böggulinn minn afhentan. Allir aðrir hefðu fengið sína. Jú, mér var böggullinn meira en velkominn, ef ég aðeins gæti nefnt nafn sendandans. Ég sagðist þegar hafa samið skrá yfir alla, sem ég gæti látið mér til hugar koma. Ja, þá var um tómmt mál að tala. Og ég varð að ganga bónleiður til búðar.

Ég rakst á yfirlækninn og sagði honum alla sólaröguna. Hann sagðist skyldi gera allt, sem í hans valdi stæði, til þess að ég fengi böggulinn. „Því það er ef til vill í honum eitthvert feitmeti,“ sagði hann.

Hann fór í afgreiðsluna og átti tal við einn af föngunum, sem þar unnu. Nei, því miður mundi fanginn ekki nafn þess, sem hafði sent böggulinn, og böggullinn var í læstum skáp. En nafnið var mjög stutt. Lækninum þótti auðsjáanlega leitt, að honum skyldi ekki hafa tekist að hafa uppi á nafninu, og hann kvaðst mundu reyna að finna einhver önnur úrræði.

Fjórdi daginn var ég kallaður í afgreiðsluna, og þaðan var farið með mig í stjórnarskrifstofu fangabúðanna. Mér var sagt, að þar ætti að afhenda mér böggulinn.

Í skrifstofunni voru nokkrir undirföngjar, þar á meðal ein kona. Það var hún, sem opnaði böggulinn. Efst lágu tvö bréf. Hún reif þau upp og athugaði þau vandlega. Áð því loknu kvaðst hún ekki þora að taka á sig frekari aðgerðir. Annað bréfið væri á rússnesku, en hitt á norsku, og enginn gæti svo mikið sem getið sér til um, hvað í því bréfi kynni að standa. Það væri best að hringja til höfuðsmannsins og fá að vita skoðun hans á málinu.

Síðan kom höfuðsmaðurinn, og meðan hann og undirföngjarnir báru saman ráð sín, var ég látinn biða í herbergi, sem var inn af skrifstofunni.

Eftir stundarfjórðung var ég sóttur. Jú, nú skyldi ég fá böggulinn. Þeir tóku utan af honum umbúðirnar og skoðuðu síðan í krók og kring hvern einasta hlut, sem í honum var. Það lá við, að ég fengi aðsvíf. Þessi böggull var nú meiri gersemin. Annan eins hafði ég ekki augum litið í fangabúðunum. Ég hélt, að ég sæi ofsónir.

Og Rússarnir voru auðsjáanlega bæði hissa og tortryggirnir. Þarna var meðal annars pakki, sem í voru fimm tíu vindlingar. Einn af undirföngjunum tók að kroppa í endann á þeim, einum af öðrum, svo að tóbakið sáldraðist niður á borðplötuna. Og ég varð að standa eins og mýldur múlasni. Síðan tók höfuðsmaðurinn eftir atferli undirföngjans og spurði, hvað hann væri nú að gera? Jú, hann var að rannsaka vindlingana. Höfuðsmaðurinn sagði, að auðvitað væri það ekki nema rétt og sjálfsgagt, en hins vegar ætti að vera nóg að athuga tvo eða þrjá.

Í bögglinum voru þrjár dósir af dönsku smjöri. Þeir opnuðu þær og stungu hnífum í smjörið. Þarna var einnig dós af norsku reyktóbaki. Þeir töldu auðsýnilega, að þar kynni sitthvað háskalegt að vera fólgið. Þeir helltu öllu tóbakinu á blað, og

síðan skáru þeir dósina í sundur, ristu hana bæði langs og þvers. Vitaskuld gat átt sér stað, að í henni væru leynihólf. Á lokið beittu þeir ekki hnífum sínum, en aftur á móti reyndu þeir að brjóta það í sundur. Lokið var það einasta af dósinni, sem ég gat tekið með mér.

Þeir fengu mér gamalt dagblað til þess að vefja utan um tóbakið, og í rauninni hafði ég meiri þörf fyrir blaðið en dósina, því að enginn vindlingapappír var í bögglinum.

Áður en ég fór, spurði höfuðsmaðurinn, hvort ég gæti lesið rússnesku. Jú, ég hafði svo sem haft nægan tíma til að læra það.

Síðan fékk hann mér annað bréfið, það, sem var á rússnesku. Og þá fyrst fékk ég vitneskju um, hver hafði sent böggulinn. Það var norska sendiráðið í Moskvu. Undir bréfinu stóð: Jens Schive.

Í bréfinu var skrá yfir þá hluti, sem voru í bögglinum, og bréfritarinn bað mig að senda sér viðurkenningu fyrir, að böggullinn hefði komið til skila. „Og ef ég kynni að geta gert eitthvað fyrir yður,“ stóð í bréfinu, „þá er ekki annað en skrifa mér.“ Í bögglinum voru bréfsfni og blýantur.

Ég skrifaði bréf á rússnesku, þakkaði innilega fyrir böggulinn og innti að því eins varfærnilega og mér var unnt, að annar pakki yrði þakksamlega þeginn. Loks leyfði ég mér að taka fram, þar eð ég hefði haft magasár, að þá mundi ég verða mjög feginn, ef unnt reyndist að útvega mér ofurlítið af hveiti.

Næsta dag fór ég á fund þess manns, sem hafði á hendi bréfaskoðun í fangabúðunum, og spurði hann, hvort mér væri heimilt að skrifa bréf. Hann spurði, hvernar þjóðar ég væri. Þegar ég hafði sagt honum það, fékk ég mjög ákveðna neitun. Til Noregs gat ég ekki fengið að skrifa bréf. Ég sagði, að bréfið ætti ekki að fara til Noregs, heldur til Moskvu. Ég ætlaði að þakka fyrir böggul, sem mér hefði verið sendur.

Jú, hann hafði heyrt getið um böggulinn. Og til Moskvu kvað hann mig mega skrifa eins og hvern annan.

Fám dögum síðar var ég kvaddur til yfirheyrslu. Yfirmenn fangabúðanna fýsti að vita, hvernig sá, sem sendi mér böggulinn, hefði fengið vitneskju um dvalarstað minn.

Harðspori

ÞRISVAR Í RÖÐ VAR ÉG kvaddur til yfirheyrslu út af bögglinum, og í seinasta skiptið var það sjálfur höfuðsmaðurinn, sem yfirheyrði. Þeir þráspurðu mig, hvernig sendiráðið hefði fengið vitneskju um, hvar ég væri niður kominn, og lögðu sig mjög í líma. Þeir héldu því fram, að ég hlyti að hafa hitt einhvern utan fangabúðanna og fengið hann til að smygla fyrir mig bréfi í póst. Loks gáfust þeir upp.

Frá sendiráðinu barst mér hvorki bréf né böggull. Ég hafði ekki hugmynd um, hvort bréf mitt hafði verið sent.

Ég var á ný látinn hefja vinnu í verksmiðjunni, og vikurnar liðu ein af annarri. Fimmta mars lést Stalín. Engin minningarhátíð var haldin í fangabúðunum, og vinna var ekki stöðvuð svo mikið sem stund úr degi. Ekki var heldur skorað á okkur til aukinna afkasta, og höfðum við þó hálfgerð búist við því.

Í lok mánaðarins kom fregnin um náðunina miklu. Náðaðir voru allir fangar, sem ekki höfðu hlotið strangari dóm en fimm ára fangavist. Í þessum fangabúðum voru 800–1000 fangar, en náðunin náði aðeins til 16. Þarna voru einungis fangar, sem dæmdir voru fyrir njósnir eða landráð, og á þeim afbrotum var tekið harðari höndum en flestum öðrum.

Í apríl var ég látinn fara í sjúkrahús út af magasárinu. Þegar ég var þangað kominn, skrifaði ég sendiráðinu bréf á norsku. Ég afhenti það í skrifstofu bréfaskoðunarinnar og lét fylgja rússneska þýðingu. Fám dögum síðar kom bréfaskoðunarmaðurinn til mín í sjúkaskálann. Hann var ósköp viðfelldinn í tali og framkomu. Hann spurði mig, hvort ég vissi um nokkurn, sem gæti þýtt fyrir hann bréfið á rússnesku. Hann kvaðst ætla að bera saman þýðingarnar, og ef þær reyndust samhljóða að efni til, þá skyldi bréf mitt verða sent.

Mér datt í hug að nefna Ásvald Harjo, en hvarf frá því. Ef til vill gat verið varhugavert að geta þess, að við hefðum hist. Síðan sagðist ég þá ekki geta bent á neinn. Bréfaskoðunarmaðurinn kvað það leitt, en hann skyldi athuga nánar, hvað hann sæi sér fært.

Í sjúkrahúsinu var ég fram í lok maímánaðar. Síðan vann ég nokkra daga í verksmiðjunni, en síðan var mér ráðstafað til annarra starfa. Fimm kílómetra frá fangabúðunum var verið að reisa húsahverfi, sem var kallað Invalidni Dom — eða Öryrkjaheimilið. Þar áttu að búa sjúkir fangar, þegar refsivist þeirra væri lokið. Alls voru í þessu hverfi 17 tveggja hæða hús. Þau voru mun myndarlegri og vandaðri en skálarnir. Ég var látinn vinna við að negla tréþynnur innan á veggina.

Þarna vann ég um hríð með Tartara, sem var fæddur og uppalinn suður á Krím-

skaga. Þegar Rússar höfðu rekið Þjóðverja brott af skaganum, fluttu þeir þaðan alla þá Tartara, sem þar bjuggu, alls 48.000 manns. Um þessa þjóðflutninga sá urmull hermanna og lögreglumanna. Fólkið var rekið að heiman í slíkum flýti, að fæstum gafst tóm til að taka með sér nauðsynlegasta farangur, og margir urðu viðskila við sína nánustu og sáu þá aldrei framar. Þegar hópunum hafði verið smalað á járnbrautarstöðvarnar, voru þeir drifnir inn í lestarnar og síðan ekið af stað. Tartarinn, sem var vinnufélagi minn, var einn af þeim mikla fjölda, sem þá var hrakinn úr áttögum sínum.

Um þetta leyti kynntist ég líka rithöfundum frá Aserbaídsjan við Kaspíahaf. Hann leitaði mig uppi, hafði heyrt þess getið, að í fangabúðunum væri Norðmaður. Hann hafði lesið margt um Noreg og Svíþjóð og kunni allgóð skil á norskum og sænskum bókmenntum. Sérstaklega var hann hrifinn af bókum Hamsuns. Hann vissi líka deili á Hróaldi Amundsen og Friðþjófi Nansen. Annars voru þeir Rússar undra fáir, sem höfðu heyrt Nansens getið og hins mikla starfs hans í þágu rússnesku þjóðarinnar. Enginn af öllum þeim ungu Rússum, sem ég komst í kynni við, kannaðist við nafn hans.

Þegar það fréttist, að Hamsun hefði hlotið dóm fyrir samstarf við nasista, hafði rithöfundurinn frá Aserbaídsjan haldið því fram, að bækur Hamsuns væru eftir sem áður góður og listrænn skáldskapur. Skömmu síðar var rithöfundurinn handtekinn. Hann var sakaður um að hafa mælt með bókum nasistans Hamsuns, og auk þess voru hermd upp á hann þau ummæli, að honum fyndist það rangt af Stalín að eigna sér allan heiðurinn af sigrinum í styrjöldinni. Dómurinn varð tíu ára fangavist.

Við röbbuðum margt og mikið. Hann sagði einu sinni við mig, að eftir þeim hugmyndum, sem hann hefði fengið um Norðurlandabúa af lestri norskra og sænskra skáldrita, gæti hann ekki hugsað sér, að þeir mundu nokkurn tíma geta sætt sig við svipað stjórnarfyrríkomulag og í Ráðstjórnarríkjunum. Ég hreyfði engum andmælum.

Eitt sinn, þegar ég kom í heimsókn til eins af kunningjum mínum í sjúkrahúsinu, sá ég þar fanga, sem ekki hafði áður borið mér fyrir sjónir. Hann var síðhærður. Það eitt var nóg til þess, að mér yrði starsýnt á hann, því að þarna voru allir snoðklipptir. En þegar ég fór að gefa honum nánari gætur, rann það upp fyrir mér, að einmitt svona andlitsfall hefði ég séð á fjölmörgum Svíum. Ég gekk að rúminu hans og spurði á rússnesku, hvort hann væri sænskur. Nei, hann kvaðst vera Rússi, — ég væri þó víst ekki eistneskur, honum fyndist ég tala rússneskuna með eistneskum hreimi? Síðan sagði hann á syngjandi sænsku: „Ni talar vel inte svenska?“

„Jo,“ svaraði ég, „precis som en äkta smålänning.“ Hann var fæddur í Riga, höfuðborg Lettlands. Faðir hans var Rússi, en móðirin sænsk. Auk sænsku, rússnesku og lettlesku talaði hann mjög vel ensku og þýsku. Einnig kunni hann hrafl í frönsku. Hann hafði verið dæmdur fyrir njósnir í þágu Svía, hafði setið í fangelsi síðan árið 1941. Hann hafði lokið refsivist sinni og fengið að dvelja tímakorn í fæðingarborg

sinni, en síðan verið fluttur þaðan, því að afbrotamenn fengu sjaldnast að setjast að í heimahögum sínum, þegar þeir höfðu afplánað refsinguna. Nú var hann orðinn berklaveikur og átti að fá vist á öryrkjaheimilinu, þegar smíði þess væri lokið.

Í Norður-Síberíu kvaðst hann hafa hitt sjómann frá Norður-Noregi. Nafninu hans var hann búinn að gleyma, en hann lýsti honum mjög nákvæmlega, og ég þóttist viss um, að Norðmaðurinn hefði enginn annar verið en Álfur Mikkelsen, frændi Rögnvalds og formaður kommúnistafélagsins okkar á Kiðjabergi, maðurinn sem fyrstur okkar allra flúði til Ráðstjórnarríkjanna sumarið 1940.

Undursamleg tíðindi

Dag einn í júlí bárust okkur þau tíðindi, að Bería hefði verið handtekinn, og upp frá því fannst okkur hún bragðdaufari þessi saga, sem sögð var af honum og Stalín: Einu sinni bar svo til, þegar Stalín sat í skrifstofu sinni, að hann gat hvergi komið auga á pípuna sína. Hann hringdi auðvitað þegar í stað til Bería og sagði, að nú yrði hann að taka til sinna ráða. O, jújú, Berla sagðist skyldi gera, hvað hann gæti. Fáum dögum seinna vildi svo til, að Stalín lyfti Pravda-blaði, sem lá á skrifborðinu hans, og undir því lá pípan. Þetta var nú gott og blessað, og hann hringdi til Bería og sagði honum, að nú þyrfti hann ekki lengur á hjálp hans að halda. Pípan væri komin í leitirnar. Ef Bería kynni að hafa handtekið einhverja út af hvarfi pípunnar, þá gæti hann látið þá lausa. Bería varð orðfall, og Stalín spurði hann, hvort hann hefði nokkuð við þetta að athuga. Ónei, ekki gat hann nú talið það. Í svartholinu sátu nokkrir, sem honum hafði ekki gefist tími til að yfirheyra, og þá gæti hann vitaskuld látið lausa. „En,“ sagði hann, „hvað eigum við að gera við þessa fimmtíu, sem hafa þegar játað á sig þjófnadinn?“

Fregnin af handtöku Bería þótti mikil gleðitíðindi í fangabúðunum. Sumir af ungu mönnunum féllust í faðma. Þeir eldri voru ekki eins glaðir. Þeir voru vantrúadír á, að mikillar bótar væri að vænta, þó að Bería hefði misst völdin.

Sextánda júlí 1953 fékk ég þau boð, að ég ætti ekki að fara til vinnu minnar, heldur halda kyrru fyrir og bíða nánari fyrirmæla. Síðar um daginn var ég kvaddur á fund stjórnar fangabúðanna, og þar var mér sagt, hvað í efni væri: Ég ætti að fá að fara heim.

Ég trúði þessu ekki. Engin gleðitilfinning greip mig, en það var sem mér rynni kalt vatn milli skinns og hörunds. Ég var sannfærður um, að þeir slægju þessu aðeins fram, vildu aðeins hafa mig til einhvers, sem þeim væri hugleikið.

Eins og viðundur veraldar fór ég frá þeim. Þegar ég sagði félögum mínum, hvað fram hafði farið, óskuðu þeir mér til hamingju. Þá fyrst tók það að renna upp fyrir mér, að þetta gæti átt sér stað.

Tvisvar sá ég gleðisvip á félögum mínum þau átta ár, sem ég var í fangabúðum: þegar fregnin barst um handtöku Bería og þá er ég sagði þeim frá því, að ég ætti að fara heim.

Glaður var ég, en brátt bar skugga á gleði mína. Ég hitti ungan gyðing, sem hafði verið vinnufélagi minn í verksmiðjunni. „Ég óska þér til hamingju,“ sagði hann, „og samgleðst þér yfir því að fá að fara heim.“

„Aðeins það sé þá satt,“ svaraði ég.

Já, honum fannst það líka hálfótrúlegt, að ætlunin væri að sleppa mér út fyrir landamærin. „En ef reyndin kynni þó að verða sú,“ sagði hann, „þá ætla ég að biðja þig þess lengstra orða að kynna umheiminum, að 40 milljónir manna séu í fangabúðum í Ráðstjórnarríkjunum.“

„Nú held ég þú ýkir,“ sagði ég hálft í hvoru í gamni. „Mér hefur verið sagt, að það séu ekki nema 38 milljónir.“

„Það getur vel verið, að þú hafir rétt fyrir þér,“ sagði hann grafalvarlegur. „Ef til vill eru það ekki nema 38 milljónir, en áður en þú ert kominn yfir landamærin, verða þær sjálfsgagt orðnar 40. Það tekur sinn tíma að komast burt af þessu landi. Þú færð ekki að fara af stað í dag og ekki heldur á morgun.“

Þessi maður var enginn flysjungur. Hann var hverdagslega rólegur og fámáll. Nú brunnu honum augu í höfði, og hann greip í handlegginn á mér. Augnaráð hans stendur mér alltaf fyrir hugskotssjónum.

„Þegar þú ert kominn heim,“ sagði hann, „heyrir þú ef til vill þá tilkynningu frá Rússum, að öllum föngum, sem dæmdir hafi verið fyrir stjórn málaaleg afbrot, hafi verið sleppt, og öllu hafi verið breytt til hins betra. En þú verður að lofa mér því að festa ekki trúnað á slíkar tilkynningar og ekki heldur frásagnir nefnda og heiðursgesta, sem alltaf er verið að bjóða til Ráðstjórnarríkjanna. Þegar svo kynni að vera komið, að verkamennirnir frá löndum auðvaldsskipulagsins megi vera frjálsir ferða sinna í Ráðstjórnarríkjunum og rússneskum verkamönnum verði leyft að fara utan og skoða sig um, þá fyrst er óhætt að trúa því, að hér hafi verið breytt um stefnu.“

Nú rann af mér gleðivíman, og hugurinn hvarf að hversdagslegum viðfangsefnum. Ég fór í bókhaldsskrifstofuna og bað um greiðslu. Ég átti inni hálfsmánaðar vinnulaun, og síðan var það tíundin, sem runnið hafði í Heimsendingarsjóðinn. Nei, greiðslu gat ég ekki fengið. Það hafði ekki verið gengið frá skjölum og skilríkjum. En þeir kváðust skyldu taka þetta fljótlega til athugunar. Savtra.

Savtra þýðir á morgun, en í Ráðstjórnarríkjunum er í rauninni merking þess að ári eða jafnvel aldrei. Á fyrstu styrjaldarárunum gerðum við Norðmennirnir okkur skiljanlega á norsk-rússnesku blendingsmáli. Þá kom það fyrir, að Rússarnir spurðu hlæjandi, hvort við meintum savtra á norsku eða savtra á rússnesku.

Sú regla gildi í rússneskum fangabúðum, að fangar voru einangraðir, þegar þeim hafði verið frá því skýrt, að þeir yrðu látnir lausir. Þetta átti að koma í veg fyrir, að þeir brugguðu nein launráð með þeim, sem eftir áttu að sitja. En þegar ég loks var einangraður, virtist það tilgangslítið, því að þá voru liðnir nokkrir dagar frá því, að mér var tilkynnt, að ég yrði sendur heim.

Í einangrunarklefan voru settir með mér þrettán aðrir fangar, sem látnir skyldu lausir, sex Austurríkismenn, tveir Eistlendingar, fjórir Persar og einn Finni. Einn af Austurríkismönnum hafði verið liðsforingi í flugher Þjóðverja, og enskar flugskyttur höfðu skotið flugvél hans niður í loftorrustu yfir Finnmörk. Hann komst síðar til mikilla metorða, varð eftirlitsmaður með öllum flugvöllum í Noregi. Þegar Þjóðverjar gáfust upp, fór hann í flugvél til Þýskalands ásamt nokkrum löndum

sínum. Þeir hugðust lenda á flugvelli einum nærri Berlín, en sáu þar rússneska fána og hurfu frá. Þeir lentu síðar á flugvelli, þar sem Bandaríkjafáninn blakti við hún. Liðsforinginn var leiddur í sal einn til yfirheyrslu. Þar beið hans háttsettur foringi úr her Bandaríkjamanna. Sá austurríski kvaðst fús til að skila flugvélinni óskemmdri, ef þeim félögum yrði leyft að fara til heimkynna sinna. Ella mundi hann sprengja flugvélina í loft upp.

„Ég get það héðan úr salnum,“ sagði hann.

Bandaríkjamaðurinn hugsaði sig um nokkur andartök, en sagði síðan, að hann gengi að þeim kostum, sem sá austurríski setti. Því næst spurði hann: „En hvernig ætluðuð þér eiginlega að sprengja upp flugvélina héðan úr salnum?“ Sá austurríski brosti.

„Jæja“ sagði Bandaríkjamaðurinn, „hvað sem því líður, fáið þið að fara heim.“

Ég var fljótur að kynnst Finnanum. Hann hafði verið handtekinn árið 1945. Hann bjó þá litlu búi örskamman spöl frá landamærum Ráðstjórnarríkjanna. Kvöld eitt var hann á leið heim úr kaupstað mjög drukinn. Hann varð ofurölvi, og þá fyrst rankaði hann við sér, þegar tveir hermenn úr Rauða hernum vöktu hann, þar sem hann lá með brennivínsflösku við hliðina á sér um það bil hálfan kílómetra austan við landamærin. Hann var handtekinn og dæmdur í tíu ára fangabúðavist fyrir njósnið. Honum hafði í fyrstu virst við yfirheyrslurnar, að mál hans horfði sæmilega, en svo asnaði hann því út úr sér, að hann ætti þrjár kýr og tvo hesta.

„Svo þú ert þá bara kapítalisti,“ sagði sá, sem yfirheyrði. Og þar með var vonlaust, að Finninn slyppi.

Við vorum í þrjá sólarhringa í einangrunarklefanum. Síðan voru öllum afhent ný fót, skór og húfa, og um leið voru okkur greiddir tveggja daga fæðispeningar, 18 rúblur og 78 kópekar.

Þegar við höfðum búist til brottferðar, vorum við látnir fara út að litla hliðinu, sem sjaldnast var notað, nema þegar hleypt var út fongum, sem látnir voru lausir. Forstjóri Sérstöku deildarinnar, grannvaxin, ung og verulega falleg stúlka, las þar yfir okkur skjal. Í því var greint frá því, að við værum látnir lausir og sendir heim samkvæmt tilskipun um náðun frá 27. mars 1953, en skyldum vera í gæslu á leiðinni að landamærunum.

Að lestri loknum spurði ungfrúin, hvort nokkur okkar teldi sig eiga einhverjar kröfur á stjórn fangabúðanna. Ég gat ekki á mér setið, en tók mig út úr hópnum og minnti á vinnulaunin fyrir fyrri hluta júlímánaðar og greiðslur mínar í Heimsendingarsjóðinn.

Nokkur andartök var þögn. En síðan sagði ungfrúin ósköp rólega, að ég gæti því miður ekki fengið þetta fé þarna á stundinni. Það yrði að bíða til morguns. Savtra.

Ég þakkaði henni góðar undirtektir.

Já — en hvers vegna?

TÍU VERÐIR FYLGDU OKKUR á almenningajárnbrautarstöðina í Potma. Þaðan fórum við með venjulegri farþegalest áleiðis til Moskvu. Alls voru það tíu fangar, sem áttu samleið. Í þeim hópi var ein kona. Ég gaf mig á tal við hana á leiðinni. Hún var 48 ára gömul, en leit ekki út fyrir að vera nema hálfertug. Hún var Júgóslavi. Árið 1945 hafði hún farið í heimsókn til vinkonu sinnar, sem átti heima í Ungverjalandi. Þar tóku Rússar hana höndum, sökuðu hana um njósnir og dæmdu hana í 15 ára fangavinnu.

„Hvers konar njósnir hefðu það átt að vera?“ sagði hún. „Ég hafði varla heyrt njósnastarfsemi getið. Ég var eins og hver önnur venjuleg húsmóðir.“ Hún hafði hvorki fengið bréf né boð frá bónda sínum í öll þau ár, sem hún hafði verið í fangabúðum. Hún vissi ekki, hvort hann var lífs eða liðinn. „Það er eina bótin,“ sagði hún, „að við áttum engin börn.“ Upp á síðkastið hafði hún unnið við mótekju og haft tiltölulega góðar tekjur. Hún hafði með sér brauð og sælgæti og vildi ekki heyra annað nefnt en skipta þessu jafnt á milli okkar allra,

Við komum til Moskvu nokkru fyrir hádegi daginn eftir. Á járnbrautarstöðinni var leigður vörubíll. Hann urðum við sjálf að borga. Á honum ókum við um miðbik borgarinnar til annarrar járnbrautarstöðvar. Leiðin lá skammt frá Rauða torginu um breiðar og fagrar götur, þar sem myndarleg stórhýsi voru á báðar hendur.

Ég og tveir aðrir fangar fengu að fara inn í brauðabúð, enda fylgdu okkur tveir verðir. Þar þótti okkur girnilegt um að litast, því að þar var gnægð af margs konar brauði og kökum.

Okkur var sagt, að við ættum að fara til borgarinnar Rybínsk við Volgu með lest, sem færi einhvern tíma síðari hluta dags. Síðan sátum við þá og biðum á járnbrautarstöðinni klukkutíma eftir klukkutíma. Sumir af vörðunum fóru á brott og sögðust ætla að fá sér dúr, en hinir sátu og tefldu dómínó. Kona og 13, 14 ára drengur settust á bekkinn við hliðina á mér, og verðirnir voru svo niðursokknir í taflíð, að þeir létu þau afskiptalaus. Konan spurði, hvað manna við værum. Ég sagði henni, að við værum útlendingar, hefðum verið í fangabúðum og værum nú á leið heim. Hún sat þegjandi um hríð, en síðan fór hún að segja mér fréttir. Í útjaðri borgarinnar, þarna skammt frá, væri fangelsi. Þar hefði komið til uppreisnar nóttina áður, og 400 fangar hefðu flúið. Nú væru dátar og lögreglumenn að leita þá uppi í skóginum. Þau hefðu aftur og aftur heyrt skothvelli, og margir fangar hefðu þegar náðst. Ég spurði hana, hvort þetta mundu hafa verið fangar, sem verið

hefðu dæmdir fyrir stjórnmálaleg afbrot eða menn, sem hefðu brotið hin almennu hegningarlög.

„Það veit ég ekki,“ sagði hún. „Líklega hvort tveggja.“

Drengurinn, sem setið hafði þegiandi og hlýtt á, sagði nú allt í einu: „En þeir geta eiginlega ekki látið taka sig til fanga. Þú manst eftir þessum fjórum, sem teknir voru hérna einu sinni. Þeir voru skotnir!“

Næsta dag milli dagmála og hádegis komum við til Rybínsk. Þar biðum við nokkra klukkutíma úti fyrir járnbrautarstöðinni í steikjandi sólskini. Síðan var okkur ekið á vörubíl til fangabúðanna í Tsjerbakov. Þær standa á sléttlendi við Volgu. Leiðin frá Rybínsk til fangabúðanna er 12 kílómetrar. Vegurinn var svo ósléttur, að mér fannst undur, að bíllinn skyldi ekki brotna. Við hossuðumst og hentumst til, og okkur þótti það hreinasta mildi, að við skyldum ekki fá garnaflækju.

Í fangabúðunum voru saman komnir menn af flestum þjóðflokkum Evrópu. Þar voru þó hvorki Svíar né Norðmenn, en hins vegar Danir. Austurríkismennirnir voru fjölmennastir. Þeir voru 600. Þá voru þarna 200 Grikkir, 50 Finnar og 40 Hollendingar. Konur voru allmargar í þessum fangabúðum. Þær voru í skála út af fyrir sig, og hann var í sérstakri girðingu. En mér var sagt, að varðgæslan væri slök, svo að ekki væri mikil vandhæfni á að ná fundi kvennanna. Stríðsfangarnir voru þarna í miklum meirihluta, nema ef vera skyldi í hópi Finnanna. Í hverfinu voru 20 fangaskálar, og var þar vel rúmt. Ég lenti í skála, sem var ætlaður 40 manns, en þar voru aðeins 28.

Ég átti tal við Dana, sem hét Mogens Carlsson. Hann var 28 ára gamall. Hann hafði verið mjög ákafur kommúnisti og tekið mikinn þátt í andstöðuhreyfingunni í Danmörk. Á framhandleggnum á honum gat að líta hamar og sigð og ráðstjórnarstjörnu, og auk þess var þar lettraður byltingardagurinn, 7. nóvember. Mogens velti því fyrir sér, hvernig hann gæti losnað við þetta húðflúr. Ég gat ekki gefið honum annað ráð en það að láta flúra kross ofan í ráðstjórnarstjörnuna, ef ekki reyndist unnt að ná þessum teiknum og áletrunum af handleggnum. Mogens fannst þetta snjallræði.

Sumarið 1950 hafði hann stundað vinnu í Svíþjóð og Finnlandi, en aðfaranótt 11. dags septembermánaðar hafði hann farið austur yfir landamæri Ráðstjórnarríkjanna, Hann vildi kynnst þeirri þjóð, sem hafði afnumið auðvaldsskipulagið, vildi sjá allt með eigin augum og koma síðan heim og geta sagt þeim vantrúuðu, hvernig öllu væri varið í ríki verkalýðsins.

Hann var ekki kominn langt austur yfir landamærin, þegar hann var tekinn höndum. Hann var settur í fangelsi í Petrozavodsk og síðan fluttur til Lenínsgarðs. Þar var hann yfirheyrdur nótt eftir nótt í fimm mánuði. Einu sinni sofnaði hann við yfirheyrslu. Þegar hann vaknaði, sá hann, að sá, sem yfirheyrði, svaf fram á borið. Frá Lenínsgarði var Mogens fluttur til Moskvu. Þar sat hann í fangelsi í tíu mánuði, og annað veifið var hann yfirheyrdur. Hann skírskotaði til þess, að hann væri heitur kommúnisti og sýndi flúrið á handleggnum á sér. En þetta kom fyrir

ekki. Rússunum fannst hann meira að segja enn tortryggilegri vegna húðflúrsins, og þeir sögðu, að útlendingar, sem kölluðu sig kommúnista, væru mun hættulegri en aðrir. En loks komust þeir þó að þeirri niðurstöðu, að þá skorti skynsamlega átyllu til að dæma hann sem njósna. Í stað þess dæmdu þeir hann í þriggja ára fangabúðavinnu fyrir að laumast inn yfir landamæri Ráðstjórnarríkjanna. Og þannig fékk hann tækifæri til að kynnst fyrirheitna landinu eins og það er í raun og sannleika.

Þann 27. júlí var ég kvaddur til yfirheyrslu í skrifstofu fangabúðastjórans. Þar sátu tveir menn. Þegar ég hafði skýrt frá því, hvernar þjóðar ég væri og hve lengi ég hefði setið í fangabúðum, var ég spurður, hvort ég vildi vera kyrr í Ráðstjórnarríkjunum, þegar ég hefði verið látinn laus.

„Ég vil helst fara heim,“ svaraði ég.

„Já — en hvers vegna?“

Ég sagðist hafa fengið magasár. Ég væri veikur, og ég mundi ekki geta fullnægt þeim kröfum til afkasta, sem gerðar væru í Ráðstjórnarríkjunum — minnsta kosti ekki í erfiðisvinnu. Mér mundi ganga betur að sjá mér farborgða, ef ég færi heim.

Það hummaði í þeim. Síðan spurðu þeir mig, hvar ég hefði hugsað mér að setjast að, þegar heim kæmi. Ég sagðist mundu hverfa til áttuga minna. Hvað ég hygðist taka mér þar fyrir hendur? Ég kvaðst mundu stunda fiskveiðar, eins og ég hefði gert, áður en ég hefði farið til Ráðstjórnarríkjanna.

Þeir héldu því fram, að fiskveiðar væru erfið vinna. Ég, sem væri veikur, mundi ekki þola slík störf.

„Ojú, jú,—“ sagði ég. „Hjá okkur er það hreyfillinn, sem vinnur erfiðustu verkin. Hann dregur bæði lóðirnar og netin. Við þurfum ekki annað en tína fiskinn af önglunum og úr möskvunum. Fiskveiðar geta verið kalsalegar í misjöfnu veðri að vetrinum, en þær geta ekki talist önnur eins stritvinna og sumt annað.“

„Aha,“ sagði annar þeirra, „svo að þið hafið hreyfla í bátunum ykkar.“ Það var engu líkara en þeim kæmi ekki vel að heyra þetta.

Ég var þrisvar kvaddur til yfirheyrslu, og alltaf voru þeir að þýfga mig um það, hvers vegna ég vildi fyrir hvern mun heim til Noregs. Ég þýddi á rússnesku norska málsháttinn: Þar sem geitin er lífið, þar líður henni best. Einu sinni spurðu þeir mig upp úr þurru, hvort ég hefði verið leikari. Nei, ég kvaðst aldrei hafa fengist við þess háttar. Hvort ég hefði ekki heima í áttögum mínum iðkað leiklist? Nei, ég sagðist hafa verið fiskimaður. En í fangabúðunum, — hvort ég hefði ekki verið þar í leikhópum? Nei, ég kvaðst alltaf hafa stundað almenna vinnu, og í tómstundum mínum hefði ég lesið og stundum teft skák og dómínó. Auk þess hefði ég varið allmiklum tíma til að læra rússnesku. Þeir spurðu mig ekki frekar um þetta.

Við þriðju yfirheyrsluna fór heldur en ekki að fara um mig. Annar Rússinn sagði allt í einu: „Heyrðu, — þú hefur starfað í þágu MVD, — hefur enginn spurt þig að því, hvort þú værir ekki fánlegur til að ganga í þjónustu þeirrar stofnunar á nýjan leik?“

Ég hugsaði með mér: Nú ríður þér á að fara kænlega að ráði þínu. Þú verður að ljúga, og þó á þann hátt, að það megi til sanns vegar færa. Þú getur skilið spyrjandann þannig, að hann sé að forvitnast um, hvort þú hafir ekki verið beðinn að gerast njósnari MVD í fangabúðunum, en fram á það hefur aldrei verið farið við þig. Þarna áttu þér smugu. „Nei,“ svaraði ég. „Það hefur enginn spurt mig að því.“

„Merkilegt,“ sagði hann, „úr því að þú hefur áður verið í þeirra þjónustu, — merkilegt!“

Síðan spurði hann: „Fyrir hvað varstu eiginlega dæmdur í tíu ára fangelsi, maður sem starfaðir fyrir MVD?“

Ég þóttist skilja, að hann mundi ekki kunna glögg skil á dómsforsendum í máli mínu og sagði honum það, sem ég taldi mig vita: að ég hefði verið dæmdur fyrir að ljóstra upp rússneskum ríkisleyndarmálum við norsk yfirvöld í Svíþjóð.

Hann spurði, hvort ég teldi mig sekan. Eins og ástatt var fannst mér skynsamlegast að svara þessari spurningu játandi. En ég sagði, að raunar fyndist mér dómurinn hafa verið óþarflega harður, en nú hefðu þeir stytta refsivist mína um tvö ár, og svo væri ég þá ánægður.

Hann blaðaði í skjölunum, sem lágu fyrir framan hann, og sagði því næst: „En hvað um 4. liðinn?“

„Ég veit það ekki,“ svaraði ég.

Síðan lét hann mig fara.

Fjórði liður í 58. grein fjallar um andbýltingarstarfsemi. Ég hafði verið í fangelsi í átta ár án þess að vita, fyrir hvaða afbrot ég hafði verið dæmdur.

Jafnrétti

ÞEGAR ÉG KOM Í ÞESSAR fangabúðir, heyrði ég þann orðróm, að allir ættu að vera farnir þaðan fyrir 5. ágúst. Ég átti því ekki að þurfa að bíða lengi hins mikla dags brottfararinnar. En þannig leið fyrsta vikan af ágúst, að allt var þarna með kyrrum kjörum. Þá var talað um 12. ágúst — síðan um 1. september.

Dag einn sagði mér danskur maður, að í kvennaskálan væri komin norsk stúlka. Ég fór með honum að hliðinu, og inn sluppum við án mikillar fyrirhafnar. Í sömu svipan kom kona út úr skálanum. Hún var mjög dökk yfirlitum, og það var ekkert við hana, sem benti til þess, að hún væri norsk. En ef til vill átti fangabúningurinn sinn þátt í því, hve framandleg hún virtist. Þetta reyndist vera Randíður Samúelsen frá Túnsbergi. En norsku gat hún ekki talað. Hún reyndi það, en rak aftur og aftur í vörðurnar, og svo sagði hún: „Davaj porússki. ...“ Tölum frekar rússnesku.

Átján ára gömul fór hún til Austurríkis til að giftast manni, sem hún hafði kynnst í heimahögunum. Þá var liðið að styrjaldarlokum og orðið auðsætt, hvor aðilinn mundi bera sigur af hólmi. Síðan kom uppgjöf Þjóðverja, og Randíður var handtekin og send austur á bóginn. Hún hafði dvalið í mörgum fangabúðum þessi átta ár, sem hún hafði verið fangi. Nú átti hún að fara heim, og norsku gat hún ekki lengur talað.

Einn daginn fórum við Mogens Carlsson að heimsækja Finnann, sem hafði komið í fangabúðirnar samtímis mér. Hann var berklaveikur og hafði verið fluttur í sjúkraskálan. Um hrið hafði hann verið rúmfastur, hafði fengið sótt hita á ferðalaginu, en nú var hann kominn á fætur og sat á flötinni úti fyrir skálanum ásamt fleiri sjúklingum. Við Carlsson settumst hjá þeim og tókum þá tali. Þá bar þarna að annan Finna. Í för með honum var telpa á að giska 12–13 ára gömul. Þegar ég fór að virða hana nánar fyrir mér, þóttist ég sjá, að hún mundi vera einhverju eldri. Undir fangalýjunni mótaði fyrir brjóstum.

Hún var Finni, og 21 árs var hún. Þegar hún var 13 ára, hafði hún verið á skíðum í nánd við landamæri Finnlands og Rússlands, sem voru mjög ógreinileg í þann tíð. Án vitundar sinnar lenti hún inn á rússneskt landssvæði. Þar var hún handtekin, og síðan var henni varpað í fangelsi. Hún var yfirheyrð og síðan dæmd til 15 ára fangavistar fyrir njósnir.

Fyrstu árin var hún í fangabúðum á gullnámasvæðinu í Síberíu. Hún var fáorð um dvöl sína þar. Síðan var hún flutt til Königsberg, sem er vestur undir landamærum Póllands. Hún sagði, að þar hefði sér liðið vel. Föngunum hefði verið svo

ríflega skammtað, að þeir hefðu næstum fengið nægju sína. Nú hafði hún verið náðuð og átti að fá að fara heim.

Í för með henni til Tsjerbakov var önnur finnsk kona. Hún hafði orðið geðveik. Ég sá hana oft, en átti aldrei tal við hana. Hún leit út fyrir að vera um þritugt. Allan daginn gekk hún fram og aftur úti fyrir kvennaskálanum. Hún talaði við sjálfa sig. Annað veifið brosti hún eða hló — og síðan setti þá allt í einu að henni grát. Hinar konurnar sóttu hana á matmálstímum, og hún borðaði, ef henni var fenginn maturinn.

Þarna í fangabúðunum var líka finnskur karlmaður, sem misst hafði vitið. Ég minnst þess ljóslega, hvenær ég sá hann fyrst. Ég kom inn í matskálann og settist þar við eitt borðið. Þar sat maður að snæðingi, skáhallt á móti mér. Allt í einu sagði hann eitthvað. Ég gat ekki greint orðaskil og leit á hann. Síðan þóttist ég skilja, að hann væri að tala við sjálfan sig. Ég fór að leggja eyrun við, heyrði, að hann talaði finnsku. Hann hló, hélt síðan áfram að tala, borðaði eina skeið af súpu og hló því næst á ný. Skyndilega spratt hann á fætur og barði svo hart í borðið, að skálarnar okkar dönsuðu og skeiðin hans hrökk langt út á gólf. Hann stóð þögull og grafkyrr nokkur andartök. Síðan sótbölvaði hann á finnsku, og ég gat greint orðið savjet. Síðan virtist hann allt í einu ranka við sér. Hann svipaðist um, sótti skeiðina sína og fór aftur að borða.

Ágúst leið, án þess að neinir af föngunum væru sendir heim. Þegar kom fram í september, tók flestum að gerast órótt. Ég las eina bókina af annarri mér til dægrestyttingar, því að þarna var allgott bókasafn. En fæstir af föngunum gátu lesið rússnesku. Þeir voru því flestir aðgerðalausir, ráfuðu óeirnir út og inn frá morgni til kvölds.

Í bókasafninu rakst ég á grein um Túnsberg í Noregi. Greininni fylgdu myndir, sem áttu að sýna, hve hörmulegt ástandið væri. Á einni myndinni gat að líta húsvegg, sem var svo hrörlegur, að við hann höfðu verið settar stytur til þess að verja hann falli. Líka sáust á myndinni þvottasnúrur. Þar héngu afar rytjulegar rýjur. Önnur mynd sýndi hamravegg, sem á var málað stórum stöfum: VINNUM Í ÞÁGU FRÍÐARINS! Þessi mynd átti að sýna andstöðu norsku þjóðarinnar gegn ófriðaranda Bandaríkjanna.

Strax og ég var kominn til Tsjerbakov, skrifaði ég tvær beiðnir til fangabúðastjórnarinnar. Í annarri fór ég fram á, að mér væri afhent armbandsúrið mitt og fleira, sem hafði verið af mér tekið, þegar mér var varpað í fangelsi. Í hinni óskaði ég þess, að mér væri greitt það fé, sem ég hafði verið látinn leggja í Heimsendingarsjóðinn. Í fangabúðahverfinu var vörubúð, þar sem alls konar vara var á boðstólum, en ég átti ekki eina einustu rúblu. Mánuður leið, og ég fékk ekkert svar. Síðan ítrekaði ég þá þessar beiðnir og afhenti um leið bréf til norska sendiráðsins í Moskvu og baðst þess, að mér væru sendar 200 rúblur. Þetta hefði ég gjarnan mátt láta ógert.

Í hópi Finnanna voru nokkrir menn, sem höfðu sent beiðni um að fá að vera kyrrir í Ráðstjórnarríkjunum. Þeir höfðu allir verið dæmdir fyrir að laumast yfir

landamærin, og orðrómur lék á, að þeir kynnu að hafa brotið eitthvað af sér heima fyrir. Beiðnum þeirra allra var synjað. Síðan hugsaði ég með mér, að ég hefði líklega verið þegar í stað sendur heim, ef ég hefði sótt um landvistarleyfi. Ég vissi af reynslunni, að í Ráðstjórnarríkjunum var talið varhugavert að verða við óskum manna. Ég þekkti meira að segja til þess úr fangavinnunni, ef maður sló fram einhverri tillögu um breyttan verkshátt, að þá þótti það svo tortryggilegt, að sá, sem átti tillöguna, gat verið viss um, að eftir henni yrði alls ekki farið.

Í öndverðum júlímánuði hafði komið til óeirða í fangabúðunum milli Austurríkismanna og Grikkja. Mér hafði verið sagt frá þessu, en enginn kunni skil á upp-tökunum. Þeir höfðu notað sem barefli járnteina og stóreflis bjálka, og marga hafði orðið að flytja í sjúkrahús. Níutíu Grikkir voru þegar fluttir í aðrar fangabúðir, og skömmu síðar voru Austurríkismennirnir, sem tóku þátt í óeirðunum, sendir heim.

Löngu eftir að óeirðamennirnir höfðu verið fluttir á brott, kom í fangabúðirnar sendinefnd frá Moskvu. Í henni voru háttsettur liðsforingi og nokkrir embættismenn, sem máttu sín allmikils. Þeir áttu að stilla til friðar. Liðsforinginn varð að láta sér nægja að flytja ræðu yfir hausamótunum á okkur, sem ekkert illt höfðum aðhafst. Hann sagði, að ófriðarseggjunum mundi verða refsað, ef aftur kæmi til svona óeirða. Við ættum að læra að virða rétt hver annars, taka okkur Ráðstjórnarríkin til fyrirmyndar, þar sem allar þjóðir nytu jafnréttis.

„Fjölmenn þjóð,“ sagði hann, „á ekki að njóta neinna forréttinda fram yfir þær fámennu.“ Hann lauk máli sínu mjög fagurlega, sagði, að við mættum ekki vera óþolinmóðir og stofna til óeirða. Bráðum mundu málin skipast þannig, að við fengjum að fara heim. Allir klöppuðu, og sumir hrópuðu húrra. Hann virtist vera mjög ánægður með það, hvernig ræðu hans var tekið.

Septembermánuður leið til loka, og nú tók að hausta. Þetta var níunda haustið mitt í fangelsi.

Síðan voru Hollendingarnir sendir heim.

Hinn 20. október fékk ég þau boð, að daginn eftir ætti ég að leggja af stað.

Vestur á bóginn

Það var Dani, sem bar mér þessi boð. Hann sagði, að við Randíður Samúelsen væru þau einu, sem ættum að fara að þessu sinni. Ég var í baði, þegar hann kom. Það var gott baðhús í fangabúðunum. Annað veifið var hægt að fá þar heitt vatn. Nú var mér ekki til setu boðið, en ég snerist um sjálfan mig og vissi ekki, á hverju ég átti að hefja ferðabúnaðinn, þótt raunar væri ekki frá miklu að ganga. Loks þaut ég til rakarans, enda var ég orðinn síðskeggjaður. Þar var biðröð rétt einu sinni. Ég kvaðst verða að komast að, því að ég væri að fara. „Komdu í fyrramálið,“ sagði rakarinn, þegar hann heyrði, að ég færi ekki fyrr en næsta dag.

Nokkrum klukkustundum eftir að ég fékk boðin, kom nýtt skeyti frá Moskvu. Við áttum ekki að bíða morgundagsins, heldur leggja af stað undir eins. Okkur var sagt, að við yrðum að vera eldfljót að búa okkur. Einn af vörðunum kom hlaupandi og kallaði: „Bistra, bistra!“ Nú dygði ekki annað en flýta sér. Við yrðum að ná lestinni.

Héðan af var þá ekki til neins að hugsa um skeggið. En við, sem vorum að leggja upp í langferð, urðum að hafa með okkur nesti. Ég hljóp til eldhúss og fékk þar hálft þriðja brauð, 150 grömm af sykri og eina dós af niðursoðnu kjöti. Síðan þaut ég aftur til svefnskálans og vafði ábreiðunni utan um dýnuna, koddann og rekkjuvoðina. Í Tsjerbakov höfðum við svo sem viðunandi sængurfatnað. Sængurfötunum skilaði ég í birgðaskemmuna, og verðirnir eltu mig með hrópum og köllum: „Þið verðið að flýta ykkur. Við verðum að fara að komast af stað.“

Loks hlupum við Randíður bæði niður í varðstofuna, og þegar þangað kom, var ekki lengur asi á vörðunum. Kona var látin fara með Randíði inn í afherbergi, en ég var rannsakaður afar vandlega í sjálfri varðstofunni. Sérstaklega var þess gætt, að ég færi ekki af stað með nokkurt bréfsnifsí í vösum mínum.

Að lokinni rannsókninni var ég spurður, hvort ég teldi mig eiga nokkrar kröfur á stjórn hinna rússnesku fangabúða. Ég kvaðst vilja fá með mér þá muni, sem hefðu verið af mér teknir, þegar ég hefði verið settur í fangelsi. Verðirnir spurðu, hvers vegna ég hefði ekki hreyft þessu fyrr. Ég sagði þeim, að ég hefði tvisvar sent skriflega beiðni. Jæja, hvar var þá kvittunin, sem mér hafði verið fengin, þegar ég var látinn afhenda þessa muni? Hún var auðvitað löngu glötuð, en ég sagði vörðunum, að munirnir hefðu allir verið bókfærðir. En nei, — úr því að kvittunin var glötuð, voru engin tök á að afhenda mér munina — að minnsta kosti ekki að þessu sinni, en ef ég hins vegar frestaði ferðinni, þá var öðru máli að gegna.

Við sátum og biðum þrjá klukkutíma í varðstofunni, en klukkan átta kom vöru-

bíll, og síðan var haldið af stað til Rybínsk. Aðeins var sendur einn maður með okkur. Hann var bæði vörður og fararstjóri. Hann var ekki í einkennisbúningi. Þetta reyndist allra vinsamlegasti náungi. Hann hafði verið í skriðdrekasveitunum, sem voru í fararbroddi, þegar Rússar réðust inn í Þýskaland. Þegar Ráðstjórnarríkin sögðu Japan stríð á hendur, var hann sendur til Austur-Asíu.

Stundu fyrir miðnætti fórum við frá Rybínsk og komum til Moskvu nokkru fyrir hádegi. Á brautarstöðinni var leigður vörubíll og ekið á aðra brautarstöð, en nú var það ríkið, sem borgaði.

Í Moskvu snæddum við hádegisverð í lítilli veitingastofu í grennd við járnbrautarstöðina. Ég var skeggjaður og illa tilhafður, en Randíður var furðu snyrtileg. Í fangabúðunum hafði hún átt sér aðdáanda, sem var hinn mesti snillingur í höndunum. Hann hafði saumað henni kjól og búið til handa henni hárnálar. Hann var frá Helsingfors, hafði farið til Ráðstjórnarríkjanna með einhvers konar sendinefnd. Þegar hann hafði dvalið þar í mánaðartíma, var hann handtekinn, og nú hafði hann dúsað í fangelsi í Moskvu í fimm ár. Þarna í veitingastofunni handlék ég borðhnif og gaffal í fyrsta skipti í átta ár. Maturinn var nægur og bragðgöður, og fararstjórinn borgaði. Randíður átti nokkrar rúblur, og áður en við fórum frá Moskvu, keyptum við sultukrúkk, hveitibrauð og dálítið af smjöri.

Ferðinni var nú heitið til Brest-Lítovsk. Fararstjórinn sagði okkur, að þar ættu að koma til móts við okkur frá Kænugarði fimm norskir stríðsfangar. Við fengum klefa, sem í voru fjórar rekkjur. Þarna voru ekki aðrir en við þrjú. Síðan var þá haldið vestur á bóginn. Mér fannst undarlegt til þess að hugsa. Í ganginum framan við dyrnar á klefanum okkar sátu liðsforingi og dái. Þeir tóku raktæki upp úr þússi sínu og fóru að raka sig. Ég herti upp hugann og bað annan þeirra að lána mér rakvél. Jú, hún var velkomin. Ég rakaði mig, og nú fannst mér ég fara að líkjast síðuðum manni.

Á einni stöðinni var bætt í klefann okkar 18–19 ára stúlku. Hún hafði farangur sinn í geipistörrí ferðatösku. Taskan var svo þung, að ég gat rétt með naumindum lyft henni upp á hilluna, sem ætluð var dóti farþeganna. Stúlkan var allpeldökk og hrafnsvört á hár, en augun voru ljósblá. Ég gat ekki stillt mig um að spyrja hana, hverrar þjóðar hún væri. Hún sagði, að móðir sín væri frá Georgíu, en faðirinn Rússi. Hann væri ljóshærður og bláeygur, eu móðirin dökk á brún og brá. Stúlkan fræddi mig ennfremur á því, að faðir hennar væri háttsettur liðsforingi. Af því var hún auðhæyrilega hreykin. Hún var mjög kát og hressileg og talaði um allt milli himins og jarðar.

Á næstu stöð fór hún út úr lestinni og kom aftur með fangið fullt af eplum. Og öllum, sem hún náði í, gaf hún epli. Hún fór síðan upp í rekkju sína og tók að segja okkur eitt og annað frá Kákasus. Hún hafði verið þar á styrjaldarárunum. Þangað hafði verið fluttur fjöldi af gyðingum, og þeir voru látnir vinna á samyrkjubúum. En gyðingarnir vildu ekki vinna, sagði hún, en þá var þeim þröngvað til þess. Þeir

voru teknir og lúbarðir einn af öðrum. Þá urðu þeir heldur en ekki smeykir. Og hún hló, skemmti sér auðsjáanlega vel við að hugsa til þessa.

Því næst sagði hún okkur frá því, að faðir hennar hefði dvalið í Berlín. Þar hefði hann keypt fatnað og ýmislegt fleira, sem hann hefði haft með sér heim og gefið henni og móður hennar. Sumt af þessu hefði verið ansi snoturt, en það ætlaði hún rétt að segja — og faðir hennar væri líka á þeirri skoðun — að engar vörur væru eins vandaðar og hinar rússnesku. Hún ætti sjal, sem móðir hennar hefði gefið henni, og þó væri það ekkert farið að slitna. Hún gæti átt það og notað alla sína ævi, og ef hún ætti eftir að eignast dóttur, þá gæti hún erft það. Svona væru vörugæðin í Rússlandi, og svona væri allt rússneskt. Hvergi í víðri veröld væri tilveran neitt viðlíka við það, sem hún væri í Rússlandi.

Klukkan fimm að morgni komum við til Brest-Lítovsk. Þar sátum við síðan á járnbrautarstöðinni allan guðslangan daginn. Stríðsföngunum hafði af einhverjum ástæðum seinkað.

Þegar leið að kvöldi, tók fararstjórinn að reyna að útvega okkur gistingu. En hann gat hvergi fengið herbergi. Síðla kvölds sagði hann okkur, að við ættum að sofa í tómum járnbrautarvagni, sem stæði spölkorn frá stöðinni. Vagninn hefði verið hitaður upp.

Það leyndi sér ekki, að reynt hafði verið að hita upp vagninn. Hann var fullur af reyk. Gömul rússnesk hjón höfðu kveikt upp í ryðguðum ofngarmi, höfðu troðið hann fullan af blaðarusli. Þau höfðu líka sópað vagninn, tekið til eftir bestu getu og búið um okkur. Við opnuðum glugga og lögðumst síðan til svefns.

Fararstjórinn reis snemma úr rekkju og fór á járnbrautarstöðina til þess að vita, hvort stríðsfangarnir norsku væru komnir. Hann skildi okkur Randíði eftir ein í vagninum. Hann vissi, að það var óhætt. Enginn komst langt í Ráðstjórnarríkjunum án þess að geta sýnt vegabréf — og síst þeir, sem töluðu rússnesku þannig, að heyra mátti á mæli þeirra, að þeir væru útlendingar.

Þegar hann kom aftur, hljóp hann við fót. „Bistra, bistra!“ Stríðsfangarnir norsku voru komnir. Þeir sátu og biðu á stöðinni, og lestin, sem átti að fara til Berlínar, gat komið á hverri stundu.

Ég var ekki lengi að búa mig af stað. Í klefanum stóð vatnskrukka. Ég saup á henni, úðaði á mér hendurnar og neri síðan lítið eitt framan úr mér — eins og við vorum vanir að gera í fangabúðunum, þegar tíminn var naumur og þröngt í kringum vatnskrannann.

En Randíður var kona, og kvenedlið sagði til sín. Hún varð að hagræða svolítið á sér hárinu og þvo sér sæmilega, áður en hún gæti fengið af sér að þjóta af stað, og hún fór sínu fram, hvað sem fararstjórinn tautaði og raulaði.

Þegar hún var loks tilbúin, hlupum við í spretti. Þegar við komum á stöðina, vorum við lafmóð. Þá kom það allt í einu upp úr dúrnum, að engin lest átti að fara til Berlínar fyrr en seint um kvöldið.

Til Berlínar

ÞÓ AÐ MARGT MANNA VÆRI í biðsal stöðvarinnar, voru Norðmennirnir auðþekktir. Þeir höfðu á styrjaldarárunum barist í liði Þjóðverja, og sumir þeirra höfðu þýskar dátahúfur á höfði. Ásamt tveimur vörðum, liðsforingja og dáta, sátu þeir út af fyrir sig í einu horni salarins. Við gengum til þeirra, og ég held, að mér hafi ekki einu sinni orðið hugsað til þess, að þessir menn höfðu hér áður á árum verið í fylkingu óvina minna. Síðan var óratími, og margt og mikið hafði á dagana drifið.

Þeir áttuðu sig ekki á því, að við Randíður værum landar þeirra, fyrr en ég ávarpaði þá á norsku. Þeir störfðu á okkur steinhissa. Það var eins og við værum einhverjar furðuskepnur. Þeim mun ekki hafa virst ég sérlega Norðmannslegur í fangaskrúðanum, og þó að kjóllinn, sem Finninn saumaði handa henni Randíði, væri svo sem snotrasta flík, þá naut hann sín engan veginn, því að utan yfir var hún í þykkri og fyrirferðarmikilli fangaúlp.

Stríðsfangarnir voru vel búnir, og allir höfðu þeir farangur sinni í nýjum ferða-töskum, sem búnar voru til úr krossvið. Þeir höfðu alltaf fengið pakka að heiman, og þeir höfðu unnið og haft mjög sæmilegar tekjur, miðað við það, sem kostur var á í fangabúðum. Þeir höfðu fengið saumuð á sig föt, áður en þeir fóru. Í hópi stríðsfanganna voru alls konar iðnaðarmenn, og þeir, sem höfðu handbært fé, gátu látið gera sér bæði flíkur og muni af ýmsu tæi.

Allan daginn sátum við þarna í salnum. Stríðsfangarnir tíndu upp úr töskum sínum margs konar hnossgæti. Þeir gátu jafnvel boðið okkur upp á niðursoðinn fisk úr hinum víðfrægu verksmiðjum Bjellands. Þeir áttu te í fórum sínum, og suðutæki höfðu þeir eignast. Þeir gáfu okkur einnig vindlinga. Þeir höfðu átt dálitla upphæð, þegar þeir fóru. Þeir máttu ekki hafa hana með sér, og vindlingar voru það eina, sem þeim var leyft að kaupa fyrir hana.

Um hálfáttaleytið kom liðsforinginn hlaupandi og sagði, að lestin væri að koma, — nú yrðum við að flýta okkur. Biðin hefði orðið löng, en nú fengjum við líka að fara með hraðlest. Hún æki 90 kílómetra á klukkutímanum. Hann var mjög glaður og samtímis hreykinn yfir því, að rússneskar lestir skyldu vera svo hraðskreiðar.

Fararstjórinn okkar skildi við okkur þarna á stöðinni. Tvisvar á leiðinni frá Tsjerbakov til Brest-Lítovsk hafði hann minnst á það við mig, að ég ætti heldur að vera kyrr í Ráðstjórnarríkjunum en fara til Noregs. Nú gæti ég unnið sem frjáls maður í Ráðstjórnarríkjunum, og þar mundu kjör mín verða miklu betri en í Noregi. Ennþá væri það ekki orðið of seint að breyta um ákvörðun. Nú hefði Æðsta

ráðið ákveðið stórkostlegar landbúnaðarframfarir, og þær mundu hafa í för með sér miklar umbætur á kjörum þeirra, sem ynnu á samyrkjubúunum.

Fram með járnbrautarteinunum gat líta ósköpin öll af nýjum hergögnum, skriðdrekum og fallbyssum. Hann benti mér á þessar hergagnabirgðir og sagði, að ég skyldi ekki halda, að neinum tækist að sigrast á Ráðstjórnarríkjunum. Nú væru þau orðin svo voldug, að þau mundu reka óvinina af höndum sér, þó að öll önnur ríki heims fylktu sér gegn þeim.

Hann sagði, að enn væri ekki of seint að snúa aftur. Ég kvaðst kjósa að hverfa heim til Noregs. Hann kvað það vera heimskulegt af mér. Hann stóð enn á stöðinni, þegar lestin rann af stað. Ég veifaði honum í kveðjuskyni, og hann kvaddi mig á sama hátt.

Lestin var raunar hið prýðilegasta farartæki. Mér fannst hraðinn ekkert furðulegur, en hins vegar dáðist ég að því, hve klefarnir voru notalegir og frágangur allur vandaður og veglegur. Vagninn, sem við vorum í, var alls ekki svefnvagn, en samt voru þar bólstraðir bekkir, sem voru svo breiðir, að þar var þægilegt að halla sér út af.

Klukkan hálféitt eftir hádegi kom lestin til Austur-Berlínar. Liðsforinginn fór þegar út til þess að tilkynna fulltrúum norskra stjórnvalda komu okkar. Tíminn leið, og við sátum og rauluðum norsk lög. Ég tók að óróast, varð þurr í hálsi og þyrstur, en gat ekki neins staðar fundið vatnskрана. Loks kom liðsforinginn. Þá var klukkan orðin fjögur. Jú, hann hafði tilkynnt komu okkar. Enn varð hálf tíma bið, en síðan kom Norðmaður og með honum Þjóðverji, sem gat gert sig skiljanlegan á norsku. Þeir sögðu, að við mundum nú ekki þurfa að bíða lengi úr þessu. Bráðum mundu koma bílar að sækja okkur.

Þeir fóru með okkur inn í stóran og veglegan veitingasal þarna í grenndinni. Rússarnir voru með í för. Í öllum hinum stóra sal sat einn einasti gestur. Það var eins og salurinn yrði enn eyðilegri fyrir þennan eina mann, sem sat þar að snæðingi.

Við settumst allir við tvö smábord nema Rússarnir. Þeir vildu ekki þiggja sæti. Þjóðverjinn spurði, hvort við óskuðum einhvers. Einn af okkur bað um vatn, og Þjóðverjinn pantaði öl og lét á borðið tvo pakka af Lucky Strike. Allt í einu fannst mér eins og fjölgað hefði í salnum. Ég svipaðist um og sá, að við dyrnar stóðu fimm, sex karlmenn. Þeir voru ekki í einkennisbúningi. Þetta voru Rússar. Það leyndi sér ekki. Þeir stóðu þarna grafkyrrir og þögulir og stöðu á okkur, engin svipbrigði sjáanleg á andlitunum. Það fór hrollur um mig.

Síðan heyrðum við, að bílarnir voru komnir. Við stóðum á fætur og fórum. Ég kvaddi rússneska dátann með handabandi og fékk honum einn af bandarísku vindlingunum. Það sló mig allt í einu, að þetta hefði ég átt að láta ógert. Þeir, sem stóðu þarna frammi við dyrnar, stöðu á mig — og á hann.

Ekki nógu orðvar

BÍLARNIR VORU TVEIR. Bílstjórnarnir tóku við farangri okkar, krossviðartöskum stríðsfanganna og pokanum mínum. Stundarkorn ókum við um rússneskt yfirráðasvæði. Síðan voru bílarnir stöðvaðir. Skilríki okkar voru skoðuð. Það tók nokkrar mínútur, og á meðan mælti enginn okkar orð af munni. Síðan var okkur leyft að halda áfram ferðinni. Þá sagði einhver: „Nú erum við sloppin.“ Við ókum að húsi norsku hermálanefndarinnar í Vestur-Berlín.

Ég man þá ósköp óljóst, dagana, sem ég dvaldi í Berlín. Umskiptin voru of mikil og snögg. Ég fékk herbergi til eigin umræða — heilt herbergi handa mér einum. Og eftir þessu var allt annað.

Það var einu sinni í fangabúðunum nr. 18 árið 1949, að mig dreymdi draum, sem varð mér minnstæður. Mér þótti ég vera kominn heim að Kiðjabergi. Ég kom inn í eldhúsið, og þar stóð Guðrún við eldavélina og var að steikja eitthvað. Það var nú meiri ilmurinn. Hún sagði við mig, að maturinn væri ekki alveg tilbúinn, — ég yrði að bíða stundarkorn. Ég gæti á meðan haft mér það til dundurs að borða gluggatjöldin. Og ég gekk að glugganum, tók frá honum tjöldin og fór að snæða. Þau voru dásamlega bragðgóð. Af sumum lufsunum var vanillubragð, og aðrar voru á bragðið eins og kjötbollur. Þegar morgunbjallan vakti mig, var kjötbollubragð í munnum á mér.

Við sátum að kaffidrykkju, þegar ég sagði félögum mínum þennan draum, og ég bað þá að vekja mig nú ekki, ef mig væri að dreyma. En annars held ég, að ég hafi ekki verið hrifnastur af hvítum dúknum og öllum kökunum, heldur bara af því að sitja og halda í handarhaldið á ósköp venjulegum kaffibolla, hella rjóma út í kaffið og hræra í því með lítilli teskeið.

Það leið ekki á löngu, uns húsið fylltist af fréttariturum þýskra, bandarískra, enskra og norskra blaða. Ég reyndi að draga mig í hlé, en mér hélst það ekki uppi. Ég varð að leysa frá skjóðunni. Ég gerði mér far um að segja sem allra minnst, en samt hafði ég það á tilfinningunni á eftir, að ég hefði ekki verið nógu orðvar. Raunar vorum við félagar staddir í Vestur-Berlín, en Rússar voru þarna á hverju strái, og leið okkar til Vestur-Þýskalands lá um rússneskt yfirráðasvæði.

Ég sat hjá fréttaritara eins af Óslóarblöðunum, þegar mér bárust boð um það, að beðið væri um mig í símann heiman frá Noregi. Ég fór í símann. Bláðið *Tromsø* bar upp fyrir mér þá spurningu, hvort ég liti svo á, að ég hefði gert mig sekan um þann verknað, sem ég hefði verið dæmdur fyrir. Hvað átti ég að segja? Til þess að fá að fara heim hafði ég lýst því yfir í Ráðstjórnarríkjunum, að ég teldi mig hafa verið

sekan, og ennþá var drjúgur spölur heim til Noregs. Ég vissi, að símtöl gátu fleiri hlustað á en til voru kvaddir. Ég svaraði spurningunni játandi. Þá spurði blaðið, hvort ég væri ennþá kommúnisti. Ég sagði, að ég hefði aldrei verið í neinum stjórnmálaflokki.

Feginn varð ég, þegar ég gat lagt frá mér tækið. „Það er furðulegt, upp á hverju þeir geta fundið að spyrja, þessir blaðamenn!“ sagði ég við norska fréttaritarann, þegar ég var sestur hjá honum á ný. Hann brosti. Ég sagði honum, að hverju ég hefði verið spurður, og gerði grein fyrir, hvað hefði ráðið svörunum. Hann lofaði mér því, meðan ég væri ekki sloppinn yfir yfirráðasvæði Rússa, að þá skyldi hann orða með gætni það, sem hann hefði eftir mér.

Ég var eins og á nálum, og allir forðuðumst við að vera einir á ferli á götunum. Einu sinni fórum við allir í kvikmyndahús. Þá var í för með okkur maður úr hermálanefndinni.

Í rússneskum blöðum var mikið stagast á því, að í Þýskalandi væri urmull bandarískra hermanna. Þá þrjá daga, sem ég var í Vestur-Berlín, sá ég einn bandarískan dáta. Í Austur-Berlín voru rússneskir hermenn á hverju götuhorni.

Einn daginn, sem ég var í Berlín, fór maður úr hermálanefndinni með mig í bíl til innkaupa. Við keyptum á mig föt, rykfrakka, skó, skyrtur og nærföt. Og auk alls þessa fékk ég raktæki, tannbursta og tannkrem.

Loks kom skeyti, sem okkur varðaði. Við áttum að fá að fljúga til Hamborgar. Næsta dag ókum við á flugvöllinn. Þar beið okkar bandarísk flugvél, sem í voru 100 sæti. Ég minnst þess ekki, að mér hafi nokkurn tíma á ævinni fundist ég eins frjáls og þegar flugvélin sveif af stað og stefndi til Vestur-Þýskalands.

Heimleiðis

NORSKI RÆÐISMAÐURINN TÓK á móti okkur á flugvellinum í Hamborg. Móttökurnar voru þar engu síðri en í Berlín. Ræðismaðurinn fór með okkur í veitingahús, og síðan var okkur fenginn farareyrir.

Síðan lá leið okkar norður á bóginn — um Danmörk og Svíþjóð. Vegabréfið, sem ég fékk í Berlín, sýnir, að ég hafi komið til Noregs 28. október 1953. Við ókum að næturlagi yfir landamærin. Ég lá andvaka. Mér datt í hug janúardagur í rússneskum fangabúðum. Það var nístingskuldi og móska í lofti. Úti fyrir dyrum eins skálans kvaddi ég góðan féлага minn. Hann sagðist halda, að nú mundum við ekki sjást framar.

Ég lá vakandi og átti auðvitað að gleðjast yfir að vera kominn heim. En ég gat einhvern veginn ekki haft mig upp í það. Ég hafði eins konar samviskubit gagnvart þeim, sem eftir sátu þarna austur frá. Þeir voru svo margir. Í einum fangabúðunum átti ég brjóstveikan féлага, sem litaði mjöllina blóði. Þegar ég frétti seinast af honum, var hann einhverju skárri. Hann hafði þyngst um nokkur kíló, var talinn heilbrigður og látinn á ný fara að vinna.

Skýringar

Stalín ... 7. bls. Josíf Vissaríanovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdarán bolsévika 7. nóvember 1917 og hélt þeim til dauðadags. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnafrar í ríki hans í Stéphane Courtois (ritstj.), *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er endurútgefin í þessari ritröð, og í Edvard Radzínskj, *Stalín: Ævi og aldurtíli* (Selfoss: Sæmundur, 2017). Íslenskir kommúnistar gáfu út lofsamlegar ævisögur Stalíns, *Bóndinn í Kreml* e. Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* e. breska kommúnistann J. T. Murphy í þýð. Sverris Kristjánssonar (Reykjavík: Kristján Júlíusson, 1975). Einnig hefur bók e. dóttur Stalíns komið út á íslensku, Svetlana Allílújeva, *Endurminningar: 20 bréf til vinar* (Reykjavík: Fífill, 1967). Þá er kafli um Stalín í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015). Ein læsilegasta bókin á ensku um Stalín er Simon Sebag Montefiore, *Stalín: The Court of the Red Tsar* (New York: Knopf, 2004). Önnur sérhæfðari bók Montefiores um Stalín hefur komið út á íslensku, *Stalín ungi* (Reykjavík: Skrudda, 2009). Á ensku má nefna tvær eldri bækur, Milovan Djilas, *Conversations with Stalin* (New York: Harcourt, Brace & World, 1962) og Robert Conquest, *Stalín: Breaker of Nations* (London: Weidenfeld & Nicholson, 1991). Á dönsku er m. a. til Bent Jensen, *Stalín* (København: Gyldendal, 2005). Þar eru því gerð góð skil, hvernig stalínismi var rökrétt framhald af lenínisma. Um stalínisma má lesa í Robert Conquest, *The Great Terror: A Reassessment* (London: Pimlico, 1994), Anne Applebaum, *Gulag: A History of the Soviet Camps* (London: Penguin, 2004), og Timothy Snyder, *Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin* (New York: Basic Books, 2012). Nokkur rit fórnarlamba Stalíns komu á sínum tíma út á íslensku, og eru þau endurútgefin í þessari ritröð, auk bókar Larsens: *Þjónusta, þrælkun, flótti* e. Aatami Kuortti, *Konur í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen, *Bóndinn, El Campesino* e. Valentín Gonzáles og *Konur í einræðisklóm* e. Margarete Buber-Neumann. Á ensku má nefna *The Gulag Archipelago* e. Aleksandr Solzhenitsyn, 1.–3. b. (London: Collins/Fontana, 1973–1978), og *Hope Against Hope* e. Nadezhda Mandelsham (New York: Atheneum, 1970).

Hitler ... 7. bls. Adolf H. (1889–1945) var frá Austurríki, en barðist í þýska hernum í fyrri heimsstyrjöld. Seinna kvaðst hann hafa orðið fyrir sinnepsgasárás Breta 1918 og því blindast tímabundið. En þýskur taugalæknir af gyðingaættum, sem flýði til Íslands, Karl Kroner, hélt því fram, að hann hefði orðið fyrir taugaáfalli og því blindast um skeið. Eftir stríð gekk Hitler í Hinn þjóðernissósíalíska þýska verkamannaflokk Þýskalands (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei), nasistaflokkinn, og varð skjótt foringi hans. Stefna flokksins var blanda úr sósíalisma, þjóðernisstefnu og gyðingahatri. Var hann afar andsnúinn frjálshyggju og „stórauðvaldi“ annars vegar og „gyðinglegum bolsévisma“ hins vegar. Hitler varð kanslari Þýskalands í janúar 1933 og tók sér brátt einræðisvald, en stytta aldur í rústum Berlínar í stríðslok 1945. Hann er með samstarfsmönnum sínum talinn bera ábyrgð á morðum um sex milljóna gyðinga í Helförinni. Sbr. Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra* (2015), þar sem er kafli um Hitler. Einnig má nefna *Hitler talar* eftir Hermann Rauschning

(Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940). Þar er sjónarmiðum Hitlers skilmerkilega lýst, þótt ýmsir efist um, að Hitler hafi sagt allt það sjálfur við Rauschning, sem haft er eftir honum. Sjá einnig Konrad Heiden, *Ævi Adolfs Hitlers: saga ábyrgðarlausrar aldar* (Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1943). Allir voru þeir Rauschning, Brecht og Heiden andvígir Hitler, og komu verk þeirra út, áður en hann hleypti af stað heimsstyrjöld og Helförinni. Sjá enn fremur m. a. Þorstein Thorarensen, *Að betjuböllum. Saga Adolfs Hitlers: uppruni hans, æska og fyrstu baráttuár* (Reykjavík: Fjölvi, 1969), Hugh Trevor-Roper, *Síðustu daga Hitlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972), og Traudl Junge, *Til hinstu stundar: einkaritari Hitlers segir frá* (Seltjarnarnes: PP forlag, 2004).

griðasáttmála í ágúst ... 7. bls. Hann var undirritaður í Moskvu 23. ágúst 1939 af utanríkisráðherrum Ráðstjórnarríkjanna og Þýskalands, Vjatseslav Molotov og Joachim von Ribbentrop. Með honum gerði Stalín Hitler kleift að ráðast inn í Pólland og hleypti þannig af stað heimsstyrjöldinni síðari. Þeir Stalín og Hitler voru bandamenn fyrstu tuttugu mánuði styrjaldarinnar, uns Hitler rauf sáttmálann og réðst á Ráðstjórnarríkin 22. júní 1941. Skv. leynilegum viðbótarákvæðum griðasáttmálans skyldi Stalín fá Finnland, Eistland, Lettland, austurhluta Póllands og Moldovu, en Hitler vesturhluta Póllands og Litáen. Seinna breyttu þeir samkomulagi sínu svo, að Stalín fékk líka Litáen, en Hitler stærri sneið af Póllandi. Í samræmi við sáttmálann réðst Hitler að vestan inn í Pólland 1. september 1939, en Stalín að austan 17. september. Griðasáttmállinn olli uppnámi á Íslandi eins og annars staðar, þótt Íslendingum væri þá ekki frekar en flestum öðrum kunnugt um hin leynilegu ákvæði hans. Þórbergur Þórðarson hafði eftir árás Hitlers á Pólland sagst hengja sig, ef Stalín færi líka inn í Pólland (í samtali við dr. Guðmund Finnbogason landsbókavörð á Hótel Borg 13. september). Þegar Þórbergur var minntur opinberlega á þessa yfirlýsingu, kvaðst hann aðeins hafa sagst hengja sig, færi Stalín í stríðið með Hitler. Í samræmi við griðasáttmálann réðst Stalín líka á Finnland og kúgaði undir sig Eystrasaltslöndin. Evrópuráðið hefur gert 23. ágúst að minningardegi fórnarlamba alræðisstefnunnar í Evrópu, nasisma og kommúnisma.

Vetrarstríðið ... 7. bls. Jón Ólafsson heimspekingur skrifar um Vetrarstríðið í *Appelsinum frá Abkasíu* (Reykjavík: Mál og menning, 2012), 285. bls. „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Kareliú sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ Margar missagnir eru í þessum fáu orðum. Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremlverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremlverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við sjálfstæði. Kremlverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi, sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809.

Eystrasaltslöndin ... 7. bls. Tvær bækur í þessari ritröð eru um framferði kommúnista í Eystrasaltslöndunum, *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum* e. Ants Oras og *Eistland: Smáþjóð undir oki erlends valds* e. Andres Küng.

Hákon Halvari ... 8. bls. Hann (1905–1943) var fiskimaður frá Kiðjabergi og njósnari ráðstjórnarinnar í hinum hernumda Noregi. Þjóðverjar felldu hann, eins og segir á 58. bls.

Emil Ísakson ... 8. bls. Hann (1896–1956) var fiskimaður á Kiðjabergi og njósnari ráðstjórnarinnar í hinum hernumda Noregi. Norskir kommúnistar fölsuðu bréf til hans frá konu hans, sem sárþændi hann um að fylgja ekki fordæmi Larsens, og birtist það í *Finnmarken* 24. september 1955. Þegar Ísakson var látinn laus það ár, 1955, staðfesti hann hins vegar frásögn Larsens. Þeir Ísakson, Larsen og Mikkelsen voru allir dæmdir fyrir brot gegn 58. gr. hegningarlaga ráðstjórnarinnar, 6. gr. Mál Ísaksons og Mikkelsens voru tekin upp af saksóknaranum í Múrmansk 1989 og dómarnir yfir þeim ógiltir. Mál Larsens var hins vegar ekki tekið upp, sennilega vegna skrifta hans eftir heimkomuna. Ane Ringheim Eriksen, *Stalins norske fanger* (Oslo: Spartacus, 2014).

Rögnvaldur Mikkelsen ... 8. bls. Ragnvald M. (1920–1946) var njósnari ráðstjórnarinnar í hinum hernumda Noregi. Eins og Larsen segir, var hann skotin á flótta, en ráðstjórnyfirvöld tilkynntu norskum yfirvöldum, að hann hefði látist úr hjartameini.

Þátttöku í stríðinu ... 8. bls. Stríð Finna og ráðstjórnarinnar 1941–1944 er kallað Framhaldsstríðið.

Ásvald Harjo ... 9. bls. Osvald H. (1922–1993) var njósnari ráðstjórnarinnar í hinum hernumda Noregi og fangi Hitlers fyrst og Stalíns síðan. Hann var látinn laus 1955 og skrifaði bók um reynslu sína, *Moskva kjenner ingen tårer* (Oslo: Tiden, 1956). Hann fór eins og Larsen í fyrirlestraferð um Noreg til að lýsa vist sinni í þrælakistum Stalíns. Í Hakadal lenti honum harkalega saman við kommúnistaforingjann Martin Gunnar Knutsen (1918–2001). Í minningabókinni *Mot strømmen* (Oslo: Aschehoug, 1983) kvaðst Knutsen telja, að Harjo hefði talað gegn betri vitund. En í minningabókinni *Bittert oppgjør* (Oslo: Tiden, 1990) sagðist hann telja, að þeir Larsen og Harjo hefðu sagt satt, og skammast sín fyrir að hafa dregið orð þeirra í efa. Mál Harjos var tekið upp af herákærandanum í Múrmansk 1990 og dómurinn yfir honum felldur niður.

fréttaritari *Morgunblaðsins* ... 9. bls. Páll Jónsson, „Þar eru menn réttlausir,“ *Morgunblaðið* 10. nóvember 1953.

Alþýðublaðið rakti ... 9. bls. Svartur blettur á siðmenningunni, *Alþýðublaðið* 12. nóvember 1953.

Þjóðviljinn vitnaði ... 9. bls. „Ég hafði unnið til hegningar,“ *Þjóðviljinn* 13. nóvember 1953.

Hákon Sneve ... 9. bls. Haakon S. (1916–2002) var njósnari fyrir ráðstjórnina í hinum hernumda Noregi og starfaði líka hjá Útvarpi Moskvu í stríðinu. Hann hélt tryggð við kommúnistaflokkinn eftir stríð. Hið opna bréf hans til Larsens birtist í *Finnmarken* 9. nóvember 1953, og Larsen svaraði því á s. st. 13. nóvember.

kom líka út ... 9. bls. *Nightmare of the Innocents* (London: Andrew Melrose, 1955). Ummæli Russells og Attlees eru tilfærð í ensku útg.

hefðu fengið vitneskju ... 9. bls. Ekki er vitað, hverjir veittu ráðstjórnyfirvöldum upplýsingar um Larsen og félagana hans. Í Venona-skjölunum, sem geyma ráðningar bandarískra lögregluyfirvalda á dulmálsskeytum milli Moskvu og annarra staða, er skeyti 10. nóvember 1943 frá Stokkhólmi til Moskvu. Þar skýrir „Lan“, sem hefur ekki verið nafngreindur, frá

því, að Larsen, Mikkelsen og Isaksen séu komnir til Svíþjóðar og vilji ná sambandi við sendiskrifstofu ráðstjórnarinnar. <https://www.wilsoncenter.org/sites/default/files/Venona-Stockholm-KGB.pdf>

ódeigur baráttumaður ... 10. bls. Guðmundur G. Hagalín (1898–1985) gaf m. a. út bókina *Gróður og sandfók* (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1943) um undirróður kommúnista í íslensku menningarlífi. Í fjölda blaðagreina kynnti hann líka greiningu erlendra rithöfunda, þ. á m. Arthurs Koestlers og Georges Orwells, á alræðisstefnu kommúnista.

mikla afl kommúnista ... 10. bls. Kommúnistar (og síðar vinstri sósíalistar) gáfu út dagblað, *Þjóðviljann*, og tvö tímarit, *Rétt* og *Tímarit Máls og menningar*. Bókafélagið Mál og menning var eitt öflugasta útgáfufyrirtæki landsins. Sósíalistaflokkurinn átti tvær stórar fasteignir í Reykjavík, Tjarnargötu 20 og Skólavörðustíg 19, og Mál og menning aðrar enn stærri fasteignir, Laugaveg 18 og Þingholtsstræti 27. Úrslitum réð um hin miklu umsvif kommúnista leynilegir, en rausnarlegir styrkir frá Moskvu, sem Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins 1939–1968, og Kristinn E. Andrésson, forstjóri Máls og menningar 1937–1971, tóku sjálfir á móti. Árin 1955–1968 má gera ráð fyrir, að styrkirnir frá Moskvu hafi numið nálægt 30 millj. kr. á ári að núvirði (2017). Hannes H. Gissurarson, Hvers virði var Rússagullið? *Vísinding*, 33. árg. 29. tbl. (2015), 3.–4. bls.

hinn mikli Stalín ... 11. bls. Þegar Stalín andaðist vorið 1953, skrifaði Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, forystugrein 7. mars í *Þjóðviljann*: „Vér minnumst mannsins Stalíns, sem hefur verið elskaður og dádur meir en flestir menn í mannkynssögunni áður og naut slíks trúnaðartrausts, sem fáir menn nokkru sinni hafa notið, — en lét sér aldrei stíga þá ást og aðdæun til höfuðs, heldur var til síðustu stundar sami góði félaginn, sem mat manngildið ofar öllu öðru, eins og þá er hann fyrst hóf starf sitt.“ MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, boðaði til minningarfundar um Stalín í Austurbæjarbíói 10. mars 1953. Þar sagði Sverrir Kristjánsson: „Um allan heim syrgir alþýðan hinn fallna leiðtoga. Ekki aðeins í löndum sósíalismans ríkir nú harmur í húsum. Meðal lágstétta heimsins, í nýlendunum, meðal ánaðugra þjóða er Stalín grátinn í dag.“ Kristinn E. Andrésson mælti: „Stalín stóð vörð, trúan og hljóðlátan vörð, um líf alþýðumannsins í heiminum, um sósíalismann, um friðinn.“ Hannes M. Stephensen sagði: „Verkalýðurinn minnst best hins látna leiðtoga með því að koma hugsjónum Stalíns og annarra forystumanna sósíalismans í framkvæmd.“ Ottó N. Þorláksson mælti: „Við drúpum höfði í sárri sorg yfir missi hins mikla leiðtoga og læremeistara.“ Sjá *Þjóðviljann* 11. mars 1953.

með lítinn geitarost ... 11. bls. Guðmundur vísar til lofkvæðis um Stalín e. Jóhannes úr Kötlum, „Dagskipan Stalíns“, *Tímarit Máls og menningar*, 4. árg. (2: 1943), 119.–124. bls. „Þar situr hann, er ungur valdi einn hinn þýngsta kost, / og lagði út í þennan heim með lítinn geitarost. ...“

Bería ... 11. bls. Lavrentíj Pavlovítj B. (1899–1953) var af þjóðflokki Mingrela í Kákasus, gekk ungur í leynilögregluna og átti þátt í að berja niður uppreisnir í Georgíu og víðar í Kákasus. Hann varð aðalritari kommúnistaflokks Georgíu 1931 og Kákasuslandanna allra 1932. Þegar Halldór Kiljan Laxness heimsótti Tbilísi í árslok 1937, sat hann veislu, sem Bería hélt rithöfundum. Skömmu síðar var Bería kallaður til Moskvu og skipaður yfirmaður leynilögreglunnar, sem nú hét NKVD. Bería fékk samþykki Stalíns við það, að um 25 þúsund pólskir frammámenn, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í

september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Hafði Bería einnig yfirumsjón með þrælkunarbúðum ráðstjórnarinnar og stjórnaði umfangsmiklum nauðungarflutningum fólks til Síberíu frá Eystrasaltsríkjunum og öðrum hernumdum svæðum. Neytti hann aðstöðu sinnar til margvíslegra kynferðisbrota. Flugumenn hans óku um götur Moskvu, kiptu ungum stúlkum upp í bíla sína og færðu honum nauðugar viljugar. Aðrar stúlkur ginnnti hann til næturgamans með loforðum með að sleppa vandamönnum þeirra úr fangelsi, en hann sveik jafnan þau loforð, enda voru þeir flestir löngu látnir, eins og hann vissi vel. Hélt það ekki aftur af honum, að hann var smitaður af sýfilis, sárásótt. Fimm Íslendingar skipuðu sendinefnd, sem hlustaði á Bería í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu 6. nóvember 1952. „Bería hélt aðalræðuna, föngulegur maður og gáfulegur. Minnti mikið á gáfaðan bónda, sem ég þekki í Þingeyjarsýslu. Hann talaði mjög snjallt af mikilli mælsku,“ skrifaði einn þeirra, Áskell Snorrason tónskáld í ferðabók, *Í landi lífsgleðinnar* (Reykjavík: MÍR, 1952), 23. bls.

Molotov ... 11. bls. Vjatsjeslav Míkhaílovítsj M. (1890–1986) skipulagði samyrkjuna í Úkraínu, þegar milljónir bænda, sem tregðuðust við að skila uppskeru sinni og ganga inn í samyrkjubú, voru ýmist sveltir í hel eða fluttir nauðungarflutningum til Síberíu. Hann tók síðan fullan þátt í hreinsunum Stalíns og fjöldamorðum á pólskum stríðsföngum. Molotov var utanríkisráðherra 1939–1949 og 1953–1955, en féll úr náðinni á valdatíma Khrústsjovs og var gerður sendiherra í Mongolíu og síðar fulltrúi Ráðstjórnarríkjanna hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín. Molotov hafði stutta, leynilega viðdvöl á Íslandi á leið sinni vestur um haf 1942. Hann var rekinn úr kommúnistaflokki 1961, en tekinn aftur inn í hann 1984. Hann var alla ævi dyggur stalinisti, og breytti engu um það, að kona hans, Polína Zhemtsúzhína, var fangelsuð 1948 að skipun Stalíns. Hún var af gyðingaættum og sökuð um að vera „zionisti“. Hún var fimm ár í fangabúðum, en á meðan gekk Molotov til verka með Stalín eins og ekkert hefði í skorist. Í Vetrarstríðinu skírðu Finnar heimagerðar sprengjur, flöskur fylltar bensíni, sem þeir vörpuðu að rússneska innrásarliðinu, „Molotov-kokkteila“.

Malenkov ... 11. bls. Georgíj Maksímílanovítsj M. (1902–1988) var samstarfsmaður Stalíns og varð forsætisráðherra við lát hans 1953. Hann var neyddur til að víkja 1955. Eftir að honum mistókst 1957 að steypa Khrústsjov af stóli, var hann rekinn úr forsætisnefnd kommúnistaflokksins og 1961 úr flokki. Hann var gerður að rafveitustjóra í Kazakhstan og varð trúhneigður með árunum.

Búlganín ... 11. bls. Níkolaj Aleksandrovítsj B. (1895–1975) var varaforsætisráðherra 1947–1953, varnarmálaráðherra 1953–1955 og forsætisráðherra 1955–1958. Þá var hann lækkaður í tign og gerður formaður þjóðhagsráðsins í Stavropol, en settur á eftirlaun 1960.

Khrústsjov ... 11. bls. Níkíta Sergejevítsj K. (1894–1971) var aðalritari kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 1953–1964 og forsætisráðherra 1958–1964.

Rokossovskíj ... 11. bls. Konstantín R. á rússnesku, Rokossowski á pólsku (1896–1968) var fæddur í Póllandi, en barðist í her keisaraveldisins rússneska í fyrri heimsstyrjöld og gekk í bolsévíkaflokkinn 1917. Hann var foringi í Rauða hernum til 1937, þegar hann var handtekinn. Sat hann í fangelsi í Lenínsgarði til 1940. Eftir það gat hann sér orð sem einn af fræknum herforingjum Rauða hersins. Að stríði loknu sendu Kremhverjar Rokossovskíj til Póllands, en hann talaði þá pólsku með sterkum rússneskum hreim og var mjög óvinsæll. Gegndi hann starfi hermálaráðherra Póllands 1949–1956. Verkalyðsleiðtoganum Guðmundi

J. Guðmundssyni fannst mikið til um það (Ómar Valdimarsson: *Jakinn í blíðu og stríðu*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1989, 191. bls), þegar hann sótti æskulýðsmót kommúnista í Varsjá sumarið 1955, að sjá Rokossovskíj einu sinni sitja með sér í áhorfendastúku á íþróttamóti. Ári síðar lét Rokossovskíj skjóta á verkamenn í Poznan, sem mótmæltu lökum kjörum, og féllu um sjötíu þeirra. Rokossovskíj vildi þá, að Ráðstjórnarríkin gerðu innrás í landið til að berjja niður alla andstöðu, en þess í stað var gengið til samninga um, að vinsælli kommúnistar tækju við stjórnartaumum, og Rokossovskíj sneri aftur til Rússlands, þar sem hann bar beinin.

gerst atburðir ... 12. bls. Hagalín á við leyniræðu Khrústsjovs um Stalín, sem flutt var í febrúar 1956 og hefur verið endurútgefin í þessari ritröð, og uppreisnina í Ungverjalandi í október, en bók Eriks Rostbølls, *Þjóðbyltingin í Ungverjalandi*, verður endurútgefin í þessari ritröð.

MVD ... 20. bls. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar leynilögreglu, sem fyrst var kölluð Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Ráðherrar bolsévíka nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Leynilögreglan var endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Rauði herinn rak einnig leyniþjónustu, GRÚ. Eftir að Ráðstjórnarríkin stofnuðu sendiráð á Íslandi 1944, var jafnan a. m. k. einn leyniþjónustumaður þar hverju sinni, og er vitað um nöfn sumra þeirra. Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011). Njósniir ráðstjórnarmanna beindust þó frekar að bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði en innanlandsmálum, enda var Ísland tiltölulega opið land og fátt um leyndarmál. Þess vegna voru jafnan fleiri njósnarar í sendiráðinu frá GRÚ en KGB.

Ólafs bróður ... 23. bls. Olaf Larsen (1903–1943) var forsprakki kommúnistasveitar, sem stundaði njósnir fyrir ráðstjórnina í hinum hernumda Noregi. Hann lést í Múrmansk.

Álfur Mikkelsen ... 26. bls. Larsen vissi ekki, að Alf Mikkelsen var handtekinn 17. maí 1940, skömmu eftir komuna til Ráðstjórnarríkjanna, og dæmdur í átta ára þrælkunarvinnu. Hann lést í fangelsi í janúar 1941.

einn Bandaríkjamadur ... 91. bls. Um flutninga Bandaríkjamanna til Ráðstjórnarríkjanna á kreppuárunum sjá m. a. Tim Tzouliades, *The Forsaken: An American Tragedy in Stalin's Russia* (New York: Penguin Press, 2008).

Potma ... 108. bls. Vera Hertzsch (1904–1943), unnusta Benjamíns Eiríkssonar hagfræðings, var um skeið í fangabúðum nálægt Potma í Mordovíu. Sök hennar var, að hún hafði verið gift manni, sem talinn var trostskisti og tekinn af lífi. Hún var handtekin í mars 1938 að Halldóri K. Laxness viðstöddum, og lýsir hann því í frægum kafla í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1963). Dóttir þeirra Benjamíns, Erla Sólveig (f. 1937), er eini Íslendingurinn, sem vitað er um, að vistaður hafi verið í vinnubúðum Stalíns, en hún virðist hafa látist þar af vösbúð. Um Veru er áður nefnd bók, *Appelsínur frá Abkasíu* (2012) e. Jón Ólafsson.

Ragnari Rudolfalk ... 121. bls. Ragnar R. (1918–1999) skrifaði *Jeg jobbade i Sovjet* (Stockholm:

Tidens förlag, 1951). Hún var þýdd á dönsku og norsku, og útdráttur úr henni birtist einnig í *Vísí* 18. mars–17. september 1952.

Varsjáruppreisninni 1944 ... 126. bls. Tvær uppreisnar voru gerðar í Varsjá gegn hernámi Þjóðverja, gyðinga í gyðingahverfinu (ghetto) vorið 1943 og pólsku andspyrnuhreyfingarinnar sumarið 1944. Í fyrri uppreisninni lögðu nasistar eld í allt gyðingahverfið, og féllu 13 þús. gyðingar. Seinni uppreisnin var gerð, þegar Rauði herinn var að nálgast borgina. Þjuggust uppreisnarmenn við því, að hann veitti þeim lið. En Stalín skipaði hernum að nema staðar, áður en komið var að borginni. Nasistar notuðu tækifærið og börðu uppreisnina niður af fádæma grimmd. Gaf Hitler fyrirskipun um, að borgin yrði jöfnuð við jörðu. Talið er, að 16 þús. pólskir skæruliðar hafi látið lífið og sex þús. særst alvarlega, en hátt í 200 þús. óbreyttir borgarar fallið. Það hentaði Stalín, að Hitler tæki af honum ómakið og dræpi alla þá Pólverja, sem líklegir væru til að setta sig ekki við kúgun og alræði. Í bréfi til *Tribune* 15. september 1944 kallaði Arthur Koestler þetta eitthvert andstyggilegasta ódæði stríðsins.

Bórs herforingja ... 126. bls. Pólski herforinginn Tadeusz Komorowski greifi (1895–1966) var oft kallaður Bór-Komorowski (Bór merkir skógur á pólsku). Hann varð yfirmaður heimavarnarliðs Pólverja 1943, en það barðist gegn þýsku hernámsyrfivöldunum. Eftir uppreisnina í Varsjá 1944 handtóku Þjóðverjar hann, en í stríðslok komst hann til Bretlands og var 1947–1949 forsætisráðherra pólsku útlagastjórnarinnar.

Jens Schive ... 131. bls. Hann (1900–1962) starfaði í norska sendiráðinu í Stokkhólmi í stríðinu og var sendiherra í Moskvu 1951–1953.

bókum Hamsuns ... 133. bls. Knut Hamsun (1859–1952) hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1920. Nokkrar skáldsögur hans hafa komið út í ísl. þýð. Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi, *Viktoría* (Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1912), *Pan* (Reykjavík: Stúdentaráð Háskóla Íslands, 1923), *Sultur* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1940), *Að haustnóttum* (Reykjavík: Helgafell, 1946) og *Benóní*, ásamt Andréssi Björnssyni (Reykjavík: Helgafell, 1962). Helgi Hjörvar þýddi *Gróður jarðar* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1960), en *Sjálfstætt fólk* e. Halldór K. Laxness (Reykjavík: E. P. Briem 1934–1935) er eins konar andsvar við því verki. Skúli Bjarkan þýddi *Grónar götur* (Reykjavík: Helgafell, 1951), sem H. skrifaði um vist sína á vitfirringahæli eftir stríð, en þangað var hann sendur fyrir að styðja nasista í stríðinu.

Mogens Carlsson ... 139. bls. Hann (f. 1925) skrifaði um raunir sínar undir ráðstjórn bókina *Jeg var fange hos Stalin: En danskers oplevelser i sovjetrussiske straffefejre* (Lyng: Bogan, 1976).

Randiður Samúelsen ... 142. bls. Randi Samuelsen (f. 1923) sagði sögu sína í bók, Knut Evensen, *Randi Randusjka* (Oslo: Gyldendal, 1972). Kuldalega var tekið á móti henni í Noregi, þegar hún kom heim ásamt Larsen 1953, af því að hún hafði á hernámsárunum umgengist Þjóðverja. Hún giftist þó manni að nafni Robertson og eignaðist með honum son.

Norðmennirnir auðþekktir ... 148. bls. Einn þeirra var Wolfgang Windingstad (f. 1926), aðalsöguhetjan í bókinni *Glemt soldat* (Oslo: Pax, 1983) e. Sigurd Senje. Alls börðust um sex þúsund Norðmenn með Þjóðverjum, þar af um þrjú hundruð í SS-sveitunum. Talið er, að nú Íslendingar hafi verið í SS-sveitunum.

Nafnaskrá


- Aleksej 72
Amundsen, Hróaldur [Roald] 133
Aspas, Helena 26
Aspas, Ingólfur 25, 26
Aspas, Lénharður 25, 26
Attlee, Clement 9
Berg, Gunnar 28–30, 36
Bería, Lavrentíj 11, 12, 135
Borís 71
Búlgaín, Níkolaj 11
Carlsson, Mogens 139, 140, 142
Dikkanen, Olga 7
Dnievaldnien 70
Eriksen, Ívar 29, 30
Frank 91
Frost, Henning 62, 63
Gorkíj, Maksím 124
Guðmundur G. Hagalín 10
Haavardsholm, Haavard 9
Halvari, Áki 26
Halvari, Guðrún 8, 17, 18, 32, 55, 58, 150
Halvari, Hákon 8, 17, 18, 32, 36
Hamsun, Knut 133
Harjo, Ásvaldur 9, 119–122, 132
Heikkila, Frans 17, 18
Heikkila, Hilmar 18
Hitler, Adolf 7, 8, 17
Ísaksen, Emil 8, 9, 37–41, 44, 46, 47, 50, 53, 55, 58, 59, 61, 64–66, 69–71, 75, 77, 78, 84, 86, 89, 98, 101, 120
Ívan 65
Khrústsjov, Níkíta 11
Kolibaba 66, 68
Larsen, Mally 55, 58
Larsen, Ólafur 23, 25–28, 30, 32, 37, 54, 55
Larsen, Ole 7, 16, 54, 55
Lena 94, 95, 101
Logvínov 64
María 75
Marósa 75
Mathisen, Alfreð 29–32, 36
Merkov 28, 30, 31, 36, 57–61, 68
Mikkelsen, Álfur 26, 27, 62, 134
Mikkelsen, Rögnvaldur 8, 36–44, 47, 48, 50, 52, 53, 55, 58, 59, 61, 63–66, 69–71, 75, 77–80, 120
Molotov, Vjatseslav 11
Nansen, Friðþjófur 133
Olaussen, Hávarður 47
Pedersen, Ríkarður 41–44, 52
Pedersen, Hinrik 42–45, 48, 52
Rasderkíj, Níkolaj 64, 65, 78–80
Rokossovskej, Konstantín 11
Rudfalk, Ragnar 121
Russell, Bertrand 9
Rygh, Haraldur 121
Samúelsen, Randíður 142, 145–148
Schive, Jens 131
Sjolokhov, Míkhaíl 124
Sneve, Hákon 9
Stalín, Josíf 7–9, 11, 12, 17, 68, 90, 113, 132, 133, 135
Tolstoj, Lev 124
Túrgenev, Ívan 124
Utne, Haraldur 21, 23, 28, 29, 38, 48
Willassen, Oddur 121
Öyen, Hákon 36



Otto Larsen (t. h.) ræðir við blaðamanninn Haavard Haavardsholm skömmu eftir heimkomuna til Noregs.



Magnús Kjartansson varði Stalín, en Guðmundur Danielsson var hrifinn af bók Larsens.



Bertrand Russell hreifst af bók Larsens, sem Guðmundur G. Hagalín þýddi.

NORÐMAÐUR Í ÞRÆLA- BÚÐUM STALÍNS

Þegar Josíf Stalín gaf upp öndina vorið 1953, hírðust rösklega þrjár milljónir manna í þrælabúðum hans. Einn þeirra var norskur fiskimaður frá Finnörku, Otto Larsen, sem hafði ungur gengið kommúnismanum á hönd og tekið að sér njósnir fyrir ráðstjórnina, á meðan Noregur var hernuminn. Mikla athygli vakti á Norðurlöndum, þegar hann var þá um haustið látinn laus eftir átta ára vist í Gúlaginu og sagði sögu sína. Almenna bókafélagið gaf bók Larsens út 1956 í þýðingu Guðmundar G. Hagalíns.


„Hlaðin æsilegri spennu, svo að maður getur ekki lagt hana frá sér, fyrr en hún er lesin á enda.“

— Guðmundur Danielsson rithöfundur



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-88-5



9 789935 469885 >